

# Árbók kirkjunnar 2018-2019

**Forsíðumynd: Mosfellskirkja**

**Ljósmynd: Magnea Sverrisdóttir**

**Árbók kirkjunnar 2018-2019** 1. júní 2018 - 31. maí 2019

**Desember 2019**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**
**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

# Árbók kirkjunnar 2018-2019

**1. júní 2018 – 31. maí 2019**

# Efnisyfirlit

**Prestastefna Íslands 2019** . . . . . . . . . . 7
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur . . . . . . . . . . 7
Ávarp dómsmálaráðherra, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur . . . . . . . . . . 15

**Kirkjuþing 2018** . . . . . . . . . . 17
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar . . . . . . . . . . 17
Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssonar . . . . . . . . . . 21
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur . . . . . . . . . . 23

**Kirkjuþing unga fólksins 2018** . . . . . . . . . . 28

**Leikmannastefna þjóðkirkjunnar** . . . . . . . . . . 30

**Vígslubiskup Skálholtsstiftis** . . . . . . . . . . 32

**Vígslubiskup Hólastiftis** . . . . . . . . . . 37

**Störf kirkjuráðs** . . . . . . . . . . 41

**Starfið á árinu 2018-2019** . . . . . . . . . . 59
Fræðslumál – Kærleiksþjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

**Stofnanir, nefndir, ráð og félög** . . . . . . . . . . 73
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Tónskóli þjóðkirkjunnar – Verkefnisstjóri kirkjutónlistar

**Sérþjónustuprestar** . . . . . . . . . . 114
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku

**Starfið í prófastsdæmunum** . . . . . . . . . . 134
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi

**Mannfjöldi í þjóðkirkjunni og í skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum** . . . . . . . . . . 171

**Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir** . . . . . . . . . . 173

**Prestar í sérþjónustu** . . . . . . . . . . 188

**Djáknar í sérþjónustu** . . . . . . . . . . 189

**Félög og stofnanir** . . . . . . . . . . 190

**Stjórnir og starfsnefndir** . . . . . . . . . . 192

**Biskupsstofa og aðrar stofnanir** . . . . . . . . . . 195

# Prestastefna Íslands 2019

## *Setningarræða biskups*

Dómsmálaráðherra Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til setningar prestastefnunnar hér í Áskirkju árið 2019. Ég þakka öllum hlutaðeigandi hér í Áskirkju fyrir fundaraðstöðuna og allan undirbúninginn. Einnig þakka ég synodusnefndinni samstarfið, en í henni eru auk starfsfólks á biskupsstofu, fulltrúar úr stjórn prestafélagsins. Ég þakka prófasti sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og þeim er þjónuðu með einum eða öðrum hætti við hana. Organistanum og kórnum hér í kirkjunni þakka ég fyrir að vera með okkur hér í dag og flytja okkur fallega tónlist. Einnig vil ég þakka starfsfólki biskupsstofu fyrir þeirra framlag við undirbúninginn sem og þeim er hafa lagt hönd á plóg.

Biskup boðar til almennrar prestastefnu og prestastefnan „skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing.“ (lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997)

Við slit prestastefnunnar í fyrra tilkynnti ég að stefnan yrði haldin norður í landi í ár og þar myndi jafnrétti verða aðalmálið. Ég féll frá því að halda stefnuna fyrir norðan vegna þess að það er umtalsvert dýrara að halda hana utan höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna erum við samankomin hér í dag, í 104 Reykjavík. Stefnan í ár ber yfirskriftina „Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú“ (Gal. 3:28 )

Við þekkjum þessi orð vel þar sem Páll talar til Galatamanna og minnir á að Guð gerir ekki greinarmun á fólki eftir kyni, kynþætti og stétt. Eins og sjá má á dagskránni er fjallað um jafnrétti í ýmsum myndum hér næstu tvo daga. Einnig kynna starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar verkefni sem unnið er að þar. Biblíulestrarnir eru á sínum stað 7 hópar alls og finnst mér nauðsynlegt að rannsaka ritningarnar sem eru grundvöllur guðfræði okkar og þjónustu.

### Hið íslenska biblíufélag

Undanfarið ár hefur mikil starfsemi verið hjá Hinu íslenska biblíufélagi, en biskup Íslands er forseti félagsins. Við lifum á nýjum tímum. Gjörbylting er að verða í því hvernig fólk nálgast lesið efni með mikilli og vaxandi notkun snjalltækja, hljóðbóka, hlaðvarpsforrita og fleira. Ef Biblían á að vera að fullu aðgengileg þá þarf hún að vera aðgengileg á þessum nýju miðlum nútímasamfélags. Hið íslenska Biblíufélag miðar starf sitt þessi misserin að því að auka aðgengi að Biblíunni á nýjum miðlum. Það lét hljóðrita Nýja testamentið til notkunar í snjalltækjum. Efnt var til hópfjármögnunar til þessa verkefnis á Karolinafund og gáfu 164 aðilar meira en 2.1 milljón króna í söfnunina. Þar að auki voru fjölmargir stuðningsmenn sem vildu leggja Biblíufélaginu

lið með því að leggja beint inn á reikning þess. Var þetta mikilvægt hópefli fyrir kristið fólk í landinu sem lagði saman krafta sína til að gera þetta að veruleika. Fjármögnunin náði marki sínu löngu áður en formlegri söfnun átti að ljúka. Vakin var athygli á verkefninu og áformum Biblíufélagsins í blöðum og á netmiðlum. Samningur var gerður við Hljóðbók.is um að hljóðrita Nýja Testamentið. Sjö leikarar lesa Nýja Testamentið. Gert er ráð fyrir að hljóðritunin verðir orðin aðgengileg á snjallsímum fyrir lok næsta mánaðar. Það er einnig gaman að geta þess að vefsíðan biblian.is fær að jafnaði rétt um 100 heimsóknir á dag og Biblíuleitarvélin er notuð daglega fyrir 60-70 leitir. Algengustu leitarorðin í þessum mánuði voru ást, gleði, móðir, ráð, vei, ótti, ljós. Skýrslu stjórnar Biblíufélagsins fyrir starfsárið má lesa í heild á heimasíðu félagsins.

## Lærdómur og ný hugtök

Á yfirstandandi Alþingi var flutt frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Ljóst má vera að langtum meiri fjölbreytni ríkir varðandi kyn og kynvitund heldur en hin hefðbundna tvískipting í karlkyn og kvenkyn gefur til kynna. Tvískiptingin nær alls ekki yfir öll tilbrigði kyns og kynvitundar, eins og tilvist trans og intersex fólks sýnir, og er þannig ónothæf sem grundvöllur skilnings á þessum mannlegu eiginleikum. Enn fremur er löggjöf sem byggist á hinni hefðbundnu tvískiptingu einni ekki til þess fallin að tryggja friðhelgi, einstaklingsfrelsi og önnur mannréttindi þeirra sem hún nær ekki yfir. Frumvarpið felur í sér viðbrögð við þessu og er með því fylgt eftir þróun sem hefur átt sér stað víða um lönd í þá veru að horfið er frá því að skilgreina trans og intersex fólk sem sjúklinga er þurfi atbeina heilbrigðisstarfsfólks til að ráða fram úr kynvitund sinni og fólki látið eftir að skilgreina kyn sitt sjálft og stýra því hvernig það er skráð opinberlega."

Við munum í fyrramálið fá fræðslu um málið hér á prestastefnunni. Mannréttindi fólks sem ekki tilheyrir meirihlutanum af einhverjum ástæðum eru ekki virt víða um heim. Samkvæmt okkar kristna skilningi erum við sköpuð í Guðs mynd og hin síðstæða sköpun heldur áfram með nýjum og nýjum verkefnum. Guð nefndi allt sem hann skapaði og það er okkar að halda áfram að koma nöfnum og orðum að því sem er. Við munum væntanlega læra ný orð og skilja hugtök sem vonandi gera okkur færari um að skilja samferðafólk okkar og mæta því þar sem það er statt á lífsins vegi.

## 1. maí

Eins og þið hafið ef til vill tekið eftir þá verður gert hlé á dagskránni milli klukkan 13 og 15 á morgun, 1. maí. Með því er orðið við óskum um að tækifæri gefist til að taka þátt í 1. maí göngunni og sýna þannig stuðning við þau sem berjast fyrir bættum kjörum sínum.

## Leuenberger kondordían og ný kirkjudeild á Íslandi

Á þessari prestastefnu verður fjallað um þingsályktun frá kirkjuþingi 2017 um að auka tengsl þjóðkirkjunnar við samtök evangeliskra kirkna í Evrópu. „Kirkjuþing 2017 samþykkti að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi þjóðkirkjunnar við samtök evangeliskra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu

umsókn um fulla aðild að samtökunum." Ekki tókst að afgreiða málið á síðustu prestastefnu en nú verður gerð bragarbót í því máli.

„Samtök evangeliskra kirkna í Evrópu urðu til árið 1973 út af þeirri brýnu þörf kirknanna að styrkja samvinnu og samstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu og gagnkvæmum skilningi þrátt fyrir að hluta til ólíkar skoðanir og starfsaðferðir. Markmiðið er eining í fjölbreytileikanum. Það byggir á því að Kristur sagði ekki að við ættum að vera eins, heldur að við ættum að vera eitt í honum."

Á þessari synodus þurfum við að skoða vandlega hvort þjóðkirkjan getur einnig samþykkt Leuenberger konkordíuna efnislega. Hún er árangur af allvíðtækum viðræðum lúterskra guðfræðinga annars vegar og reformeraðra hins vegar, þar sem þeir hafa tekið til meðferðar forsendur fyrir játningum siðbótarinnar og haft til yfirvegunar, hvað það var á siðbótartímanum, sem greindi leiðir þessara kirkjudeilda, og hversu þau viðhorf og þær forsendur eru bær nú. Og árangurinn er sem sagt þessi niðurstaða, sem er kennd við Leuenberg, og má segja, að hún sé eins konar skýringarrit við játningar siðbótarinnar.

Þjóðkirkjunni var boðin aðild að samtökunum árið 1993 en hafnaði því á þeirri forsendu að hér á landi væri engin önnur evangelisk kirkja en sú evangelisk lúterska og því yrði ekki um neitt samstarf að ræða. Á þessum tíma voru kirkjurnar á Norðurlöndum heldur ekki þátttakendur, og áherslan bæði þar og hér hvíldi meira á sambandi kirknanna á Norðurlöndum við kirkjurnar á Bretlandseyjum og í baltisku löndunum sem kennt er við Porvoo.

Nú hafa Norska kirkjan og Danska þjóðkirkjan fulla aðild að Samtökum evangeliskra kirkna í Evrópu og nú eru einnig aðrir tímar hér á landi eins og í heiminum öllum. Augljóst er að aukið samstarf kirkna á sama grunni styrkir stöðu þeirra í samtalinu við aðrar kristnar kirkjudeildir, sem svo aftur styrkir stöðu kristninnar í nauðsynlegu samtali við önnur trúarbrögð í heiminum til þess að efla frið á jörðu."

Kenningarnefnd hefur skoðað málið og telur ekkert guðfræðilegt atriðið koma í veg fyrir að við samþykkjum fulla aðild að samtökunum. Leuenberg samkomulagið hefur verið þýtt á íslensku og er á vef prestastefnunnar á innri vef þjóðkirkjunnar. Einnig var þýðingin send út til ykkar sem boðuð eruð á stefnuna. Spurningarnar sem við stöndum frammi fyrir eru sem sé þessar: Getum við samþykkt texta Leuenberg samkomulagsins efnislega og viljum við vera fullgildir meðlimir samtaka evangeliskra kirkna í Evrópu? Hingað til höfum við verið áheyrnarfulltrúar á fundum samtakanna.

## Grísk orþódoxar

Þjóðkirkjan er í sambandi við aðrar kristnar kirkjudeildir hér á landi. Nýjasta viðbótin í þá flóru er stofnun íslensks safnaðar hjá grísku rétttrúnaðarkirkjunni. Aðdragandann má rekja til heimsóknar hans heilagleika Bartholomew fyrsta sem var fyrirlesari á Norðurslóðaráðstefnunni Artic circle árið 2017 en þessi æðsti yfirmaður orþódoxu kirkjunnar er oft kallaður græni páfinn því hann hefur í meira en 30 ár barist fyrir umhverfið og réttlátum friði við jörðina.

Rétttrúnaðarkirkjan stendur nú á tímamótum þar sem klofningur hefur myndast innan hennar. Rússneski Patríarkinn í Moskvu hefur tekið ekumeniska Patríarkann í Konstantínópel og alla sem honum fylgja út af bænaskrá sinni. Á síðasta ári klauf svo úkraníska rétttrúnaðarkirkjan sig frá hinni rússnesku en deilur hafa staðið í nokkur ár milli landanna tveggja. Það var góð

kvöldstund að fá að sitja með fulltrúum þessara tveggja deilda orþódoxu kirkjunnar, þeirri rússnesku og þeirri grísku kvöldstund fyrir nokkru. Við litum á það sem sameinaði okkur en létum ágreiningsmálin eiga sig.

## Samráðsvettvangurinn

Samráðsvettvangur trúfélaga hefur starfað hér á landi frá árinu 2006. „Markmið vettvangsins er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi.

Þjóðkirkjan átti frumkvæði að stofnun samráðsvettvangsins og kallaði til önnur trúfélög í júní 2005 til að hefja undirbúning.“ Þrettán trúfélög gerðust aðilar að samráðsvettvanginum í upphafi, en hann er „einnig opinn lífsskoðunarfélögum um trúarleg efni og býður félögum og stofnunum til samstarfs. Hann veitir leiðtogum og fulltrúum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um trúarleg efni tækifæri til að kynnast, stuðla að málefnalegum samskiptum sín á milli, liðka fyrir miðlun upplýsinga og taka á vandamálum sem upp kunna að koma, í tengslum við einelti, óeirðir, styrjaldir, náttúruhamfarir eða slys.“ (https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1118465/)

Ég tel að góðir hlutir hafi gerst á vettvangi samráðsins og skilningur og samhyggð hafi myndast fulltrúa í milli. Nýjasta sameiginlega málið sem fulltrúar vettvangsins hafa sameinast um eru viðbrögð vegna túlkunar þjóðskrár að trú- og lífsskoðunarfélög fái ekki lengur afhent félagatal kirknanna og lífsskoðunarfélaganna. Þetta kemur sér afar illa fyrir trúfélögin sem geta t.d. ekki uppfært félagatal sitt.

Ég hefði sennilega ekki fengið boð um að heimsækja stofnun múslima á Íslandi í moskunni í Skógarhlíð ef samráðsvettvangurinn væri ekki til. Tilefnið var heimsókn forseta vettvangs múslima í Evróupu en hann ferðaðist um og ræddi m.a. harmleikinn í Christchurch á Nýja-Sjálandi þar sem fjöldi múslima var myrtur við helgihald í moskunni. Nokkru síðar var dæminu snúið við og ráðist inn í kirkjur kristinna á aðalhátíð þeirra. Ofsóknir gegn kristnum mönnum eru því miður miklar og talið að 11 manns láti lífið fyrir kristna trú sína á degi hverjum. Já, það er hættulegt í mörgum löndum að fylgja frelsaranum og opinbera það.

## Skírn og fyrsta blessun.

Næstu árin verður lögð sérstök áhersla á skírnina og umhverfismálin samkvæmt fræðslustefnu þjóðkirkjunnar. Eins og kunnugt er hefur færst í vöxt að foreldrar láta ekki skíra börnin sín. Þetta er ekki séríslenskt fyrirbæri heldur er þetta þekkt í þeim kirkjum og löndum sem við berum okkur saman við. Það verður fjallað um skírnina á fimmtudaginn þegar starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar kynnir mál sem þau eru að vinna að. Það hefur einnig færst í vöxt að prestar eru beðnir um að blessa börn þegar þeim er gefið nafn. Þarna eru prestar settir í nokkurn vanda þar sem barnaskírn hefur verið tíðkuð í kirkjunni frá upphafi lúthersks siðar og enn lengur í kristinni kirkju eins og við vitum. Prestar veita þjónustu. Sú þjónusta er unnin út frá vissum grundvallaratriðum samkvæmt kristinni trú og kenningu kirkjunnar.

Á innri vef kirkjan.is er fjallað um og form fyrir þakkargjörð og fyrirbæn fyrir nýfæddu barni. Þetta er tillaga frá helgisiðanefnd og er frá árinu 2009. Í formála segir um þessa athöfn:

„Þeim tilfellum fer fjölgandi þar sem foreldrar hafa ólíkan trúarlegan bakgrunn. Ósk annars

foreldris um að barnið verði skírt kann að vera hafnað algjörlega af hinu. Sumar systurkirkjur Þjóðkirkjunnar hafa farið þá leið til að mæta þessum vanda, að taka upp aftur eins konar prímsigningarathöfn. Hér er um að ræða fyrirbænar- og blessunarathöfn sem stefnir að skírn síðar, en er hvorki skírnarathöfn né nafngjafarathöfn og ekki heldur neins konar barnablessun eins og tíðkast hjá sumum trúfélögum.

Þessi athöfn er ekki skráð í kirkjubók og engin tilkynning er send til Þjóðskrár, en prestar skulu geyma í skjölum síns embættis skráningu upplýsinga um að þessi athöfn hafi farið fram.

Prestar skulu hinsvegar fullvissa sig um að barnið sé þegar skráð með nafni hjá Þjóðskrá áður en þessi athöfn fer fram, enda er barnið ávarpað með nafni í athöfninni sjálfri. Nauðsynlegt er að prestur gefi sér góðan tíma til að ræða við foreldrana og kynna fyrir þeim innihald þessarar athafnar og muninn á henni og á skírnarathöfninni, svo að hann megi fullvissa sig um að báðir foreldrar séu samþykkir því sem gert er.“

Prímsigning er fyrsta blessun. Kenningarnefndin hefur rætt þessi mál og niðurstaða hennar er að leggja áherslu á fyrstu blessun ef foreldrar eru ekki tilbúnir til að láta skíra barnið sitt en vilja njóta aðkomu prests við slíka athöfn. En ljóst er að það verður að stórauka fræðslu um skírnina, þessa Guðs gjöf sem við veljum að taka við eða ekki. Nánar um það hjá sr. Sigfúsi á fimmtudaginn.

## Sálgæsla – diplómanám á meistarastigi. Staða djákna.

Á síðastliðnu vori ákvað ég að styrkja presta til að stunda sálgæslunám við endurmenntun Háskóla Íslands. Nokkrir prestar þáðu boðið og komu þeir úr flestum prófastsdæmum landsins. Námið var hægt að stunda meðfram starfi. Vona ég að framhald geti orðið á í framtíðinni, en þetta er liður í því að styrkja presta í þjónustunni og efla fagmennsku í stéttinni. Einn djákni var einnig styrktur til námsins. Að mínum dómi hafa djáknar ekki sterka stöðu innan kirkjunnar og vil ég leggja mitt af mörkum til að breyta því. Að vísu er ein grein þjóðkirkjulaganna sem fjallar um djákna og stöðu þeirra en þar sem þeir eru ekki embættismenn hafa þeir ekki jafna stöðu og prestar. Ég vil hefja samræður innan kirkjunnar um stöðu djákna. Sú umræða byrjar með samtali við djáknana sjálfa. Við á biskupsstofu og í kirkjuráði gætum byrjað að vinna heimavinnuna okkar og reynt að finna leiðir til að djáknar standi jafnfætis prestum t.d. hvað varðar möguleika á styrkjum og tilboðum um námskeið.

## Tónlistin

Það er ánægjulegt að kirkjutónlistin blómstrar sem aldrei fyrr. Nýlega var haldinn dagur kirkjutónlistarinnar. Þar var mikil dagskrá fyrir starfsfólk kirkjunnar og allt áhugafólk um kirkjutónlist sem lauk með messu. Í lok hennar var afhent heiðursviðurkenning fyrir sérstakt framlag til kirkjutónlistar á Íslandi og hlaut hana Una Margrét Jónsdóttir fyrir sína frábæru þætti á rás 1 í ríkisútvarpinu er hún nefndi, Blaðað í sálmabókinni.

Sem betur fer er tónskóli þjóðkirkjunnar enn starfræktur og þaðan útskrifast nokkrir nemendur á ári hverju. Í mörgum kirkjum eru starfandi kantorar og í öllum landshlutum eru starfandi einhverjir menntaðir organistar. Tilbeiðsla safnaðarins er ekki hvað síst í gegnum tónlistina og er þakkarvert að henni sé gert hátt undir höfði í flestum kirkjum. Kirkjukórar

landsins eru líka þvílík dýrmæti sem aldrei verður fullþakkað fyrir framlag sitt til kirkju og kristni og samfélagsins alls.

## Vísitasíur

Frá síðustu prestastefnu hef ég vísiterað fjölmarga söfnuði. Lauk við vísitasíu á Austurlandi og í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og vísitasíu á norðurlandi vestra lýkur í júní. Vísitasíur staðfesta það sem ég veit að kirkjan er alls ekki stofnun heldur fólk sem vill tilheyra kristnum söfnuði. Hvarvetna er fólk sem leggur sig fram um að gera kirkjunni sinni gott. Mest af kirkjustarfinu fer fram í sóknum landsins en sérþjónusta kirkjunnar heldur sig ekki við ákveðin landsvæði heldur ákveðna staði. Þjóðkirkjan hefur 5 presta í sérþjónustu hér á landi. Ég vísiteraði þau öll og söfnuði þeirra. Þar á meðal var Landspítalinn sem hefur einnig presta á sínum launalista. Þar sem og á öðrum stöðum var gefandi að finna hve mikils metin prestsþjónustan er. Eins var gaman að sjá að kirkjan er alls staðar. Hvar sem ég kom á spítalanum t.d. var fólk sem ég hitti á öðrum stöðum s.s. í sóknarnefndum. Einnig var áberandi hve margar prestsdætur og prestsfrúr eru hjúkrunarfræðingar og margar þeirra deildarstjórar á sínum svæðum. Arma hinnar lifandi kirkju er víða að finna í samfélaginu. Hendur Guðs eru víða að verki í öllum þeim er þjóna og blessun Guðs umlykur þau er þjónustunnar njóta.

## Vígslur

Cand. theol. Arnaldur Máni Finnsson, var vígður 21. maí 2018, skipaður sóknarprestur í Staðastaðarprestakalli Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. júní 2018.

Mag. theol Kristján Arason, var vígður 21. maí 2018, skipaður sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júní 2018.

Mag. theol. Arnór Bjarki Blomsterberg, var vígður 26. ágúst 2018, skipaður prestur í Tjarnaprestakalli Kjalarnesprófastsdæmi frá 26. ágúst 2018.

Cand. theol. Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir var vígð 26. ágúst 2018, til prestsþjónustu á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Mag.theol. Henning Emil Magnússon, var vígður 14. október 2018, skipaður prestur í Garðaprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 14. október 2018.

Mag.theol. Hjalti Jón Sverrisson, var vígður 14. október 2018, skipaður prestur í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 14. október 2018.

## Skipanir í embætti

Séra Kristján Björnsson, sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli, skipaður vígslubiskup í Skálholti frá 22. júlí 2018.

Séra Leifur Ragnar Jónsson, sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi, skipaður prestur í Grafarholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2018.

Séra Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur í Stafholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi, skipuð prestur í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2018.

Séra Kristín Pálsdóttir, skipuð prestur heyrnarlausra frá 1. júní 2018.

### *Nýr prófastur*

Séra Sigríður Rún Tryggvadóttir, prestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi, skipuð prófastur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. apríl 2019.

### *Lausn frá embætti*

Séra Páll Ágúst Ólafsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. desember 2018.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, fékk lausn frá embætti vígslubiskups í Skálholti

Séra Hildur Björk Hörpudóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Reykhólaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 30. júní 2018.

Séra Friðrik Hjartar, fékk lausn frá embætti prests í Garðaprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 15. mars 2019.

Séra Hannes Örn Blandon, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Laugarlandsprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. febrúar 2019.

Séra Davíð Baldursson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Eskifjarðarprestakalli og prófasts í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. apríl 2019.

Séra Hreinn Hákonarson fær lausn frá embætti fangaprests frá 1. maí 2019.

## Andlát

### *Prestar*

Séra Einar Sigurbjörnsson, fyrrum sóknarprestur í Reynivallaprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi og prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands, lést 20. febrúar 2019. Séra Einar var fæddur 6. maí 1944. Eftirlifandi eiginkona séra Einars er séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir.

Séra Sigurður Helgi Guðmundsson, fyrrum sóknarprestur í Víðistaðaprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, lést 20. febrúar 2019. Séra Sigurður var fæddur 27. apríl 1941. Eftirlifandi eiginkona séra Sigurðar er frú Brynhildur Ósk Sigurðardóttir, djákni.

Séra Sigurður Pálsson, fyrrum sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, lést 2. mars 2019. Séra Sigurður var fæddur 19. september 1936. Eftirlifandi eiginkona séra Sigurðar er frú Jóhönnu G. Möller.

Séra Ingiberg Jónas Hannesson, fyrrum sóknarprestur í Hvammsprestakalli og prófastur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, lést 7. apríl 2019. Séra Ingiberg var fæddur 9. mars 1935. Eftirlifandi eiginkona séra Ingibergs er frú Helga Steinarsdóttir.

### *Prestsmakar*

Frú Kristín R. Thorlacius, ekkja séra Rögnvaldar Finnbogasonar, fyrrum sóknarprests í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi, lést 4. júní 2018. Séra Rögnvaldur lést 1995.

Frú Unnur Axelsdóttir, ekkja séra Hjartar Hjartarsonar, fyrrum sóknarprests í Ásaprestakalli, Skaftafellsprófastsdæmi, lést 15. febrúar 2019. Séra Hjörtur lést 2012.

Við þökkum Guði fyrir trúa þjónustu þeirra í kirkjunni og biðjum Guð að helga minningu þeirra og blessa ástvini þeirra. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

## Þjóðkirkjan

Hvaða hlutverki gegnir þjóðkirkjan í samfélaginu? Eða gegnir hún einhverju hlutverki? Andleg leit er mikil í samfélaginu. Nær daglega má lesa um núvitunarnámskeið, yoganámskeið, námskeið um að lifa lífinu lifandi og fleira mætti telja. Þessi námskeið eru ekki kennd við Krist og kirkju hans. Eru aðrir að bjóða betur í leitinni að andlegu lífi og verðmætum? Á vettvangi sóknanna er mikið framboð að allskonar viðburðum og helgihaldi. Í vísitasíum kynnist ég því vel hve fjölbreytt starfið er og mismunandi eftir sóknum og landshlutum. Mér finnst mikill áhugi á því að finna leiðir til að lifa lífinu lifandi og á heilbrigðan og gefandi hátt. Þar hefur kirkjan klárlega eitthvað gott til að leggja. Nú til dags erum við ekki upptekin af samfélagi heldur einstaklingshyggju. Það þarf að hafa dálítið fyrir því að kenna barni að það tilheyrir öðru og öðrum. Horft er á hlutina út frá sjónarhóli einstaklingsins en ekki endilega heildarinnar. Það er líka töluverð umræða í samfélaginu um stöðu þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Samleið kirkju og þjóðar er þó mikilvægara umræðuefni en samband kirkju og ríkis. Það er krafa í þjóðfélaginu að kirkjan veiti andlega leiðsögn á sama tíma og það er krafa um að kirkjan láti lítið fyrir sér fara og sé ekki fyrir neinum. Það er nauðsynlegt að ríghalda í sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Enn er nokkuð í land með að kirkjan verði algerlega sjálfstæð. Kannski mun það aldrei verða frekar en mannfólkið sem þarf á hvert öðru að halda lífið á enda. Þjóðkirkjan er á göngu með þegnum sínum. Skref fyrir skref færir hún sig áfram. Hún stoppar stundum og tekur á móti skilaboðum eða fær skammir eða hrós sem hún lærir af því hún gengur í takt við tíðarandanna en veit alveg að hlutverk hennar er aðeins að boða trú á Jesú Krist, krossfestan og upprisinn. Hún má aldrei frá því kvika. En leiðirnar til að koma því erindi á framfæri eru margar. Þess vegna er framboðið í safnaðarstarfinu mikið því við erum ekki öll eins og þurfum ekki öll á því sama að halda. Kirkjan lætur sig ekkert mannlegt óviðkomandi, ekki ferkar en frelsarinn sjálfur sem sýndi kærleikann í verki og fékk stundum bágt fyrir. Við eru svo heppin að fá að vera í liði með honum.

Ég þakka ykkur trúa þjónustu í kirkju Krists og bið hann að gefa ykkur kraft og djörfung til góðra verka.

Göngum með gleði til starfa á þessari prestastefnu. Göngum með gleði til þjónustunnar í kirkju Krists. Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast. Prestastefna Íslands árið 2019 er sett.

# Prestastefna Íslands 2019

## *Ávarp dómsmálaráðherra, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur*

Biskup Íslands, vígslubiskupar, prestar og aðrir fundarmenn.

Það er mér ánægja að fá þetta tækifæri til að ávarpa prestastefnu hér í Áskirkju í Reykjavík.

Öll upplifum við trú með misjöfnum hætti. Og oft kann það að breytast með aldrinum. Ég var mikið með ömmu minni sem barn en hún var fædd árið 1915. Hún var Guðhrædd og fórum saman með bænirnar fyrir svefninn. Ég fór sjálf með frumsamdar aukabænir í barnæsku og fór alltaf með sömu setninguna sem hljóðaði svona; „Góði Guð, viltu hjálpa vondu fólki að vera gott fólk og viltu hjálpa góðu fólki að halda áfram að vera gott fólk." Frekar einfalt en fangaði þetta ágætlega.

Víða í okkar samfélagi gefur fólk tíma sinn í allskyns samfélagsleg verkefni og víða tengist það starfi kirkjunnar í formi þess að létta undir með öðrum, bæði á þeirra erfiðustu stundum og þeirra gleðilegustu. Þetta eru verðmæti samfélags í sjálfu sér.

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar kemur fram að á prestastefnu skuli fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Ég hlýt því að gera hér að umtalsefni mínu stöðu prestastéttarinnar gagnvart ríkinu og raunar einnig stöðu kirkjunnar sjálfrar gagnvart ríkisvaldinu. Hvort tveggja hefur verið í deiglunni undanfarin misseri og skiptar skoðanir hafa komið fram um hvernig best sé að koma málum fyrir til framtíðar.

Hingað til hefur þjóðkirkjan í raun og veru verið rekin fjárhagslega eins og hver önnur ríkisstofnun, með fjárframlögum sem ákvörðuð eru af Alþingi – því ríkið hefur fyrir löngu fellt innheimtu sóknargjalda inn í almenna tekjuskattskerfið. Löggjafinn hefur einnig samið lög um starfsemi kirkjunnar þar sem ríkisvaldið hlutast til um starfsemina. Í lögunum segir þó að *„Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka."* og að *„Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt."* Þá hafa starfsmenn kirkjunnar fengið greidd laun frá ríkinu á grundvelli einhliða ákvarðana ríkisins um kjör – eins og aðrir ríkisstarfsmenn.

Þrátt fyrir þetta upplegg löggjafans gagnvart kirkjunni hefur ríkið líka samið við kirkjuna eins og hvern annan einkaréttarlegan aðila um uppgjör krafna - með samningi sem felur í sér fjárhagslega skuldbindingu ríkisins gagnvart kirkjunni.

Það er því ekkert skrýtið að margir stoppi við og spyrji sig – er þjóðkirkjan ríkisstofnun eða ekki? Ef þjóðkirkjan er ríkisstofnun er í öllu falli sérkennilegt að ríkið sé á sama tíma að semja við hana um uppgjör krafna og aðrar greiðslur. Mér virðist einsýnt til framtíðar að þjóðkirkjan verði sjálfstæð eining gagnvart ríkinu – það sé gert í skrefum, í víðtækri sátt og án þess að það komi til einhverrar kollsteypu í málefnum kirkjunnar.

Ég vil einnig nota tækifærið og taka undir þau sjónarmið sem fjármálaráðherra kynnti

kirkjuþingi í lok síðasta árs, varðandi fyrirkomulagið á samskiptum ríkis og kirkju og myndi gjarnan vilja að við yrðum öll sammála um:

Í fyrsta lagi, að sú greiðsla sem ríkið greiðir kirkjunni árlega á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins felur í sér gagngjald fyrir fasteignir. Það framlag verði ekki skert með neinum hætti. Það er mikilvægt að halda þessu skýrlega til haga því í opinberri umræðu heyrast oft raddir sem ganga út frá því að þetta framlag ríkisins sé einhvers konar örlætisgerningur sem megi missa sín. Þetta framlag þarf hins vegar að verða ótengt innri starfsemi þjóðkirkjunnar, svo sem launagreiðslum einstakra starfsstétta eða rekstrarkostnaði.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í samræmi við þessi sjónarmið er gert ráð fyrir framlagi ríkisins til að efna kirkjujarðasamkomulagið í fjárlögum næsta árs og einnig í gildandi fjármálaáætlun. Það er nýmæli því hingað til hefur Alþingi beitt fjáraukalögum til að útvega greiðslu til að efna samkomulagið frá ári til árs.

Í öðru lagi, að kirkjan taki alfarið við eigin starfsmannamálum. Einhverjir kunna að segja að með þeirri breytingu minnki öryggi fyrir presta, að þeir verði ekki lengur ríkisstarfsmenn. En í ljósi þess að lög um kjararáð hafa þegar verið felld úr gildi verður ekki hjá því komist að ákvarðanir um kjör presta verði teknar með einhvers konar samningum – spurningin er einfaldlega, eiga þeir samningar að vera við fjármálaráðuneytið eða við þjóðkirkjuna. Ég tel að best fari á því að þjóðkirkjan verði viðsemjandi prestastéttarinnar.

Í þriðja lagi tel ég að við eigum að reyna að einfalda fjárhagslega umgjörð um samskipti ríkis og kirkju þannig að þær greiðslur sem í dag renna í kristnisjóð, kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og til höfuðkirkna, fari einfaldlega til kirkjunnar og hún beri sjálf ábyrgð á því hvernig hún verji þessu fé. Ríkið hlutist sem minnst um fjárhagsmálefni hennar eða skiptingu og ráðstöfun fjárframlaga.

Ég leyfi mér að vera bjartsýn á að unnt verði að ná víðtækri sátt um þessi skref. Kirkjan þarf meiri sveigjanleika í sínu starfi og meira sjálfstæði. Bæði til að svara breyttum aðstæðum í samfélagi okkar og ákalli um aukið sjálfstæði kirkjunnar frá ríkisvaldinu. Prestar ættu einnig að fagna því að fá rétt til að gera samninga um eigin kjör, þar sem unnt verður að ná fram meiri sveigjanleika en nú er.

Þeir sem tala fyrir íhaldssemi hvað þetta varðar mega þó ekki láta hana byrgja sér sýn þannig að þeir sjái ekki gallana á fyrra fyrirkomulagi, þegar kjararáð ákvað laun presta. Mér er það nefnilega til efs að því hefði verið tekið fagnandi ef prestar hefðu hingað til samið um laun sín við þjóðkirkjuna, en nú væri lagt til að ríkið ætlaði sér að ákveða þau einhliða í nefnd.

Ég hef átt ágætt samtal við biskup um fjárhagsmálefni þjóðkirkjunnar og held áfram að vera í góðu sambandi við hana, hennar embætti og aðrar stofnanir kirkjunnar.

Framlag þjóðkirkjunnar til velferðar hér á landi, í víðri merkingu þess hugtaks, hefur verið og verður áfram mikilvægt. Starf prestanna er margþætt og þeir oft kallaðir til á ögurstundu í lífi fólks, þótt fæstir leiði hugann mikið að hversdagslegum störfum þeirra þess á milli.

Ágætu fundarmenn
Það er mikilvægt að ríkið og kirkjan nái sem fyrst saman um að þróa áfram samband sitt og sjálfstæði kirkjunnar innan skynsamlegs ramma sem sátt ríkir um.

En ég vænti þess að þið hér á prestastefnu látið ykkur mun fremur varða ýmis kirkjuleg málefni þó mál prestastéttarinnar komi væntanlega einnig við sögu. Ég vona að ykkur gangi sem allra best með störfin hér og óska ykkur velgengni og blessunar í þeim.

# Kirkjuþing 2018

## *Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar*

Kirkjuþing 2018, 57. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Velkomin til kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar og góðir gestir og einkum þið sem sem nú setjist á kirkjuþing í fyrsta skipti.

Ég býð fjármálaráðherra, Bjarna Benediktsson, velkominn og þakka honum fyrir þá vinsemd sem hann sýnir kirkjuþingi með því að vera hér með okkur í dag.

Í dag er einnig rétt að heilsa sérstaklega gömlum félaga sem er kominn til kirkjuþings á ný, í nýju hlutverki. Vertu hjartanlega velkominn sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti, fyrrum kirkjuþingsfulltrúi og kirkjuráðsmaður.

*Legg þú á djúpið eftir Drottins orði*
*og æðrast ei, því nægja mun þinn forði,*
*þótt ómaksför þú farir marga stund.*
*Ef trú og dáð og dugur ei þig svíkur,*
*er Drottinn lífs þíns ennþá nógu ríkur*
*og mild hans mund.*

*Legg þú á djúpið, þú, sem enn ert ungur,*
*og æðrast ei, þótt straumur lífs sé þungur,*
*en set þér snemma háleitt mark og mið,*
*haf Guðs orð fyrir leiðarstein í stafni*
*og stýrðu síðan beint í Jesú nafni*
*á himins hlið.*

Þessi sálmur eftir Matthías Jochumsson er mér mjög eftirminnilegur. Sérstaklega 1. og 3. versið sem ég las. Þegar sr. Bragi Friðriksson sóknarprestur hér í Garðasókn var með okkur krakkana í fermingarfræðslu horfði hann í augun á okkur og sagði okkur að nú stæðum við á tímamótum í lífinu. Við værum að slíta barnsskónum og þyrftum að undirbúa okkur fyrir lífsbaráttuna. Ýmsar ákvarðanir sem við tækjum nú myndu hafa áhrif á allt okkar líf. Það væri því mikilvægt að velja hvernig við stýrðum okkar fleyi. Lífið gæti verið mikið ævintýr en enginn mundi komast í gegnum það án þess að takast á við áföll, áskoranir, ógn, tækifæri og breytingar. Við værum að leggja í ferð, leggja á djúpið. Hann vildi að við lærðum þennan sálm því boðskapur hans væri frábært veganesti. Sr. Bragi bað okkur um að hafa sálminn í huga, ekki aðeins í fermingartímunum heldur í hvert sinn sem við stæðum á vegamótum í lífinu.

Fyrir fjórum árum óskaði ríkisvaldið eftir viðræðum við þjóðkirkjuna um fjárhagsleg

samskipti. Kirkjuþing varð við því og kosinn var viðræðunefnd sem í voru auk mín, þau Jónína Bjartmarz og Óskar Magnússon. Af hálfu ríkisins voru viðræðurnar leiddar af ráðuneytisstjórum í forsætis-, fjármála- og efnahags- og dómsmálaráðuneyti. Að auki hafa ýmsir sérfræðingar komið að þessari vinnu.

Ég vil nota tækifærið og þakka fulltrúum ríkisins í þessum viðræðum fyrir góða samvinnu, heiðarleg og hreinskiptin skoðanaskipti og fagleg og góð vinnubrögð.

Á ýmsu hefur gengið á þessum fjórum árum en í haust komst skriður á samtal milli aðila og stutt er í að drög að samkomulagi verði tilbúinn. Gerð verður grein fyrir stöðunni á þessum viðræðum á sérstökum fundi kl. 13.00 á þriðjudag.

Í upphafi viðræðnanna vildi ríkið hafa það að leiðarljósi í samtalinu að stefnt væri að mjög auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar og að fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju væru einfölduð. Þegar þessar viðræður fóru aftur af stað í haust kom enn betur í ljós að það er vilji ríkisins að það hafi sem minnst afskipti af starfi kirkjunnar. Hugmynd ríkisins er að þjóðkirkjan annist um öll sín mál sjálf, prestar verði starfsmenn kirkjunnar en ekki embættismenn ríkisins. Fjármál öll, þ.m.t. bókhald og endurskoðun, verði ekki á ábyrgð ríkisins heldur taki þjóðkirkjan við þeim verkefnum öllum. Ráðherra annist ekki um verðskrá fyrir aukaverk presta og greiðslur samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu verði ekki háðar fjölda presta eða annarra starfsmanna. Sem sagt sjálfstæð þjóðkirkja sem ber ábyrgð á sjálfri sér. Þjóðkirkja sem þarf að leggja á djúpið við talsvert breyttar aðstæður.

Ef niðurstaða samtalsins verður þessi og ef í framhaldinu samþykki kirkjuþing og Alþingi slíkan samning mun það þýða breytingar. Þetta mun kalla á lagabreytingar og að kirkjuþing setji starfsreglur sem komi í stað þeirra laga sem verður breytt eða felld á brott. Þá er spurning hvort skipulag kirkjunnar sé það skipulag sem best hentar henni til að takast á við þær áskoranir sem blasa við.

Að mínu mati þarf kirkjuþingið að ræða í hreinskilni hvar þjóðkirkjan er stödd, hvert fólk vilji að hún fari og svo auðvitað hvernig komast megi á áfangastað.

Auknu sjálfstæði fylgir aukin ábyrgð. Ríkisvaldið ætlast til þess að ef þessar breytingar verði að veruleika þá sé umsýsla kirkjunnar með þá fjármuni sem ríkið mun greiða þjóðkirkjunni vönduð, reglur skýrar, ákvarðanataka og uppgjör í samræmi það sem best þekkist í þeim efnum. Það eru og hagsmunir þjóðkirkjunnar að svo sé. Vönduð stjórn og fjársýsla hefur áhrif á viðhorf fólksins í landinu til kirkjunnar og það viðhorf mun skipta miklu. Sjálfstæðari kirkja í breyttu lagaumhverfi mun þurfa að taka ábyrgð í ríkari mæli á ýmsum viðfangsefnum.

Breytt lög um skráningu barna í trúfélög munu hafa áhrif á fjölda þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna þegar þau börn sem fædd eru eftir að lögin tóku gildi verða 16 ára. Þjóðkirkjan þarf að huga að félagatali sínu, ekki bara eftir 10 ár heldur strax. En það er ekki einfalt. Ný persónuverndarlög gera þetta erfitt. Má í því sambandi vísa í frétt í Morgunblaðinu s.l. fimmtudag á bls. 6 um breyttar reglur hjá Þjóðskrá Íslands. Fjöldi félaga í þjóðkirkjunni hefur bein áhrif á greiðslur til þjóðkirkjunnar samkvæmt kirkjujarðarsamkomulaginu og greiðslum til sjóða sem og auðvitað heildarupphæð sóknargjalda. Til að tryggja fjárhagsstöðu kirkjunnar þarf að huga að fjölda skráðra sóknarbarna.

Þau koma upp í hugann orðin úr Matteusi 4. kafla, 19. versi:

„Komið og fylgið mér, og mun ég láta yður menn veiða“.

Þetta verður eitt af stóru verkefnum þjóðkirkjunnar til að tryggja félagafjölda, getu til

að veita fólki góða þjónustu og svo auðvitað til að sinna skyldu sinni samkvæmt 28. kafla Matteusarguðspjalls um kristniboðsskipunina í versi 19. og 20.

Það er ekki ósennilegt að það þurfi að svara spurningunni: „Af hverju á ég að vera í þjóðkirkjunni, hvað fæ ég út úr því?“ Á að vera munur á aðgengi að þjónustu eftir því hvort einstaklingur er meðlimur í þjóðkirkjunni eða ekki? Á að vera verðmunur? Slíkt fyrirkomulag þekkist í öðrum löndum. Er tækifæri í því, ef kirkjan verður vinnuveitandi presta, að semja þannig að fyrir hin svokölluðu aukaverk verði greitt í föstum launum? Það gæti þýtt að meðlimir í þjóðkirkjunni fengju þá þjónustu án aukagjalds en þeir sem ekki væru félagar greiddu samkvæmt verðskrá. Nú er ég ekki að leggja neitt að þessu til heldur aðeins að nefna þessi dæmi til að vekja fólk til umhugsunar um að það eru talsverðar breytingar framundan og að við þeim breytingum þarf að bregðast.

Leggja á djúpið með skýra sýn og háleit mark og mið.

Það er m.a. hlutverk ykkar, kæru kirkjuþingsfulltrúar, að takast á við þetta verkefni. Það verður vandasamt. En þá er gott að hafa í huga að breytingar eru ekki alltaf bara ógn, þær geta líka verið tækifæri. Það geta til dæmis falist tækifæri í auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar til að gera skipulagsbreytingar og aðlaga sig betur að síbreytilegu samfélagi. Það geta falist í því tækifæri að skoða hvort sama skipulag henti í dreifbýli og þéttbýli. Hvaða fyrirkomulag hentar best til að tryggja fólki góða þjónustu? Hvað hentar best til að laða fólk að starfi kirkjunnar og þátttöku í því?

Á undanförnum árum þar sem ég hef verið í sóknarnefnd og setið á kirkjuþingi hef ég betur gert mér grein fyrir því hve lítið ég vissi áður um starf kirkjunnar og þá miklu og víðtæku þjónustu sem hún veitir. Samt var ég ekki óvirkur innan hennar áður. Það er mjög mikilvægt að sú víðtæka þjónusta sem þjóðkirkjan veitir sé kynnt fólki betur en nú er gert. Það þarf að gera til þess að gera þá þjónustu aðgengilegri, til þess að gefa þjóðinni betri upplýsingar um hvað gert sé við þá fjármuni sem kirkjan fær greitt af skattfé og til að tryggja stöðu hinnar íslensku þjóðkirkju hjá þjóðinni. Í þessu sambandi vil ég enn á ný minna á orð Þorsteins Pálssonar fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra þegar hann kom og ræddi við okkur hér á vettvangi kirkjuþings 2013 og minnti okkur á mikilvægi þess að kirkjan hugaði vel að baklandi sínu.

**Tempus fugit – tíminn flýgur**

Þetta er 7. kirkjuþing sem ég set en jafnframt það síðasta. Eftir þau átta ár sem ég hef setið á kirkjuþingi þá er auðvitað margs að minnast. Efst í huga mínum er þakklæti fyrir að hafa fengið að kynnast svo mörgu hæfileikaríku og skemmtilegu fólki. Fólki sem virkilega ann þjóðkirkjunni og leggur töluvert á sig til að sinna hagsmunum hennar og oft töluvert meira til að tryggja að kirkjan veiti fólki sem besta þjónustu. Þá vil ég einnig nefna það hér að ég ber mikla og djúpa virðingu fyrir öllum sjálfboðaliðunum sem leggja svo mikið til kirkjustarfs á Íslandi. Það munar heldur betur um þau öll.

Sem forseti kirkjuþings hef ég auðvitað átt samskipti við fjölda fólks. Þau hafa verið lærdómsrík, oft skemmtileg en ekki alltaf auðveld. Það er nú svo að fólk hefur ákveðnar skoðanir og jafnvel djúpa sannfæringu fyrir ýmsu sem varðar kirkjuna. Stundum hefur jafnvel hvesst í samtölum og einhverjum sárnað. Ég verð að segja að mér finnst mun betra að takast á við slíkt frekar en tómlætið að fólki sé meira og minna sama. Ef fólki er sama um kirkjuna þá skiptir hún litlu máli. Það er eðlilegt að í svona stórri kirkju séu skiptar skoðanir og mismunandi áherslur.

Við eigum ekki að óttast hreinskilið samtal en það er rétt að hafa áhyggjur af tómlæti. Það að við höfum ólíkar skoðanir og mismunandi áherslur þarf samt ekki að þýða að við getum ekki öll unnið vel saman. Með því að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum forðumst við sundurlyndi en sundurlyndið hefur lengi verið slæmt mein innan þessarar kirkju.

Að lokum langar mig að vitna í setningarræðu Péturs Hafstein, forseta kirkjuþings, á aukakirkjuþingi 2011.

„Við verðum að draga bjálkann úr eigin auga og leggja allt í sölurnar til að endurheimta traust og trúnað þjóðarinnar svo að áfram geti verið hér í landi sú samfylgd kirkju og ríkis, kirkju og þjóðar, sem verið hefur burðarás í menningu og siðferði landsmanna um aldabil. Það gerum við einungis með því að efla svo innviði kirkjunnar að hún geti sinnt köllun sinni í samhljómi við lífið í landinu. Til þess þurfum við annars vegar að efla og styrkja samheldni og einingu innan kirkjunnar og hins vegar að færa kirkjuna enn fram á veg lýðræðis og nútímalegri starfshátta. Ef þjóðkirkjan vill vera þjóðkirkja í lífrænum tengslum við fólkið í landinu verður hún að leita til grasrótar sinnar en ekki upphefja sjálfa sig sem óumbreytanlega stofnun í guðfræðilegum skilningi. Við verðum að kalla miklu fleira fólk til ábyrgðar og ákvarðanatöku í kirkjunni, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjuþings. Við verðum að kalla eftir enn ríkari sjálfsákvörðunarrétti og um leið meiri ábyrgð þjóðkirkjunnar, ekki síst kirkjuþings, og verðum að leggja hlustir við kröfu tímans um nútímalegri stjórnhætti sem gefa um leið betra færi en áður til þess að veita skilvirka forystu í siðferðis- og trúarefnum“.

Ég hef ekki neinu við þessi orð Péturs Hafstein að bæta. Tek undir þau og geri að mínum.

Þá er ekki annað eftir en að fá að þakka fyrir mig. Þakka öllu því frábæra fólki sem ég hef átt samstarf við. Þakka einstöku starfsfólki biskupsstofu fyrir góða samvinnu, skynsamlegar ráðleggingar og mikið og óeigingjarnt starf fyrir kirkjuþing. Ég þakka biskupi Íslands frú Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir samstarfið og mörg góð samtöl. Varaforsetum, formönnum fastanefnda, kirkjuráðsmönnum og öllum kirkjuþingsfulltrúum fyrr og nú þakka ég fyrir samleiðina.

Ykkur öllum óska ég velfarnaðar í störfum fyrir þjóðkirkjuna. Þið leggið á ný djúp, farnist ykkur vel og Guð ykkur geymi.

Takk fyrir mig.

.

# Kirkjuþing 2018

## *Ávarp fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssonar*

Biskup Íslands, fulltrúar kirkjuþings.
Það er mér ánægja að fá þetta tækifæri til að ávarpa, hér í Vídalínskirkju í Garðabænum, þetta kirkjuþing. Ég stend hér í forföllum hæstvirts dómsmálalaráðherra, Sigríðar Á. Andersen.

Mig langar að gera að umtalsefni samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisins.

Á þessu ári eru liðin tuttugu ár síðan lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar tóku gildi. Lögin voru afrakstur nefndarstarfs sem staðið hafði frá árinu 1993 og höfuðforsendur þess voru þrjár:

- Í fyrsta lagi að veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kölluðu á breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.
- Í öðru lagi að búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kölluðu á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.
- Í þriðja lagi að umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þyrfti samband ríkis og kirkju kallaði á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfrar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Eins og þið heyrið, þá hljómar flest í þessum tuttugu ára gömlu forsendum mjög kunnuglega í dag. Enn stöndum við í þeim sporum að kirkjan þarf meiri sveigjanleika í sínu starfi og meira sjálfstæði. Bæði til að svara breyttum þjóðfélagsaðstæðum og til að svara ákalli um aukið sjálfstæði kirkjunnar frá ríkisvaldinu. Það er líka svo, að á vegum kirkjuþings hefur allt frá árinu 2007 staðið yfir vinna við endurskoðun laganna frá 1997.

En það eru þó ekki bara lögin sjálf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem hafa kallað á endurskoðun. Það sama á ekki síður við um þá samninga sem eru í gildi á milli ríkisins og kirkjunnar. Með svonefndu kirkjujarðasamkomulagi voru árið 1997 settar niður gamlar deilur um uppgjör vegna fjölda fasteigna sem ríkið hafði fengið frá kirkjunni. Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju voru svo útfærð enn frekar í samningi árið 1998. Samkvæmt þessum samningum greiðir ríkið laun ákveðins hóps starfsmanna þjóðkirkjunnar, en kjararáð hafði það hlutverk að úrskurða um fjárhæð launanna og þar með um endanlega fjárhæð árlegs gagngjalds ríkisins fyrir umræddar jarðir. Nú hefur kjararáð verið lagt niður og um þessar mundir stendur yfir kynning á nýju fyrirkomulagi við launasetningu hjá miklum fjölda ríkisstarfsmanna. Það verður því einfaldlega ekki hjá því komist að endurskoða það hvernig við reiknum gagngjaldið frá ári til árs.

Fulltrúar ríkisins og kirkjunnar hafa undanfarið ræðst við um hvernig eigi að bregðast við þessu og hvaða skref eigi að taka fram á við. Þær viðræður eru nú mjög langt komnar og mér virðist rétt að við reynum að ljúka þeim á allra næstu vikum.

Ég tel langskynsamlegast að við notum þetta tækifæri til að taka stór skref til að þróa áfram fyrirkomulagið á samskiptum ríkis og kirkju. Ég vil setja fram nokkra punkta sem ég og dómsmálaráðherrann myndum gjarnan vilja að við yrðum öll sammála um.

1. Í fyrsta lagi vil ég árétta að sú greiðsla sem ríkið greiðir kirkjunni árlega á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins felur í sér gagngjald fyrir fasteignir. Það framlag verði ekki skert með neinum hætti. Það er mikilvægt að halda þessu skýrlega til haga því í opinberum umræðum heyrast oft raddir sem ganga út frá því að þetta framlag ríkisins sé einhvers konar örlætisgerningur sem megi missa sín. Þetta framlag þarf hins vegar að verða ótengt innri starfsemi þjóðkirkjunnar, svo sem launagreiðslum einstakra starfsstétta eða rekstrarkostnaði.
2. Í öðru lagi tel ég rétt að kirkjan taki alfarið við eigin starfsmannamálum.
3. Í þriðja lagi tel ég að við eigum að reyna að einfalda fjárhagslega umgjörð um samskiptin þannig að þær greiðslur sem í dag renna í Kristnisjóð, kirkjumálasjóð, Jöfnunarsjóð sókna og til höfuðkirkna, fari einfaldlega til kirkjunnar og hún beri sjálf ábyrgð á því hvernig hún ver þessu fé. Ríkið hlutist sem minnst um fjárhagsmálefni hennar eða skiptingu og ráðstöfun fjárframlaga. Ég vil líka árétta að af minni hálfu stendur ekki til að þessi framlög skerðist frá því sem nú er.

Allt kallar þetta á umræður og ég þykist vita að þið eigið eftir að ræða þessi mál hér á þinginu. Dómsmálaráðherra hefur líka farið yfir það frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga sem síðasta kirkjuþing ályktaði um. Niðurstaða þeirrar yfirferðar er að það frumvarp gæti að langmestu leyti verið lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp, þótt ráðuneytið telji auðvitað nauðsynlegt að fara yfir einstök efnisatriði.

Ég vil ekki skorast undan því að ræða í þessu samhengi um þá ágjöf sem við sitjum undir, sem freistum þess að ná sáttum um að þróa áfram fyrirkomulagið á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju. Það er lítil sanngirni í málflutningi sumra þeirra sem hæst tala um aðskilnað ríkis og kirkju og um að best færi á því að ríkið hætti algjörlega að hafa nokkur afskipti af fjármálum neinna trúfélaga.

Oft virðist manni sem málflutningur af þessu tagi stafi einkum frá mjög ungu fólki, sem ekki hefur lent í neinum áföllum og hefur ekki séð það starf sem kirkjan vinnur við sálusorgun og ýmiss konar félagsþjónustu.

En jafnvel á Alþingi er töluverður hópur þingmanna sem virðist ekki tilbúinn til að viðurkenna að neinu leyti að þjóðkirkjan hafi hlutverk eða eigi erindi við samtímann. Ekki heldur til að virða þá samninga sem gerðir hafa verið.

Þetta gerir það enn brýnna en ella að ríkið og kirkjan nái sem fyrst saman um að þróa áfram samband sitt og sjálfstæði kirkjunnar innan skynsamlegs ramma, sem unnt er að ná sæmilega víðtækri sátt um.

Ágætu fundarmenn.
Starf þjóðkirkjunnar er mikilvægt, ekki síður en starfsemi ríkisins og miklu skiptir að störf ykkar sem hafa valist á kirkjuþing verði farsæl. Framundan er þing sem ég vona að verði bæði starfsamt og árangursríkt. Ég óska ykkur blessunar og velgengni í störfum ykkar.

# Kirkjuþing 2018

## *Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur*

Fjármála- og efnahagsráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Ég vil byrja á því að þakka sóknarnefnd og starfsfólki hér í kirkjunni fyrir aðstöðuna og tónlistarfólkinu fyrir flutninginn. Einnig vil ég þakka forsætisnefnd, kirkjuráði og starfsfólki sem undirbúið hefur þingið.

**Fullveldið**

Í ár höfum við hér á landi minnst 100 ára afmælis fullveldisins. Við vitum að árið 1918 var hörmungarár fyrir þjóðina, frostaveturinn mikli, spænska veikin dró marga til dauða og Katla spúði eldi, ösku og hrauni yfir land og skepnur. Sambandslagasamningurinn milli Dana og Íslendinga var ljós í myrkrinu en hann var undirritaður og samþykktur árið 1918 og tók formlega gildi þann 1. desember eins og kunnugt er. Með því náðist megináfangi í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og brautin rudd fyrir lýðveldisstofnuninni árið 1944. Það liðu mörg ár, mikil vinna var unnin, nokkrir áfangasigrar náðust og þjóðaratkvæðagreiðslur fóru fram þar til samningurinn tók gildi. Samtal, skýr markmið og tiltrú á verkefnið skiluðu þessum árangri.

**Kirkjuþingið og stjórnskipan þjóðkirkjunnar**

Þegar samningar nást og ákvarðanir eru teknar hefur alla jafna farið fram mikil vinna og samtal og tiltrú á verkefnið áður en niðurstaða fæst. Það á einnig við um kirkjuna. Á þessu ári eru 60 ár frá því að kirkjuþing var fyrst haldið og 20 ár frá því fyrst var sett kirkjuþing í nýju lagaumhverfi. Biskup Íslands var forseti þingsins fyrstu 40 árin en nýja þinginu, ef svo má að orði komast, hefur verið stýrt af fjórum forsetum. Jón Helgason var fyrsti forsetinn og tók þátt í að móta starfshætti hins nýja kirkjuþings. Hann tókst á hendur að móta starf kirkjunnar í nýju lagaumhverfi sem forseti þingsins og stýra mótunarárunum en flestar þær starfsreglur sem í gildi eru í dag eru í grunninn frá fyrsta ári þingsins. Næsti forseti var Pétur Kr. Hafstein sem stýrði þinginu á umbrotatímum þegar erfið mál komu upp í kirkjunni og önnur erfið mál voru til umræðu. Þegar hann þurfti að hætta vegna veikinda tók varaforseti við, Margrét Björnsdóttir, en á aukakirkjuþingi þann 1. september 2012 tók núverandi forseti Magnús E. Kristjánsson við keflinu. Ljóst er að á þessu þingi verður kosinn nýr forseti þar sem Magnús er að hætta á þinginu. Vil ég þakka þér Magnús samstarfið og framlag þitt til þjóðkirkjunnar. Ég bið þér og fjölskyldu þinni farsældar og blessunar Guðs í bráð og lengd.

Þegar kirkjuþing kom fyrst saman árið 1958 hafði kirkjuráð verið starfandi í 26 ár, frá árinu 1932. Alþingi samþykkti lög um kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar árið 1931 og árið 1957 setti Alþingi lög um kirkjuþing. Í ritinu „Saga kirkjuráðs og kirkjuþings“ sem sr. Magnús Guðjónsson

tók saman segir í inngangi: „Í ritsmíðinni er einkum fjallað um tvær mikilvægustu stofnanir íslensku þjóðkirkjunnar, kirkjuráð og kirkjuþing, og áhrif þeirra á allt starf kirkjunnar. Þessar stofnanir eru áfangar á leið kirkjunnar til frekara sjálfstæðis.“

Sr. Magnús segir að markmið skrifanna sé „að gera eins og kostur er grein fyrir þeirri þróun, sem kirkjan hefur gengið í gegnum og þó aðallega frá miðri 19. öld, þegar aðeins fer að rofa til eftir áþján og ýmiss konar erfiðleika, sem að þjóðinni steðjuðu og tengja þannig þátíð, nútíð og framtíð, minnug þess, að ef við rjúfum þau tengsl slítum við í sundur mikilvægan hlekk í þjóðarsögu okkar og menningu. Enda er íslensk kirkjusaga samofin sögu þjóðar og menningar.“

Af þessari tilvitnun má ljóst vera að langt er um liðið síðan kirkjunnar menn fóru að ræða um sjálfstæði kirkjunnar. Það var og er þróunarverkefni að koma breytingum á. Kirkjan hefur það hlutverk að boða fagnaðarerindið og til þess þarf hún mannafla á launum, skipulag og regluverk sem styður það hlutverk hennar.

Kirkjuþing hefur nú starfað í 20 ár eftir því lagaumhverfi sem nú er í gildi. Strax á fyrsta kirkjuþingi var samþykkt að leitað skyldi álits á því hvert væri valdsvið og verkefni kirkjuþings íslensku þjóðkirkjunnar annars vegar og kirkjuráðs hins vegar samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Voru fengnir til þess tveir lögfræðingar, Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson. Þeir skiluðu álitu sínu þann 20. ágúst 1999 og hefur lengst af verið farið eftir þessu áliti í vinnubrögðum og verkferlum.

Til að skerpa á valdmörkum biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar var leitað eftir áliti þriggja lögfræðinga. Í inngangi álitsgerðar þeirra segir: „Með bréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 voru Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómari og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands skipaðir í nefnd sem hefði það hlutverk meðal annars að greina, skýra og gefa álit á ábyrgð biskups Íslands annars vegar og kirkjuráðs hins vegar þannig að glögglega mætti greina á milli ábyrgðar, vald- og verksviðs hvors aðila um sig.“ Nefndin ákvað á fyrsta fundi sínum 1. desember 2015 að Pétur Kr. Hafstein myndi leiða störf hennar. Ágreiningslaust er að málsaðilar þess réttarágreinings sem lagður er fyrir nefndina eru tveir, annars vegar biskup Íslands sem jafnframt er forseti kirkjuráðs og hins vegar hinir fjórir kjörnu kirkjuráðsmenn. Í meðfylgjandi erindisbréfi kirkjuráðs er verkefni nefndarinnar þannig afmarkað að óskað er álits hennar á ábyrgð hvors málsaðila um sig samkvæmt ofangreindu. Þá er jafnframt óskað eftir því að staða og ábyrgð kirkjuþings sé skýrð í tengslum við þetta eftir því sem við eigi. Loks er óskað álits á því hvort biskup Íslands, biskupsstofa, kirkjuráð og kirkjuþing séu stjórnvöld og hvort þá sé um að ræða hliðsett, æðra eða lægra sett stjórnvöld og hver sé ábyrgð og staða viðkomandi stjórnvalds í því samhengi.“

Álit lögfræðinganna þriggja styður að mínu mati þau vinnubrögð sem viðhöfð höfðu verið til ársins 2014 og byggðu á áliti Eiríks og Þorgeirs um valdsvið og verkefni kirkjuþings og kirkjuráðs. Í áliti lögfræðinganna þriggja frá 2016 er tekið undir það sjónarmið sem gilt hafði að „Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands og undir forstöðu hans“ og „að hann hefur vald um skipulag og starfslið stofnunarinnar.“

Í álitinu kemur einnig fram að kirkjuráð hefur „það hlutverk að (1) hafa yfirumsjón með heildarfjárhag þjóðkirkjunnar, (2) láta vinna heildaryfirlit yfir fjármál þjóðkirkjunnar fyrir kirkjuþing, (3) gera fjárhagsáætlun fyrir þjóðkirkjuna í heild og (4) standa skil á því gagnvart kirkjuþingi að reikningar stofnana og embætta kirkjunnar hafi hlotið viðhlítandi endurskoðun.

Það hversu mikið vald felst í gerð fjárhagsáætlunar fer hins vegar eftir eðli þess verkefnis sem um ræðir hverju sinni og hversu ríkar valdheimildir önnur kirkjuleg stjórnvöld hafa um nánari útfærslu þeirra að lögum.“

Kirkjuþing getur breytt starfsreglum og búið til nýjar. Alþingi breytir lögum, líka um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þau lögfræðiálit sem hér hefur verið vitnað til eru byggð á lögum og reglum. Ef við viljum breyta þá verðum við að byrja á því á kirkjuþingi að búa til nýjar starfsreglur eða bæta þær sem fyrir eru eða samþykkja það að fara fram á lagabreytingu á Alþingi. Við getum ekki haft hlutina eftir okkar hugmyndum nema þær eigi sér stoð í lögum og reglum. Þessu vil ég koma á framfæri við kirkjuþing, sérstaklega nýja fulltrúa og þau sem kosin verða í nýtt kirkjuráð. Það má ekki gerast aftur að ágreiningur komi upp um valdsvið kirkjuþings, kirkjuráðs eða biskupsembættisins. Við VERÐUM öll að vinna saman að því að koma fagnaðarerindinu til skila. Vinna eftir því umboði sem við höfum fengið frá þeim sem kusu okkur og þeim Guði sem hefur kallað okkur til þjónustunnar. Þetta veit ég að allir eru sammála um. Þetta er þegar upp er staðið ekki spurning um völd heldur ábyrgð og þjónustu og að farvegur lífsins lindar sé þekktur og án hindrana.

**Sameining prestakalla**

Á þessu kirkjuþingi eru meðal annars lagðar fram tillögur að nýrri skipan þjónustunnar. Að prestaköll verði sameinuð. Biskupafundur leggur þær fram og lætur fylgja í skjali aðrar tillögur fyrir landið allt sem ekki eru lagðar fram á þessu þingi. Biskupafundur ákvað að gera þetta svona að leggja nú aðeins fyrir tillögur fyrir þau prestaköll þar sem vitað er að breytingar eru í vændum næsta árið. Almennt hefur þessari nýju hugsun, sem reyndar er ekki ný, kom að minnsta kosti fram árið 1974 og kannski fyrr, þessari hugsun hefur verið vel tekið. Niðurstöður í starfsumhverfiskönnun presta sem gerð var árið 2016 styður þessa hugsun um aukna samvinnu kirkjunnar þjóna. Prestar vilja almennt vinna meira saman, eiga faglegt samráð við hvern annan og þurfa ekki að bera einir ábyrgð á öllum þeim fjölmörgu málaflokkum sem prestar sinna meðal sóknarbarna sinna. Faglegheit munu aukast þegar prestahópurinn samanstendur af prestum sem hafa jafnvel sérmenntun á ýmsum sviðum prestsþjónustunnar, hæfileikar hvers og eins njóta sín betur og nýtast fleiri sóknarbörnum. Þau sem reynt hafa geta vitnað um það. Auðvitað eru ýmis atriði sem þarf að huga að þegar breytingar eiga sér stað. Eins og málið er lagt upp núna þá er gert ráð fyrir að prestar búi enn á þeim prestssetrum sem enn eru fyrir hendi. Að kjörnefndir prestakallsins, hvar í eiga sæti fulltrúar allra sóknarnefnda, kjósi prestana og að sóknirnar haldist óbreyttar sé það vilji sóknarbarna. Breyting á starfi í sóknunum breytist ekki nema sóknarbörnin óski eftir því eða eitthvað ófyrirséð komi upp.

**Umhverfismál**

Á kirkjuþinginu í fyrra var samþykkt ný umhverfisstefna.

Í greinargerð með umhverfisstefnunni stendur m.a.: „Allar manneskjur þurfa að vinna saman að því að snúa við neikvæðri þróun á umhverfi og náttúru og reyna að finna sjálfbærar lausnir á umhverfisvandanum. Slík samstaða vekur von um að hægt sé að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og náttúruvá af hennar völdum. Samkvæmt kristnum mannskilningi er ímynd Guðs að finna í hverri manneskju, slík samstaða eflir vonina um að skapa sameiginlega framtíð allra. Sömuleiðis eru allar manneskjur ábyrgar fyrir umhverfisvánni sem við stöndum

frammi fyrir. Fræðslu og þekkingu um stöðu mála þarf að miðla til allra til að vekja fólk til vitundar um umhverfisvána og hvetja fólk til náttúruverndar."

Í umhverfisstefnunni er aðgerðaráætlun og eftir henni hefur verið farið. Handbók um umhverfisstarf í kirkjunni er komin á veraldarvefinn og bæklingurinn Græni söfnuðurinn okkar hefur farið í dreifingu. Vil ég þakka umhverfishópnum og verkefnisstjóranum sr. Halldóri Reynissyni fyrir vinnuna og framkvæmdina alla.

Hvað skyldu mörg kolefnisfótspor hafa verið stigin á ferð okkar hingað í dag, hvað kosta þau og hversu mörgum trjám þarf að planta vegna ferðalagsins? Kolefnisfótsporin er hægt að reikna. Ein ferð fram og til baka til Akureyrar kostar 366 krónur ef um bensínbíl er að ræða og meðaleyðslu á kílómetra en 422 krónur ef um díselbíl er að ræða og gróðursetja þarf tvö tré. Flugferðin kostar 219 krónur og eitt tré. Við þurfum að gróðursetja all nokkur tré samanlagt til að bæta fyrir losun kolefnis út í andrúmsloftið ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm og fara eftir umhverfisstefnunni sem samþykkt var hér í fyrra. Þetta vekur meðal annars til umhugsunar hvort hægt sé að fækka fundum sem fólk kemur til víðs vegar að. Einnig vekur það spurningu um hvort nota eigi frekar þá tækni sem veraldarvefurinn býður upp á til samtals. Það kostar minna í peningum talið og minni kolefnislosun. Alla vega er ljóst að við verðum að breyta um lífsstíl ef mannlíf á að þrífast í framtíðinni um alla jörð. Hér á þessu kirkjuþingi verður ekki dreift útprentuðum blöðum með tillögum og breytingartillögum nema til þeirra sem óskað hafa eftir því. Allar tillögur og breytingartillögur og endanlegur texti er aðgengilegur í hinu rafræna skjalavistunarkerfi. Við þurfum ekki að flytja með okkur afurðir skógarins heim í hlað, aðeins eina tölvu.

**Fræðslumál**

Hér á þessu kirkjuþingi verður lögð fram ný fræðslustefna. Áhersluatriði hennar til næstu tveggja ára eru umhverfismál og skírnin.

Umhverfismálin eru í kirkjunni skoðuð með gleraugum vistguðfræðinnar. Í vistguðfræði er sjónum meðal annars beint að siðferðilegri ábyrgð mannsins gagnvart sköpunarverkinu. Þjóðkirkjan var gestgjafi Alkirkjuráðsins sem hélt ráðstefnu í fyrra um réttlátan frið við jörðina og fulltrúar hennar tóku líka þátt í Artic Circle og í síðasta mánuði funduðu höfuðbiskupar Norðurlandanna um umhverfismál og tóku þátt í málþingi um framtíð norðurskautsins á Artic Circle ráðstefnunni. Einnig stóðu guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands og stofnun Sigurbjörns Einarssonar fyrir málstofu á ráðstefnunni um umhverfismál. Biskuparnir prédikuðu í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og í Hallgrímskirkju spurði Andrés Arnalds landgræðslusérfræðingur, „hver talar fyrir móður jörð?" Tvö undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið þátt í tímabili sköpunarverksins „Season of Creation" sem er grasrótarhreyfing kirkjufólks sem ann sköpuninni.

Fræðsla um skírnina verður líka í brennidepli næstu tvö árin hjá þjónustusviði biskupsstofu. Sífellt færri foreldrar velja það að fela barnið sitt Guði og láta skíra það. Þetta er ekki séríslenskt fyrirbæri. Lúterskar systurkirkjur okkar flytja okkur fréttir af því sama. Ekki hefur verið gerð rannsókn á því hvað veldur né hve mörg börn eru skírð af þeim sem fæðast hér á landi. Á kirkjuþingi 2016 var samþykkt að skipa starfshóp um skírnarfræðslu. Vinna hans hefur nýst og mun nýtast til áframhaldandi fræðslu um skírnina og gildi hennar fyrir einstaklinga og þjóðlífið.

**Kirkjan og framtíðin**

Umfjöllun um þjóðkirkjuna í fjölmiðlum gefur sjaldnast til kynna að hún eigi sér mikla framtíð. Þjóðkirkjan er samt ennþá stærsta trúfélagið hér á landi. Fólkið í kirkjunni er hin eiginlega kirkja. Á vísitasíum hittum við biskupar og prófastar glatt og þakklátt fólk sem metur mikils að tilheyra þeim hópi sem tilheyrir kirkjunni, ekki bara hér á landi heldur um víða veröld. Fjölmiðlaumfjöllun um kirkjuna bendir til að óskað er eftir rödd kirkjunnar í samfélagsumræðunni og siðferðilegum vegvísi til framtíðar. Þjóðkirkjan verður nú eins og á öllum tímum að tala við samtíð sína á tungumáli sem skilst og varpa kristnu ljósi á þau mál sem eru til umræðu.

Ég þakka kirkjuþingsfulltrúum fyrir þjónustuna í kirkjunni sem og öðrum þeim er styðja hana og vernda. Biðjum Guð að gefa styrk og þor til góðra verka.

# Kirkjuþing unga fólksins 2019

*Berglind Hönnudóttir*

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu laugardaginn 25. og 26. maí 2019. Berglind Hönnudóttir var kjörin forseti þingsins. Samkvæmt starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 skal kirkjuþingið kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt og var María Björt Guðnadóttir kjörin til þess.

## Eftirfarandi tólf mál voru afgreidd á Kirkjuþingi unga fólksins:

1. Tillaga um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna verði pappírslaust fyrir 2020. Jafnframt verði dregið sem mest úr notkun plasts á öllum sviðum kirkjulegs starfs.
2. Samþykkt var ályktun sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna streymi fundum sínum með hljóði og mynd. Upptökur verði svo aðgengilegar eftir þingið.
3. Samþykkt var tillaga um að prestar þjóðkirkjunnar, sem og biskup Íslands, vígslubiskupar og prófastar, ættu ekki að vera opinberir embættismenn íslenska ríkisins.
4. Samþykkt var ályktun um að gerð verði krafa um að þeir prestar sem þjóna sem sóknarprestar skuli ljúka sérstöku námi á vegum guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Yrði það á lengd við diplómanám með áherslu á sálgæslu og stjórnun. Meginröksemdin fyrir þessu er að sóknarprestum mun fækka með sameiningu prestakalla og verða þeir verkstjórar í prestateymum úti í prestaköllunum.
5. Samþykkt var tillaga um breytingu á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins þar sem kjör tveggja ritara er lagt niður enda verði þingið tekið upp með hljóði og mynd.
6. Tillaga var samþykkt um að söfnuðum verði skylt sjá til þess að fræðsla á vegum Samtakanna 78 sem kallast „Fræðsla til fagstétta“, fari fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti.
7. Kirkjuþing unga fólksins samþykkti áskorun til biskupsembættisins þess efnis að opnuð yrði æskulýðsmiðstöð. Langtímamarkmiðið yrði að allir gætu notið slíkrar miðstöðvar og því þyrfti að huga að landsbyggðinni sem og höfuðborgarsvæðinu hvað það snerti.

8. Ályktun um að ráðinn yrði æskulýðsprestur hjá biskupsembættinu var samþykkt. Skal hann meðal annars hafa yfirsýn yfir helgihald fyrir ungt fólk og fræða jafnvel um kirkjulegar athafnir eins og skírn og hjónavígslur. Æskulýðsprestur myndi vera talsmaður unga fólksins í kirkjunni og efla æskulýðsstarfsemi á landsvísu í samstarfi við sóknarpresta og prófasta.

9. Þá lýsti kirkjuþing unga fólksins ánægju sinni með yfirlýsingu sr. Kristjáns Björnssonar, vígslubiskups í Skálholti, sem birtist á kirkjan.is 14. maí 2019, þar sem meðal annars kom fram að kirkjan vilji standa með þolendum ofbeldis og taka alvarlega allar ásakanir um óviðeigandi eða ranga hegðun.

10. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á alla starfsmenn kirkjunnar að draga úr flugferðum. Fara aðeins í þær ferðir sem teljast nauðsynlegar. Jafnframt skuli kirkjan kolefnisjafna ferðir sínar með skógrækt á landsvæðum kirkjunnar.

11. Kirkjuþing unga fólksins hvetur sóknarnefndir landsins til þess að kjósa ungt fólk til setu í sóknarnefndum. Viðmiðið ætti að vera að í hverri sóknarnefnd sitji að minnsta kosti einn einstaklingur yngri en 30 ára ef möguleiki er fyrir hendi. Þá lýsti þingið ánægju sinni með þær sóknir sem leitast hafa við að hafa ungt fólk í sóknarnefndum.

12. Kirkjuþing unga fólksins minnti á þingsályktun kirkjuþings 2017, mál nr. 7, þar sem miðað var við að ungt fólk, á aldrinum sextán til þrjátíu ára, skyldi vera að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hverrar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni; tækju bindandi ákvarðanir, semdu áætlanir, skipulegðu starfsemi og hefðu kosningarétt. Þing unga fólksins telur að þessari samþykkt hafi ekki verið fylgt nægilega vel eftir. Það leggur auk þess til að ákvæðið um 20% skuli ekki vera viðmið heldur regla.

# Leikmannastefna þjóðkirkjunnar

*Marinó Þorsteinsson*

## 32. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar í Ísafjarðarkirkju 31. ágúst - 1. september 2018

***Stutt samantekt á því helsta sem gerðist.***

***31. ágúst:***

1. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti stefnuna. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.
2. Staðarkynning. Sr. Magnús Erlingsson, prófastur.
3. Kvöldverður í Tjöruhúsinu í boði Vestfjarðaprófastsdæmis.

***1. september:***

4. Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt.
5. Aðal fundarefni stefnunnar voru fjögur:

### I Ný sýn.

Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri og kirkjuþingsmaður, lýsti hugmyndum sínum varðandi þjóðkirkjuna. Þar sem áhersla væri lögð á jafnræði, ráðdeild og skynsemi. Einnig ræddi hann um nýjar hugmyndir um sameiningu prestakalla.

### II Sagan endalausa um sóknargjöldin.

Einar Karl Haraldsson, varaformaður og gjaldkeri Hallgrímskirkjusafnaðar skýrði frá fundi dómsmálaráðherra með nefndinni sem skipuð var á leikmannastefnu síðasta árs, auk framkvæmdastjóra kirkjuráðs og prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis eystra. Þar kom m.a. fram að ráðherrann viðurkendi að allir útreikningar kirkjunnar um skerðingu á sóknargjöldum miðað við lög um sóknargjöld væru í meginatriðum réttir. Einnig rakti Einar Karl sögu baráttunnar um sóknargjöldin og stöðuna í dag.

### III Í faðmi upplýsingartækninnar.

Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri biskupsstofu kynnti nýjan þjónustuvef kirkjunnar.

### IV Umhvefisstefna þjóðkirkjunnar.

Björn Erlingsson, nefndarmaður í Umhverfishópi þjóðkirkjunnar, kynnti umhvefissstefnu þjóðkirkjunnar og aðgerðaráætlun 2018-2020. – Lögð var fram og samþykkt var ályktun um málið.

6. Kosningar
   Skoðunarmaður reikninga var kjörinn Bergur Torfason.
7. Formaður þakkaði fundarstjóra, riturum og fulltrúum fyrir þátttökuna og sleit stefnunni, en hana sátu 40 fulltrúar og gestir.

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

*Kristján Björnsson*

Í umdæmi Skálholts eru sex prófastsdæmi sem ná yfir Suðurland, Suðvesturhornið, Vesturland og Vestfirðir, alls 166 sóknir auk safnaða erlendis. Dómkirkja vígslubiskups er Skálholtsdómkirkja og þar hefur setið biskup með nokkrum hléum síðan árið 1056. Þjónusta biskupsins er bæði heima í Skálholti þar sem er mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir kirkjuna og út frá Skálholti í umdæminu. Hún felst í allri almennri biskupsþjónustu og er Skálholtsbiskup núna annar staðgengill biskups Íslands. Ég tók við afar góðu búi af forvera mínum, sr. Kristjáni Val Ingólfssyni, sem var svo vinsamlegur að gegna þjónustu fram yfir skipunartíma sinn þar til eftirmaðurinn gæti tekið við keflinu. Þakkir mínar eru ekki síst fyrir það hversu þolinmóður hann hefur verið að setja mig inn í þau ótal verkefni sem eru á borðinu í Skálholti. Þannig atvikaðist það að eftir kjör mitt til embættis boðaði hann mig til allra funda með sér og stjórn Skálholts og á starfsmannafundi og íbúafundi svo ég mætti kynnast því fólki sem styður við starfið heima. Gilti þá einu þótt ég biði vígslu fram til 22. júlí 2018. Þakka ég þeim góðu prestum sem einnig voru í kjöri og þakka af heilum hug öllum þeim 950 manneskjum sem gáfu tíma og þolinmæði til að kjósa fyrir hönd safnaða sinna og þakka ég góða kjörsókn. Vígsludagurinn var á Skálholtshátíð og er ég afar hrærður enn að hugsa til allra þeirra sem gerðu þann dag bæði hátíðlegan og fagnaðarríkan í kirkjunni með góðri kirkjusókn og þátttöku sem fyllti kirkjuna og meira en það. Þakka ég biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, vígsluvottum og biskupum frá Norðurlöndum, og prestum og djáknum landsins, prestum og anglikönskum biskupi frá Bandaríkjunum, og fulltrúa Samtaka norrænna prestafélaga, fulltrúa Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar, pílagrímum og fulltrúum og vinum úr fjölmörgum sóknum landsins og stofnunum, ættingjum og vinum, auk fyrrum forseta Íslands og dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen, sem kom sjálf með skipunarbréf mitt frá forseta Íslands og afhenti það í hátíðardagskránni. Í þeirri dagskrá var einnig eftirminnilegt að skrifað var undir samning milli þjóðkirkjunnar og Skógræktarfélags Íslands og Kolviðar ehf. um rætkun ríflega 200 ha af skógi til kolefnisjöfnunar úr landi Skálholts. Það var mjög í anda þess sem ég og kirkjan öll vill vinna að með friðlýsingu lands og endurheimt votlendis heima í Skálholti og virkri þátttöku í umræðunni um ábyrgð og viðhorfsbreytingu gagnvart hamfarahlýnun jarðarinnar. Var það engin tilviljun að þetta gerði ég að aðaláherslu í vígsluprédikun minni og var ánægður með þá umfjöllun sem af því leiddi í fjölmiðlum og fólks á meðal.

## Breytingar heima

Á fardagaárinu urðu miklar breytingar varðandi landnytjar í Skálholti þar sem ákveðið var að hætta mjólkurframleiðslu vorið 2019. Var reynt að undirbúa það sem best og voru síðustu



ábúendur í Skálholti, Gestur Einarsson og Rakel Þórarinsdóttir, kvödd í júní 2019. Kýrnar voru seldar og allmikið af búvélum en eftirtektarvert að það þótti gott að fá a.m.k. eina kýr eða kvígu frá hinum blessaða helgistað. Síðasti mjólkurdropinn var teygaður í fjósinu og sjónvarpað með viðtölum við biskup og ábúanda. Eru þeim þökkuð góð kynni og umsjón með jörð, skepnum og húsum. Framhaldið verður svo í skýrslu næsta árs. Í framhaldi af þessum atburðum var þó ákveðið að bera á og slá heimatúnin og verða þau nytjuð í framtíðinni ásamt því að leigð verður hagabeit fyrir hesta og veiðileyfi í Brúará og Hvítá. Aðrar landnytjar eru kolefnisskógurinn en framkvæmdum þar seinkaði vegna óvæntra uppákomu með þinglýsingar. Með ábúðalokunum er jörðin með öllum sínum gæðum og hitaveitu orðin á ábyrgð stjórnar Skálholts sem hefur lagt til að ráðinn verði ráðsmaður til að annast umhirðu, eftirlit með fasteignum og hitaveitu, sölu veiðileyfa og viðhalds húsa og hitaveitunni úr Þorlákshver. Þess má geta að í Skálholti er um fimmtungur allra fasteigna sem eru í eigu Þjóðkirkjunnar og þar á meðal hinn einstaki helgidómur, Skálholtsdómkirkja, og Skálholtsskólinn.

## Stefnumörkun

Hafist var handa við endurmat og unnið að nýrri stefnumörkun fyrir Skálholt. Hófst það með málþingi um landnytjar í október 2018 og athugunum og skýrslu sérstaks ráðgjafa kirkjuráðs, Kolbeins Kolbeinssonar. Var því fram haldið með opnum hugflæðisfundi í Skálholti í maí 2019 og stefnumótunarfundi sem stjórn Skálholts stóð fyrir, stjórn Skálholtsfélagsins og embætti vígslubiskups undir stjórn dr. Steinunnar Arnþrúðar Björnsdóttur, prests í Neskirkju. Af þessu leiddi sú skýrsla sem kölluð hefur verið Ný stefna og framtíðarsýn fyrir Skálholt og var lögð fyrir kirkjuþing 2019. Þá var stjórn Skálholts breytt í framkvæmdastjórn með meiri ábyrgð á



rekstri og voru búnar til tengingar við Skólaráðið með setu formanns Skólaráðs í þessari nýju stjórn. Í henni eru Drífa Hjartardóttir, formaður, sr. Óskar H. Óskarsson og Sólborg Lilja Sigurþórsdóttir, en varmenn eru Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, Þórarinn Þorleifsson og Ásborg Arnþórsdóttir.

## Heimsóknir, fundir og ráðstefnur

Fyrstu messuheimsóknirnar voru fyrir biskupsvígsluna til safnaðanna í Hveragerði 17. júní og að Sólheimum á kirkjudegi 1. júlí og fyrsta messuheimsókn eftir vígslu var í Hallgrímskirkju 29. júlí. Eftir þátttöku Skálholtsbiskups á Hólahátíð 2018 var fyrsta messuheimsóknin að Stafafelli í Lóni á



150 ára afmæli kirkjunnar. Eftir kveðjumessu í Eyrarbakkakirkju var komið að Holti í Önundafirði á ráðstefnu Prestafélags Vestfjarða um frið og guðfræði Landsins helga með fyrirlesurum frá Sænsku guðfræðistofnuninni í Jerúsalem, STI, frá Ísrael og Betlehem í Palestínu. Guðfræðidaga sat ég einnig í Langholtskirkju sem voru á vegum Áhugafélags um guðfræðistefnur. Fyrsta héraðsfundinn sat ég á Suðureyri eftir messu þar í september og þar á eftir héraðsfund í Borgarnesi. Síðar í september fór ég sem einn af fjórum fararstjórum með tæplega 200 manna hóp til Ísraels og Jórdaníu. Það hafði verið ákveðið áður en ég tók að mér þessa nýju þjónustu en merkileg upplifun að fara þar um sem þjónandi biskup og auka tengsl við fólk í Landinu helga og hélt það áfram að vaxa á fyrsta starfsárinu. Í tengslum við Norðurslóðaráðstefnuna Arctic Circle Assembly í Reykjavík stóð Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar að málstofu í samstarfi við Guðfræðistofnun HÍ og fleiri aðila í október. Vann ég að undirbúningi með öðrum í stjórn og sat samhliða fundi höfuðbiskupa Norðurlanda en þau tóku einnig þátt í ACA. Er það fjórða ACA ráðstefnan sem Stofnun Sigurbjörns Einarssonar vinnur að með innlendum og erlendum aðilum og hef ég verið varaformaður þar síðan 2011. Í nóvember var ég í fyrsta sinn vígsluvottur við biskupsvígslu. Þar var vígður biskup dr. Jukka Keskitalo í Oulu í Finnlandi. Þann 16. desember fögnuðum við verklokum á viðgerð listglugga Gerðar Helgadóttur og altarismynd Nínu Tryggvadóttur með gluggamessu í Skálholtsdómkirkju þar sem færðar voru þakkir til Verndarsjóðsins og allra einstaklinga, sjóða og stofnana sem styrktu viðgerðina. Alls söfnuðust nærri 40 milljónir króna og dugði það til viðgerðanna og útgáfu á bæklingi um gluggana og gerð lítilla eftirmynda af einum þeirra sem Skálholtsfélagið stóð fyrir og er til sölu til styrktar frekari viðgerðum á kirkjunni. Fyrstu jólamessurnar eftir vígslu voru heima í Skálholti og einnig að Úthlíðarkirkju. Þrettándaakademían var í janúar með móttöku í biskupshúsi og síðar í mánuðinum sótti biskupinn 40 ára afmæli Kristilegu Skólahreyfingarinnar og ársfund Kolviðar ehf. Í febrúar var ég vígsluvottur í biskupsvígslu dr. Kaisamari Hintikka í Espoo í Finnlandi en hún hafði áður unnið hjá Lútherska heimssambandinu og einnig sem ung kona í gróðurhúsi á Flúðum. Urðu það góð kynni og nýttist ferðin einnig til að undirbúa komu dr. Munib Younan á Skálholtshátíð en hann var meðal gesta, fyrrum forseti LWF. Í febrúar heimsóttum við

fjölskyldan Sierra Leone í Afríku og þótt það hafi verið í einkaerindum var það afar fróðlegt vegna mikilla tengsla við kirkjur, sjúkrahús, ýmsa vinnustaði, bæi og þorp auk góðgerðaverkefna og þróunarsamvinnu. Annaðist ég allmargar messur heima í Skálholti en sótti einnig allmarga söfnuði heim, s.s. Hjalla í Ölfusi á 90 ára afmæli þeirrar kirkju. Einnig aðstoðaði ég við helgihald á Kyrrðardögum kvenna í Skálholti og stýrði undirbúningi og þjónaði að Kyrrðardögum í kyrruviku sem haldnir hafa verið í Skálholti í þrjátíu ár. Þá annaðist ég allmargar staðarskoðanir sem er heiti á móttöku og kynningu á sögu og helgi Skálholtsstaðar fyrir gesti og ferðafólk en þetta eru misstórir hópar, innlendir og erlendir, sem panta og þiggja mismikla þjónustu heima í Skálholti.

## Samstarf við stjórnir og ráð

Biskupinn tók þátt í störfum stjórnar Skálholts, stjórnar Skálholtsfélagsins nýja, stjórnar Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju, skólaráðs Skálholtsskóla og sat alla fundi þeirra auk aðalsafnaðarfunda Skálholtssóknar og fleiri sókna og íbúafundi í Skálholti, auk samráðsfunda með Þjóðgarðsverði Þingvalla vegna Þingvallakirkju. Stóð embættið einnig að áðurnefndum málþingum um landnytjar og framtíðarsýn. Þá vann biskupinn ásamt framkvæmdastjóra, Hólmfríði Ingólfsdóttur, að því að framfylgja ákvörðun kirkjuráðs um að mjólkurframleiðslu yrði hætt í Skálholti og sat að jafnaði vikulega starfsmannafundi sem Hólmfríður stýrir og tók þátt í starfsemi Skálholtsskóla á ýmsan hátt. Breyting varð á hlutverki vígslubiskups gagnvart framkvæmdasýslu með afnámi ályktunar kirkjuráðs frá febrúar 2012 þar sem gert var ráð fyrir að vígslubiskup gegndi jafnframt rektorsstörfum í Skálholtsskóla og hefði þannig beina aðkomu að rekstrinum. Einnig var unnið að kynningu fyrir Skálholt sem ferðamannastaðar og sögu- og helgistaðar þjóðarinnar á ferðamannaráðstefnum og fundum. Auk funda heima í Skálholti situr vígslubiskup fundi kirkjuþings, biskupafundi, fundi kenningarnefndar, prófastafundi og alla kirkjuráðsfundi þar sem málefni Skálholts eru til umfjöllunar. Ég hef verið settur biskup Íslands í fáeinum málum og er sumum lokið en öðrum ekki og svo var ég settur biskup Íslands í rúmar tvær vikur vorið 2019 með allmiklum verkefnum sem fylgja því embætti.

## Vísitasía vígslubiskups

Að lokum má nefna hér að fyrsta vísitasía vígslubiskups hófst í maí 2019 og var það í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra í góðri samvinnu við sr. Gísla Jónasson, prófast. Vildi svo skemmtilega til að fyrsta vísitasíumessan var í Kópavogskirkju þar sem ég á margar minningar enda er það fermingarkirkjan mín og heimakirkja bernsku- og unglingsára minna allt til útskriftar þar úr Menntaskóla Kópavogs. Var þetta á degi aldraðra og kirkjan þétt setin og fjölmennt kaffi eldri borgara á eftir í Borgum, safnaðarheimili Kársnessóknar. Næstu messur voru hvítasunnumessa í Breiðholtskirkju og með Alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju og mótorhjólamessa í Digraneskirkju. Nánar verður greint frá vísitasíunni í árbók næsta árs. Fyrsta árið einkenndist af mörgum nýjum verkefnum fyrir nýja manneskju í þjónustunni og er ég afar þakklátur fyrir að hafa fengið að reyna mig við það allt með hjálp þess góða fólks sem starfar í kirkjunni. Það er þó afar margbreytilegt í þjónustunni í heild og reyndin er sú að það hélt áfram að bjóða uppá nýja reynslu á öðru árinu. Guð blessi sóknirnar, prófastsdæmin og staðinn heima á nýju ári.

# Vígslubiskup Hólastiftis

*Solveig Lára Guðmundsdóttir*

## Hólahátíð 2018

Hólahátíð á fullveldisárinu 2018 var helguð 100 ára afmæli fullveldis Íslands.

Að venju var gengin pílagrímaganga frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum eftir Hallgrímsveginum. Var það gert laugardaginn 11 ágúst og að lokinni göngu var endurnýjun skírnarinnar og altarisganga í Hóladómkirkju. Eftir það hófst samkoma í Auðunarstofu þar sem ungmenni fluttu erindi um það hvaða þýðingu fullveldi Íslands hefði fyrir þau. Um kvöldið var kvöldverður Undir Byrðunni. Sunnudaginn 12. ágúst var flutt tónleikhúsið Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur eftir þær Guðnýju Einarsdóttur og Diljá Sigursveinsdóttur.

Messa var í Hóladómkirkju kl. 14:00 sama dag. Þar predikaði sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir sóknarprestur á Fáskrúðsfirði. Að loknu veislukaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju þar sem Einar Guðfinnsson formaður hátíðanefndar fullveldisafmælisins flutti hátíðaræðu.

## Messuhald

Messað er í Hóladómkirkju alla sunnudaga yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Sóknarprestur Hofsós- og Hólaprestakalls sr. Halla Rut Stefánsdóttir kom til baka úr veikindaleyfi 1. september, en sr. Úrsúla Árnadóttir gegndi þjónustunni á meðan á leyfinu stóð. Sr. Halla messar í Hóladómkirkju einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, en nágrannaprestar sjá um að messa yfir sumartímann. Ég messaði 8. júlí og 5. ágúst, en sú hefð hefur skapast að Kristín Árnadóttir djákni hefur predikað í Hóladómkirkju um verslunarmannahelgina mörg undanfarin ár. Fyrir það erum við ákaflega þakklát. Sú venja hefur skapast að vígslubiskup sér um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadaskvöld jóla, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming.

## Messuheimsóknir.

Á Skálholtshátíð þann 22. júlí 2018 var vígður til vígslubiskupsembættis í Skálholti sr. Kristján Björnsson. Var ég vígsluvottur þar við afar hátíðlega athöfn.

Þann 26.ágúst predikaði ég á 90 ára afmæli Hríseyjarkirkju.

Þann 9. september var haldið upp á 120 ára afmæli Hólastiftis hins forna í Sauðárkrókskirkju og á Löngumýri.

Þann 14. október var haldið kóramót á Löngumýri í umsjá Margrétar Bóasdóttur söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

Þann 21. október messaði ég í Seltjarnarneskirkju ásamt nývígðum Skálholtsbiskupi sr. Kristjáni Björnssyni.

Þann 26. október setti ég Landsmóti æskulýðsfélaganna á Egilsstöðum.

Þann 28. október predikaði ég í Bakkgerðiskirkju á Borgarfirði eystra og sat aðalsafnaðarfund í tengslum við visitasiu mína um Egilstaðaprestakall.

Þann 2. desember var afmælisguðsþjónusta í Sauðárkrókskirkju

Þann 27. janúar 2019 predikaði ég á 150 ára afmæli Reynistaðarkirkju

Þann 7. apríl setti ég nýjan prófast, sr. Sigríði Rún Tryggvadóttur í embætti í Seyðisfjarðarkirkju.

## Visitasiur:

Nú hef ég hafið aðra umferð visitasia um Hólastifti. Dagana 16. og 17. október visiteraði ég Hofsprestakall á Bakkafirði og Vopnafirði og tók þátt í vinaviku kirkjunnar. Dagana 25.-30. október visiteraði ég hinar 14 sóknir sem eru í Egilstaðaprestakalli. Á hausti komanda stefni ég að því að visitera hið nýsameinaða Fjarðarprestakall.

## Erlend samskipti

Þann 20. október sat ég ásamt biskupi Íslands og Skálholtsbiskupi höfubiskupafund Norðurlanda sem haldinn var í tengslum við Arctic circle í Hörpu, en 21. október sátu allir höfuðbiskuparnir í panel á ráðstefnunni.

Þann 17. mars 2019 var ég viðstödd biskupsvígslu í Stavanger þegar Anne Lise Aadnöy var vígð biskup.

## Málþing og ráðstefnur

Stór hluti vinnutíma míns fer í störf fyrir Guðbrandsstofnun, sem er samstarfsverkefni þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands.

Guðbrandsstofnun undirbýr og sér alfarið um eina stóra ráðstefnu á ári. Nú er lokið ráðstefnuröðinni sem bar yfirskriftina: Hvernig metum við hið ómetanlega? Fyrsta ráðstefnan var með undirtitlinum –náttúran og auðlindirnar, önnur með undirtitilinn –menningin, þriðja með undirtitilinn –trú og lífsskoðun og sú síðasta með undirtitilinn –hið góða líf.

Næsta ráðstefnuröð mun fjalla um brennandi mál í samfélaginu. Fyrsta ráðstefnan í þeirri röð var um kvíðann í samfélaginu og var haldin á Hólum 4.-5. apríl 2019. Var hún í samstarfi við Landlæknisembættið, Geðhjálp, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Félag íslenskra músikþerapista.

Þann 25. nóvember var haldið málþing í Auðunarstofu í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Var efni þess um syndina í bókmenntum. Þar hélt ég erindi um syndina í þremur ritum Marteins Lúthers.

## Kirkjuþing

Kirkjuþing var haldið í Vídalískirkju dagana 4.-7. nóvember 2018 og framhaldsþing var haldið 3. mars 2019. Á þessu þingi voru nýkjörnir fulltrúar til fjögurra ára og í fyrsta skipti er meiri hluti þingfulltrúa konur. Auk þess er nýkjörinn þingforseti kona, Drífa Hjartardóttir. Sat ég þessi Kirkjuþing eins og lög gera ráð fyrir með málfrelsi og tillögurétt.

## Biskupa- og prófastafundir

Biskupafundir voru haldnir 13. ágúst og 2. nóvember 2018 og 17. janúar, 4. febrúar, 11. apríl og 4. júní 2019. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík dagana 15. og 16. janúar 2019.

Þá leysti ég biskup Íslands af í sumarfríi hennar.

## Nefndir

Ég á sæti í Kenningarnefnd þjóðkirkjunnar og var haldinn einn fundur í þeirri nefnd á árinu þann 29. apríl 2019. Auk þess er ég formaður námsleyfanefndar og voru fundir í henni tveir, þar af annar símafundur.

Vígslubiskup á Hólum er formaður Hólanefndar og formaður stjórnar Guðbrandsstofnunar.

## Fundir og viðtöl

Auk nefndafunda sótti ég tvo af þremur héraðsfundum stiftisins, en ég var erlendis þegar héraðsfundur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis var haldinn. Héraðsfundur Austurlandsprófastdæmis var haldinn 7. apríl í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum og var það síðasti héraðsfundur sr. Davíðs Baldurssonar prófasts og þakka ég honum af alhug samstarfið. Um kvöldið setti ég nýjan prófast sr. Sigríði Rún Tryggvadóttur í embætti prófasts Austurlandsprófastsdæmis í Seyðisfjarðarkirkju. Var sú athöfn afar fjölsótt og hátíðleg. Héraðsfundur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis var haldinn 27. apríl í Akureyrarkirkju. Á héraðsfundum kemst ég í snertingu við grasrót kirkjustarfsins og tel ég þá fundi afar mikilvæga.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og tel ég það til fyrirmyndar. Þá fundi sæki ég reglulega. Auk þess hefur mér verið boðið að sitja prestafundi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og þigg það þegar ég hef tök á.

## Guðfræðidagar á Hólum

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna guðfræðidaga hér heima á Hólum dagana 26.-28. maí 2019. Við hjónin vorum erlendis þessa daga og því gátum við ekki boðið heim eins og venja er til.

## Hólanefnd og Guðbrandsstofnun

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis,

sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, Laufey Guðmundsdóttir og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsembættisins f.h. þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum.

Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þríþætt.

Í fyrsta lagi eru það sumartónleikar sem haldnir eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningarsjóði KS.

Í öðru lagi eru það Fræðafundir heima á Hólum. Við bjóðum fræðafólki í vikudvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru haldin í Auðunarstofu tvisvar í mánuði frá september til aprílloka. Fræðafundirnir hafa verið styrktir af Háskóla Íslands.

Í þriðja lagi höldum við ráðstefnur. Nú er nýhafin ráðstefnuröð sem tekur á brennandi málefnum í samfélaginu. Í vor var haldin ráðstefnan: Kvíðinn í samfélaginu.

Guðbrandsstofnun hefur einnig umsjón með því að halda Dag Guðmundar góða hátíðlegan, en það er gert á dánardegi hans 16. mars ár hvert eða sem næst þeim degi. Þá bjóðum við hjónin heim til veislu í lok dags.

Í ár var það Margaret Cormack sem hélt erindi um Guðmund góða þann 24. mars.

Starfssemi Guðbrandsstofnunar er styrkt af Kristnisjóði.

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér heima á Hólum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðingalegar móttökur hvar sem ég kem. Ferðirnar í söfnuði stiftisins eru mér ógleymanlegar. Sérstaklega er eftirtektarvert hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma.

# Störf kirkjuráðs

## Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Klöppum, Grænum Lausnum hf., Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Berglind Hönnudóttir, fulltrúar leikmanna; sr. Guðrún Karls Helgudóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson, fulltrúar vígðra. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2022 en það var kosið á kirkjuþingi 2018.

## Starfsemi kirkjuráðs

### *Almennt.*

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 með síðari breytingum. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda svo og ákvarðanir biskups er varða agavaldið og lausn ágreiningsefna svo og um kenningu kirkjunnar. Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna. Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum og hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi svo og fasteignamálum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum

á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað og hefur einnig afskipti af málefnum Skálholtsskóla.

## Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 16 fundi. Í maí var haldinn fundur í Skálholti en þar voru málefni staðarins sérstaklega tekin til umræðu. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra sitja að jafnaði fundi ráðsins skrifstofustjóri biskupsstofu, fjármálastjóri biskupsstofu þegar umræða um fjármál eru sérstaklega á dagskrá og biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar og formenn fastra nefnda kirkjuþings. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar. Samvinna er góð og samstarfsandi einnig.

## Starfsfólk kirkjuráðs

Starfsfólk kirkjuráðs: Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs. Hann lét af störfum 1. október sl. og eru honum þökkuð störfin. Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuráðs og kirkjuþings og sviðsstjóri fasteignasviðs. Skúli lét af störfum fyrir kirkjuráð 31. mars sl. en starfar nú tímabundið fyrir kirkjuþing og biskupsstofu.

## Starfshópar kirkjuráðs

Samkvæmt reglum um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs eru þrír starfshópar kirkjuráðs starfandi, lagahópur, fjármálahópur og kirkjustarfshópur. Einn til tveir kirkjuráðsmenn starfa í hverjum hópi, ásamt starfsmanni frá biskupsstofu og formanni fastanefnda kirkjuþings. Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, hefur starfað með lagahópi, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu með fjármálahópi og séra Sigfús Kristjánsson, verkefnastjóri fræðslumála með kirkjustarfshópi. Stefán Magnússon starfar með lagahópi, Svana Helen Björnsdóttir og séra Axel Árnason Njarðvík með fjármálahópi og séra Arna Grétarsdóttir með kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

## Fundur Samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar starfar á grundvelli laga nr. 12/1982. Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis, forseti Alþingis og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð. Forseti Alþingis og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor. Tilgangur nefndarinnar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á verkefnum kirkjunnar. Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

Haldinn var fundur í nefndinni þann 13. mars sl. í Alþingishúsinu. Eftirfarandi málefni voru á dagskrá:

a) Fjárhagsleg samskipti, þ.á m. staða sóknargjalda, kirkjujarðasamkomulagið, jöfnunarsjóður sókna og kirkjumálasjóður.
   - Minnisblað kirkjuráðs og biskups, til samninganefndar og ráðherra dags. 13.02.2019.
   - Minnisblað kirkjujarðasamkomulag, virðisútreikningur. Deloitte dags. 20.12.2017,
   - Útreikningur á sóknargjöldum. Deloitte dags. 25.05.2018.
   - Minnisblað, Jöfnunarsjóður sókna og viðhaldsmál sókna, kirkjuráð dags. 18.01.2019.

b) Staða friðaðra kirkna, þ.á m. kostnaður v/ endurbóta á Dómkirkjunni.

- Minnisblað. Friðlýstar og friðaðar sóknarkirkjur, viðhaldsþörf. Kirkjuráð dags, 12.03.2019

c) Hjálparstarf kirkjunnar og félagsstarf kirkjunnar.

Biskup Íslands ræddi starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar og safnaðarstarf þjóðkirkjunnar vítt og breitt um landið.

d) Framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Umræður um framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar og voru þeir sem til máls tóku sammála um að huga þyrfti að breyttu formi þessara samskipta.

## Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 57. kirkjuþing 2018, hófst í Vídalínskirkju þann 3. nóvember 2018 og stóð til 7. nóvember 2018 en var þá frestað og framhaldið í Háteigskirkju 2. og 3. mars 2019. Á þinginu voru lögð fram 31 mál, kirkjuráð lagði fram níu mál, biskup Íslands flutti sex mál. Þingmannamál voru 15 þar af eitt flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 26 mál afgreidd á þinginu. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o.fl. Einnig eru þær birtar á vefsíðu kirkjunnar. Þar eru birtar breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

### *-Ályktanir kirkjuþings.*

Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem kirkjuráð flutti á kirkjuþingi og afgreiðslu kirkjuþings á þeim. Einnig verður gerð grein fyrir stöðu og framvindu mála á starfsárinu sem kirkjuþing ályktaði að vísa til kirkjuráðs.

**1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.**

Kirkjuþing ályktar að hugað verði að félagatali þjóðkirkjunnar. Auk þess sem birt verði reglulega á heimasíðu kirkjunnar tölur um þátttöku í kirkjulegum athöfnum og öðru starfi kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að setja ofangreind málefni í forgang. Kirkjuráð samþykkti að taka upp viðræður við Þjóðskrá Íslands um skráningarmál þjóðkirkjufólks. Kirkjuráð felur kirkjustarfshópi að fara yfir skráningarmál þjóðkirkjunnar og félagatalið og að fylgja máli 2. málsliðar eftir gagnvart umsjónaraðilum heimasíðunnar og þeim sem sinna tæknimálum og gefa kirkjuráði skýrslu um stöðu mála á næsta fundi.

Haldinn hefur verið fundur með fulltrúum frá Þjóðskrá Íslands og málið er enn í vinnslu.

Kirkjuþing þakkar skírnarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram og kynni söfnuðum tillögur sínar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar. Framlag til nefndarinnar í drögum að fjárhagsáætlun 2019 er kr. 725.000 en það verkefni sem meta skal snýr að samþykkt kirkjuþings 2018 þess efnis að skírnarfræðslunefnd kynni söfnuðum tillögur sínar. Kirkjuráð samþykkti að skírnarfræðslunefnd geri tillögur um kynningarmál sín þannig að unnt verði að meta kostnaðinn við verkefnið. Í skírnarhópi kirkjuþings eru þau: sr. Kristján Valur Ingólfsson, Drífa Hjartardóttir og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir. Hópurinn hefur skilað skýrslu skírnarhóps kirkjuþings 2018-2019.

Kirkjuþing ályktar að kirkjuráð geti framvegis um stöðu og framvindu mála í ársskýrslu sinni.

Kirkjuráð samþykkti að taka ábendinguna til greina.

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan taki upplýsinga- og kynningarmál föstum tökum og læri af þeim kostnaðarsömu mistökum sem gerð hafa verið.

Kirkjuráð lýsir yfir ánægju með hina nýju heimasíðu kirkjan.is og nýjan þjónustuvef, en hvetur umsjónaraðila til að sinna af hraða og festu því að lagfæra og útfæra vefina í samræmi við þær ábendingar sem borist hafa. Kirkjuráð hefur þegar slitið samstarfinu sem lýtur að verkefninu leitandi.is.

Kirkjuþing fagnar því að kirkjuráð hafi loks ákveðið að auglýsa eftir jafnréttisfulltrúa sem kirkjuþing 2017 samþykkti að ráða. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar.

Kirkjuþing metur störf kirkjuþings unga fólksins og hvetur þingfulltrúa KUF til að láta rödd sína heyrast áfram. Kirkjuráð tekur undir hvatningu kirkjuþings í garð unga fólksins í kirkjunni. Rödd þeirra er kirkjunni mikilvæg. Gerð er grein fyrir kirkjuþingi unga fólksins síðar í skýrslunni.

Kirkjuþing hvetur til þess að stutt verði við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstarumhverfi hennar verði tryggt svo hún geti áfram sinnt sínu hlutverki við útgáfu, boðun og fræðslu.

Kirkjuráð mun leitast við í verkum sínum að styðja við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstrarumhverfis hennar. Kirkjuráð mun leita eftir fundi með forsvarsmönnum Skálholtsútgáfunnar til að ræða málefni hennar við fyrsta tækifæri.

**2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2018 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Skálholts fyrir árið 2017. Enn fremur afgreiddi kirkjuþing fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi þingsályktun 1. mars 2019: Kirkjuþing 2017 samþykkir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs, jöfnunarsjóð sókna og kristnisjóðs fyrir árið 2017.

**3. mál. Þingsályktun við drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997.**

Kirkjuþing 2018 samþykkir að umsögn sú um frumvarp dómsmálaráðuneytisins, sem fram kemur í nefndaráliti löggjafarnefndar þingsins á þskj. 66 verði send dómsmálaráðherra.

Kirkjuráð sendi dómsmálaráðherra umsögn löggjafarnefndar kirkjuþings.

**11. mál. Þingsályktun um stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar.**
Þingmannamál. Vísað til kirkjuráðs um framkvæmd.

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfði kærleiksþjónustu kirkjunnar.

Tillaga að stefnu fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 2. október sl. að skipa eftirfarandi aðila í nefndina:

Séra Þór Hauksson, tilnefndur af Prestafélagi Íslands. Elísabet Gísladóttir, djákni, og varamaður hennar Helga Björk Jónsdóttir, djákni, tilnefndar af Djáknafélagi Íslands.

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnastjóri á biskupsstofu, sem verði formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur ekki komið saman enda nýskipuð. Stefna fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar verður því ekki lögð fyrir kirkjuþing 2019.

**12. mál. Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar.**
Þingmannamál. Samkvæmt starfsreglum skilar Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi. Einnig gerir nefndin starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af kirkjuráði og lögð fyrir kirkjuþing til ályktunar. Biskup Íslands skipar fimm fulltrúa í nefndina til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnastjórar frá fræðslusviði, kærleiksþjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Nefndin skal skipta með sér verkum. Í nefndina hafa verið skipaðir eftirfarandi fulltrúar: Kosin af kirkjuþingi, aðalmenn: Jónína Ólafsdóttir og Þóra Hjörleifsdóttir. Varamenn: Daníel Ágúst Gautason og Dagur Fannar Magnússon. Biskup hefur skipað sem aðalmenn: Hrein S. Hákonarson, Magneu Sverrisdóttur og Sigfús Kristjánsson. Varamenn eru: Halldór Reynisson, Hildur Björk Hörpudóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

**17. mál. Þingsályktun um persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna.**
Persónuverndarstefnan hefur verið birt á vefsíðu kirkjunnar og vinnur persónuverndarfulltrúi biskupsstofu að innleiðingu hennar.

**18. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.**
Hér er um að ræða breytingar á hlunnindatekjum presta og hefur kirkjuráð upplýst þá sem breytingin mun hafa áhrif á.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu kirkjunnar.

**19. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

Hér er um að ræða brottfall ákvæða um prestssetur og húsaleigustyrkja til presta. Húsaleigustyrkur fellur niður 1. desember 2019. Kirkjuráð hefur tilkynnt viðkomandi prestum um breytingarnar.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu kirkjunnar.

**22. mál. Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. (Bandormur).**

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**23. mál. Þingsályktun um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing samþykkti fasteignastefnuna og hefur hún verið birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**27. mál. Þingsályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing samþykkti Fræðslustefnu þjóðkirkjunnar þar sem sérstök áhersla er lögð á skírnarfræðslu og fræðslu um umhverfismál. Biskupi Íslands og kirkjuráði er falið að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar samkvæmt aðgerðaráætlun.

Fræðslustefnan hefur verið birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

## *-Mál biskups og þingmanna.*

*Sameiningar prestakalla.*

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingar á prestakallaskipaninni:

**Mál 6., 7., 9. og 10.** Flutt af biskupi Íslands

**6. mál.** Sameining Bústaða- og Grensásprestakalla, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, í eitt prestakall, Fossvogsprestakall.

**7. mál.** Sameining Hólmavíkur- og Reykhólaprestakalla, Vestfjarðaprófastsdæmi, í eitt prestakall, Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

**9. mál.** Sameining Langanes- og Skinnastaðarprestakalla, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

**10. mál.** Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll, Austurlands-prófastsdæmi, sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti prestakallsins verði Austfjarðaprestakall.

Sameiningar hafa tekið gildi og þegar hefur verið í skipað í sjö embætti samkvæmt breytingunum, þar af fjögur embætti í Austfjarðaprestakalli. Ekki hefur enn verið auglýst eftir sóknarpresti í sameinuðu Breiðafjarðar- og Strandaprestakall þar sem prestssetrið á Reykhólum þarfnast endurbóta. Verið er að vinna í málinu.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

## *-Önnur mál.*

**13. mál. Þingsályktun um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni.**

Kirkjuþing ályktaði að #metoo áskorun prestsvígðra kvenna frá 16. janúar 2018 verði tekin alvarlega og mun beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestsvígðra og annarra, í kirkjunni.

**14. mál. Þingsályktun um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.**
Kirkjuþing 2018 samþykkti að skipa nefnd þriggja fulltrúa til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings hið fyrsta þannig að þær fái endanlega úrlausn kirkjuþings á fyrri hluta árs 2019.

Kirkjuþing skipaði þau Kolbrúnu Baldursdóttur, Anný Ingimarsdóttur og Vigfús Bjarna Albertsson í nefndina sem skilaði tillögum sínum fyrir framhaldsþingið 2018 sem haldið var í mars 2019. Með nefndinni starfaði Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings. Sjá 28. og 29. mál 2018

**15. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.**
Viðbótarskilyrði til að vera kjörgengur til kirkjuþings er að hafa óflekkað mannorð. Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

***16. mál. Starfsreglur um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013.***
Um er að ræða breytingu á inngangi siðareglna þjóðkirkjunnar til að tryggja að þessar reglur nái einnig til kjörinna fulltrúa s.s. kirkjuþings- og kirkjuráðsfulltrúa og þeirra sem valin eða kosin eru til trúnaðarstarfa í nefndum og ráðum kirkjunnar.

Starfsreglurnar hafa verði birtar á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**20. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.**
Vesturlandsprófastsdæmi: Kirkjuþing samþykkti að leggja Saurbæjarprestakall niður. Sóknir hins niðurlagða prestakalls tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli sem nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

Niðurlagning og sameining prestakallanna hefur tekið gildi og hefur biskup skipað þar sóknarprest. Auglýst mun verða fljótlega eftir tveimur prestum til að þjóna í prestakallinu.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**25. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009, með síðari breytingu.**
Breytingin fjallar um málfrelsi og tillögurétt fulltrúa á Kirkjuþing unga fólksins og um aldursmörk þeirra.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**26. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings**
Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknanir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Ákvarðanir þóknananefndari hafa verið birtar á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**28. mál. Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.**

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**29. mál. Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.**

Stefnan hefur verði birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**30. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.**

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

**31. mál. Samkomulag um áframhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.**

Kirkjuráð bókaði eftirfarandi:

Bókað var á fundi kirkjuráðs í nóvember 2018: Málið var dregið til baka af flutningsmönnum og hlaut því ekki afgreiðslu kirkjuþings.

Á fundi kirkjuráðs í 10. apríl sl. óskaði Stefán Magnússon eftir lagfæringu á afgreiðslu kirkjuráðs á kirkjuþingsmáli nr. 31. Eftirfarandi var fært til bókar:

Á 289. fundi kirkjuráðs var bókað að 31. mál kirkjuþings 2018 hefði verið dregið til baka af flutningsmönnum og hefði því ekki hlotið afgreiðslu kirkjuþings. Forseti kirkjuþings hefur farið fram á að kirkjuráð veki athygli á að ofangreindar lyktir málsins urðu vegna samkomulags milli forseta kirkjuþings og biskups Íslands um að biskupsstofa ráði núverandi lögfræðing kirkjuþings til starfa a.m.k. tímabundið fram að næsta reglulega kirkjuþingi haustið 2019. Samkomulag þetta var borið undir þingheim sem samþykkti það samhljóða. Mál þetta er birt í gerðum kirkjuþings.

## Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.

Viðræður um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju hafa staðið yfir frá árinu 2015. Viðræðurnar eru grundvallaðar á 4. gr. samkomulags ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997 (fylgiskjali kirkjujarðasamkomulagsins). Í viðræðunefnd kirkjunnar sátu eftirfarandi kirkjuþingsmenn: Magnús E. Kristjánsson, formaður, Óskar Magnússon og Jónína Bjartmarz. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 9. janúar 2019 að óska eftir því við kirkjuþing að núverandi forseti þingsins, Drífa Hjartardóttir, tæki sæti í samninganefnd kirkjunnar. Það var samþykkt. Með nefndinni starfaði um hríð Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings. Viðræðunefndirnar luku störfum í ágúst sl. og boðaði forseti kirkjuþings þá til aukakirkjuþings til að leggja fram viðbótarsamning við samning ríkis og þjóðkirkju frá 1997.

## Fasteignir

Um fasteignir þjóðkirkjunnar gilda starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum og Fasteignastefna þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018 og öðlast gildi 1. janúar 2019.

Kirkjuráð annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs sem felst m.a. í því að annast viðhald

eignanna í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun, gæta réttinda og varðveita þau sem tengjast eignunum, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum.

### *- Samkomulag um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum.*

Ríkissjóður og þjóðkirkjan hafa gert með sér samkomulag um endanlega úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum lóðum, spildum og öðrum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 við Þjóðkirkjuna um prestssetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar. Með samkomulagi þessu hefur endanleg úrvinnsla nú farið fram á því samkomulagi ásamt fullnaðaruppgjöri er tengist eignarhaldi einstakra eigna. Ekki munu verða viðhafðar frekari kröfur milli aðila um yfirfærslu eigna á grundvelli samkomulagsins frá árinu 2006. Í samræmi við það sem kemur fram í samkomulaginu frá árinu 2006 eru aðilar sammála um að lóðir þær og spildur og aðrar eignir, sem þar eru upptaldar, eigi að færast yfir til kirkjunnar og er sérstaklega vísað til þeirra í samkomulaginu með beinum eða óbeinum hætti.

Á fundi kirkjuráðs 12. febrúar sl. var samþykkt að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að undirrita samkomulagið fyrir hönd kirkjumálasjóðs og jafnframt lýsti ráðið yfir ánægju sinni með samkomulagið og þakkaði skrifstofustjóra biskupsstofu fyrir aðkomu hans að því að það hafi náðst eftir áralanga vinnu. (fskj. 3).

### *- Um fasteignasvið.*

Fasteignasvið þjóðkirkjunnar er starfrækt af kirkjuráði. Þar er sinnt daglegum rekstri þeirra verkefna sem kirkjuráði eru falin í starfsreglum þessum, eftir nánari fyrirmælum nefndarinnar og ráðsins. Kirkjuráð skipar sviðsstjóra fasteignasviðs og felur honum að annast daglegan rekstur fasteigna og eignaumsýslu samkvæmt samþykktri fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Kirkjuráð skipar staðgengil sviðsstjóra.

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á 11 af 16 fundum kirkjuráðs á starfsárinu enda einn stærsti málaflokkur kirkjuráðs. Skal nú gerð grein fyrir umfangmestu málum á sviðinu en að öðru leyti vísast til fundargerða kirkjuráðs á starfsárinu, nóvember 2018 til október 2019 og framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2019-2021 sem kirkjuráð hefur samþykkt. Þar er að finna nákvæmt yfirlit yfir allar nauðsynlegustu viðhaldsframkvæmdir á eignum kirkjumálasjóðs, s.s. prestssetershúsum og öðrum eignum.

### *- Seldir prestsbústaðir.*

Þrír prestsbústaðir voru seldir á starfsárinu. Fyrrum prestsbústaður á Eiðum, Austfjarðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi; prestsbústaðurinn að Laugarbraut 3, Akranesi, Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi. Prestsbústaðurinn að Hlíðartúni 18, Höfn, Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi er í söluferli og búið er að samþykkja tilboð.

### *- Helstu viðhaldsverkefni.*

Stærstu viðhaldsframkvæmdir á starfsárinu voru við prestsbústaðina á Seyðisfirði, Patreksfirði og á Þórshöfn á Langanesi svo og vegna prestaskipta í Stafholti, á Syðra Laugalandi og í Laufási. Á Þórshöfn var keyptur prestsbústaður sem þurfti að endurbæta. Unnið hefur verið að nokkrum minni viðhaldsverkefnum í öðrum prestsbústöðum svo og í Biskupsgarði.

## Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.

Kirkjuráð hefur tekið til skoðunar breytta verkferla og tímasetningar vegna ársreikninga og fjárhagsáætlana. Samþykkt var að drög að fjárhagsáætlunum verði tilbúin í lok júlí og kirkjuráð taki þau fyrir á ágústfundi sínum og í framhaldi af því, eða í síðasta lagi 1. september verði drög færð í gagnaherbergi kirkjuþings. Á kirkjuráðsfundi eftir kirkjuþing verði fjárhagsáætlanir endurskoðaðar með tilliti til ákvarðana á kirkjuþingi, þeim verði breytt ef þess þarf, annars samþykktar. Stefnt verði að því að endurskoðun ársreikninga ljúki eigi síðar en 1. september og þeir liggi þá fyrir kirkjuþingsfulltrúum til skoðunar. Ekki tókst að fylgja framangreindum tímamörkum að þessu sinni m.a. vegna ýmissa breytinga.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á 11 af 16 fundum á starfsárinu. Kirkjuráð gerir grein fyrir fjármálum sjóða og stofnana kirkjunnar í 2. máli kirkjuþings 2019; Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar og vísast til hennar um þau verkefni.

## Stofnanir sem heyra undir kirkjuráð.

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.

## Skálholt

### *- Skálholtsstaður.*

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsstaður og Skálholtsskóli hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Um Skálholt gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og um Skálholtsskóla lög nr. 22/1993. Í lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993 er kveðið á um hlutverk og stjórnun Skálholtsskóla. Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 22. febrúar 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykktrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrirsvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholtsskóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 8. maí sl. að afnema ofangreindar samþykktir.

Á fundi kirkjuráðs í Skálholti þann 8. maí sl. var samþykkt að fela stjórn Skálholts að boða til fundar um framtíðarstjórnskipan Skálholts og skila tillögum sínum til kirkjuráðs. Tillögur fundarins voru lagðar fram til kynningar á fundi kirkjuráðs 12. júní sl. Kirkjuráð fagnaði vinnunni, þakkaði fyrir hana og tók undir tillögurnar í megindráttum. Í samræmi við tillögurnar samþykkti kirkjuráð að skipa í framkvæmdanefnd Skálholts og setja henni erindisbréf. Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Aðalmenn: Drífa Hjartardóttir, bóndi og forseti kirkjuþings, sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi og Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hótelstjóri. Til vara: Þórarinn Þorfinnsson, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum, Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, fjármálastjóri og Árborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi. Kirkjuráð mun í samræmi við tillögurnar setja framkvæmdanefndinni

erindisbréf. Kirkjuráð samþykkti einnig að heimila stjórn Skálholts að auglýsa eftir ráðsmanni, enda sé verkefnið að fullu fjármagnað.

Aðalmenn í skólaráði eru: sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, formaður, Ásdís Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. Varamenn: Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri, Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor og Sigurður Sigursveinsson frá Háskólafélagi Suðurlands.

***- Skálholtsjörðin.***

Málefni ábúanda á Skálholtsjörðinni hafa verið til umræðu í kirkjuráði en ábúendur hafa sagt upp ábúðinni. Kirkjuráð hefur gert upp við ábúendur og leyst til sín eignir þær sem þeir vildu selja. Kirkjuráð hefur ákveðið að búskap í Skálholti verði hætt en að ráðinn verði ráðsmaður Skálholts sem sjái um viðhald og önnur viðvik á staðnum.

***- Gestastofa í Skálholti.***

Kirkjuráð hefur einnig samþykkt að vígslubiskupshúsi verði breytt í Gestastofu og hefur ákveðið að taka til skoðunar hugmyndir og tillögur að fyrsti áfangi endurnýjunar gamla vígslubiskupshúss, sem ASK arkitektar hafa unnið, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2020.

***- Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju.***

Stjórn Skálholtsstaðar samþykkti stofnun Verndarsjóðs Skálholtdómkirkju með skipulagsskrá dags. 11. ágúst 2016. Markmið sjóðsins var að afla fjármuna, varðveita þá og ráðstafa til endurbóta og viðhalds í og við Skálholtsdómkirkju, m.a. listglugga Gerðar Helgadóttur o.fl. Stjórn sjóðsins var skipur þremur mönnum, og þremur til vara. Biskup tilnefndi einn stjórnarmann og einn til vara, kirkjuráðs einn og til vara og biskup og kirkjuráð ein stjórnarmann sameiginlega og einn til vara. Skipunartími stjórnar var til 30. júní 2019. Í stjórn sátu Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn voru sr. Egill Hallgrímsson, Jóhann Snorri Bjarnason, stöðvarstjóri Sognstöðva og Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur.

Stjórn Verndarsjóðsins hefur starfað ötullega að því að kynna verkefnið og afla þess fjár frá fyrirtækjum og einkaaðilum. Í upphafi verksins lagði kirkjuráð út fyrir verkinu kr. 10 milljónir og var það tæplega þriðjungur kostnaðarins sem ráðið samþykkti síðar að breyta í styrk. Annað stærsta framlag til verksins kom frá Húsafriðunarsjóði að upphæð 9 milljónir. Heildarkostnaður við verkið nam liðlega 30 milljónum og reyndist það mun lægri upphæð en fyrst var áætlað.

Á síðasta ári lauk viðgerðum á listgluggum Gerðar Helgadóttur og altarismynd Nínu Tryggvadóttur en þessi miklu listaverk eru þjóðargersemar. Því var fagnað með „gluggamessu" 16. desember s.l. með hátíðardagskrá í Skálholtsskóla og hádegisverði. Þar var þeim fjölmörgu sem lögðu verkefninu lið þakkað. Kirkjuráð þakkar stjórn Verndarsjóðsins fyrir störf sín.

## Tónskóli þjóðkirkjunnar

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Samkvæmt starfsreglunum starfrækir kirkjan Tónskóla þjóðkirkjunnar „sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir". Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem stjórn Tónskóla

þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Í ráðinu sitja nú Guðmundur Sigurðsson, organisti formaður, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, organisti og sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Varamenn eru sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur, Hákon Tumi Leifsson, organisti og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur. Björn Steinar Sólbergsson, organisti, er skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar.

## Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð. Kirkjuráð ræður forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð setur forstöðumanni erindisbréf. Í ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er kirkjuráði heimilt að ráða forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið og hefur sú heimild verið nýtt undanfarin ár. Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar hafa tekist þessa ábyrgð á hendur með því að takast á hendur forstöðu tímabundið tvö ár í senn. Fjölskylduþjónustan lýtur nú forstöðu Rannveigar Guðmundsdóttir.

Fjölskylduþjónustan hefur nú aðsetur í Háteigskirkju. Starfsmenn hafa verið þrír, Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og Benedikt Jóhannesson, sálfræðingur en hann lét nýlega lét af störfum sökum aldurs. Nýr fjölskylduráðgjafi og handleiðari, Andrea Baldursdóttir, félagsráðgjafi, hefur verið ráðinn til starfa hjá Fjölskylduþjónustunni frá og með 1. október 2019.

## Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar.

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá menn í stjórn stofnunarinnar af níu til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári. Kirkjuráð samþykkti að tilnefna Guðmund Þór Guðmundsson, skrifstofustjóra biskupsstofu til þriggja ára sem fulltrúa kirkjuráðs.

## Strandarkirkja í Selvogi

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju. Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur nefndin umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri biskupsstofu, formaður, sr. Gunnar Jóhannesson settur sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu, Guðmundur Brynjólfsson, djákni og Margrét Jónsdóttir, bóndi. Nefndin er skipuð til 31. maí 2023.

## Kirkjuþing unga fólksins 2018

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu laugardaginn 25. og 26. maí 2019. Berglind Hönnudóttir var kjörin forseti þingsins. Samkvæmt starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 skal kirkjuþingið kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt og var María Björt Guðnadóttir kjörin til þess.

Eftirfarandi tólf mál voru afgreidd á Kirkjuþingi unga fólksins.

1. Tillaga um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna verði pappírslaust fyrir 2020. Jafnframt verði dregið sem mest úr notkun plasts á öllum sviðum kirkjulegs starfs.
2. Samþykkt var ályktun sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna streymi fundum sínum með hljóði og mynd. Upptökur verði svo aðgengilegar eftir þingið.
3. Samþykkt var tillaga um að prestar þjóðkirkjunnar, sem og biskup Íslands, vígslubiskupar og prófastar, ættu ekki að vera opinberir embættismenn íslenska ríkisins.
4. Samþykkt var ályktun um að gerð verði krafa um að þeir prestar sem þjóna sem sóknarprestar skuli ljúka sérstöku námi á vegum guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Yrði það á lengd við diplómanám með áherslu á sálgæslu og stjórnun. Meginröksemdin fyrir þessu er að sóknarprestum mun fækka með sameiningu prestakalla og verða þeir verkstjórar í prestateymum úti í prestaköllunum.
5. Samþykkt var tillaga um breytingu á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins þar sem kjör tveggja ritara er lagt niður enda verði þingið tekið upp með hljóði og mynd.
6. Tillaga var samþykkt um að söfnuðum verði skylt sjá til þess að fræðsla á vegum Samtakanna 78 sem kallast „Fræðsla til fagstétta“, fari fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti.
7. Kirkjuþing unga fólksins samþykkti áskorun til biskupsembættisins þess efnis að opnuð yrði æskulýðsmiðstöð. Langtímamarkmiðið yrði að allir gætu notið slíkrar miðstöðvar og því þyrfti að huga að landsbyggðinni sem og höfuðborgarsvæðinu hvað það snerti.
8. Ályktun um að ráðinn yrði æskulýðsprestur hjá biskupsembættinu var samþykkt. Skal hann meðal annars hafa yfirsýn yfir helgihald fyrir ungt fólk og fræða jafnvel um kirkjulegar athafnir eins og skírn og hjónavígslur. Æskulýðsprestur myndi vera talsmaður unga fólksins í kirkjunni og efla æskulýðsstarfsemi á landsvísu í samstarfi við sóknarpresta og prófasta.
9. Þá lýsti kirkjuþing unga fólksins ánægju sinni með yfirlýsingu sr. Kristjáns Björnssonar, vígslubiskups í Skálholti, sem birtist á kirkjan.is 14. maí 2019, þar sem meðal annars kom fram að kirkjan vilji standa með þolendum ofbeldis og taka alvarlega allar ásakanir um óviðeigandi eða ranga hegðun.
10. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á alla starfsmenn kirkjunnar að draga úr flugferðum. Fara aðeins í þær ferðir sem teljast nauðsynlegar. Jafnframt skuli kirkjan kolefnisjafna ferðir sínar með skógrækt á landsvæðum kirkjunnar.

11. Kirkjuþing unga fólksins hvetur sóknarnefndir landsins til þess að kjósa ungt fólk til setu í sóknarnefndum. Viðmiðið ætti að vera að í hverri sóknarnefnd sitji að minnsta kosti einn einstaklingur yngri en 30 ára ef möguleiki er fyrir hendi. Þá lýsti þingið ánægju sinni með þær sóknir sem leitast hafa við að hafa ungt fólk í sóknarnefndum.
12. Kirkjuþing unga fólksins minnti á þingsályktun kirkjuþings 2017, mál nr. 7, þar sem miðað var við að ungt fólk, á aldrinum sextán til þrjátíu ára, skyldi vera að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hverrar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni; tækju bindandi ákvarðanir, semdu áætlanir, skipulegðu starfsemi og hefðu kosningarétt. Þing unga fólksins telur að þessari samþykkt hafi ekki verið fylgt nægilega vel eftir. Það leggur auk þess til að ákvæðið um 20% skuli ekki vera viðmið heldur regla.

## Önnur viðfangsefni

### *- Samningur STEFs og þjóðkirkjunnar.*

Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar hefur kynnt kirkjuráði drög að samningi um höfundarrétt vegna flutnings tónlistar í kirkjum. Samningurinn fjallar um greiðslur þjóðkirkjunnar til STEFs vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur, safnaðarstarf og kirkjulegar athafnir. Kirkjuráð vísaði málinu til Framtíðarnefndar kirkjunnar.

### *- Reglur um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs.*

Biskup Íslands lagði fram tillögu að endurskoðuðum reglum um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti reglur um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs. (fskj. 9).

### *- Starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.*

Biskup Íslands lagði fram starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.

Kirkjuráð samþykkti starfsáætlun kirkjuráðs fyrir starfsárið.

### *- Þingvellir.*

Þingvallanefnd hefur lagt fram drög að stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi að gera tillögur að athugasemdum kirkjuráðs við drög að stefnumótun Þingvallanefndar.

### *- Saurbær á Hvalfjarðarströnd.*

Á kirkjuþingi 2018 var samþykkt að Saurbæjarprestakall yrði lagt niður og sóknir þess lagðar undir nýtt prestakall, Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall. Á kirkjuráðsfundi hinn 13. mars 2019 kynnti biskup Íslands tillögu sína um skipan starfshóps sem skyldi fjalla um framtíðarsýn hvað Saurbæ áhrærði. Í hann voru skipuð: Jón Valgarðsson, bóndi og sóknarnefndarformaður Saurbæjarsóknar, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu og sr. Elínborg Sturludóttir, prestur í Dómkirkjuprestakalli. Verkefni starfshópsins:

a) Koma með tillögur um notkun prestssetursins í Saurbæ og jarðarinnar. Í þessu sambandi nefnir biskup starfsemi sem tengist sögu staðarins og nálægð við Vatnaskóg og höfuðborgarsvæðið. Hallgrímssetur hefur borið á góma sem og Barroksetur, og náið samstarf við starfsemina í Vatnaskógi.

b) Koma með tillögur að fjármögnun starfseminnar, meta það hvort hún krefðist starfsmanns og rekstrarfjár. Athuga hvort tekjur af hlunnindum staðarins gætu nýst til starfseminnar að hluta til eða að fullu.

Niðurstöður hópsins koma fram í greinargerð, dags. 8. apríl 2019.

### *- Dómsmál*

Á starfsárinu hafa verið höfðuð tvö dómsmál á hendur þjóðkirkjunni. Í fyrra málinu var biskupsembættið dæmt bótaskylt vegna niðurlagningar embættis héraðsprests Vesturlandsprófastdæmi.

Hitt málið fjallaði annars vegar um það hvort íslenska þjóðkirkjan væri skaðabótaskyld vegna þess að tiltekin hlunnindi prestssetursjarðar fylgdu henni ekki og hins vegar um bótaskyldu vegna myglu í prestsbústað sem haldið var fram að hefði kostað prest mikil fjárútlát vegna leigu á húsnæði. Málinu var lokið með samkomulagi og frekari kröfur felldar niður. Kirkjuráð er einnig í málaferlum vegna hitaveitulagnar í prestsbústaðnum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þar er um að ræða áfrýjunarstefnu sem birt var kirkjuráði vegna kirkjumálasjóðs 2019 vegna máls frá 2018. Dómur héraðsdóms Reykjavíkur, sem var uppkveðinn 20. febrúar 2019, í málinu Kirkjumálasjóður gegn Vátryggingarfélagi Íslands ehf. og Hitaveitufélagi Hvalfjarðar. Hitaveitufélag Hvalfjarðar og Vátryggingarfélag Íslands ehf., voru dæmd til að greiða kirkjumálasjóði kr. 2.387.000 vegna þess að hitaveitulögn í prestsbústaðnum gaf sig og olli miklum skemmdum á prestsbústaðnum. Kirkjuráð samþykkti á fundi 10. apríl 2019 að taka til varna í málinu fyrir Landsrétti með það að markmiði að fá yfirmat í málinu lagt til grundvallar uppgjöri.

Biskupi Íslands hefur nýlega verið birt stefna sóknar- og byggingarnefndar Stórólfshvolfssóknar, dags. 29. september 2019, á hendur honum fyrir hönd þjóðkirkjunnar, kirkjuráðs og Jöfnunasjóðs sókna til ógildingar úrskurðar áfrýjunarnefndar kirkjunnar vegna meints ágalla á málsmeðferð nefndarinnar. Málið á rót sína að rekja til vilyrðis kirkjuráðs árið 2010 um framlag úr Jöfnunarsjóði sókna til kirkjubyggingar á Hvolsvelli og um gildi bókunar kirkjuráðs á afturköllun á því vilyrði árið 2015. Úrskurðarnefnd kirkjunnar úrskurðaði sókninni í vil en áfrýjunarnefndin felldi úrskurð nefndarinnar úr gildi og taldi að bókun kirkjuráðs stæði. Þessu vilja sóknar- og byggingarnefnd Stórólfshvolfssóknar ekki una.

### *- Fimm alda minning siðbótarinnar.*

Undirbúningsnefnd fimm alda minningu siðbótarinnar afhenti biskupi lokaskýrsla sína sem kynnt var kirkjuráði. Kirkjuráð lýsti yfir ánægju sinni með framkvæmd verkefnisins og þakkaði nefndinni störf sín. (fskj. 12).

### *- Ályktanir Prestastefnu 2019.*

Prestastefna Íslands 2019 samþykkti fjórar ályktanir sem eru eftirfarandi og biskup Íslands kynnti kirkjuráði á fundi 8. maí sl.:

1. „Prestastefna 2019 haldin í Áskirkju hvetur kirkjuleg stjórnvöld til að fara af stað með úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Í framhaldi af úttekt og skilgreiningu á heppilegu landi skuldbindi kirkjan sig til að leggja a.m.k. 10 af hundraði þess svæðis

sem þykir henta árlega til skógræktar og/eða endurheimtar votlendis. Með því móti má klára verkefnið fyrir 2030 sem er sá tími sem nefndur hefur verið sem svigrúm til viðsnúnings í loftslagsmálum.

Jafnframt skuldbindi þjóðkirkjan sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum kirkjustjórnar og prófastsdæma innan 3ja ára, m.a. með mótvægisaðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar. Einnig verði söfnuðum og starfsemi Þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum. Jafnframt yrðu umhverfisvænir virkjunarkostir jarðanna kannaðir. Þá hvetur Prestastefna 2019, haldin í Áskirkju, kirkjustjórnina, sóknir og presta að stíga skref til orkuskipta í samgöngum. Komið verði upp rafmagnstenglum við fasteignir kirkjunnar til að hlaða bíla. Akstursgreiðslur verði aflagðar og prestsembættum úthlutað rafmagnsbílum eða öðrum umhverfisvænum kostum í samræmi við akstursþörf.

Einnig tekur Prestastefna 2019 undir með Landvernd að lýsa beri neyðarástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum og að áætlun ríkisstjórnarinnar verði magnbundin og tímasett.

Þá hvetur Prestastefna 2019 þau flugfélög/ferðaþjónustuaðila sem selja flugferðir til og frá landinu, svo og innanlands að innleiða í kaupferli flugmiða kolefnisjöfnun á viðkomandi flugferð.

Einnig hvetur Prestastefna 2019 verslanir til að draga úr sóun matvæla svo og matvælaframleiðendur til að minnka notkun plastpakkninga á matvælum þar sem því verður við komið."

- Kirkjuráð samþykkti að taka undir umhverfisályktun Prestastefnu.
- Kirkjuráð samþykkti að láta setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á eftirfarandi fjórum stöðum á þessu ári; Biskupsgarði Bergstaðastræti, í Skálholti, á Hólum og við þjónustumiðstöð biskupsstofu í Háteigskirkju.
- Kirkjuráð samþykkti að hvetja sóknarnefndir til að koma upp tenglum til rafmagnshleðslu við kirkjur og safnaðarheimili.
- Kirkjuráð samþykkti að stefna að því að koma upp hleðslutenglum við prestssetur eftir óskum ábúenda.
- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka ályktunina til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum.

2. „Prestastefna Íslands, sem haldin er í Áskirkju 30. apríl-2. maí 2019 hefur fengið fræðslu um einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni og réttindi þeirra. Frumvarp til laga hefur verið lagt fram á Alþingi um kynrænt sjálfræði. Það felur í sér réttarbót fyrir einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni. Prestastefna þakkar fyrir framlagningu þess og hvetur þingheim til að styðja það."
3. „I. Prestastefna 2019 ályktar að rétt og tímabært sé að ræða framtíðarsýn fyrir þjóðkirkjuna og að móta henni heildarstefnu líkt og gert var með samþykktri stefnumótun fyrir kirkjuna fyrir árin 2004-2010. Leiðarljós í þeirri vinnu verði einkum markviss umræða um áherslur, starfshætti, starfsmannahald og skipulag kirkjunnar á 21. öld. Ennfremur að tryggja að kirkjan nýti ávallt sem best auðlindir sínar í þágu þess málstaðar sem hún boðar og stendur fyrir, þjóð og kirkju til heilla.

II. Að lokinni stefnumótun komi til skoðunar hvort ræða þurfi breytingar á skipulagi

kirkjunnar og starfsemi hennar, þ.m.t. lagalega stöðu þjóðkirkjunnar og stofnana hennar, samband þjóðkirkjunnar og ríkisins og hvort þörf sé á breytingum þar á.

III. Prestastefna 2019 telur að þær viðræður kirkjunnar og ríkisins sem staðið hafa frá 2015 um einföldun fjárhagslegra samskipta skuli leiddar af þeim þremur stjórnvöldum sem veita kirkjunni fyrirsvar, þ.e. biskupi Íslands, kirkjuþingi og kirkjuráði með aðkomu PÍ og annarra fagfélaga þar sem það á við. Þannig leiði biskup Íslands, sem er leiðtogi þjóðkirkjunnar, viðræðurnar f.h. kirkjunnar ásamt forseta kirkjuþings og fulltrúa sem kirkjuráð tilnefnir.“

- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka I. og II. hluta til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum. Forseti kirkjuráðs tilnefndi þrjá kirkjuráðsmenn í starfshópinn, sr. Axel Árnason Njarðvík, sr. Örnu Grétarsdóttur og Svönu Helen Björnsdóttur. Kirkjuráð samþykkti tilnefninguna.
- Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að taka III. hluta ályktunarinnar til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.
- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka I. og II. hluta til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.

  Tillögur lagahóps 11. júní 2019:

  Lagahópur tekur undir ályktun prestastefnu um nauðsyn stefnumótunar fyrir þjóðkirkjuna.

  Lagahópur telur hins vegar að módelið sem notað var 2004-2010 sé barn síns tíma og ekki heppilegt til nútíma stefnumótunar. Breytingar í nútímasamfélagi eru einfaldlega of hraðar til að þessi aðferð henti í dag. Lagahópur bendir á að til þess að stefnumótun heppnist í framkvæmd sé mjög mikilvægt að sem mestur samhljómur sé innan kirkjulegra stjórnvalda um málið.

  Lagahópur leggur til að kirkjuráð leggi fram þingsályktun á næsta kirkjuþingi um að ráðist verði í grundvallar stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og til verksins verði ráðinn utanaðkomandi ráðgjafi eða ráðgjafar.

4. „Prestastefna 2019 hvetur biskup Íslands til að stofna gleðinefnd í kirkjunni til að gleðjast saman og stuðla að aukinni virkni gleðidaganna frá jólum til öskudags og frá páskum til hvítasunnu.

   Nefndin kæmi með tillögur hvernig auka mætti gleðina í kirkjunni á þessum tveimur tímabilum og stuðla að samvinnu við önnur félög.

   Nefndin mundi starfa í 11 mánuði frá 1. júlí 2019 til 31. maí 2020. Hún mundi skila inn tillögum bæði til biskups Íslands og presta og djákna annars vegar 15. október fyrir tímabilið frá jólum til öskudags og hins vegar 1. mars fyrir tímabilið frá páskum til hvítasunnu.“

### *- Nýtt húsnæði biskupsstofu*

Biskupsstofa hefur sagt upp leigusamningi við kirkjumálasjóð og hefur biskup Íslands gengið til samninga um leigu á skrifstofuhúsnæði í Katrínartúni 4, Reykjavík (Höfðatorgi) fyrir starfsemi embættisins og jafnframt aðra þá kirkjulegu aðila sem hýstir hafa verið í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31, Reykjavík, þeir sem það kjósa. Kostir hins nýja húsnæðis eru helstir þessir: Öll starfsemi biskupsstofu verður sameinuð (þ.m.t. þjónustumiðstöð í Háteigskirkju) og

jafnframt verður hún á einni hæð. Einnig verður Tónskóla þjóðkirkjunnar boðið að fá aðstöðu í Katrínartúni þ.e.a.s. sú starfsemi sem nú fer fram í Grensáskirkju svo og Hinu íslenska Biblíufélagi sem er í leiguhúsnæði í safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Húsnæðið er nýlegt og uppfyllir allar nútímakröfur um loftgæði, birtu, hljóðvist, aðgengi fatlaðs fólks, bifreiðastæði o.s.frv.

## Lokaorð.

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Árbókin er gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

# Starfið á árinu

## *Þjónustusvið Biskupsstofu*

## *Fræðslumál*

**Sigfús Kristjánsson, Hildur Björk Hörpudóttir,**

**Magnea Sverrisdóttir og María Gunnarsdóttir**

### Húsnæðismál

Haustið 2018 var orðið ljóst að húsnæði fræðslu og kærleiksþjónustusviðs á Laugavegi 31 var ekki viðunandi fyrir starfsfólk og starfssemi. Var þá gripið á það ráð að leigja húsnæði í safnaðarheimili Háteigskirkju í Reykjavík, þar sem áður var dansskóli. Í það húsnæði komu einnig persónuverndarfulltrúi biskupsstofu, sérþjónustuprestur fangelsismála og um tíma verkefnastjóri samskiptamála.

### Þjónustumiðstöð biskupsstofu

Við flutninga í nýtt húsnæði varð til ný eining sem fengið hefur nafnið þjónustumiðstöð biskupsstofu. Hér á eftir fer stutt lýsing á þessari nýju einingu og starfsemi hennar. Verkefni þjónustumiðstöðvarinnar er þjónusta við söfnuði og starfsfólk þeirra, verðandi starfsmenn og nema. Verkefni eru m.a. umsjón og eftirfylgd með fræðslu- og kærleiksþjónustustefnu kirkjunnar. Þar undir er t.d. efnisgerð fyrir fræðslustarf kirkjunnar, námskeiðshald og stuðningur við starfsfólk í söfnuðum. Þjónustumiðstöðin heldur úti Efnisveitu kirkjustarfs sem er gagnabanki á netinu. Efni sem þjónustumiðstöðin heldur utan um og kennir er fyrir alla aldurshópa og hluti af starfseminni er að kynna og prófa nýjungar í fræðslu og safnaðarstarfi. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar eru samstarfsaðilar ýmissa nefnda og ráða. Má þar nefna, samstarf æskulýðsmála, sunnudagaskólaleiðtoga, ellimálaráð, kærleiksþjónustu, EAPN, *Saman* og *Náum áttum* hópana og eftir atvikum fleiri aðila. Starfsmaður hópslysanefndar er líka innan þjónustumiðstöðvarinnar og er tengiliður kirkjunnar við samráðshóp um áfallahjálp. Þjónustumiðstöðin er líka heimili fréttaritara kirkjan.is og formanns ritstjórnar. Þar er unnið með vef kirkjunnar í samráði við kerfisstjóra biskupsstofu. Það er ljóst að með tilkomu þjónustusviðs mun flæði milli sviða verða meira og heildstæðari þjónusta í boði. Líklegt er að framvegis muni skilin milli fræðslu, kærleiksþjónustu og miðlunar verða minni og öll vinna þau að sama markmiði innan þjónustumiðstöðvar biskupsstofu. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar hefur verið boðið í vikulegar messum yfir vetrartímann og er það vel þegið og dýrmætt. Einnig hefur starfsfólkinu verið boðið til samfélags og í hádeginu og á kaffitímum og hefur það verið vel þegið. Fundaraðstaðan hefur verið mikið notuð af nefndum kirkjunnar.

## Starfsmannamál

Sr. Sigfús Kristjánsson hefur verið starfsmaður á fræðslu- og kærleiksþjónustusviði auk þess að vera starfsmaður hópslysanefndar. 1. janúar kom svo Magnea Sverrisdóttir djákni, til starfa og hefur það verið mikil bót að fá starfsmann í fullt starf við fræðslumál. Aðrir starfsmenn, eru sr. Hildur Björk Hörpudóttir sem hefur þjónustuskyldur við biskupsstofu auk sinna aðalstarfa sem sóknarprestur á Reykhólum. Einnig hefur sr. Halldór Reynisson unnið á fræðslusviði í 50% starfshlutfalli frá áramótum, hefur hans vinna beinst að umhverfismálum. María Gunnarsdóttir var verkefnaráðin inn í hópinn til að sinna netmálum í byrjun sumars 2018 í um 50% starfshlutfall. Draumur fræðslusviðs er að geta aukið við það hlutfall enda eftirspurn eftir þjónustu tengdum vefmálum orðin mikin.

### *Hér á eftir fylgja nokkrir liðir úr starfsemi fræðslusviðs 2018-19*

**Haustnámskeið** var að venju haldið fyrir upphaf vetrarstarfs í kirkjum landsins. Þar var að venju kynnt efni vetrarins fyrir sunnudagaskóla og farið yfir notkun á efnisveitu kirkjustarfs. Við það tækifæri var einnig kynnt Jesúbókin sem fylgdi með sunnudagaskólaefni ársins. Slík kynning fór einnig fram á Akureyri í safnaðarheimili Glerárkirkju og hélt María Gunnarsdóttir utan um þá kynningu. Þá var námskeið í Krílasálmum sem Guðný Einarsdóttir organisti í Háteigskirkju kenndi og voru henni til aðstoðar Inga Harðardóttir og Áslaug Helga Hálfdánardóttir. Þá var einnig námskeið í tónlistarstarfi fyrir æskulýðsfélög og sáu Markús og Birkir Bjarnasynir um þann hluta. Þá var haldið námskeið í Gautaborg fyrir íslensku söfnuðina á norðurlöndum og var það námskeið í umsjón Sigfúsar Kristjánssonar og sr. Aðalsteins Þorvaldssonar. Á því námskeiði var lögð áhersla á hópefli og leiki. Beðið hefur verið um framhald af því námskeiði næsta haust á sama stað. Samkvæmt niðurstöðum þjónustukönnunar fræðslusviðs þá verður næsta haustnámskeið með áherslu á hvernig sögur eru sagðar ásamt því að efla getu þátttakenda til að sinna fjölskyldumiðuðu helgihaldi.

**Guðspjallsnámskeið**. Í byrjun aðventu var haldið námskeið um það hvernig við miðlum jólaguðspjallinu. Fór það fram í safnaðarheimili Háteigskirkju og var ágætlega sótt. Þar voru fjórir fyrirlesarar sem skoðuðu efnið út frá mismunandi aðstæðum og áheyrendum. Það voru: sr. Gunnar Sigurjónsson, sr. Hreinn Hákonarson, Edda Möller frá Skálholtsútgáfunni og sr. Eva Björk Valdimarsdóttir.

**Samstarf um æskulýðsmála.** Fræðslusvið endurvakti samstarf um æskulýðsmál sem samráðsvettvangur fyrir fræðslusvið, ÆSKR, ÆSKÞ, ÆSKK og ÆSKEY. Hefur verið fundað um þ.b. mánaðarlega. Einnig fóru fulltrúar fræðslusviðs til Akureyrar og funduðu sérstaklega með fulltrúa ÆSKEY. Magnea Sverrisdóttir hefur haldið utan um æskulýðsvettvanginn fyrir hönd fræðslusviðs.

**Sóknarnefndarnámskeið** voru haldin í nokkrum sóknum og kom fræðslusvið með auknum hætti að þeim námskeiðum og var Sigfús Kristjánsson verkefnastjóri með innleg um þjóðkirkjuna og íslenskt trúarlíf. Þar var m.a. rætt um breytingar á umhverfi og aðstæðum með öllum þeim tækifærum og erfiðleikum sem þeim fylgja. Einnig hafði fræðslusvið milligöngu um að fluttir voru víða um land fyrirlestrar um sorg og sorgarviðbrögð. Fyrirlesarar voru: Sr. Sigfús Kristjánsson, sr. Vigfús Bjarni Albertsson og sr. Halldór Reynisson.

**Starfsþjálfunarmál** komu aðeins inn á borð fræðslusviðs sem tók þátt í samverum bæði á Biskupsstofu og í Skálholti. Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnastjóri á kærleiksþjónustusviði hefur haldið utan um málefni starfsþjálfunar.

**Ný fræðslustefna** var samþykkt á kirkjuþingi 2018 og þar með komu ný áherslumál í fræðslustarf kirkjunnar. Til næstu fjögurra ára er sérstök áhersla lögð á skírnina og umhverfismál.

**Símenntun** er áfram mikilvægur þáttur í starfinu. Símenntunardagar voru í Skálholti í apríl 2019. Þar voru flutt erindi um predikun, sálgæslu, starfsánægju og helgihald. Fyrirlesarar voru Sr. Sigfús Kristjánsson, Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, Sr. Guðrún Karlsdóttir, Sr. Arna Ýr Grétarsdóttir og sr. Kristján Valur Ingólfsson. Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson og sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestar kenndu nýtt námskeið fyrir presta og djákna að dipómanámi. Námskeiðið er kennt í EHÍ og geta prestar og djáknar sótt um styrk til sinna verkalýðsfélaga. Það er von fræðslusviðs að námskeiðið mæti að einhverju leyti þörfinni fyrir aukinni símenntun starfsmanna kirkjunnar. Auk þess mun fræðslusvið áfram styðja við predikunarnámskeið í samstarfi við áhugahóp um guðfræðiráðstefnur sem hefur lyft grettistaki í endurmenntun á sviði predikunar og framsetningar.

**Efnisveitan** er áfram í mótun og í sumarbyrjun 2018 var gerður tímabundinn samningur við mag. theol. Maríu Gunnarsdóttur um vinnu við að ganga frá efni sunnudagaskóla næsta vetrar inn á efnisveituna. María hefur einnig átt virkan þátt í mótun á fréttavef kirkjan.is og er að vinna við að færa efnisveituna inn í nýtt vefumsjónarkerfi. Stefna fræðslusviðs er að ný efnisveita verði öruggari og einfaldari í uppsetningu ásamt því að leitarvélin verði stórbætt.

**Skírnarnefnd** var skipuð af kirkjuþingi 2016 og hefur verkefnastjóri á fræðslusviði komið að störfum hennar. Framundan eru nokkur verkefni til að auka þekkingu á skírn og hvað hún felur í sér. Í samráði við skírnarnefnd hefur þjónustumiðstöðin endurnýjað efni á kirkjan.is um skírnina og fært þá síðu nær nútímanum.

**Opið hús** var auglýst í þjónustumiðstöðinni þar sem boðið var upp kaffisopa og spjall. Draumur fræðslusviðs er að starfsfólk og sjálfboðaliðar kirkjunnar upplifi sig velkomna í þjónustumiðstöðina og geti þar bæði fengið ráðleggingar og samfélag.

## *Kærleiksþjónusta*

### Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, verkefnisstjóri á kærleiksþjónustusviði

### Inngangur

Verkefnisstjóri kærleiksþjónustu, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni var áfram í 70% starfshlutfalli. Nokkrum verkefnum hefur fræðslusvið sinnt.

Kirkjuráð veitti kr. 1.665.000 til sviðsins fyrir 2019 og kr. 1.097.000 fyrir 2018. Til starfsþjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar um kr. 1.000.0000.

Fræðslu-og kærleiksþjónustusvið fluttu í safnaðarheimili Háteigskirkju í september. Þar hefur verið stofnuð Þjónustumiðstöð biskupsstofu. Þar er góð aðstaða í opnu rými. Starfsfólk Háteigskirkju hefur tekið okkur opnum örmum og m.a. boðið til helgihalds hvern þriðjudagsmorgun og hressingu á eftir.

## Starfsþjálfun þjóðkirkjunnar



Myndin er frá útskrift djákna og prestsefna í Dómkirkjunni 1. júlí 2019: Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup, Dagur Fannar Magnússon, Pétur Ragnhildarson, Þóra Björg Sigurðardóttir og Benjamín Hrafn Böðvarsson guðfræðikandídatar; Aðalbjörg Pálsdóttir, Jóna Heiðdís Guðmundsóttir og Margrét Steinunn Guðjónsdóttir djáknakandídatar, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni og sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari.

Eins og undanfarin ár er starfsþjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins en verkefnisstjóri annast stjórnun á þjálfuninni bæði fyrir djákna- og prestsefni í samstarfi við sr. Þorvald Víðisson biskupsritara og Margréti Bóasdóttur söngmálastjóra. Áfram var unnið eftir samningi þeim sem gerður var 25. apríl 2014 milli biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands (GTD). Samningurinn var endurnýjaður 29. júní 2017. Í stýrihópnum eru sem fyrr sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð fyrir hönd biskups. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor. Hluti starfsþjálfunarinnar fer fram í GTD. Þar eru kennd kennimannleg fræði. Þjóðkirkjan borgar 50% stöðu lektors vegna þessarar kennslu.

Starfsþjálfunin sem fer fram á ábyrgð Biskupsstofu var í svipuðu fari og fyrr. Skilyrði til að komast í starfsþjálfun fyrir prestsefni er að hafa lokið BA prófi frá GTD og vera byrjuð í Mag.theol. námi. Djáknaefni í BA námi þurfa að vera búin með 1 ár (60e) en þau sem eru í viðbótar-diplómanámi er heimilt að byrja strax í upphafi námsins við HÍ.

Í upphafi eru viðtöl við umsækjendur sem verkefnisstjóri og Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar taka við djáknaefni. Sr. Þorvaldur Víðisson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir taka viðtölin við prestsefnin. Þá taka nemendur persónuleikaprófin PAI (Personality Assessment Inventory), og DIP-Q (The DSMIV and ICD-10 Personality Questionnaire (DIP-Q). Niðurstaða þeirra er bæði kynnt viðkomandi nemanda, verkefnisstjóra, biskupsritara og þeim tveim sem taka viðtölin með þeim. Viðtöl við biskup eru í upphafi og lok þjálfunarinnar. Þá er leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, kyrrðardagar, þjálfun úti á vettvangi og í lokin matsviðtöl. Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur annast sálfræðiprófin og viðtöl tengd þeim. Hann sér einnig um leiðtoganámskeiðið. Mikilvægur hluti af starfsþjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum en einnig á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum og í orlofi aldraðra á Löngumýri í Skagafirði. Bæði prestar og djáknar eru starfsþjálfunarkennarar og sinna leiðsögn og þjálfun nema. Ýmsir aðrir starfsmenn safnaða tengjast þessari þjálfun því nemandi þarf að kynnst öllum þáttum starfs kirkjunnar.

Í upphafi þjálfunar úti á vettvangi gera nemandi og starfsþjálfunarkennari samning sín á milli um starfsþjálfunartímabilið og fyrirkomulag þess. Leiðsögn starfsþjálfunarkennara er afar mikilvæg og er þeim hér með þakkað frábær störf.

Unnið hefur verið að nákvæmari vinnubrögðum í samræmi við ný persónuverndarlög.

Haustið 2018 skráðu fjórar konur sig í 60 eininga viðbótar-diplómanám í djáknafræðum og í starfsþjálfun. Fagmenntun þeirra er hjúkrunarfræði, kennaranám og iðjuþjálfun. 1.júlí 2019 útskrifast úr starfsþjálfuninni djáknaefnin Aðalbjörg Pálsdóttir með BA próf, Jóna Heiðdís Guðmundsóttir og Margrét Steinunn Guðjónsdóttir með viðbótar-diplómanám. Í starfsþjálfun djáknaefna eru tveir nemendur komnir vel áleiðis.
Haustið 2018 skráðu sig fimm prestsefni í starfsþjálfun. 1.júlí útskrifuðust guðfræðikandídatarnir Benjamín Hrafn Böðvarsson, Dagur Fannar Magnússon, Erna Kristín Stefánsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir. Pétur Ragnhildarson útskrifaðist fyrr á árinu.

Haustið 2018 byrjuðu fimm prestsefni í starfsþjálfun og að auki eru fjögur komin vel áleiðis. Alls eru því níu prestsefni í starfsþjálfun.

## Staða djákna

1.júní 2018 voru 18 djáknar í föstum störfum hjá 20 aðilum. Fjöldinn er sá sami og 1. júní 2019 en einn hætti og annar var ráðinn.
*Í söfnuðum starfa tíu djáknar:*
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra: Áskirkju, Bústaðakirkju.
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra: Árbæjarkirkju, Fella- og Hólakirkju, Kópavogskirkju, Lindakirkju.
Kjarlarnessprófastsdæmi: Vídalínskirkju, Bessastaðakirkju.
Suðurlandsprófastsdæmi: Þorlákshafnarprestakalli.
Eyjafjarðarprófastsdæmi: Glerárkirkju.
*Á hjúkrunarheimilum starfa 4 djáknar:*
Höfða á Akranesi, Ísafold í Garðabæ, (er hluti af starfi djákna í Vídalínskirkju), Mörk í Reykjavík og Sóltúni í Reykjavík.
*Á stofnunum starfa þrír djáknar:*
Á Landspítalanum, við vinaleið í Lágafellsskóla, í Reykjavíkurprófasdæmum (framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs). Djákni hjá Karítas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu hætti störfum þar sem þessi þjónusta var lögð niður.
*Í þjónustumiðstöð biskupsstofu starfa tveir djáknar.*
Á kærleiksþjónustusviði starfar einn djákni og annar á fræðslusviði sem hóf störf 1. janúar.
*Í félagasamtökum starfar einn djákni:*
Í Hinu íslenska Biblíufélagi starfar einn djákni en hann er jafnframt djákni í Þorlákshöfn.

## Djáknavígslur

Engin djáknavígsla var á starfsárinu. Djáknar og djáknakandídatar eru ákaflega óánægðir með hversu illa gengur að fá vinnu í kirkjunni. Mörgum finnst það tjá hversu litla áherslu kirkjan leggur á kærleiksþjónustu og að ráða faglært fólk til starfa.

## Dagur diakoniunnar

Til undirbúnings dags diakoniunnar 26. ágúst voru haldin tvö námskeið. Annars vegar hélt dr.

Sigurjón Árni Eyjólfsson fyrirlestur um texta dagsins og hins vegar undirrituð um guðfræði diakoniunnar. Þátttakendur voru samtals 14. Útvarpsguðsþjónusta var frá Bústaðakirkju og Hólmfríður Ólafsdótti djákni prédikaði.

## Nefndir, félög, fundir

Sr. Sigfús Kristjánsson situr í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd og undirrituð í Ellimálanefnd en hún starfar náið með Eldriborgararáði Reykjavíkurprófastsdæma.

Áfram var unnið að kynningu og dreifingu lífslokaskrárinnar „Val mitt við lífslok" og er talsverður áhugi enn á að fá hana. Á degi aldraða, 30. maí var útvarpsguðsþjónusta frá Grafarvogskirkju, sr. Vigfús Þór Árnason prédikaði og prestar safnaðarins þjónuðu fyrir altari.

Orlof eldri borgara var á Löngumýri eins og undafarin ár og er það mjög vinsælt og vandað starf. Þórey Dögg Jónsdóttir djákni hjá Reykjavíkurprófastsdæmum hefur veg og vanda að orlofinu. Hún stendur jafnframt fyrir fjáröflunartónleikum.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands og er undirrituð aðalfulltrúi. Varafulltrúi er sr. Arnór Bjarki Blomsterberg prestur í Tjarnarprestakalli.

Málefni útlendinga á Íslandi og þjónusta kirkjunnar við þá kemur oft til umræðu. Ágætur fundur var haldinn í Breiðholtskirkju 9. maí um hvaða þjónustu kirkjur, kristileg félög eða hjálparsamtök skipuleggja fyrir útlendinga. Fundurinn var að frumkvæði Pílagrímafélagsins. Fram kom að víða er boðið upp á starf fyrir útlendinga í söfnuðum þjóðkirkjunnar m.a. Ástjarnarkirkju, Hallgrímskirkju og Breiðholtskirkju. Prestur innflytjenda sinnir þessu starfi af alúð með helgihaldi, stuðningi við flóttamenn. Einnig berst hann fyrir réttindamálum innflytjenda. Þá veita bæði Hjálparstarf kirkjunnar og Kristniboðssambandið margvíslega þjónustu. Þessir aðilar kynntu einnig starf sitt: Kaþólska kirkjan, Loftstofan Baptistakirkja, Hvítasunnukirkjan og Rauði kross Íslands.

Undirrituð sótti ráðstefnuna „Kvíðinn í samfélaginu" á Hólum 4.-5.apríl. Þar sköpuðust tengsl við Hagsmunasamtök heimilanna en þau hafa mikinn áhuga á að gerð verði rannsóknarskýrsla heimilanna um áhrif Hrunsins á heimilin. Kannski er hér verkefni sem kirkjan gæti tekið þátt í. Þá sótti verkefnisstjóri kyrrðardaga 17.-20.apríl og prestastefnu 30.apríl-2. maí.

## Samvera fyrir syrgjendur

Samvera fyrir syrgjendur var haldin 12. desember en hún er samstarfsverkefni Landspítalans, þjóðkirkjunnar, Nýrrar dögunar og Ljónshjarta. Að þessu sinni var samveran í Háteigskirkju. Hún er ævinlega vel sótt og að þessu sinni voru um 350 þátttakendur. Mikinn undirbúning þarf til að samveran gangi vel og að hún sé auglýst. Rósa Kristjánsdóttir djákni fór í viðtal á RÚV. Hamrahlíðarkórinn hefur í áraraðir sungið og á stjórnandi hans, Þorgerður Ingólfsdóttir miklar þakkir skildar. Sr. Eiríkur Jóhannsson leiddi samveruna og sr. Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir hélt hugvekju. Organisti var Guðný Einarsdóttir.

## Erlend samskipti

Eurodiaconia er evrópskt netverk 51 kirkju og kristinna félagasamtaka í 32 löndum sem veita

félagslega og heilsufarslega þjónustu og berjast fyrir félagslegu réttlæti. Rómafólk er fjölmennt í Evrópu og eru málefni þeirra baráttumál Eurodiaconia. Mikil áhersla er lögð á að hafa áhrif í Evrópusambandinu. Eurodiaconia er opin öllum kirkjudeildum. Eurodiaconia hélt aðalfund 2019 í Edinborg 13.-15.mars og bauð einnig upp á vettvangsferðir og fyrirlestra. Magnea Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á fræðslusviði var fulltrúi Íslands á fundinum.

Evrópska tengslanetið EAPN (European Anti Poverty Network) er vettvangur fyrir baráttu gegn fátækt, fyrir félagslegu óréttlæti innan og milli samfélaga í álfunni. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, Vilborg Oddsdóttir, gegnir nú formennsku í Íslandsdeild EAPN en níu félagasamtök eru í tengslanetinu hér á landi. Kærleiksþjónustan er aðili að Íslandsdeildinni og situr sr. Sigfús Kristjánsson nú í stjórn hennar. Í stjórn eiga fulltrúar eftirfarandi samtaka sæti: Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands.

PEPP á Íslandi eru samtök fólks í fátækt sem spruttu upp úr tengslanetinu og starfa á eigin forsendum. Pepp á Íslandi hefur staðið fyrir fjölmörgum uppákomum eins og málþingum (m.a. „Á okkar kostnað? – Innflytjendur: Auður eða útgjöld?") og veitingu fjölmiðlaverðlauna götunnar en það eru hvatningaverðlaun til blaða- og fréttamanna fyrir góða og vandaða umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum. Fátækt og félagsleg einangrun er brot á grundvallar mannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn.
Það er mikilvægt að vekja máls á nauðsyn viðhorfsbreytinga í garð þeirra sem búa við fátækt og á því hvar ábyrgð á félagslega fyrirbærinu fátækt liggur.

## People on the Move - Fólk á faraldsfæti

Lútherska heimssambandið vinnur að verkefni sem kallað er People on the Move sem er til að mæta þeirri fjölbreytni íbúa/flóttafólks sem nú er í Evrópu og styrkja kærleiksþjónustu kirkjunnar. Helga Björk Jónsdóttir, djákni í Garðasókn, er fulltrúi Íslands í þessu verkefni og hefur farið á tvo fundi (work shop), annan í Rúmeníu 2018 og hinn í Hollandi 2019. Þriðji fundurinn verður væntanlega á Íslandi 2020. Ýmis verkefni kirkna Evrópu hafa þann tilgang að veita fólki samfélag til að rjúfa einangrun þess. Fjölbreytni menningarhópa og trúabragða er mikil. Kirkjurnar vilja finna enn betri leiðir til að ná til fólks og stuðla að tengslum og því að mynda samfélag og þekkingu milli hópa. Hugtakið *Seeking Conviviality*, leita samfélags og ánæjulegra samskipta er lykilhugtak í þessu verkefni. Þátttakendur eru hvattir til að horfa á eigið samhengi og mæta aukinni fjölbreytni í nútíma samfélagi. Það er sannarlega hvatning til okkar.

## Samverur starfsfólks í kærleiksþjónustu

Þrjár morgunsamverur voru haldnar með Hjálparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs og sérþjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum eins og sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum). Samverurnar eru ávallt gagnlegar og upplýsingum um starfið er miðlað og hugmyndir ræddar. 20. febrúar var boðið upp á fyrirlestur um trúfélög Múslima sem Bjarni Randver Sigurvinsson, guðfræðingur hélt. Fyrirlesturinn var öllum opinn og 10 manns mættu. Áhugavert er að vita að á Íslandi starfa þrjú félög múslima með um 1.100 meðlimi.

## Guðsþjónustur í Kolaportinu

31. mars var haldið upp á að 20 ár eru síðan fyrsta Kolaportsmessan var haldin. Mörg sem sinnt hafa þessu helgihaldi gegnum árin komu og tóku þátt í afmælismessunni. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir prédikaði en hún var frumkvöðull að þessu starfi þegar hún var miðborgarprestur. Hljómsveitin Sálmari spiluðu. Kaffi-Port sá um kirkjukaffi. Þá komu óvenju margir gestir eða um 80 manns. Eftir að Þorvaldur Halldórsson og Margrét Scheving hættu að sjá um tónlistina hafa ýmsir spilað m.a. Kristján Hrannar, Þórður Sigurðarson, sr. Hjalti Jón Sverrisson og Sálmari. Nú hefur sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra tekið við umsjón starfsins af Dómkirkjusöfnuðinum en áfram þjóna ýmsir prestar og djáknar eins og áður. Ánægjulegt var að biskup Íslands kom í visitasíu 24. febrúar og ávarpaði gesti. Það er mjög sérstakt að hafa helgihald í Kolaportinu. Mikil nánd hefur skapast við gesti t.d vegna þess að gengið er á milli fólks og boðið upp á að koma með fyrirbænarefni og í lokin fá þátttakendur blessun með olíu í lófann. Sennilega mundu fáir sem taka þátt í þessum guðsþjónustum fara í venjulega guðsþjónustu. Þetta er því einstakur vettvangur þar sem kirkjan fer út til fólksins. Undirrituð hefur nánast frá upphafi tekið þátt í Kolaportsmessunum sem eru síðasta sunnudag í mánuði yfir vetrartímann.

## Dagsetur

Biskup Íslands kallaði undirritaða og Vilborgu Oddsdóttur félagsráðgjaf hjá innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar til fundar 8. janúar til að ræða hvað kirkjan gæti gert fyrir fólk sem er á götunni. Þörf er fyrir aðstöðu á daginn og rætt var um að kanna hvort stofna mætti dagsetur. Haft hefur verið samband við Reykjavíkurborg, Hjálpræðisherinn og Samhjálp. Sem stendur er ekki komin niðurstaða en áfram verður unnið að verkefninu næsta haust.

## Hljóðvist

Í ýmsum kirkjum og safnaðarheimilum er slæm hljóðvist og fólki hættir til að nota ekki hljóðnema þó þeir séu til staðar. Ólöf I. Davíðsdóttir, djáknakandídat, sr. Kristín Pálsdóttir og verkefnisstjóri hittust til að ræða hvað væri hægt að gera í stöðunni en engin ákvörðun hefur verið tekin um að vekja athygli á þessu.

## Stefnumótun

Vorið 2018 hóf verkefnisstjóri vinnu við stefnumótun kærleiksþjónustu kirkjunnar og bauð þeim sem starfa í kærleiksþjónustunni til tveggja funda. Það leiddi til þingsályktunar um stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar. Svo segir í samþykktum Kirkjuþings: Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs Biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfðri kærleiksþjónustu kirkjunnar. Tillaga að stefnu fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

Því miður hefur ekki verið gengið frá hverjir verði fulltrúar PÍ og DÍ. Ólíklegt er því að hægt verði að leggja tillögu að stefnumótun fram á Kirkjuþingi 2019.

## Lokaorð

Það hefur verið mjög jákvætt að flytja í safnaðarheimili Háteigskirkju. Gott andrúmsloft ríkir þar og samstarf er mun meira en áður. Hið sameinginlega opna rými hefur mikið að segja í því samhengi. Þar er þó ekki sama þjónusta eins og á Laugavegi 31 t.d. við veitingar á fundum og mötuneyti fyrir starfsfólk.

# *Fjölskylduþjónusta kirkjunnar*

**Benedikt Jóhannsson, forstöðumaður**

Árið 2018 fór starfsemi Fjölskylduþjónustunnar fram með hefðbundnum hætti í húsakynnum kirkjunnar á jarðhæð í Grensáskirkju, þar sem þjónustan hefur þrjú herbergi til umráða.

Níu handleiðsluhópar fyrir vígða þjóna voru starfandi árið 2018 og voru þátttakendur um 40. Auk þess þáðu nokkrir einstaklingsbundna handleiðslu.

Vel á annað hundrað fölskyldur og einstaklingar báðu um viðtöl hjá Fjölskylduþjónustunni árið 2018. Beiðnir bárust úr öllum prófastsdæmum, en þó mest af höfuðborgarsvæðinu og af suður- og vesturlandi. Oftast var leitað vegna sambúðarvanda og oft var skilnaður yfirvofandi. Einnig var oft leitað vegna ísamskipta við barn eða ungling og einnig vegna vanda innan stórfjölskyldu. Flestir sem leita eftir aðstoð eru á aldrinum frá 30 til 55 ára. Algengast er orðið að fjölskyldur finni okkur á netinu, en prestar, vinir og fyrrum skjólstæðingar vísa líka oft á okkur.

Starfmenn hafa einnig sinnt fræðslu, svo foreldramorgnum og fyri röldrunarráð krikjunnar.

Forstöðumaður Fjölskylduþjónustunnar á sæti í Hópslysanefnd kirkjunnar. Elísabet hefur einnig verið til aðstoðar varðandi mat á guðfræði- og djáknanemum á vegum Biskupsstofu. Þá tekur þjónustan árlega þátt í starfskynningu fyrir nema sem eru að útskrifast sem guðfræðingar eða djáknar.

Sjö handleiðsluhópar eru starfandi nú á vormisseri 2019 og auk þess njóta nokkrir vígðir þjónar einstakling handleiðslu.

Líða fer að kaflaskilum í starfsemi þjónustunnar, þar sem Benedikt mun láta af störfum sumarið 2019 og syttast fer í starfslok hjá Rannveigu og Elísabetu sökum aldurs. Auglýst hefur verið eftir tveimur nýjum starfsmönnum, sem munu hefja störf haustið 2019.

# *Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga*

**Sr. María Ágústsdóttir, formaður**

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi varð til að frumkvæði íslensku þjóðkirkjunnar. Hana skipa fulltrúar tíu kristinna trúfélaga, Aðventkirkjunnar, Betaníu, Hjálpræðishersins, Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu, Íslensku Kristskirkjunnar, Kaþólsku kirkjunnar, Óháða safnaðarins, Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, Fríkirkjunnar Vegarins og Þjóðkirkjunnar. Undanfarin ár hefur Fríkirkjan Vegurinn verið óvirkur meðlimur.

## Fulltrúar starfsárið 2018-2019

Þjóðkirkjan hefur frá upphafi átt tvo fulltrúa í nefndinni, formann og ritara. Frá vori 2017 hefur Arna Grétarsdóttir verið fulltrúi biskups í nefndinni en formaður frá 2002 er María Ágústsdóttir. Jakob Rolland hefur lengi verið fulltrúi rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og Eric Guðmundsson fyrir Aðventkirkjuna. Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu starfar Helgi Guðnason með nefndinni og Ingvi Kristinn Skjaldarson og Hjördís Kristinsdóttir skiptast á að sækja fundi fyrir hönd Hjálpræðishersins.

Þessi fimm trúfélög hafa verið með frá upphafi. Fimm trúfélög hafa síðar bæst við. Fulltrúi Íslensku Kristskirkjunnar er Ólafur H. Knútsson, fulltrúi Óháða safnaðarins er Pétur Þorsteinsson, fulltrúi Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar er Timur Zolotuskiy og Magnús Gunnarsson er fyrir Betaníu. Trúfélagið Vegurinn hefur ekki átt formlegan fulltrúa um skeið.

## Fundir á starfsárinu

Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann frá september til og með maí. Skiptast fulltrúar á að bjóða fram fundaraðstöðu og veitingar. Á milli fastra funda fara samskipti nefndarfólks fram með tölvupósti og í gegn um síma. Síðasti fundur starfsársins var að þessu sinni haldinn í Jósefskirkju í Hafnarfirði þann 16. maí 2019 í boði séra Jakobs Rollands.

## Alþjóðleg samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristninnar 2019

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi hefur staðið að alþjóðlegri samkirkjulegri bænaviku fyrir einingu kristninnar hér á landi frá 1980. Bænavikan er haldin víða um heim dagana 18.-25. janúar. Dagskrá vikunnar, bænir og hugleiðingar fyrir hvern dag vikunnar hefur undanfarin ár verið birt á vef Þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is. Frá árinu 1908 hefur átta daga bænavaka fyrir einingu kristinna manna verið haldin. Forgöngu hafði séra Paul Wattson, anglikanskur prestur í New York. Það starf ásamt öðru var undanfari bænavikunnar eins og við þekkjum hana í dag því að hefðin um bænaviku í janúar fyrir einingu hinna kristnu breiddist út. Árið 1968 var fyrst undirbúið sameiginlegt efni til notkunar um allan heim á vegum Alkirkjuráðsins og Kaþólsku kirkjunnar. Efni bænavikunnar, þema, lestrar, bænir og hugleiðingar, kemur frá aðildarkirkjum Alkirkjuráðsins og frá kaþólsku kirkjunni, en frá mismunandi löndum hverju sinni. Árið 2019 kom efnið frá kirkjum í Efni frá Indónesíu undir



Frá blessun hafsins í Nauthólsvík




yfirskriftinni: RÉTTLÆTINU EINU SKALT ÞÚ FRAMFYLGJA (5Mós 16.20).

Í bænavikunni voru haldnar bæna- og helgistundir með fjölbreyttu sniði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Bænaganga var gengin á laugardagssíðdegi eftir blessun hafsins í Nauthólsvík frá Landakotskirkju um Hlemm og að Fíladelfíu og stýrði Eric Guðmundson frá Aðventkirkjunni henni. Samvera var í Fíladelfíu kl. 18 sama kvöld. Guðsþjónustu var útvarpað frá Grensáskirkju 20. janúar 2019 og prédikaði Ingvi Kristinn Skjaldarson frá Hjálpræðisher. Efnið málþings bænavikunnar sem haldið var í Íslensku Kristskirkjunni var að þessu sinni mismunandi sýn kristinna trúfélaga á dauðann og eilífa lífið. Framsögumenn voru Jakob Rolland, Eric Guðmundsson og Hjördís Kristinsdóttir.





## Alþjóðlegur bænadagur kvenna á Íslandi í 60 ár

Alþjóðlegur bænadagur kvenna hefur verið haldinn hátíðlegur á Íslandi í samfellt 60 ár, frá árinu 1959. Dagurinn er ávallt fyrsta föstudag í mars sem árið 2019 bar upp á 1. mars. Á hverju ári er sent út efni sem kristnar konur í ákveðnu landi hafa skrifað. Að þessu sinni voru það konur í Slóveníu sem sendu sögur sínar og bænir. Bæna- og samverustundir voru haldnar víða um land. Á höfuðborgarsvæðinu var samvera í kirkju Óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56, kl. 18.

Kristján Hrannar Pálsson organisti Óháða safnaðarins og Óháði kórinn önnuðust tónlistina og konur úr undirbúningsnefnd bænadagsins á Íslandi fluttu lestra og bænir og sögðu frá aðstæðum kvenna í Slóveníu.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna á sér rætur í bænahópum kvenna í N-Ameríku á 19. öld en fór að breiðast út um heiminn á fyrri hluta 20. aldar. Þann 8. mars 1935 var dagurinn fyrst haldinn hérlendis og þá á vegum Kristniboðsfélags kvenna en frá árinu 1959 hefur hann verið árviss viðburður, í samfellt 60 ár. Fyrstu þrjá áratugina var bænadagurinn í umsjá Hjálpræðisherskvenna. Árið 1964 hafði Auður Eir Vilhjálmsdóttir forystu að því að kalla saman samkirkjulegan hóp kvenna til að undirbúa bænadaginn og hefur verið svo æ síðan, í 55 ár. Á samkomunni í Reykjavík þakkaði sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir, formaður Samkirkjunefndar þjóðkirkjunnar, forystukonu bænadagskvenna á Íslandi í 25 ár, dr. Maríu Ágústsdóttur, störf hennar.

## Aðrir viðburðir

Löng hefð er fyrir samkirkjulegri útvarpsguðsþjónustu á skírdag. Undanfarinn áratug hefur guðsþjónustan verið tileinkuð Alþjóðlegum bænadegi kvenna. Að þessu sinni var samkirkjuleg messa tekin upp í kirkju Óháða safnaðarins til að senda út á skírdag og fylgt svokallaðri Lima-litúrgíu í þýðingu sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar. Lesarar og tónlistarfólk voru frá Óháða söfnuðinum, Kaþólsku kirkjunni og Aðventkirkjunni og prestur sr. María Ágústsdóttir sem fjallaði í prédikun sinni um máltíð Drottins í samkirkjulegu samhengi.

## Viðauki

*Starfsreglur SKT*

Á fundi Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga 30. apríl 2013 voru samþykktar endurskoðaðar starfsreglur fyrir nefndina. Reglurnar fylgja hér á eftir.

1. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samstarfsvettvangur kristinna kirkna, samfélaga og hreyfinga á Íslandi sem játa á grundvelli heilagrar ritningar einn Guð, föður, son og heilagan anda sem skapara, frelsara og lífgjafa.
2. Tilgangur samstarfsnefndarinnar er að vera vettvangur samráðs, samvinnu og stuðnings við sameiginleg mál í þjónustu við Guð og menn.
3. Meðal verkefna eru alþjóðleg bænavika fyrir einingu kristninnar, sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, útvarpsguðsþjónustur og fjölmiðlamál. Nefndin getur einnig staðið saman að bænastarfi, kynningu og fræðslu um kristna trú þegar það á við.
4. Í samstarfsnefnd eru fulltrúar allra safnaða og hreyfinga, sem hafa með formlegum hætti gengið til samvinnu og samþykkja grundvöll og starfshætti samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Trúfélagið hafi að jafnaði yfir 100 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár. Um óskráð kristin samfélög og hreyfingar gildir að þau skuli hafa starfað í að minnsta kosti fimm ár hérlendis. Öll aðildarfélög hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum. Hvert félag eða söfnuður tilnefnir einn fulltrúa í nefndina en Þjóðkirkjan tvo. Aðildarfélög geta tilnefnt varamenn, kjósi

þau það. Varamönnum er heimilt að sækja fundi nefndarinnar, þó án atkvæðisréttar. Kristin trúfélög, skráð sem óskráð, geta óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni og gilda þá ekki ákvæði um fjölda meðlima og lengd starfstíma. Um umsóknarferlið: Skrifleg ósk um aðild að nefndinni berist formanni með undirskrift safnaðarráðs viðkomandi félags. Fulltrúar nefndarinnar ræði við forstöðufólk félagsins sem æskir inngöngu og sjái endurskoðaða ársreikninga. Nefndin tekur síðan afstöðu til umsóknarinnar á fundi sínum.

5. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum og ákvarðar störf sín, fundafjölda og starfshætti.
6. Samstarfsnefndin skal leita samþykkis allra aðildarfélaga ef breyta skal starfsreglum.

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*

**Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður**

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í Þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleiksþjónustusvið kirkjunnar og Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarsdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtalshópur um málefni aldraðra.“ Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. S.l. uppstigningardag, 30. maí 2019, var útvarpsguðsþjónusta í Grafarvogskirkju. Þar prédikaði sr. Vigfús Þór Árnason, fyrrverandi sóknarprestur. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sr. Sigurður Grétar Helgason og sr. Grétar Halldór Gunnarsson, þjónuðu fyrir altari. Organisti var Hilmar Örn Agnarsson. Var guðsþjónustan hin besta í alla staði og bauð söfnuðurinn kirkjugestum í kaffi eftir athöfnina.



Prestar Grafarvogskirkju f.v. Sr. Sigurður Grétar Helgason, sr. Grétar Halldór Gunnarsson, sr. Guðrún Karls Helgudóttir og sr. Vigfús Þór Árnason, fyrrv. sóknarprestur, sem prédikaði í útvarpsguðsþjónustunni á uppstigningardag 2019.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar styður sérstaklega störf orlofsbúða fyrir eldri borgara á Löngumýri. Undir stjórn Þóreyjar Daggar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma, hefur starfið vaxið og dafnað. Nú eru sex orlofshópar og ávalt afar góð aðsókn. Ellimálanefnd vill þakka sérstaklega starfsfólki Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma og Löngumýrar fyrir framúrskarandi og fórnfús störf.

Ellimálanefnd heldur utan um efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Þar er ýmislegt gott efni fyrir starf með eldri borgurum.

# *Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma*

**Þórey Dögg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri**

## Fulltrúafundir og stjórnarfundir

Á þessu starfsári hélt ER þrjá fulltrúafundi, eitt námskeið, sjö stjórnarfundi, þrjár guðsþjónustur og eitt opið hús.

**Fulltrúafundir, ráðstefnur og samkomur á starfsárinu voru eftirfarandi:**

1. 16. september 2018. Haustguðsþjónusta ER haldin í Digraneskirkju.
2. 1. og 8. október 2018. Námskeið í framsögn og tjáningu. Þórey Sigþórsdóttir leikkona leiðbeindi.
3. 26. október 2018. Fulltrúafundur: Grafarvogskirkja. Séra Arna Ýrr fræddi okkur um drauma og áhrif þeirra á líf okkar
4. 12. nóvember 2018. Fulltrúafundur: Fella- og Hólakirkja, Elísabet Berta frá fjölskylduþjónustu kirkjunnar fræddi okkur um mikilvægi stuðnings við starfsfólk og sjálfboðaliða í starfi með eldri borgurum í kirkjunni.
5. 23. nóvember 2018. Litlu jól ER haldin í Grensáskirkju.
6. 13. janúar 2019. Áramótaguðsþjónusta ER haldin í Langholtskirkju.
7. 22. febrúar 2019. Fulltrúafundur: Séra Hjalti Jón Sverrisson skemmti okkur með tali, tónum og söng.
8. 14. mars 2019. Fjáröflunartónleikarnir GAMLINGINN haldnir í Breiðholtskirkju.
9. 7. apríl 2019. Föstuguðsþjónusta ER haldin í Hallgrímskirkju.
10. 15. apríl 2019. Aðalfundur Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma.
11. 2. Maí 2019. Uppskeruhátíð ER. Ferðalag á Eyrarbakka.

## Uppskeruhátíð Eldriborgararáðs 3. maí 2018

Uppskeruhátíð Eldriborgararáðs var haldin þann 3. maí 2018 í Breiðholtskirkju að vanda. Gestir okkar að þessu sinni var kórinn *Söngfuglar*, sem er kór félagsstarfs aldraðra í Reykjavík. Þau

sungu fyrir okkur nokkur lög, og luku sínu prógrammi í fjöldasöng. Eftir það var sest að borðum og framreiddur var veislumatur að hætti ER. Kvöldi leið fram með leikjum og ljúflegheitum. Allir fóru sáttir heim til sín um 21:00.

## Jólafundur starfsfólks og sjálfboðaliða.

„Litlu jólin" voru haldin fimmtudaginn 23. nóvember kl. 18:00 – 20:30 í Grensáskirkju. Jólagleði starfsfólks í kirkjustarfi eldri borgara var að venju haldin í Grensáskirkju og var hún vel sótt að vanda. Í upphafi var stutt helgistund sem séra Magnús Björn Björnsson sóknarprestur í Breiðholtskirkju annaðist. Eftir helgistundina var boðið upp á fjölbreyttan jólakvöldverð Skemmtikraftar jólagleðinnar í ár voru þau Íris Rós Andrésdóttir og Árni Beinteinsson sem skemmtu okkur með tali, tónum og söng. Ýmislegt var til gamans gert, lesnar jólasögur og mikið sungið.

Einnig var jólapökkum útdeilt sem þátttakendur höfðu komið með. Þetta er skemmtilegur siður sem gleður alltaf.

## Guðsþjónustur

Á liðnum árum hefur skapast sú hefð að ER. og kirkjurnar í prófastsdæmunum standi fyrir nokkrum guðsþjónustum í kirkjustarfi eldri borgara.

**Haustguðsþjónusta var haldin í Digraneskirkju 16.september 2018 kl. 11:00.**

Haustguðsþjónustan markar upphaf vetrarstarfs í kirkjustarfi eldri borgara og var hún vel sótt eins og ávallt. Séra Bára Friðriksdóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir djákni fluttu samtalspredikun. Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi leiddi sönginn undir stjórn organistans Kristjáns Hrannars Pálssonar.

Eftir guðsþjónustuna bauð bauð Digranessöfnuður upp á veitingar í safnaðarheimilinu. Góð mæting var og fólkið mjög ánægt að hittast aftur að loknu sumarleyfi og þakklátt fyrir allt sem boðið var upp á.

**Áramótaguðsþjónusta ER var haldin í langholtskirkju 13. janúar kl. 11:00**

Allir í Langholtskirkju tóku okkur í Eldriborgararáði fagnandi þennan dag og haft var sérstaklega á orði hversu gaman það væri að fá eldri borgarara úr Reykjavíkurprófastsdæmi eystra í heimsókn. Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir prédikaði og þjónaði fyrir altari ásamt Þóreyju Dögg Jónsdóttur djákna. Söngfélagið *Góðir grannar* leiddi sönginn í guðsþjónustunni undir dyggri stjórn kórstjórans Egils Gunnarssonar. Organisti var Kristján Hrannar Pálsson. Eftir guðsþjónustuna buðu Eldriborgararáð og Langholtssöfuður upp á leittar veitingar.

**Föstuguðþjónusta ER haldin í Hallgrímskirkju 7. apríl kl. 11:00**

Föstuguðsþjónustan ER var að þessu sinni haldin í Hallgrímskirkju. Séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarsson fluttu samtalsprédikun og þjónuðu fyrir altari ásamt framkvæmdastjóra ER og Margréti Steinunni Guðjónsdóttur djáknakandídats. Eftir guðsþjónustuna bauð Hallgrímssöfnuður og ER uppá léttar veitingar.

Stjórn ER færir þeim sem tóku á móti okkur í þessum kirkjum og aðstoðuðu á margvíslegan hátt bestu þakkir og óskar þeim öllum blessunar.

Uppskeruhátíð ER verður haldin fimmtudaginn 2. maí 2019. Að þessu sinni verður boðið upp

á þá nýbreytni að fara í ferðalag með hópinn. Við ætlum að heimsækja þau heiðurshjón Ástu Kristrúnu Ragnarsdóttur og Valgeir Guðjónsson á Eyrarbakka. Þau ætla að skemmta okkur með frásögnum og söng.

## Sumarorlof á löngumýri

Eldriborgararáð og Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar hafa í mörg undanfarin ár haft samvinnu um orlof eldri borgara á Löngumýri og hefur það gefist vel. Sl. sumar dvöldu þar sex 30 manna hópar, eða alls 180 manns. Á Löngumýri er mjög góð aðstaða fyrir fólk með minnkaða hreyfigetu og er því mjög heppilegur staður fyrir eldra fólk. Aðsókn var mikil og margir fengu ekki pláss. Allir dvalargestir fóru heim hressir og kátir eftir að hafa dvalið í sveitinni í nokkra daga. Með þessari ársskýrslu fylgir sérstök skýrsla um orlofið á Löngumýri og því er ekki gerð frekari grein fyrir orlofinu hér. Sjá fylgiskjal.

## Fjáröflun vegna orlofs

Okkur sem að orlofinu stöndum finnst nauðsynlegt að allir geti tekið þátt, þrátt fyrir misjöfn fjárráð og því brugðum við á það ráð í sjöunda skiptið, að halda tónleika til styrktar þessu mikilvæga málefni. Tónleikarnir voru haldnir í Breiðholtskirkju fimmtudaginn 14. Mars. Þetta árið kölluðum við tónleikana SKAGFIRSKUR GAMLINGI, vegna þess að flestir listamennirnir eiga rætur eða miklar tengingar í Skagafirðinum fagra. Eins og ávallt gáfu listamennirnir vinnu sína en flestir fengu greiddan ferðakostnað. Öllu þessu frábæra listafólki ásamt öllum í Breiðholtskirkju færum við okkar bestu þakkir og biðjum þeim blessunar um alla framtíð. Hreinn hagnaður tónleikanna var tæplega 500.000.-

Sigurður Moritsson í *Grænum markaði* gaf okkur alla blómvendina sem tónlistarmennirnir fengu afhenta. Við þökkum þeim kærlega þennan frábæra stuðning.

Reykjavíkurprófastsdæmin halda einnig áfram sínum dygga stuðningi við orlofið, Kjalarnesprófastsdæmi veitti okkur styrk í fyrsta skipti í fyrra upp á 130.000.- vonandi halda þau áfram að leggja okkur lið á komandi árum. Kunnum við öllum þessum fólki okkar bestu þakkir.

## Stjórn ER

Stjórn E.R veturinn 2018-2019 var þannig skipuð:

- Valgerður Guðmundsdóttir, fomaður.
- Linda Jóhannsdóttir, ritari.
- Stefanía Baldursdóttir, gjaldkeri.
- Bergþóra Lövdahl, meðstjórn.
- Benedikt Vilhjálmsson, meðstjórn.

## Skrifstofan

Skrifstofa ER er í Breiðholtskirkju v/Þangbakka s. 567-4810 og er opin alla virka daga og þangað eru allir velkomnir sem vilja fá ráðleggingar eða aðstoð við öldrunarstarfið í söfnuðunum.

# *Fagráð um meðferð kynferðisbrota*

**Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður**

Fagráð fundaði reglulega á síðasta starfsári og formaður átti fundi með biskupi til upplýsa um stöðu mála.

Á haustmánuðum 2018 átti fagráð fundi og samtöl, þar sem einstakaklingur sagði sögu sína og reynslu af samskiptum við sr. Helga Hróbjartsson.

Eitt mál kom til fagráðs þar sem óskað var eftir ráðgjöf og snéri málið að innbyrðis samskiptum unglinga í unglingastarfi kirkjunnar. Nokkrar aðra fyrirspurnir bárust einnig þar sem óskað var eftir ráðgjöf sem og bárust fyrirspurnir frá fjölmiðlum sem reynt var að bregðast við að fremsta megni án þess þó að brjóta að nokkru leyti þann trúnað sem ríkir á milli fagráðsins og þeirra einstaklinga sem til þess leita.

# *Hjálparstarf kirkjunnar*

**Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri**

## Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Rekstrartölur eru birtar í ársreikningum sem liggja fyrir í september ár hvert.

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða eða leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Enginn má sitja í fulltrúaráði lengur en sex ár samfleytt. Fulltrúaráð setur stjórn fulltrúaráðs og endurskoðendum starfsreglur.

Stjórn fulltrúaráðs er kosin á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar ár hvert. Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og heldur ekki færri en átta fundi árlega. Heimilt er að endurkjósa í stjórn þó ekki svo að samfelld seta í stjórn verði lengri en 6 ár. Þrír aðalmenn eru í stjórninni og tveir sitja í varastjórn. Alla jafna hittast bæði aðalmenn og varamenn á fundum stjórnar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2018 – 2019 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson og

Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Halldór Kristinn Pedersen og Margrét Albertsdóttir.

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Áslaug Arndal fulltrúi hefur umsjón með skrifstofuhaldi og aðstoð við fósturbörn á Indlandi. Kristín Ólafsdóttir er fræðslu- og fjáröflunarfulltrúi. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfinu. Helena Gunnarsdóttir og Sædís Arnardóttir eru félagsráðgjafar í innanlandsstarfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með starfi sjálfboðaliða og fatalager, bókunum og fleiru.

## Hjálparstarfið á Íslandi

Starfið á Íslandi felst í því að greina vanda þeirra sem til stofnunarinnar leita, veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð. Það felst einnig í valdeflingu þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsskilyrðum þeirra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum og öll aðstoð byggist á hjálp til sjálfshjálpar. Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um farsæld fyrir alla.

## Ráðgjöf og efnislegur stuðningur við fólk sem býr við fátækt

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa sérstakan viðtalstíma og taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12:00 – 16:00. Í viðtölunum segir fólk frá aðstæðum sínum og hefur með sér gögn um tekjur og útgjöld síðasta mánaðar. Að teknu tilliti til gagna veita félagsráðgjafarnir efnislega aðstoð og vísa fólki á frekari úrræði í samfélaginu.

Efnisleg aðstoð felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort fyrir matvöru. Á höfuðborgarsvæðinu eru inneignarkortin að mestu einskorðuð við barnafjölskyldur og er einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri vísað til annarra samtaka sem bjóða mataraðstoð. Á þeim svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá þeir sem búa einir líka inneignarkort.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Þó er ekki greitt fyrir lyf sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Á yfirstandandi starfsári hefur Hjálparstarfið aðstoðað um lyfjakaup í 650 skipti en sumir fá aðstoð í nokkur skipti yfir árið. Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár getað leitað stuðnings hjá Hjálparstarfinu við að útbúa börnin í skólann. Þar sem sveitarfélög hafa flest tekið á sig kostnað vegna mikilvægustu skólagagna, sem er vel, hefur aðstoð Hjálparstarfsins breyst og er stuðningur nú vegna skólataskna og annarra hluta sem eru nauðsynlegir og einnig vegna skólafatnaðar eins og áður.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er

að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Samtals hafa 40 börn og unglingar undir átján ára aldri fengið styrk frá Hjálparstarfinu á liðandi starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.

Hjálparstarfið styrkir ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Markmiðið er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna. Það sem af er af þessu starfsári hafa 59 ungmenni fengið styrk til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks er um 33.000 krónur.

## Valdefling

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin ár hefur Hjálparstarfið þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Hjálparstarfið starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónustu eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í öllu starfi er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

***Breiðholtsbrúin*** er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að hittast, elda góðan mat, borða saman og blómstra á eigin forsendum. Brúin er opin yfir vetrartímann í safnaðarheimili Breiðholtskirkju á mánudögum klukkan 11:30 – 13:30. Þar gefst tækifæri til að kynnast nýju fólki, víkka sjóndeildarhringinn og eiga gefandi gæðastund. Að brúnni standa Hjálparstarf kirkjunnar, Breiðholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Pepp á Íslandi.

***Töskur með tilgang.*** Vikulega hittast yfir 40 konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og endurvinna efni með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetispoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl. Þannig leggja þær sitt af mörkum til að vernda umhverfið. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar að virkni og félagsskap þátttakenda, minni plastnotkun og endurnýtingu efnis. Verkefnið er unnið yfir vetrartímann.

***Borðum saman*** er samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

***Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar*** er spennandi verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.

***Ræktaðu garðinn þinn:*** Hjálparstarf kirkjunnar skipuleggur á sumrin matjurtarækt í Seljagarði í Breiðholti. Tólf konur og fimm börn þeirra taka þátt í verkefninu nú. Garðyrkjufræðingur leiðbeinir þátttakendum en í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur og fleira.



Garðaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Seljagarði í Breiðholti.

## Málsvarastarf

Hjálparstarf kirkjunnar telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

### *EAPN og Pepp á Íslandi, samtök fólks í fátækt*

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að málefnum fólks sem býr við fátækt. Vilborg Oddsdóttir umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfsins er formaður EAPN á Íslandi.

Lykilþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp á Íslandi (PeP: People experiencing Poverty) sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun. Þann 29. mars stóð EAPN fyrir morgunverðarfundi undir yfirskriftinni „Á okkar kostnað? – Innflytjendur – auður eða útgjöld?

## Alþjóðlegt hjálparstarf

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuóöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Einnig er gott samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum.

Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra.

Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, trúarskoðana eða pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir efnahag stofnunarinnar, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

Hjálparstarfið leitast við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðjar og efla fólk til áhrifa. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarfið virkjar fólkið sjálft eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni samfélaga svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

## Þróunarsamvinna

### *Eþíópía - Bætt aðgengi að vatni, tækifæri til fæðuöflunar og valdefling kvenna*

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu síðan árið 2007 eða í 12 ár.

Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær. Nýjar og þurrkþolnar korntegundir eru kynntar til sögunnar, árangursríkar ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla og bólusetja búfé. Konur taka þátt í sparnaðar- og lánahópum og fá fræðslu um atvinnurekstur. Margar hafa hafið smárekstur. Þær



Í þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu er unnið að því að bæta fæðuöryggi.

reka litla búð, hafa hafið geita, fjár- og hænsnarækt og byrjað að rækta grænmeti. Mjög margar kvennanna tala um breytta stöðu þar sem þær hafa fjárráð og ákvörðunarvald sem var nær óþekkt áður.

Núverandi verkefni hófst í byrjun árs 2018 en eftir meira en 10 ára starf í Jijigahéraði færðum við aðstoðina yfir til fólksins í Kebrebeyahhéraði sem er enn austar í Sómalíufylki. Sem fyrr er áhersla á auka aðgengi að vatni og bæta fæðuöryggi, vernda umhverfið, valdefla konur og auka jafnrétti. Verkefnið mun ná til um 10.000 manns á þremur árum.

Á árinu 2018 voru lánahópar kvenna stofnaðir, unnið að verndun umhverfis með plöntun trjáa, gerð stíflna og annarra aðgerða sem minnka jarðrof. Þurrkþolnari korntegundir voru kynntar til sögunnar, námskeið haldin um ræktunaraðferðir og þreskivélar og önnur verkfæri afhent sjálfsþurftarbændum á svæðinu. Stjórnvöld í fylkinu báðu um að skoðað yrði hvort hægt væri að bora eftir vatni í stað þess að grafa vatnsþrær og tafði það uppbyggingu vatnsþróa en sá þáttur verkefnisins er nú kominn á fullt skrið en ekki er talið fýsilegt að bora eftir vatni á þessu mikla þurrkasvæði.

### *Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis*

Frá árinu 2006 hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í verkefnum í þágu HIV-smitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakaí, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmit HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu.

Síðustu starfsár hefur samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar verið við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOBAO) sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins í Rakaí og Lyantonde. Skjólstæðingar RACOBAO eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIV-smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Fólkið fær svo geitur, hænur, tól og fræ til grænmetisræktunar til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Á árinu 2019 áætlar Hjálparstarfið að aðstoða við byggingu húsa, eldaskála, kamra og vatnstanka fyrir átta fölskyldur sem samfélögin i Rakai og Lyantonde meta að séu í brýnustu þörf fyrir aðstoð.

### *Úganda - Ungmenni í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri*

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarf kirkjunnar stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfðuðborg Úganda en í landinu eru 1.2 milljónir fólks á aldrinum 15 – 29 ára án atvinnu. Börn og unglingar í höfuðborginni eru útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Í fátækrahverfum borgarinnar rekur neyðin unga fólkið til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Kampalaverkefni Hjálparstarfsins er í þremur fátækrahverfum borgarinnar og varir í 3 ár. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í



Ashraf, 19 ára kennir fatahönnun í smiðju UYDEL samstarfsaðila Hjálparstarfsins í Kampala, höfuðborg Úganda.

uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugerð. Í smiðjunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði.

### *Indland - Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki*

Hjálparstarf kirkjunnar heldur enn um sinn áfram stuðningi sínum við skólastarf Sameinuðu indversku kirkjunnar, United Christian Church of India (UCCI) í Andhra Pradesh-fylki í austurhluta Indlands. Hjálparstarfið hefur stutt starf UCCI í rúm þrjátíu ár með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítala UCCI. Á yfirstandandi skólaári styrkir Hjálparstarfið og íslenskir fósturforeldrar 223 börn til skólavistar hjá UCCI. Hjálparstarfið greiðir einnig laun átta kennara við skólann.

## Mannúðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samstarfi við að Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem sameinar krafta 145 kirkjutengdra hjálparstofnana í 125 löndum með 51.000 starfsmenn og 167.000 sjálfboðaliða innan sinna raða. Mannúðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um faglega mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Meginmarkmið með mannúðaraðstoð er að óbreyttir borgarar njóti verndar gegn stríðsátökum, mannslífum sé er bjargað með því að mæta grunnþörfum fólks, heilsufar fólks hafi batnað og velferð þess aukist og að viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir aukist.

Á starfsárinu hefur utanríkisráðuneytið samþykkt fimm umsóknir Hjálparstarfs kirkjunnar um styrkt til mannúðaraðstoðar og veitt samtals 105 milljónum króna til þeirra verkefna. Um er að ræða mannúðarverkefni í Palestínu, Jórdaníu, Írak, Suður-Súdan og í Mið-Sulawesi í

Indónesíu. Að viðbættu fé frá Hjálparstarfinu hefur 111,5 milljónum króna nýlega verið varið til mannúðaraðstoðar á þessum svæðum.

***Palestína:*** Markmiðið er að lina þjáningar og bæta lífsafkomu fólks sem býr á heimastjórnarsvæði Palestínumanna, sérstaklega þeirra sem hafa orðið undir í óeirðum á Gasa undanfarið. Aðstoðin felst í sálfélagslegri þjónustu, fjárstuðningi fyrir nauðþurftum fyrir fólk og dýr, almennri læknisþjónustu og atvinnusköpun. Markhópurinn er um 29.000 manns.

***Jórdanía:*** Markmiðið er að lina þjáningar fólks sem hefur neyðst til að flýja heimili sín í Sýrlandi og hafast nú að í flóttamannabúðum í Jórdaníu og styrkja um leið sveitarfélögin sem taka á móti því. Fólkið fær aðstoð við að koma sér upp húsaskjóli, það fær húsbúnað og matvöru. Heilsugæsla er veitt sem og sálfélagsleg þjónusta. Börnum og fötluðu fólki er sinnt sérstaklega. Þá er fólkinu sem höllustum fæti stendur hjálpað til sjálfshjálpar með starfsþjálfun og greidd laun fyrir vinnu. Börn og þá sérstaklega stúlkur sem eru í sérlega viðkvæmri stöðu fá tækifæri til að halda áfram skólagöngu. Markhópurinn telur 28.900 manns.

***Írak:*** Markmiðið er betri heilsa fólksins sem er á vergangi vegna átaka í Ninewhéraði með bættu aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkinu eru auk þess greidd laun fyrir vinnu og það fær þjálfun í landbúnaðarstörfum svo það geti unnið fyrir sér til frambúðar. Fólkið fær aðstoð svo það geti byggt híbýli, skóla og aðrar stofnanir sem veita grunnþjónustu. Sálfélagsleg þjónusta er veitt börnum og konum og skólastarfi er haldið úti fyrir börnin. Markhópurinn telur 21.810 manns.

***Suður-Súdan:*** Markmiðið er að bæta fæðuöryggi og lífsafkomu fólksins sem er á vergangi vegna ófriðar og þurrka sem og fólksins í Miðbaugsfylki sem tekur á móti flóttafólkinu. Einstæðar mæður, munaðarlaus börn, eldra fólk og fólk sem glímir við alvarlega sjúkdóma fá efnislega aðstoð svo þau fái mætt grunnþörfum sínum. Vinnufært fólk fær einföld landbúnaðarverkfæri og þjálfun í notkun þeirra til að yrkja jörðina og verjast matarskorti. Fólkið fær líka þjálfun í verslun með landbúnaðarafurðir. Markhópurinn telur 2.500 manns.

***Mið-Sulawesi í Indónesíu:*** Markmiðið er að mæta grunnþörfum fólks í Mið-Sulawesi í Indónesíu sem varð hart úti vegna jarðskjálfta upp á 7,4 á Richter sem reið yfir í september 2018 en stór flóðbylgja skall á í kjölfar hans. Aðstoðin felst í að gera fólkinu kleift að byggja upp örugg híbýli og tryggja lífsafkomu sína. Þá er aðgengi að drykkjarhæfu vatni bætt sem og aðgengi að hreinlætisaðstöðu ásamt því sem fræðsla er veitt um mikilvægi hreinlætis. Komið verður í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma í tjaldbúðum og almenn heilbrigðisþjónusta tryggð sem og sálrænn stuðningur. Sérstakur stuðningur er veittur þeim sem búa við fötlun. Markhópurinn telur 100.000 manns.

## Fræðsla og fjáröflun

Hjálparstarfið safnaði í ágúst og september fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs með valgreiðslukröfu í heimabanka að upphæð 2.600 krónur. Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið en alls söfnuðust um 7,3 milljónir króna.

Í október fengum við góða gesti frá Úganda, þau Trudy Nakkazi og Douglas Lubega, til Íslands. Þau heimsóttu börn í fermingarfræðslu vítt um landið og ræddu við þau um líf sitt og aðstæður í Úganda ásamt því að segja þeim frá verkefnum Hjálparstarfsins í Úganda.

Fermingarbörn í um 60 sóknum um land allt tóku þátt í fjáröflun fyrir verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku í nóvember. Alls söfnuðust um 7,8 milljónir króna. Prestar,

annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf leggja á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Í jólasöfnun 2018 var safnað fyrir verkefnum Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum nam 71 milljón króna en þar af söfnuðust 27,3 milljónir til aðstoðar innanlands. Sóknir, einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Í páskasöfnun 2019 var safnað fyrir verkefni Hjálparstarfsins í Úganda. Upphæð söfnunarfjár liggur fyrir í lok júní.

Gjafabréfasíða Hjálparstarfsins gjofsemgefur.is er fjáröflunarleið sem skilaði um 7,2 milljónum króna á fyrstu sjö mánuðum starfsársins 2018-2019.

*Hjálparliðar* styrkja Hjálparstarfið með reglulegu framlagi og gera okkur betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar eru nú yfir 2100 talsins. Við höldum áfram að leita til fólks um að vera með og erum nú meðal annars að uppfæra heimasíðu Hjálparstarfsins svo fólk geti skráð sig sem Hjálparliða á henni. Við hringjum í fólk með reglulegu millibili og bjóðum því til þátttöku. Þá sendum við Hjálparliðunum okkar fréttabréf í tölvupósti á tveggja mánaða fresti með nýjustu fréttum af starfinu.

### Fréttablaðið Margt smátt…, heimasíðan og samfélagsmiðlar

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar kemur út fjórum sinnum á ári, tvisvar í tímaritsformi, sent til um 4.000 aðila, og tvisvar í dagblaðsformi, sent á heimili í landinu með Fréttablaðinu í upphafi jólasöfnunar og í upphafi páskasöfnunar. Í blaðinu segjum frá starfinu bæði hér heima og erlendis. Fyrirtæki og samtök kaupa auglýsingar og styrktarlínur í blaðinu. Við notum Facebook og Instagram til að segja frá starfinu og auglýsa viðburði.

## *Hópslysanefnd*

**Sr. Gísli Jónasson, formaður**

Hópslysanefnd, er fastanefnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

a) Biskupsritari
b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Eftirfarandi skipuðu nefndina á sl. starfsári: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason,

framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannsson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem verið hefur formaður nefndarinnar. Hann lætur nú af störfum og við tekur Ásta Ágústsdóttir, djákni.

Starfsmaður nefndarinnar, í 10% starfshlutfalli, er sr. Sigfús Kristjánsson.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur síðan verið endurskoðuð nokkrum sinnum m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófastsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnar séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna og hafa mörg þeirra lokið við áætlanir sínar en einhver þeirra eiga þó eftir að endurskoða áætlanir sínar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á prófastsdæmunum.

Nefndin vinnur að því, að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlestrum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförnum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos  og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá með samningi haustið 2010, og sem síðast var endurnýjaður í desember sl., voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá tekur starfsmaður nefndarinnar þátt í störfun Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingar-stöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með skipulagi áfallahjálpar í almanna-varnaástandi á landsvísu og fundar reglulega. Sömuleiðis tók starfsmaður nefndarinnar, ásamt fulltrúum Rauða krossins og LSH, þátt í fundi með viðbragðsaðilum á Suðurlandi sem haldinn var á Hellu í maí sl.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysa-aðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannvarnaástand að ræða.

# *Kirkjugarðaráð*

## Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

### Kirkjugarðaráð.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar þeir eru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en auk þess starfar á vegum ráðsins Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðamaður. Hefur hann séð um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Á árinu hélt ráðið átta fundi auk þess að fara í skoðunarferð í kirkjugarða í Húnavatns- og



Sleðbrjótskirkja og þjónustuhús



Strandarkirkja

Skagafjarðarprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri ráðsins heimsóttu á árinu 98 kirkjugarða og grafreiti.

## Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir.

Á árinu 2018 veitti Kirkjugarðaráð styrki úr Kirkjugarðasjóði til 35 verkefna samtals að upphæð tæpar 50 milljónir. Þeir kirkjugarðar sem fengu 500 þúsund eða hærra í styrk voru: *Sleðbrjótur*: Greiða niður skuld vegna endurnýjun girðingar. *Fáskrúðsfjörður*: Bæta aðgengi og hlaða upp framhlið kirkjugarðsins. *Stóri-Núpur*: Greiða niður skuld. *Marteinstunga*: Bæta aðgengi að kirkju og garði. *Strönd Selvogi:* Endurnýja stíga o.fl. *Kirkjugarðar Keflavíkur:* Bæta og endurnýja skjólgróður. *Kirkjugarðar Reykjavíkur:* Uppbygging í Kópavogskirkjugarði. *Hvanneyri í Borgarfirði:* Stækkun garðs og grjóthleðsla. *Reykhólar:* Ljúka framkvæmdum við umgjörð garðsins. *Blönduós:* Ganga frá bílastæði við kirkjugarðinn. *Fell í Sléttuhlíð:* Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins. *Kvíabekkur:* Lagfæra kirkjugarð. *Vellir í Svarfaðardal:* Bæta aðkomu að kirkju og gamla og nýja garðinum. *Saurbær Eyjafirði:* Lagfæring innan kirkjugarðs. *Kirkjugarðasamband Íslands:* Áframhaldandi uppfærsla á gagnagrunninum gardur.is; útgáfu Bautasteins riti sambandsins og til að sjá um útreikninga vegna tekjuútdeilingu til kirkjugarðanna, en útdeilingin byggir á gjaldalíkani er Kirkjugarðasamband Ísland lét vinna.

Auk þessa var á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum kirkjugörðum t.d. í Holti undir Eyjafjöllum, Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Skálmanesmúla, Selárdal og Helgafelli í Aðaldal.



Fáskrúðsfjörður

## Lóðarblað fyrir kirkjugarða og kirkjur.

Skilgreina þarf lóðir undir kirkjur og kirkjugarða alls staðar á landinu og gera tilheyrandi stofn- og lóðabréf. Víðast, nema þá helst í þéttbýli hefur ekki verið gengið frá lóðunum á formlegan hátt. Við sölu á ríkisjörðum eru nú afmarkaðar lóðir umhverfis kirkju og garð, ásamt því landi sem kirkjan og garðurinn hugsanlega þarf á næstu árum og áratugum.

Þetta þýðir ekki endilega að það land sem er tekið frá sé girt af, heldur breytist ekki notkun þess fyrr en þörf er á því. Er það gert til þess að tryggja að þegar og ef kirkja og garður þurfa á þessu landi að halda, þá sé þetta land til staðar og eins að ekki sé búið að ráðstafa því undir einhverja aðra notkun. Það hefur sýnt sig að full þörf er á að skilgreina lóðirnar undir kirkjur og kirkjugarða, þar sem það er farið að valda árekstrum í samskiptum ef þessi mál eru ekki frágengin.

# *Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan*

### Edda Möller, framkvæmdastjóri

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu www.skalholtsutgafan.is – þar er að finna ýmislegt sem er til sölu fyrir almenning í Kirkjuhúsinu, og ber þar fyrst að nefna bækur og annað efni sem Skálholtsútgáfan hefur gefið út. Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan er útgáfa þjóðkirkjunnar, þjónustumiðstöð fyrir kirkjur landsins og verslun fyrir almenning.

Það sem hér fæst hefur allt skírskotun til kristinnar trúar en auðvitað er leitast við að tengja saman kristna trú og daglegt líf fólks, enda kristin trú og hið veraldlega vafstur tvær hliðar á sama peningi.

Skálholtsútgáfan leitast við að sinna útgáfu fyrir innra starf kirkjunnar um leið og sinnt er útgáfu fyrir almenning. Má þar nefna bænabækur, barnabækur af ýmsum toga, bækur um lífið, tilveruna og trúna andleg leiðsögn, spurningar lífsins og hugleiðingar, en einnig er Skálholtsútgáfan útgefandi sálmabókarinnar. Á hverju ári eru útgáfuverkefni á milli 10 og 20 talsins.

Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar á Íslandi, í þéttbýli jafnt og dreifbýli. Það er einnig hlutverk okkar að sjá kirkjusöfnuðum fyrir ýmsu efni til fræðslu- og safnaðarstarfs og að útvega ýmsar rekstarvörur til kirknanna; má þar nefna oblátur, kirkjumuni, altarisklæði, dúka og hökla, ölbur, rykkilín, kerti, sálmabækur, annað undirleiks- og tónlistarefni, svo dæmi séu tekin. Kirkjuhúsið selur muni og gjafavöru á kristnum grunni. Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun Þjóðkirkjunnar varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

Í Kirkjuhúsið kemur fólk í ýmsum erindagjörðum. Að leita sér að lesefni um kristna trú, barnabókum, geisladiskum og dvd efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmiskonar aðföng fyrir kirkjur, í leit að gjafavöru og fleira. Boðið er uppá gott og fjölbreytt úrval af tónlist; gospel, Taizé, klassík, sálmatónlist af fjölbreyttustu gerð. Skírnargjafir og brúðargjafir eru sóttar í Kirkjuhúsið, jóla- og afmælisgjafir og ekki síst kemur fólk þangað þegar sorgin sækir í hús.

## Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfunni vinna þrír starfsmenn, tveir í fullu starfi og einn í hlutastarfi og sjá um verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bókhaldi, ritstjórn, dreifingu til kirkna, bókaverslana og einstaklinga. Margir verktakar koma einnig við sögu í útgáfuverkefnum. Starfsmenn eru; Edda Möller, Guðbjörg Ingólfsdóttir og Oddný Garðarsdóttir í hlutastarfi. Stjórn frá aðalfundi fyrir árið 2018 skipa: Hreinn S. Hákonarson fangaprestur, Arna Grétarsdóttir sóknarprestur, Halla Jónsdóttir hugmyndasagnfræðingur og aðjúnkt við HÍ; Sigríður Dögg Geirsdóttir viðskiptafræðingur, Elín Elísabet Jóhannsdóttir kennari, Valur Árnason lögfræðingur, Sigfús Kristjánsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu og Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, bókmenntafræðingur.

## Fjárhagur

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Þó getur hún leitað eftir styrkjum til Kirkjumálasjóðs til einstakra verkefna. Verkefnin eru næg og þörfin mikil.

# *Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri*

**Gunnar Rögnvaldsson**

„Lífið rennur sem lækur um lygnur og djúpan hyl ...“ yrkir skáld okkar Skagfirðinga Sigurður Hansen og dregur fram með líkingum sínum að lífshlaup okkar er samruni margra uppspretta. Þannig er hringrás áranna hér á Löngumýri. Farvegurinn er til staðar, svipaður frá ári til árs og um hann renna kunnuglegir straumar. Allt byggir það á góðu starfsfólki sem við erum svo heppin að heldur tryggð við okkur svo árum skiptir og er lykillinn að vinsældum staðarins. Þar fara fyrir Lísa, Sissa og Drífa ásamt sumarstúlkunum okkar hvar „ungur nemur gamall temur“ og reyndar virkar þar líka á hinn veginn þegar ungu stúlkurnar leiðbeina okkur sem eldri erum við tæknilegar úrlausnir.

Löngumýrarnefnd er óbreytt og skipuð úrvalsfólki, Lárusi Ægi Guðmundssyni á Skagaströnd, Sigríði Gunnarsdóttur sóknarpresti á Sauðárkróki og formanninum sr. Gísla Gunnarssyni Glaumbæ.

## Starfsemin

Nokkur festa er í reglubundinni starfsemi en annað er árstíðabundið. Yfir vetrartímann eru prestarnir í prófastsdæminu öflugir að nýta sér aðstöðuna fyrir sunnudagaskólann, fermingarbarnafræðslu og ekki síst TTT starfið. Lengra að koma svo sr. Gunnlaugur í Glerárkirkju með sín fermingarbörn og sr. Bjarni í Seltjarnarneskirkju svo dæmi séu tekin. Helga Bjarna stendur fyrir reglulegum samkomum eldri borgara og hefur gert í yfir tuttugu ár með



Inda í Lauftúni tv. og Helga Bjarna hafa staðið fyrir reglulegum vetrarsamkomum eldri borgara í yfir tuttugu ár. Inda kvaddi í vor og var jarðsungin frá kapellunni á Löngumýri.

nágrannakonu okkar Indu í Lauftúni sem kvaddi nú á vordögum. Þökkum við alúð hennar og ræktarsemi við Löngumýri og afburða gott nágrenni. Var við hæfi að útför Indu fór fram frá Löngumýrarkapellu á björtum vordegi í sérdeilis fallegri afhöfn.

Þá má nefna guðsþjónustur, kóræfingar og æfingabúðir á vegum Margrétar Bóasdóttur, fleira og fleira. Orlofstími eldri borgara á vegum Reykjavíkurprófastsdæma er frá vori og fram á mitt sumar, sannkallaðar gleðistundir með miklum umsvifum og góðu utanumhaldi Þóreyjar Daggar framkvæmdastjóra og hennar aðstoðarfólks sem í sumar hafa verið Anna Hulda Júlíusdóttir og Sigvaldi Helgi Gunnarsson ásamt djáknanemum í starfsnámi. Þá taka við hvíldartímabil krabbameinssjúklinga, ekkna og ekkla, kristniboðsmót og stöku ferðahópar. Fjölmargir fá svo innhlaup fyrir fundi, ættarmót, veislur,mannfagnaði, nemendamót oþh. Ónefnd eru mikil umsvif Quiltbúðarinnar á Akureyri en Nancy eigandi og driffjöður kemur árlega með stóra hópa sem dvelja hér langar helgar við prjón og bútasaum haust og vor.

Fjölmargt annað er of langt mál að telja upp.

## Framkvæmdir

Sólstofunni miðar hægt en örugglega og er um að kenna miklum önnum iðnaðarmanna. Reglulegu viðhaldi er reynt að sinna eftir efnum og er yfirvofandi endurnýjun á dúk í sundlaug, ofnum í nokkrum rýmum, útskiptingu á gleri vegna móðu, skápum í herbergjum ásamt málningarvinnu séu dæmi tekin. Eins og nærri má geta krefjast 900 fermetra eignir mikillar aðhlynningar og er besta forvörnin að sinna verkefnum áður en þau lenda á eindaga.

Umhverfið og garðurinn er í öruggum höndum Helgu Bjarnadóttur og Laufeyjar Haraldsdóttur ásamt staðarhaldara og gert hefur verið mikið átak í endurvinnslumálum.



Þær eru engu líkar konurnar í eldhúsinu þegar rigga þarf upp afmælisveislu fyrir eldri borgarana.



Hver hópur eldri borgara gróðursetur nokkur tré í dvöl sinni hér.

## Að lokum

Það er lærdómsríkt og gefandi að vinna á Löngumýri. Hingað kemur bara gott fólk sem skilur eftir kærleiksríkt andrúmsloft okkur og öðrum til handa. Að fá að umgangast börn í barnastarfi, bændur á fundum, og eldri borgara í orlofi eru tækifæri sem sannarlega eru kirkjunni til framdráttar því öllum er kunnugt eignarhaldið á staðnum sem býður þá velkomna. Er mál að undanhaldi kirkjunnar linni og innri stympingum og fram sé dregið allt það góða starf sem hún kemur að um land allt og birtist okkur sem hér störfum svo sannarlega á hverjum degi. Starfsfólki, velunnurum og velgjörðarfólki Löngumýrar, prestum og nágrönnum þakka ég einstaklega gott og farsælt samstarf á liðnu ári.

*„… Við bakkanna beggja vegna*
*blandast hin tæra lind,*
*Uns lækurinn allur er orðinn*
*annarra spegilmynd“* (SH)

# Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Sr. Fjölnir Ásbjörnsson

## Sjálfseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðaprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: Prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðaprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2018 til 2019

Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði
Varaformaður: Sr. Fjölnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti
Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)
Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)
Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)
Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:
Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## Fjármál ársins 2018-2019

Rekstrartekjur fimmtánda starfsárs voru kr. 1.125.806 þar af kr. 700.000 rekstrarframlög og styrkir. Rekstrargjöld voru samtals kr 3.724.598 kr. Tap fyrir var því kr. 2.598.792.

## Nýtt skipulag

Þegar félagið var sett á laggirnar árið 2002 var ljóst að húsið var í slæmu ásigkomulagi en því var komið í nothæft ástand. Rekstur hússins hefur verið þungur í gegnum tíðina sérstaklega

vegna viðhaldskostnaðar en reynt var að afla fjár með því að selja gistingu fyrir hópa og einstaklinga. Fyrir nokkrum árum var orðið ljóst að í óefni stefndi því að reksturinn var hættur að skila nægjanlegum tekjum og mikil þörf var á að gera upp húnæðið. Stjórn friðarsetursins ákvað því að fara nýja leið. Tekið var lán upp á kr. 35.000.000 og húsnæðið endurnýjað. Samið var við einkaaðila um að reka gistiþjónustu í Holti. Leiguverðið felst í því að greiða af láninu auk þess sem leigutaki skuldbindur sig til þess að leggja kr. 1.000.000 í viðhald árlega. Nú hefur þessi gistiþjónusta, Holt Inn verið starfandi í rúmt ár og gengið ágætlega. Vonumst við eftir því með þessu móti að geta bjargað húsi félagsins, Friðarsetrinu í Holti, frá því að grotna niður. Friðarsetrið er enn opið fyrir kirkjulegu starfi, sem dæmi má nefna að sumarið 2018 var haldin guðfræðiráðstefna í Friðarsetrinu með erlendum gestum og fyrirlesurum. Þá er á hverju ári haldin dagskrá, sem helguð er minningu skáldsins Guðmundar Inga Kristjánssonar.

## *Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf*

**Ragnar Gunnarsson, formaður**

Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að Kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Árið 2011 samþykkti auk þess kirkjuþing stefnu Þjóðkirkjunnar um kristniboð.

Nefndin hefur síðan hún var skipuð staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni. Með öðrum hætti hefur nefndin einnig reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins, að tekin séu samskot til þess, það stutt fjárhagslega og að beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur undanfarið rætt um leiðir til að vekja fleiri til ábyrgðar á kristniboði og hjálparstarfi, einkum með sóknir og safnaðarstarf um land allt í huga. Rætt var um að halda áfram umræðu og hvatningu til að innleiða víðar samskot allt árið. Eins var minnt á mikilvægi þess að taka þessa málaflokka inn í allt fræðsluefni kirkjunnar og að birta fréttir af starfinu á kirkjan.is.

Bæði Kristniboðssambandið og Hjálparstarf kirkjunnar taka þátt í samstarfsfundum um stöðu flóttamanna og nýbúa og starfs meðal þeirra. Fimm manna hópur frá SÍK sótti Refugee Highway Partnership ráðstefnu í Bosníu í febrúar.

Nefndin hefur reynt að fylgjast með framvindu verkefnisins Söfnuður til safnaðar þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnðum á starfssvæði

kristniboðsins í Afríku vináttuböndum. Um 20 sóknir hér á landi eiga sér vinasöfnuð í Afríku en tengslin eru mismikil.

Nefndin hvatti ákaft til kynnisferðar til Keníu sem til stendur að fara í janúar 2020 með fararstjórn dr. Kjartans Jónssonar.

Nefndin er skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Sigfús Kristjánsson situr fyrir hönd fræðslu- og kærleiksþjónustusviðs fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar.

# *Samband íslenskra kristniboðsfélaga*

**Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri**

## Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Víða eru tækifæri til að boða fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi og til að mæta fólki með margvíslegri kærleiksþjónustu kristniboða og samstarfsaðila SÍK. Markmið SÍK er að sinna kristinni boðun og kærleiksþjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar sóknir landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju.

## Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í Eþíópíu og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleiksþjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu Af götu í skóla í höfuðborg landsins, Addis Abeba.

Í Konsó er nú verið að reisa heimavist fyrir 40 stúlkur til þess að auðvelda þeim sem búa fjarri bænum að stunda nám í framhaldsskóla og búa við öruggar og hvetjandi aðstæður.

Í Keníu heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókot-héraði, byggingu skóla og styrkir nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana, Baringó, Marakwet og inn fyrir landamæri Úganda. Framkvæmdastjóri SÍK, Ragnar Gunnarsson, heimsótti Norðvesturbiskupsdæmi ELCK (Evangelical Lutheran Church in Kenya) í febrúar og mars til að fylgja verkefnum SÍK þar eftir og til að kenna á námskeiðum djákna og prédikara.



Á vígsludegi nýrrar kirkju í Chepkobegh, Pókothéraði, Keníu

Katsuko og Leifur Sigurðsson eru kristniboðar í Japan og starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan. Markmiðið er að starfa á meðal fólks sem þekkir ekki fagnaðarerindið um Jesú Krist, bæði yngri og eldri. Þau eru búsett og starfa á Rokkóeyju, úthverfi Kobe.

Fjölmiðlastarf Kristniboðssambandsins er annars vegar stuðningur við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat7 um sjónvarpssendingar til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Samkvæmt nýlegri talningu eru áhorfendur um 21,5 milljón, þar af 5,8 milljónir barna. Af þeim fylgjast 80% með dagskrá dag hvern. Sat7 veitir kristnu fólki von og uppörvar í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat7 er dæmi um samkirkjulegt starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna, en 80% dagskrárinnar er framleidd á svæðinu. Nýjasta og fimmta rásin er Sat7 Academy sem er sjónvarpsskóli, hugsaður fyrir börn á flótta en nýtist öllum sem vilja og ná sendingunum.

SÍK tekur þátt í undirbúningi Pak7 sem mun dreifa kristilegu efni í Pakistan frá næsta ári. Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi þess á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.

## Innanlandsstarf, skipulag og fjármál

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar, Basarsins, hér heima. Margar kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum og í samstarfi við Salt kristið



Kristniboðssamabandið hefur lagt mikla áherslu á bætta og jafna aðstöðu til náms

samfélag síðdegi á sunnudögum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin í lok febrúar og byrjun mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí svo sem verið hefur í 40 ár.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, Kristniboðsfréttir, fjórum sinnum á ári, tímaritið Bjarma þrisvar sinnum á ári í samstarfi við Salt ehf og Kristniboðsalmanakið árlega. Vefsíðan er sik.is en einnig er þó nokkur virkni á Facebook þar sem margir fylgjast með starfinu og nytjamarkaðinum, Basarnum.

Ókeypis íslenskukennsla fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna var í boði, þriðja árið í röð. Rúmlega 80 manns sóttu námskeiðin. Námskeiðin mæltust mjög vel fyrir og þátttakendur voru mjög þakklátir fyrir framtakið og samfélagið sem myndaðist. Hópur sjálfboðaliða sinnti talþjálfun, söngstund, kaffi og fleiru í tengslum við námskeiðið.

SÍK er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu. Eins hafa starfsmenn sinnt dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Undanfarin tvö ár hafa tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, NLM Ung, eflst. Þau styrkja nú starfsmann í hálfu starfi með það markmið að efla kristilegt ungmennastarf. Tæplega 20 manns héldu héðan á fjölmennt, kristilegt ungmennamót í suðvesturhluta Noregs í júlílok og enn fleiri stefna á þátttöku í ár.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlitið út á við og þar myndast tengsl við stóran hóp fólks með ýmsum hætti, auk þess að vera góð tekjulind. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60 en Basarinn er skammt frá, í Austurveri, Háaleitisbraut 68.

Formaður stjórnar er Ásta Bryndís Schram kennsluþróunarstjóri. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en tæplega 300 manns eru skráðir



Guðsþjónusta undir berum himni í skugga trésins, Sekerr, Pókothéraði, Keníu

félagar í SÍK eða aðildarfélög þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Ríflega 10 milljón króna halli var í fyrra, að hluta til vegna eyrnamerktra gjafa sem fólu í sér skuldbindingar á liðnum árum, en eins er ljóst að draga þarf út kostnaði eða auka tekjur á komandi misserum. Stjórn SÍK þakkar sérstaklega framlög kirkjumálasjóðs, Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, Hallgrímskirkju og frá ýmsum öðrum kirkjum og prófastsdæmum sem studdu við starfið með beinum framlögum eða samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsakrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega.

Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Okkar er að sá Orðinu, Guð er sá sem gefur vöxtinn. Við fáum að taka þátt í víðtæku og blessunarríku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt og snertir milljónir manna.

(Ýtarlegri skýrsla er aðgengileg á https://sik.is/

# *Samkirkjunefnd*

### Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður

## Samkirkjunefnd og fulltrúar í samkirkjulegum nefndum.

Samkirkjunefnd starfar samkvæmt starfsreglum nr.1006/2005. „Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur, kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum og samtökum. Samkirkjunefnd starfar einnig samkvæmt samkirkjustefnu sem var samþykkt á 53. Kirkjuþingi 2016

Nefndina skipa frá 1. nóvember 2014: Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður, sr. Sveinn Valgeirsson varaformaður, sr. María Ágústsdóttir formaður Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga, sr. Sjöfn Jóhannsdóttir kirkjuþingsfulltrúi og Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Varamenn eru Magnea Sverrisdóttir djákni og sr. Bernharður Guðmundsson. Framkvæmdanefnd skipa sr. Hulda Hrönn, sr. Sveinn og sr. Sjöfn. Sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari er ritari nefndarinnar.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum nefndum eru: sr. Halldór Reynisson tengiliður við Pilgrimage of Justice and Peace hjá Alkirkjuráðinu og sr. Arna Grétarsdóttir er tengiliður við Nordisk kirkelig studieråd og varaformaður í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Sr. Þuríður Björg Wiium Árnadóttir er fulltrúi í stjórn Lútherska heimssambandsins og á hún einnig sæti í Kærleiksþjónustunefnd sambandsins (DMD). Pétur Ragnhildarson og Berglind Hönnudóttir guðfræðinemar eru fulltrúar okkar í verkefninu LWF Young Reformers sem er innan Kærleiksþjónustusviðsins og byggist á tölvusamskiptum. Helga Björg Jónsdóttir djákni tekur þátt í verkefninu People on the move (LH) fyrir hönd Þjóðkirkjunnar (2018-2020) sem hófst í Rúmeníu. Sr Halldór Reynisson og Sindri Geir Óskarsson guðfræðingur fóru fyrir hönd Þjóðkirkjunnar á 12. fund European Christian Enviromental Network (ECEN) um umhverfismál sem haldinn var í Katowice í Póllandi í október 2018. Einnig var Sindri Geir fulltrúi Þjóðkirkjunnar í sendinefnd LH á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Sr. María Ágústsdóttir var fulltrúi kirkjunnar í kirkju- og guðfræðihópi Evrópska kirknasambandsins. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni er tengiliður við Eurodiaconia, sr. Sigurður Árni Þórðarson er Porvoo tengiliður þjóðkirkjunnar. Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn er fulltrúi þjóðkirkjunnar hjá Wicas (Kvennavettvangi Lútherska heimssambandsins) og hún er einnig fulltrúi í NEKK (Nordiska Ekumeniska Kvinnokommittén) sem fundar á sama tíma. Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson fór á Samkirkjulega fræðidaga í Bæjaralandi í Þýskalandi í maí 2019, sem Lútherska kirkjan í Bayern býður þjóðkirkju Íslands árlega að sækja heim. Yfirskrift fræðidaganna var „Rediscovering Spirituality" Inpulses from the Christian Traditions. Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir fór sem fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar á 70 ára afmælisfagnað Alkirkjuráðsins sem haldinn var í Amsterdam í ágúst 2018 en þjóðkirkjan var einn af stofnaðilum Alkirkjuráðsins.

## Fundir og fréttabréf

Ársfundur Samkirkjunefndar var haldinn á Biskupsstofu fimmtudaginn 21. febrúar 2019. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Samkirkjumál voru kynnt fyrir djákna- og prestsefnum sem komu í stofnanakynningu og starfsþjálfun á Biskupsstofu. Nefndin sendi út þrjú fréttabréf á árinu. Eitt bréf var sent út til kirkjuþingsfulltrúa og sóknarnefndarformanna þar sem kynnt voru Alkirkjuráðið og Lútherska heimssambandið. Tvö bréf voru send út til presta og djákna. Fyrra bréfinu var til að vekja athygli á að skurðlæknirinn, prestssonurinn, leikmaðurinn, baráttumaðurinn og einn af fyrirlesurum Heimsþings LH dr. Denis Mukwege væri handhafi friðarverðlauna Nóbels árið 2018. Hann ásamt Nadia Murad hafa barist fyrir því að stöðva notkun kynferðislegs ofbeldis sem vopn í stríði og í hernaðarlegum átökum. Síðara bréfið sagði frá fyrirhuguðu heimsþingi Alkirkjuráðsins árið 2021 þar sem yfirskriftin mun verða: Elska Krist færir heiminn til sáttar og einingar. Einnig var rætt um hungur í heiminum sem hefur aukist og matarboðorð Alkirkjuráðsins ásamt verkefni Lútherska heimssambandsins Waking the Giant. Þetta verkefni á að tengja kirkjurnar saman í þeirra góða starfi sem þær eru að vinna að nú þegar og rétta út hönd sína þar sem hjálpar er þörf svo enginn verði skilinn eftir, um leið og þeim verður kynnt markmið og aðgerðaráætlun Sameinuðu þjóðanna til 2030 um sjálbæra þróun.

## Aðildargjöld

Árið 2018 greiddi Þjóðkirkja Íslands samtals kr.3.704.579 í aðildargjöld. Þau skiptast þannig:

| | |
|---|---|
| Lútherska heimssambandið | kr. 1.932.493 |
| Alkirkjuráðið ……………………….. | kr. 1.129.836 |
| Kirknaráð Evrópu………………… | kr. 411.939 |
| Evrópska kærleiksþjónustan .. | kr. 230.311 |

## Starfið

Heimurinn breytist hratt. Það finnum við vel í starfi Samkirkjunefndar. Því er full þörf á að söfnuðir Íslensku Þjóðkirkjunnar séu vakandi og reyni að átta sig á öllum þeim breytingum sem eru að gerast í þjóðfélaginu hér heima og erlendis. Við þurfum að aðlaga okkur að einhverju leyti þessum breytingum en um leið að standa stöðug í Guðs orði sem er lífgefandi afl, og bera áfram ljósið og ástina sem Guð hefur gefið okkur til annarra manna, og halda í heiðri mannvirðingu og virðingu fyrir sköpuninni.

Í I. Korintubréfi stendur: „En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur." (I.Kor.13:13)

# *Tónskóli þjóðkirkjunnar*

**Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri**

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem Kirkjuráð samþykkir.

Kirkjutónlistarráð, sem jafnframt er stjórn skólans er skipuð Guðmundi Sigurðssyni sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Sigurjóni Árna Eyjólfssyni. Stjórnin, auk varamanna fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri situr einnig fundi ráðsins.

Ráðið hefur fundað stíft í vetur. Fyrir lá áframhaldandi endurskoðun á tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar. 2017 samþykkti kirkjuþing nýjar starfsreglur um kirkjutónlist sem kirkjutónlistarráð hafði unnið.

Að mínu mati eru þessar nýju starfsreglur vendipunktur í starfsumhverfi organista, bæði hvað varðar starfsskilyrði og fyrirkomulag ráðninga og því afar mikilvægar þessari stofnun - Tónskóla Þjóðkirkjunnar og framtíð nemenda skólans. Á vordögum lauk ráðið við stefnuna og færði biskup sem leggur hana fyrir kirkjuráð og kirkjuþing.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Bjönduóskirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík, Hjallakirkju, Kópavogskirkju, Langholtskirkju og Laugarneskirkju. Kórstjórnarkennslan fer fram í Listaháskóla Íslands.

## Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið uppá Einleiksáfanga fyrir þau sem vilja auka við menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og Kantorspróf eða Masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við í fullu starfi.

## Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eyþór Ingi Jónsson, Eyþór Franzson Wechner, Guðrún Óskarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jónas Þórir Þórisson, Lára Bryndís Eggertsdóttir, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéóva og Magnús Ragnarsson. Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.
Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.



Á myndinni má sjá útskriftarnemana ásamt kennurum, skólastjóra og verkefnisstjóra kirkjutónlistar. (Ljósmynd: Hrefna Harðardóttir)

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Kennsla hófst í byrjun september. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkennslu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 24. maí 2019.

Alls hófu 19 nemendur nám við skólann s.l. haust, þar af einn á Ísafirði, tveir á Akureyri og einn á Blönduósi. Einn nemendi stundaði nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Er ánægjulegt að sjá fólk um land allt sem hefur áhuga á að starfa að framgangi kirkjutónlistarinnar.

Endurmenntun er mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans.

Þar hafa útibú Tónskólans á Akureyri og á Ísafirði sannað gildi sitt og núna einnig útibúið á Blönduósi.

Stjórn skólans ákvað á vordögum 2018 að framvegis verði starfandi organistum sem hafa lokið námi við Tónskólann gefinn kostur á endurmenntun í orgelleik frá og með haustinu

2018. Er námið hugsað fyrir þau sem hafa lokið námi við skólann en hafa hug á að bæta við verkefnalistann eða að undirbúa orgeltónleika, vígslu nýs orgels, vinna að ákveðnu verkefni eða fá hvatningu og stuðning í reglulegum orgeltímum.

Nú hefur stjórnin ákveðið að auka enn flóru endurmenntunar og næsta haust mun Gunnar Gunnarsson hefja það sem hann kallar „samtal um bókstafshljóma".

Tveir nemendur luku áfanga frá Tónskólanum. Sunna Karen Einarsdóttir lýkur kórstjórnarnámi. Tuuli Rähni lýkur kantorsprófi.

***- Organistastefna í Skálholti***

Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri þjóðkirkjunnar boðaði til organistastefnu í Skálholti 10. og 11. september. Aðalgestur stefnunnar var kirkjutónlistarmaðurinn og tónskáldið Trond Kverno frá Noregi. Nemendum Tónskólans var boðið að taka þátt og fengu þannig að kynnast þessum risa í norrænni kirkjutónlist.

***- Kórvesper í Langholtskirkju***

Reglulegur hluti kórstjórnarnámsins er að flytja kórvesper. 31. október 2018 og 20. febrúar 2019 sungu nemendur Tónskólans og Listaháskóla Íslands kórvesper í Langholtskirkju. Prestar kirkjunnar leiddu stundina ásamt Magnúsi Ragnarssyni organista.

***- Gestakennari frá Rúmeníu***

Orgelleikarinn János Kristófi dvaldi á Íslandi dagana 13.–16. nóvember við kennslu. Orgelnemendur í Listaháskóla Íslands og Tónskóla Þjóðkirkjunnar fengu einkatíma hjá honum og er þessi kennsla liður í Erasmus kennaraskiptum LHÍ. Auk þess kom János fram í tónleikum í Hjallakirkju. Samstarfið við LHÍ hefur þannig opnað möguleikann á nemenda- og kennaraskiptum milli landa og þá bæði frá Íslandi og til Íslands.

***- Tónleikar Listaháskóla Íslands og Tónskóla Þjóðkirkjunnar í samstarfi við Listvinafélag Hallgrímskirkju***

Nemendur TÞ og LHÍ voru í burðarhlutverki í sameiginlegum tónleikum Listvinafélags Hallgrímskirkju og LHÍ 17. nóvember í Hallgrímskirkju þar sem fluttir voru kaflar úr Requiem eftir Gabriel Fauré auk verka fyrir kór og orgel.

***- Jólatónleikar Tónskóla Þjóðkirkjunnar 2018***

Jólatónleikar Tónskólans voru haldnir í Laugarneskirkju 7. desember. Þar komu fram nemendur skólans í kórstjórn og orgelleik og fluttu aðventu og jólatónlist.

***- Messe pour les paroisses – fyrirlestur og tónleikar***

Sunnudaginn 7. apríl voru tónleikar í Hallgrímskirkju þar sem Eyþór Ingi Jónsson, organisti og Gregorskórinn Cantores Islandiae fluttu Messe pour les paroisses eftir franska barokktónskáldið François Couperin.

Á undan tónleikunum héldu þeir Eyþór Ingi og Ágúst Ingi Ágústsson fyrirlestur um hugmyndina að baki uppsetningar orgelmessu Couperin. Einnig var komið lauslega inn á stöðu gregorsöngsins á 17. öld. Auk þess var fjallað um leiðbeiningar franskra barokk-tónskálda um raddskipan orgelverka og túlkun þeirra.

***- Dagur kirkjutónlistarinnar***

10. apríl stóð söngmálastjóri þjóðkirkjunnar fyrir Degi kirkjutónlistarinnar í Hjallakirkju í Kópavogi í samstarfi við Kirkjutónlistarráð, Tónskólann, FÍO og PÍ.

Á dagskránni var m.a. örerindi, fyrirlestur, sameiginleg æfing og hátíðarmessa. Nemendur og kennarar skólans tóku þátt í hátíðarmessunni. Var þetta einstaklega vel heppnaður dagur og vonandi verður framhald á.

***- Tvennir tónleikar voru á vegum Tónskólans í vor;***

15. maí tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskóla Íslands og Tónskólans. 21. maí framhaldsprófstónleikar Tuuli Rähni í tengslum við kantorspróf hennar. Tónleikarnir fóru fram í Hallgrímskirkju.

***- Kórstjórnarkennslan***

Mörg undanfarin ár hefur Tónskólinn verið í samstarfi við LHÍ um nám í kirkjutónlist. Fyrir fjórum árum var samstarfið útvíkkað á þann hátt að nemendur LHÍ geta nú sótt kórstjórnartíma í Tþ. Að mínu mati er kennsla í kórstjórn eitt það mikilvægasta sem hægt er að kenna í tónlist á Íslandi með alla sína mörgu kóra. Hefur þetta samstarf gengið afar vel fyrir báða skólana og sýnir glöggt hvað samstarf stofnana getur leitt af sér góða hluti. Lykilmaður í þessu samstarfi er Magnús Ragnarsson, kennari í kórstjórn.

***- Tónskólinn um land allt***

Tónskólinn hefur um langt skeið haft útibú á Akureyri í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri. Í vetur stunduðu tveir nemendur nám þar. Kennari er Eyþór Ingi Jónsson.

Undanfarna vetur hefur Tónskólinn boðið upp á nám í kirkjutónlist fyrir organista á Vestfjörðum. Mikilvægur þáttur organistanámsins er nám í kórstjórn. Tónskólinn hefur verið í samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði og hefur Beata Joó kennari við skólann kennt kórstjórnarnemum. Hefur einn nemendi stundað námið í vetur. Í þessu samhengi megum við gleðjast yfir því að þetta námsframboð Tónskólans á Ísafirði hefur orðið til þess að nú útskrifast Tuuli Rähni sem kantor frá Tónskólanum og mun örugglega efla kirkjutónlistina á vestfjörðum.

S.l. haust hófst svo námsframboð á Blönduósi og hófu tveir nemendur nám. Kennari á Blönduós er Eyþór Franzson Wechner.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að Tónskólinn haldi úti námsframboði sem víðast um landið þannig að organistar hafi kost á að auka menntun sína.

Vefsíða Tónskólans er:
www.tonskoli.is
www.facebook.com/tonskoli.is/

# *Verkefnisstjóri kirkjutónlistar*

**Margrét Bóasdóttir**

## Um starfið

Helstu þættir í starfi söngmálastjóra eru umsjón með kirkjutónlistarmálum þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista, kirkjukóra, barnakóra, presta og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd símenntunar, útgáfa söngefnis, nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti.

Organistar landsins eru um 105 talsins, en aðeins rúmlega 30 þeirra í fullu starfi. Slíkt skapar oft erfiða stöðu fyrir helgihald, sérstaklega í fámennari sóknum. Margir erlendir tónlistarmenn koma til vinnu á Íslandi og verða einnig organistar. Framlag þeirra er mjög mikilvægt en oft þekkja þeir ekki til íslensks helgihalds og því þurfa þeir á góðri aðstoð að halda í upphafi starfs.

Áætlað er að minnst 2500 manns syngi í kirkjukórum landsins og um 500 börn í barnakórum við kirkjur eða í skólakórum sem eru í föstu samstarfi við sína sóknarkirkju. Ljóst er að kórastarf innan þjóðkirkjunnar er langfjölmennasta sjálfboðaliðastarf hennar.

Það er mikið metnaðarmál að efla og styðja barnakórastarf kirkna því markvisst kórastarf með börnum mun skila þekkingu og skilningi á mikilvægi tónlistar og trúariðkunar.

## Sálmabókarnefnd.

Útgáfa sálmabókarinnar frestast til haustsins 2020. Sálmabókarnefnd hefur fundað reglulega en mesta vinnan fer fram milli funda.Auk mikillar og vandasamrar vinnu við hljómsetningu sálma og uppsetningu þeirra, mun taka nokkra mánuði að afla allra leyfa fyrir tónlist og textum sálmanna. Norska forlagið Cantando sem gaf út norsku sálmabókina mun annast samskipti við rétthafa og beiðnir um útgáfuleyfi í samstarfi við Skálholtsútgáfuna. Alls starfa 10 manns í sálmabókarnefnd. Söngmálastjóri hefur sérstaklega séð um kynningarstarf með sálmakynningum í söfnuðum landsins.

## Kirkjutónlistarráð.

Á starfsárinu 2018-19 hefur ráðið fundað mánaðarlega. Söngmálastjóri situr fundi ráðsins. Unnið var að endurskoðun Kirkjutónlistarstefnu þjóðkirkjunnar og lauk textavinnu í maí. Formaður ráðsins, Guðmundur Sigurðsson, afhenti Biskupi Íslands textann sem svo verður lagður fyrir Kirkjuþing.

## Dagur kirkjutónlistarinnar.

Laugardaginn 23. mars 2019, var í fyrsta sinn haldinn Dagur kirkjutónlistarinnar. Í undirbúningsnefnd voru fulltrúar FÍO og PÍ ásamt skólastjóra Tónskólans, formanni Kirkjutónlistarráðs og söngmálastjóra. Dagskráin var haldin í Hjallakirkju þar sem kynntir voru nýir sálmar, flutt fjögur



Una Margrét Jónsdóttir dagskrárgerðarkona á Rás 1 Ríkisútvarpsins og Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands við afhendingu tónlistarviðurkenningar þjóðkirkjunnar á Degi kirkjutónlistarinnar 23. mars. 2019.

stutt erindi um ýmis kirkjutónlistarefni ásamt umræðum og aðalerindi Hauks Inga Jónassonar; Sálfræði safnaðarsöngsins. Dagskránni lauk með hátíðarmessu þar sem mikið var sungið og biskup Íslands predikaði. Í lokin var afhent heiðursviðurkenning þjóðkirkjunnar. Hana hlaut Una Margrét Jónsdóttir dagskrárgerðarkona Ríkisútvarpsins, fyrir þætti sína, alls 15 talsins, *Blaðað í sálmabókinni*.

## Barnakórar við kirkjur

Um 11-12 kirkjur starfrækja barnakóra, sumar í tveimur deildum og jafnvel fleirum og fer þeim kirkjum fjölgandi sem bjóða upp á barnakórastarf.

Ég hef leitast við að efla starf barnakóra við kirkjur með samstarfsverkefnum og nýjum verkefnum. Í byrjun júní 2018 var í fyrsta sinn boðið upp á kórsumarbúðir í Skálholti, að mestu leyti eftir fyrirmynd norsku kirkjunnar sem ég kynntist sumarið 2017. Markmiðið er að elstu söngvarar unglingakóranna fái boð um að koma og það sé þakklætivottur fyrir áralangt söngstarf í kirkjunni ásamt því að kynnast unglingum úr öðrum kórum. 25 unglingar; stúlkur og einn strákur tóku þátt; Samveran stóð frá fimmtudegi til sunnudags og var æft og sungið í messu í Skálholtskirkju í lokin, en auk þess farið í fjallgöngu, sund og haldnar kvöldvökur. Samkvæmt könnun sem þátttakendur svöruðu í lokin, voru þau mjög ánægð með allt, og helsta athugasemdin var að þetta hefði verið of stutt.

Því miður varð að fella niður fyrirhugaða sams konar dvöl í ár, því í lok maí kom í ljós að þátttaka var alltof lítil. Þetta sýnir ef til vill í hnotskurn hve brothætt starf með börnum er.

Langholtskirkja bauð í annað sinn fram húsnæði sitt fyrir barnakórahátíð í nóvember og



Barnakórar, sögumaður og hljómsveit sem fluttu verkið „Hver vill hugga krílið“
í Langholtskirkju 17. febrúar 2019. Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson.

búið var að ákveða verkefni; 30 mín. langan söngleik, Hver vill hugga krílið eftir sögu Tove Janson við tónlist Oliviers Manoury. Ekki var búið að fjármagna þýðingu textans svo embætti söngmálastjóra tók það að sér, en tónlistarfólkið fékk styrk úr Tónlistarsjóði fyrir hljóðfæraleik sinn. Þórarinn Eldjárn þýddi söng- og sögutextana með glæsibrag og hefur sagan nú verið gefin út hjá Forlaginu. Vegna óhagstæðra aðstæðna hjá kórum og kórstjórum aðallega fyrir vetrarfrí í skólum, var ákveðið að fresta verkefninu og fór það fram 16.-17. febrúar. Um 70 börn tóku þátt og var húsfyllir á tónleikunum. Myndbandsupptaka var gerð og mikil ánægja hjá þátttakendum og aðstandendum. Kórarnir sáu einnig um allan messusöng kl. 11.00 í Langholtskirkju.

Talsvert er um að erlendir kórar leiti eftir aðstoð við að koma til landsins. Í ár voru þar á meðal tveir barna- og unglingakórar; frá dómkirkjunni í Portsmouth sem söng í Skálholtskirkju og Hallgrímskirkju og í sumar kemur kór frá Jacksonville og syngur í Dómkirkjunni.

## Tónlist í barnastarfi kirkjunnar, samstarf við Fræðsludeild

Ekki varð af samstarfi við Fræðsludeild um söngva tengda barnaefni sl. haust, en stefnt er að því að vinna vel saman fyrir útkomu barnaefnis næsta haust.

## Útvarpsmessur af landsbyggðinni – samstarf við RUV

Í ár var leitað til safnaða í Þingeyjarsýslum um að taka upp útvarpsmessur til flutnings á komandi sumri. Allir prestar í sýslunum tveimur, sex talsins ásamt sameinuðum kirkjukórum sókna hvers prestakalls, organistum, lesurum og meðhjálpurum tóku þátt og fóru upptökur

fram í Húsavíkurkirkju helgina 25-26. maí. Héraðssjóður prófastdæmisins bauð flytjendum upp á súpu og kaffi að lokinni upptöku hverrar messu. Messunum verður svo útvarpað í júní til ágúst.

Þátttakendur voru rúmlega 100 í þessu verkefni og upptökumaður RUV var Einar Sigurðsson. Söngmálastjóri sá um skipulagningu og framkvæmd þessa verkefnis.

## Símenntun; Organistastefna og Kórstjórasamvera

Fjórða Organistastefna þjóðkirkjunnar var haldin í Skálholti 9. -10. september 2018.

Þátttakendur voru 23 og gestur okkar var norska tónskáldið Trond Kverno. Hann kynnti okkur fjölbreytta kirkjutónlist sína og einnig var hann heiðursgestur í messu í Hallgrímskirkju á sunnudagsmorguninn þar sem hluti þátttakenda ásamt félögum í Mótettukórnum fluttu kórverk hans.

Dagana 7.-8. september var í annað sinn haldin Kórstjórasamvera í Skálholti. Þátttakendur voru 22 og finnski kórstjórinn Sanna Valvanne sem árið áður vann með barnakórum við kirkjur í Langholtskirkju, var leiðbeinandinn. Þetta voru glæsilegir listamenn og mikill fengur fyrir okkur að fá að kynnast vinnu þeirra og verkum.

## Menntadagur PÍ 2019

Menntadagur PÍ var haldinn 29. apríl í Áskirkju í tengslum við Prestastefnu. Þar stjórnuðum við Björn Steinar Sólbergsson söng og kynningu nýrra sálma í lok dagskrár.

## Sálmakvöld og söngdagar með kirkjukórum og söfnuðum.

7. nóvember voru í fjórða sinn tónleikar kirkjukóra í Suðurprófastdæmi á árlegum minningardegi um Jón Arason, biskup í Skálholtskirkju. Þátttökukórar fluttu eigin dagskrá og þátt úr Sálumessu eftir Gabriel Fauré undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og Jón Bjarnason lék á orgelið.

Vígslubiskup, Kristján Björnsson stýrði dagskránni í minni fjarveru, en ég var stödd á ársfundi Leiturgia-nordisk netværk í Noregi.

Héraðssjóður bauð öllum kórum í súpu milli æfingar og tónleika.

24. október var sálmakvöld með kirkjukórum Staðarstaðaprestakalls á Lýsuhóli. Kristín Jóhannesdóttir var með mér og við kynntum og kenndum 12 sálma úr bókinni Sálmar 2013. Vel var mætt af kórfólki og gott samstarf við sóknarprest, Arnald Mána Finnsson og sóknarnefnd í framkvæmd kvöldsins.

31. október var fjölsótt sálmakvöld í Glerárkirkju þar sem ég ásamt organista kirkjunnar, Valmari Valjaots kynnti og kenndi fjölda sálma. Þetta var eitt af fræðslukvöldum prófastsdæmisins sem héraðsprestur, Guðmundur Guðmundsson skipulagði. Einnig var ég með fund með organistum við Eyjafjörð og Húsavík fyrr um daginn.

11. nóvember var Söngdagur á Höfn í Hornafirði með kórum frá Höfn, Djúpavogi og Kirkjubæjarklaustri. Jörg Sondermann organisti á Höfn hafði veg og vanda af undirbúningi og í lokin var helgistund þar sem kórar sungu eigin lög og einnig saman.



Sálmar og Jazz, dagskrá í Tálknafjarðarkirkju 24. febrúar 2019.

13. janúar var Sálmadagur á Löngumýri í Skagafirði þar sem organistar og kórfólk héraðsins kom saman og söng og lærði nýja sálma. Prófastur, sr. Dalla Þórðardóttir sá um undirbúning ásamt mér og organistum.

23.-24.febrúar var komið að síðasta verkefninu sem 5. alda nefndin úthlutaði styrk til að kirkjukórar og jazztríó ynnu saman að flutningi nýrra sálma og siðbótarsálma. Ég fór ásamt Jazztríói Jóns Rafnssonar til Tálknafjarðar þar sem sameinaðir kirkjukórar Patreksfjarðar-, Tálknafjarðar- og Bíldudalskirkju undir stjórn Marion Worthman og Marte Strandbakken æfðu fjölbreytta sálmadagskrá með tríóinu og fluttu hana svo á sunnudag fyrir þéttsetna kirkju. Einar Bragi, skólastjóri tónlistarskóla Vesturbyggðar blés einnig listilega í saxófón. Þetta var frábær upplifun fyrir bæði þátttakendur og áheyrendur. Sóknarpresturinn, sr. Kristján Arason sá um skipulagningu ásamt mér.

17. janúar kynntum við Guðný Einarsdóttir nýja sálmabók fyrir fulltrúum norræna kirkjutónlistarráðsins sem fundaði á landinu. Finnsku fulltrúarnir kynntu einnig næsta norræna kirkjutónlistarmótið sem verður í Helsinki í september 2020 á vel sóttum morgunverðarfundi organista sem söngmálastjóri ásamt FÍO bauð til.

2. apríl kynnti ég og kenndi nýja sálma í vikulegri samveru aldraðra í Neskirkju. Steingrímur Þórhallsson organisti sá um samveruna með mér.

## Fundir með organistum, prófföstum, STEFi o.fl.

Í tengslum við sálmakvöld og samverur funda ég með organistum eftir því sem tækifæri gefst. Árlega í janúar hef ég komið inn á fund prófasta með biskupi og kynnt verkefni og hvatt til samvinnu við prófastdæmin. Svo var einnig í ár. Ég fundaði með forsvarskonum Útfararstofu kirkjugarðanna um ýmis mál, m.a. innheimtu STEFgjalda fyrir tónlist við útfarir en með nýjum samingi milli þjóðkirkjunnar og STEFs sem vonandi tekst að klára á árinu, mun falla niður innheimta útfararstofa á þessu gjaldi hjá aðstandendum, og það fara inn í heildarsamning. Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur hefur unnið ásamt mér að slíkum samingi með forsvarsmönnum STEFs. Drög að heildarsamingi eru nú tilbúin og verða lögð fyrir fund kirkjuráðs. Þetta verður grundvallarbreyting á skipan mála þar sem menntamálaráðuneyti fellir úr gildi reglur frá 1972. Þjóðkirkjan greiðir heildarupphæð fyrir notkun tónlistar í helgihaldi; í messum, útförum og brúðkaupum. Miðað verður við 8000 athafnir á ári, m.v. innri samþykktir kirkjunnar og upplýsingar um athafnir frá Þjóðskrá, og allt annað opinberlega auglýst safnaðarstarf fellur undir það heildargjald sem aðilar komast að samkomulagi um.

Stofnaður verður nýr sjóður, Tónlistarsjóður þjóðkirkjunnar og STEFs og renna þangað 20% af innheimtu réttindagjaldi. Gera má ráð fyrir að sjóðurinn eflist til muna við slíkan samning.

## Aðstoð og ráðgjöf til sóknarnefnda.

Ég hef boðið sóknarnefndum sem auglýstu lausar stöður organista að senda þær á póstlista starfandi organista. Einnig bauð ég fram faglega ráðgjöf og sóknarnefndir sem auglýstu organistastöður nýttu sér þessa þjónustu. Ásamt skólastjóra Tónskólans og formanni FÍO fór ég yfir umsóknir og við skiluðum skriflegri umsögn um hæfni miðað við orðalag auglýsingar.

## Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands

Ég hef umsjón með vikulegum messum guðfræðinema, mæti í messurnar, leiðbeini nemendum við sálmaval og messuþætti og útvega organista, oftast úr röðum nemenda Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Ég hef einnig umsjón með 1. des. messunni, æfi sönginn og stýri honum. Ríkisútvarpið hljóðritar messuna og er henni útvarpað 2. sd. í aðventu. Þannig hefur messa guðfræðinema aftur komist inn í dagskrá RUV. Á haustmisseri kenndi ég ásamt Kristjáni Val Ingólfssyni sálmafræði og helgisiðafræði og var það í þriðja sinn sem við kennum slíkt námskeið.

## Raddmat við lok starfsþjálfunar

Ég vinn með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu í þeim tilgangi að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar hjá bæði prestsnemum og djáknanemum.

Nemendur fá í lok starfsþjálfunartímans sérstakt raddmat, þar sem þeir koma til mín og lesa, flytja eigin texta, tóna helstu atrið tónsöngs kirkjunnar og syngja sálma og fá skriflega umsögn og leiðbeiningar um færni sína og hvernig má auka hana ef þarf.

Í lok starfsþjálfunartímabils er einnig kynning á stofnunum kirkjunnar, og þar kynnir söngmálastjóri einnig sitt starf.

## Raddþjálfun presta

Í samstarfi við Prestafélag Íslands bauð ég í fjórða sinn upp á raddþjálfun í desember til undirbúnings fyrir jólahátíðartónið. Margir prestar nýttu sér þetta og voru afar þakklátir. Einnig aðstoðaði ég biskup Íslands og Dómkórinn við undirbúning og sjónvarpsupptöku á jólamessu biskups sem var tekin var upp í Dómkirkjunni eins og síðasta ár.

## Tónmenntasjóður kirkjunnar

Sjóðurinn er enn í vörslu Menntamálaráðuneytis og er söngmálastjóri formaður. Aðrir í stjórn eru fulltrúar STEFs og Rithöfundasambands Íslands. Ákveðið var að auglýsa í fyrsta sinn styrki úr sjóðnum í samræmi við skipulagsskrá um hlutverk sjóðsins; að efla kirkjutónlist í tónlist og textum. Auglýst var sl. haust og bárust 23 umsóknir. Ákveðið var að veita 11 verkefnum styrk og voru þeir afhentir með viðhöfn í safnaðarheimili Háteigskirkju 3. Janúar 2019. Aftur mun verða auglýst að hausti.

## Sumartónleikar í Skálholtskirkju.

Ég er formaður stjórnar Sumartónleika í Skálholtskirkju, en formaður er fulltrúi vígslubiskups í Skálholti. Auk þess sitja í stjórn fulltrúi Listaháskóla Íslands, Tryggvi M. Baldvinsson og fulltrúi Menntamálaráðuneytis, Kolbeinn Bjarnason. Skipunartími stjórnar rennur út um næstu áramót. Nýir listrænir stjórnendur og framkvæmdastjórar voru ráðnir fyrir sumarið 2019; Páll Ragnar Pálsson, tónskáld og kona hans Tui Hirv, söngkona.

## Skólaráð Skálholtsskóla

Ég er varamaður í skólaráði Skálholtsskóla. Formaður hefur verið Hreinn S. Hákonarson. Nú standa fyrir dyrum breytingar á stjórn Skálholts og skólaráði.

## Erlend samskipti

Norræn samtök kirkjukóra, NKSF, hafa starfað síðan 2002 og haldið nærræn söngmót á fjögurra ára fresti. Næsta mót verður 2022 í Visby á Gotlandi og búið að kalla til undirbúningsfundar þar næsta haust.

Leitourgia, nordisk liturgisk netværk er samstarf um tónlist, lítúrgíu og guðfræði. Ég sit nú í stjórn fyrir Íslands hönd. Ársfundurinn var 6.-10. nóvember í Tönsberg og næsti staður er Malmö. Árið 2020 verður fundurinn haldinn á Íslandi og verður í Skálholti. Dagskrá fundanna er alltaf sérlega áhugaverð og mikilvægt að kynnast kollegum Norðurlandanna.

Evrópsk samtök um evangelíska kirkjutónlist, ECPCM, *European Conference for Protestant Church Music* hafa starfað í 19 ár. 22 lönd eiga aðild. Ársfundur þeirra var nú í Palanga í Lithaen í september sl. Þar voru glæsilegar mótttökur og áhugavert að kynnast starfi lútersku kirkjunnar í landinu en hún er í algjörum minnihluta; tæplega 1% þjóðarinnar tilheyra henni. Næsti fundur verður í Þýskalandi.

Nordhymn er samnorrænt verkefni í sálmafræði og er miðað við rannsóknarverefni á

háskólastigi. Ég sit þó í stjórn fyrir Íslands hönd í bili og sótti fund í Þrándheimi sl. haust og síðan í Lundi 11.-12. mars. Næsti fundur verður í október og hef ég bókað Skálholt fyrir hann. Þar munu tveir til þrír fulltrúar okkar kynna íslensk verkefni og nýja sálmabók.

Ég sótti einnig haustráðstefnu norsku kirkjunnar í Þrándheimi um leið og fund Nordhymn. Það var ánægjulegt að kynnast fræðslustarfi hennar í tónlistarmálum.

## Aðstoð við erlenda kóra.

Talsvert er um að beiðni berist um fyrirgreiðslu og aðstoð við kóra sem vilja koma til landsins og flytja kirkjulega tónlist. Ég reyni að verða við slíkum beiðnum og hef beint kórum í Skálholt til dvalar og tónleikahalds sem og tengt kórana við ýmsar kirkjur höfuðborgarsvæðisins; helst þó Hallgrímskirkju og Dómkirkjuna sem eru miðsvæðis og geta þannig tryggt góða aðsókn á tónleika. Kórarnir syngja einnig oft við messur í viðkomandi kirkjum.

Af þessari skýrslu má sjá hve fjölbreytt starfið er. Hér hefur verið getið helstu verkefna en fjölmörg erindi og fundir eru auk þess sem hér er talið. Ég hef áhuga fyrir að efla enn frekar tónlistarstarf í fermingarfræðslu, auka þjónustu við tónlistarfólkið í barnastarfi, efla söngstarf með öldruðum svo eitthvað sé nefnt, því tónlistarstarf kirkjunnar felur í sér almannagæði sem mikilvægt er að nýta til að efla boðun kirkjunnar og auka þátttöku í kirkjulegu starfi.

# Sérþjónustuprestar

## *Fangaprestur þjóðkirkjunnar*

**Sr. Hreinn S. Hákonarson**

Það sem hæst ber í starfi fangaprests á liðnu starfsári er að hann lét af störfum 1. maí s.l. eftir störf í aldarfjórðung og einu ári betur. Mun undirritaður þó sinna lágmarksþjónustu við fangelsin þar til nýr fangaprestur hefur verið ráðinn. Ráðgert er að auglýsa stöðuna í september en áður þarf að fara fram svokölluð þarfagreining á henni.

Fangaprestur er þakklátur öllu því fólki sem hann hefur kynnst í starfi sínum á umliðnum áratugum og biður því öllu blessunar Guðs.

### Hjálparorð fangans

Þegar fangaprestur hóf störf árið 1993 kom frá hans hendi um haustið lítið kver, *Hjálparorð fangans*, orð til íhugunar og bænir. Hún var afhent föngum endurgjaldslaust og gekk fljótt til þurrðar. Fangar kunnu vel að meta tiltækið. Í mars á þessu ári kom önnur útgáfa þessa kvers út eins og í kveðjuskyni, ögn breytt að formi til og efni. En kjarninn var sá hinn sami. Henni var tekið fagnandi sem fyrr. Eftirmaður undirritaðs mun fá það sem eftir er af upplaginu og dreifa til nýrra fanga kjósi hann svo. Útgáfa þessa kvers var studd af ýmsum og er fyrir það þakkað.

### Grunnþættir í þjónustunni

Þjónusta við fangelsin á liðnu ári var með svipuðu sniði eins og árin áður.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru fimm að tölu: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Hólmsheiðarfangelsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri.

Segja má að einn mikilvægasti þátturinn í starfi fangaprests sé fólginn í samvistum með föngunum. Fangaprestur er á meðal fanganna þar sem þeir eru. Sumsé á vettvangi þeirra og gerir sér far um að muna nöfn þeirra en það er mikilvægt einfaldlega út frá því að hver maður á sér nafn en er ekki nafnlaus hópur. Einstaklingurinn er með nafn. Og margur fanginn er í hjarta sínu þakklátur fyrir það að nafn hans skuli munað og er stundum hissa á því að einhver skuli muna það.

Fangaprestur fer inn í heim fanganna: klefa, fangadeildir, útivistarsvæði, einangrun, vinnustaði o.s.frv. Með þessu móti kynnist fangaprestur föngunum býsna vel en þó alls ekki öllum – því þeir eru misjafnir eins og aðrir. Langflestir vilja þó eiga orðastað við fangaprest.

Formlegt helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Sr. Hjalti Jón Sverrisson, tónlistarmaður, hefur liðsinnt fangapresti í helgihaldinu með lipurð og alúð.



Margrét Bóasdóttir með kór háskólakavenna í Hólmsheiðarfangelsinu

Þegar hann vígðist til Laugarneskirkju hafði hann öðru að sinna eins og skiljanlegt er. Anna Sigríður Helgardóttir, söngkona, var helsti drifkraftur í tónlistinni – og þar er ekki komið af tómum kofanum, einstök kona og frábær. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfosskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Haukur Gíslason, organisti, sá um undirleik. Aðventustund var haldin á Litla-Hrauni í desember og tónlistinni þar stýrði Anna Sigríður Helgasdóttir og félagar. Söngflokkurinn Lóurnar söng á sumarstund á Litla-Hrauni sumardaginn fyrsta. Fleiri listamenn komu eins og Valgeir Guðjónsson og söng sín rómuðu lög við góðar undirtektir. Þá kynnti Björn Bjarnason fyrrum ráðherra qigong fyrir föngum ásamt Þórdísi Filipsdóttur. Það var athyglisverð stund og fangarnir áhugasamir um hina fornu kínversku íhugunaraðferð. Gídeonmenn komu í Hólmsheiðarfangelsið, feðgarnir Einar Aron Fjalarsson, og Fjalar Freyr Einarsson. Dreifðu þeir Nýja testamentinu og sögðu frá trú sinni. Þá kom hópur Færeyinga í heimsókn á Litla-Hraun, söng fyrir fangana og sagði frá trú sinni. Margrét Bóasdóttir kom með kvennakór í Hólmsheiðarfangelsinu og var þeim vel tekið. Heimsóknin dró góðan dilk á eftir sér því að Margrét sá að ekki gengi það að ekkert væri hljóðfærið í Heiðinni. Hafði snör handtök og útvegaði forláta píanó sem sómir sér nú vel á bókasafni fangelsisins. Hún er kjarnakona og fyrir þennan góðhug er þakkað. Þessu fólki öllu eru færðar þakkir fyrir stuðning, einstaka samvinnu og vel unnin störf.

Heimsóknir í fangelsin sem eru á vegum fangaprests eru ætíð með mjög svipuðu sniði. Stutt bænastund, þó ekki alltaf, og að loknum söng eða listatriði, er boðið upp á veitingar. Gestir og fangar setjast að veitingaborði og spjalla saman. Þetta hefur tekist mjög vel.



Biskup á útleið úr Hólmsheiðarfangelsinu

## Biskup Íslands vísiteraði Hólmsheiðarfangelsið

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, vísiteraði fangelsið í Hólmsheiði hinn 20. mars. Hófst vísiteringin á almennri kynningu á fangelsiskerfinu og síðan skoðaði biskup fangelsið undir leiðsögn fangelsismálastjóra, Páls E. Winkels, og fangelsisstjóra Hólmsheiðarfangelsisins, Halldórs Vals Pálssonar. Þá var höfð um hönd helgistund þar sem biskup prédikaði og mæltist henni vel. Síðan var boðið upp á veitingar með föngunum.

Heimsókn biskups tókst afar vel en með henni voru biskupsritari, sr. Þorvaldur Víðisson, og prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.

## Aðstandendahópur fanga og vandi hans

Þjónusta við aðstandendur fanga er misjöfn frá ári til árs. Aðstandendur hafa iðulega samband við fangaprest um margvísleg mál. Farvegur þeirra mála er hins vegar óskýr og hafa sumir reynt að koma því í lag, eins og félag fanga, Afstaða. Félaginu er óskað góðs gengis í þeim málum.

Málaflokkurinn fangar og aðstandendur er afar vandmeðfarinn og verður að vera unnin á faglegum nótum sem og persónulegum. Hér skarast tilfinningar og faglegheit, það getur verið á köflum býsna snúið.

## Fangelsisminjasafn Íslands

Fangelsisminjasafn Íslands var stofnað formlega í Húsinu á Eyrarbakka 8. maí s.l. Kosin var stjórn og undirritaður kjörinn formaður.

Margvísleg verkefni bíða úrlausnar í fangelsisminjamálum og verður reynt að þoka málum áfram. Safngripir eru ekki margir en þarfnast þó húsnæðis.

## Úr einu í annað

Önnur störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár þó ætíð með smávægilegum breytingum.

Skrifstofa fangaprests flutti úr Grensáskirkju og í opið rými þjónustumiðstöðvar Biskupsstofu í Háteigskirkju. Vissulega var samfélagið gott í Grensáskirkju en það var ögn lokaðra, opið rými gefur meira af sér. Og alltaf er hægt að finna samastað í Háteigskirkju fyrir einkasamtöl við skjólstæðinga.

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við afplánun fanga utan fangelsis.

Þá lét fangaprestur af ritstjórn Verndarblaðsins en hann hefur ritstýrt því í tæpa tvo áratugi; og er þakklátur fyrir það góða samstarf sem hann hefur átt við félagasamtökin Vernd.

Fangaprestur kom í þrettánda sinn upp s.k. Englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við Englatrénu hafa ætíð verið góðar og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og hefur það komið út nú í tuttugu og eitt ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Samstarf við starfsmenn fangelsa er mikilvægt og hefur verið farsælt eins og öll hin fyrri ár.

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaþerapisti.

Undirritaður starfar nú sem sérþjónustuprestur á Biskupsstofu í hálfu starfi, á fræðslu- og kærleiksþjónustusviði. Þetta er sumsé síðasta skýrslan sem hann ritar fyrir hönd fangaprestsembættisins.

# *Prestur fatlaðra*

**Sr. Ursula Árnadóttir, settur prestur fatlaðra**

## Forsendur, lög og reglur.

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“ Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Prestur fatlaðra tilheyri þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlíti umsjón viðkomandi prófasts, sæki fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfsins varðar þá er prestur fatlaðra í fyrirsvari um kirkjulegt starf á þeim starfsvettvangi og hefur forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Prestur fatlaðra er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi fatlaðra. En fyrst og síðast er prestur fatlaðra kallaður til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

## Umfang og staðsetning

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar. Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum prests við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk.

## Sorgarvinna

Prestur fatlaðra er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er prestur fatlaðra einnig kallaður til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtímavistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Einnig er oft óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu. Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins

með þroskahömlunina. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt.

## Samtal

Prestur fatlaðra er með fasta viðtalstíma á skrifstofu sinni en er einnig með viðtalstíma eftir óskum á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun.

## Samverur

Samverur fatlaðra í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR hófust í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna kirkjuna betur fyrir fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverurnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann og eru um klukkustundar langar. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinsælda. Prestur fatlaðra hefur notið góðs samstarfs við Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóra ÆSKR og Daníel Ágúst Gautason, djákna og MA í guðfræði og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu s.l. ár. Samverur síðasta vetrar voru frá september og fram í maí.

## Samvinna

Prestur fatlaðra átti mjög gott samstarf við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfa, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk.

## Fermingarfræðsla ungmenna með þroskahömlun

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breyst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svonefndan „Skóla án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem prestur fatlaðra kemur oftast til fermingarbarnsins þar sem það er í frístundavistun. S.l. vetur sinnti prestur fatlaðra einnig fermingarfræðslu nokkurra barna með einhverfu og/eða samskiptavanda, án þroskaskerðingar.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað. Á síðasta starfsári var prestur fatlaðra með sex fermingartíma á viku og fermingarbörnin komu frá sjö grunnskólum.

# *Kirkja heyrnarlausra*

**Sr. Kristín Pálsdóttir**

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 og var sr. Miyako Þórðarson fyrsti prestur heyrnarlausra og á Kirkja heyrnarlausra henni mikið að þakka. Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir tók við af sr. Miyako 1. september 2012 og starfaði sem prestur heyrnarlausra til 30. maí 2017 og vann hún einnig mikið og gott starf fyrir söfnuðinn. Þann 10. júní 2018 var ég sett í embætti prests heyrnarlausra af prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis vestra sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Ég hóf síðan nám í Táknmálsfræði við Háskóla Íslands um haustið, til þess að læra táknmál og geta haft samskipti við söfnuðinn minn.

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir vísiteraði Kirkju heyrnarlausra 14. mars 2019 ásamt prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis, sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur og biskupsritara sr. Þorvaldi Víðissyni. Biskup prédikaði og síðan var kaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Þetta var góð stund og þótti söfnuðinum mjög vænt um þessa heimsókn.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólk sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og daufblint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstaklingar búa. 120 121 Allflestir búa á höfuðborgarsvæðinu, en eins eru Döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnalausum einstaklingum sem flust hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau dugleg að sækja starf Kirkju heyrnarlausra. Sama má einnig segja um þá íslensku Döff einstaklinga sem hafa flust frá Íslandi, að þegar þeir koma til landsins, sækja þau athafnir í Kirkju heyrnarlausra. Prestur heyrnarlausra sinnir ekki eingöngu þeim sem eru í þjóðkirkjunni, heldur öllum Döff og aðstandendum þeirra sem til hans leita. Döff (Döff er fólk með heyrnaskerðingu að einhverju leyti sem notar íslenskt táknmál til daglegra samskipta og lítur á sig sem minnihluta mál- og menningarhóp) á Íslandi telur um 300 einstaklinga og sinnir prestur heyrnarlausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

## Starf

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests og fara guðsþjónustur safnaðarins þar fram. Mjög gott og dýrmætt samstarf er við Grensássöfnuð og allt starfsfólk hans, sem og annað starfsfólk sem hefur aðsetur í Grensáskirkju. Messað er að jafnaði einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð.

Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar. Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur. Táknmálstúlkur er til staðar ef full táknmálskunnátta/táknmálsnotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í athöfnum Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar. Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum

öðrum athöfnum á hennar vegum. Hann er gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli. Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan. Mjög stór hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavitjanir. Viðtalstímar eru á föstum tímum á skrifstofu prests heyrnarlausra. Mikil sálgæsla fer líka fram í gegnum stafræna tækni, hvort heldur er í símatúlkun, Facebook, Facetime, Skype eða öðru. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og hefur prestur heyrnarlausra mætt vikulega á samverustundir eldri borgara. Reglulega eru samverustundir með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra, á DAS og í húsi Blindrafélagsins. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á nokkra þá staði þar sem heyrnarlausir einstaklingar starfa. Síðastliðin ár hefur verið samstarf milli Kirkju heyrnalausra, Gerðubergs og Fella-og Hólakirkju, sem felst í sameiginlegri aðventustund í desember. Þá fara einstaklingar sem sækja starf eldriborgara í Gerðubergi, bæði heyrandi og heyrnarlausir, og njóta samverustundar í 122 Fella-og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni. Þetta hefur mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra Döff einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.

Árið 2014 var í fyrsta sinn guðsþjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla, táknmálstúlkuð í heild sinni. Þessu var mjög vel tekið í samfélagi heyrnarlausra, enda alveg sjálfsagt að heyrnarlausir geti fengið að njóta þess boðskapar sem fluttur er af biskupi landsins á aðfangadagskvöld. Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a. sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/ heyrnarlaus börn eða CODA börn (CODA er skammstöfun fyrir Children Of Deaf Adults, þ.e.a.s. börn heyrnarlausra foreldra) eru á fermingaraldri. Flest Döff börn á höfuðborgarsvæðinu ganga í Hlíðaskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Döff börn í öðrum skólum fermast í flestum tilfellum með sínum bekkjum en ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta. Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf er snúa að málefnum heyrnarlausra. Heimasíða þeirra er www.deaf.is . Prestur heyrnarlausra fer reglulega á skrifstofu félagsins og hefur einnig mætt á opið hús á föstudögum. Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir allt of hægt. Allt of langt er í land enn svo heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og heyrandi einstaklingar hér á landi. Þjóðkirkjan þarf áfram að vera í forystu með að sýna og vinna að jöfnum rétti heyrnarlausra og heyrandi og því er svo mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og söfnuði hennar.

Aukaverk, viðtöl og fl. Skírnir – 5 Fermingar - 1 Hjónavígslur- 3 Kistulagningar – 3 Útfarir – 3 Messur – 16

Helgistundir 3 Fyrirlestrar -3 Samvera í Félagi heyrnarlausra og með eldri borgurum – 72 Viðtöl – 125 Fundir - 58

# *Prestur innflytjenda*

**Sr. Toshiki Toma**

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

**Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:**

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að innflytjendur og flóttamenn fái góðan og rétta skilning á kristni og kirkju hér á landi. Og einnig að stuðla að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.
3. Að veita innflytjendum og flóttamönnum kirkjulega þjónustu.

## Formáli

Prestur innflytjenda hóf mánaðarlega enska messu í Breiðholtskirkju í október árið 2015 með stuðning og skilning Reykjavíkurprófastsdæmis eystra. Markmið verkefnisins var að veita kirkjukega þjónustu við hælisleitendur sem leituðu til kirkju og einnig við fólk af erlendum uppruna í Breiðholtshverfi.

Frá og með september 2017 færði pretur innflytjenda Seekers bænasamkomu sem hafði verið haldin í Hjallakirkju í Breiðholtskirkju. Hún var ensk bænastund fyrir hælisleitendur og hafði verið haldin tvisvar eða þrisvar í hverjum mánuði á sunnudögum. Með þeim flutningi varð helgihald hjá presti innflytjenda í Breiðholtskirkju varð á hverjum sunnudegi nema á síðasta sunnudag í mánuði. Þátttakendur mættu reglulega í Breiðholtskirkju og vöndust mikið að vera þar. Og þannig var grunnur að mótun safnaðar búinn til.

Í maí 2018 gerðu sóknarnefnd Breiðholtskirkju, sóknaprestur og prestur innflytjenda samvinnuviljayfirlýsingu svo að þjónustu prests innflytjenda meðal flóttafólks og innflytjenda yrði einnig hluti af safnaðarstarfi Breiðholtssóknar.

## Starfsemi á tímabilinu júní 2017 – maí 2018

### *Aðsetur í Breiðholtskirkju*

Byggt á samvinnuviljayfirlýsingunni, var skrifstofa prests innflytjenda flutt í Breiðholtskirkju í september 2018. Biskupsstofa greiðir leigufé mánaðarlega vegna aðseturs hans í Breiðholtskirkju.

Það er mikið þægilegara fyrir prest innflytjenda að hafa aðsetur í Breiðholtskirkju og hann þakkar innilega viðkomandi aðilum fyrir framkvæmd flutningsins.

### *Alþjóðlegi söfnuðurinn*

Meðfram þróun þjónustu á ensku byrjaði fleira fólk sem var ekki flóttafólk eða ekki lengur flóttafólk að vera með á samkomum. Það var talið eðlilegt að kalla samkomuna með almenninglegu heiti og prestur innflytjenda ákvað að nota heiti „Alþjóðlegi Söfnuðurinn·“ (á



ICB messa í Breiðholtskirkju

ensku International Congregation in the Breiðholts-church: ICB) í staðinn fyrir „Seekers“ sem hafði verið notað áður. Þetta var frá og með desember 2018, en í þessari skýrslu er heitið ICB einnig notað fyrir starfsemi áður en desember 2018.

ICB þiggur styrki úr kristnisjóði, að upphæð 1.100.000kr. og 270.000kr. úr héraðssjóði prófastsdæmis eystra. Þakkir.

### *Helgihald*

*a) Helgihald í Breiðholtskirkju*

Helgihald er á hverjum sunnudegi nema á síðasta sunnudegi mánuðar. Á síðustu sunnudögum er fólkið hvatt til að fara í enska messu í Hallgrímskirkju. Hún er haldin á síðasta sunnudag mánuðar. Í hvert skipti um 10 -12 manns úr ICB taka þátt í messu þar.

Helgihald skiptist í tvennt, bænasamkoma annars vegar og messa með altarisgöngu hins vegar. Örn Magúnusson organisti Breiðholtskirju spilar á píano meðaltal tvísvar í helgihaldi í mánuði. Einnig kennir hann þátttakendum sálma.

Bænasamkoma er með hugleiðingu í hvert skipti og hún er ekkert minni en„guðsþjónusta“ í hefðbundinni mynd. En hér er hverjum þátttakanda gefinn kostur á að segja orð um hvernig honum líður eða um efni til að deila með öðrum þátttakendum. Þessi ummæli frá þátttakendunum geta verið beinlínis bænaefni og bæn getur verið mjög persónuleg. Að því leyti er ef til vill þessi bænasamkoma öðruvísi en venjuleg guðsþjónusta.

Meirihluti í bænasamkomu eru farsi (persnesku) mælendur og nokkrir skilja ekki ensku vel. Út af því túlkar einhver þátttakandi úr ensku á farsi á hverri samkomu. Þetta er sjálfboðsþjónusta. Þakkir.

Á skýrslutímabili var bænasamkona haldin 32 sinnum og lagðist niður tvísvar (17. júní og 30. desember). Meðaltal fjölda þátttakenda er 18,5 gegnum tímabilið, en 24,4 í síðustu sex mánuði.

Messa með altarisgöngu var haldin 8 sinnum og meðaltal fjölda þatttakenda er 33,0.

*b) Bænasamkoma á ensku „Seekers“ í Laugarneskirkju/Háteigskirkju*

Laugarneskirkja (4. september 2018):



Félagskvöld í Breiðholtskirkju

Samstarfsaðili: Sr. Eva Björk Vardimarsdóttir (héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, settur sóknarprestur Laugarneskirkju júlí-desember 2018). Hjalti Jón Sverrisson (guðfræðingur og starfsmaður Laugarneskirkju)

Háteigskirkja (11. september 2018):

Samstarfsaðili: Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir (héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra). Samkomurnar eru haldnar í Laugarneskirkju þar til í septembermánuði, en vegna viðgerðar kirkjuhúss og safnaðarheimilis í Laugarneskirkju, fluttu samkomurnar í Háteigskirkju. Hvort flutningurinn verði varanlegur eða tímabundinn er óákveðið.

Samkoman var haldin kl. 17 á þriðjudögum í Laugarneskirkju, en kl.15:15 á þriðjudögum í Háteigskirkju, og frá og með 6. desember kl. 15 á fimmtudögum.

Samkomurnar voru haldnar samtals 50 sinnum á árinu 2018, og lögðust niður þrisvar (2. jan. 1. maí og 27. desember).

Meðaltal fjölda þátttakenda var 10,6 manns gegnum tímabilið, en 10,9 manns í fyrri helmingi ársins og 10,2 manns í seinni helminginum.

Mesti fjöldi var 19 manns (nóvember) og fæst mættu fjórir (sepember).

Þátttakendur eru frá eins og t.d. hvítasunnusöfnuðum, ýmsum mótmælendakirkjum eða með annan bakgrunn en kristni.

Samkomurnar fengu styrki að upphæð 80 þ.kr frá Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Þakkir.

*c) Bænasamkoma á ensku „Keflavíkur-Seekers" í Keflavíkurkirkju*

Samstarfsaðili: Sr. Erla Guðmundsdóttir (sóknarprestur Keflavíkurkirkju)

Sr. Fritz Már Jörgensson (prestur í Keflavíkukirkju)

Samkomurnar voru haldnar kl. 13 á miðvikudögum, fimm sinnum frá janúar 2018 til mars, og meðaltal þátttakenda var 5,0 manns.

Hlé var gert á samkomunum í apríl og maí. Þetta var vegna þess prestur innflytjenda taldi að þátttakan frá Keflavíkurhverfi væri of lítil og þörf fyrir endurskipulagningu.

Samkomurnar hófust aftur í júnímánuði, og frá júní til desember var 21 samkoma og



Seekers í Háteigskirkju

meðaltal þátttakenda var 6,5 manns. En í júlí og ágúst voru engar samkomur vegna þess að kirkjan var lokuð.

Samkomurnar fengu aðstoð í formi strætókorts fyrir þátttakendur í Keflavíkurhverfi frá veferðarráði Suðurnesja. Þakkir.

### *Félagskvöld í ICB*

Félagskvöld var nýtt tilraunarverkefni árið 2019. Markmið er annars vegar að styrkja ICB sem söfnuð og hins vegar að brúa á milli ICB og Breiðholtssafnaðar svo að fólk í báðum söfnuðunum kynnist betur.

Félagskvöldið byggist á tveimur hlutum. Fyrsti hluti er að elda mat og borða saman. Annar hluti er að hafa umræðu um trú og líf og Alpha námsleið er notuð sem umræðuefni.

Fyrsta félagskvöldið var haldið 18. janúar og 36 manns tóku þátt, og annað félagskvöld var haldið 23. febrúar og 32 manns tóku þátt.

Íranskir félagar ICB elduðu mat í bæði skiptin. Séra Magnús Björn sá um umræðustund og kynningu úr Alphanámsleið í bæði skiptin. Þakkir.

### *Sameinuð safnaðarferð með Breiðholtssöfnuð*

Sunnudaginn 5. maí var farið í sameinaða safnaðarferð með Breiðholtssöfnuði. Gullni hringurinn var keyrður. Samtals um 50 manns tóku þátt í ferðinni, en 28 manns komu frá ICB. Þetta var raunar Breiðholtssöfnuður sem bauð ICB í safnaðarferð og prestur innflytjenda þakkar innilega fyrir það.

Ferðin gekk alveg vel og hverjum þátttakanda leið vel og var ánægjulegt að vera saman.



Frá vorferð ICB

### Tónleikar „Ákall um frið"

Tónleikar „Ákall um frið" voru hadnir 18. apríl skírdag í Breiðholtskirkju að beiðni prests innflytjenda. Flytjendur voru kór Breiðsholtskirkju (stjórnandi Örn Magnússon), en prestur innflytjenda var í samvinnu við kórinn og tók að sér hlutverk um fjármögn og auglýsingu.

Prestur innflytjenda hlustaði á verkin tvö „Sunnefa migrant" og „Þula frá Týli" sungin af kór Breiðholtskirkju í nóvember 2018. Verkin tvö byggðust á skilningi á flóttamannamálum og presturinn taldi þau væru með erindi við þjóðfélagið og yrðu gott tækifæri til að vekja athygli almennings um málefni flóttmanna.

Tónleikarnir gengu vel með rúmlega hundrað gestum. Samskot til að efla þjónustu kirkjunnar við flóttafólk var gert á tónleikunum og um 61.000kr söfnuðust.

Verkefnið fékk styrki frá Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og eystra (150þ. kr frá hvoru tveggja) og 50 þ. kr. frá kærleiksþjónuustusviði Biskupsstofu. Þakkir til kórsins og styrktaraðila.

### Skírn og skírnarfræðsla

Átta fullorðnir og eitt barn voru skírð til kristinnar trúar í skýrslutímabilinu. Fullorðnirnir voru allir úr ICB en barnið var hjá sóknarbörnunum sem voru af erlendum uppruna.

Skírnarfræðsla er haldin þegar maður óskar eftir henni. Hún tekur venjulega sjö vikur til að klárast. Á skýrslutímabilinu var skírnarfræðsla 45 sinnum (45 múnútur fyrir eina fræðslueiningu).

### Þjónusta í Breiðholtssókn

Prestur innflytjenda þjónaði í sunnudagsguðsþjónustu/messu fjórum sinnum á skýrslutímabilinu (september prédikun og altarisganga, nóvember altarisganga, febrúar altarisganga, apríl þjónusta fyrir altari).

Prestur innflytjenda tók þátt í fermingarfræðslu tvisvar. Og einnig tóku fermingabörn Breiðholtssóknar þátt í helgihaldi ICB þegar þau vildu. Það telst að vera gott tækifæri fyrir menntun fermingarbarna og prestur innflytjenda óskar að þetta haldi áfram á nýju starfsári líka.

***Önnur þjónusta, viðtal o.fl.***

Hjónavígsla: 1 sinni
Hjónablessunarathöfn: 1 sinni
Viðtal við útvarp/sjónvarp: 6 sinnum
Viðtal við blað: 4 sinnum
Skrif til blaðs: tvisvar
Skrif til kirkjan.is: 4 sinnum

***Sumarfrí og afleysing***

Prestur innflytjenda tók sumarfrí frá og með 2. október til 16. október. Séra Magnús Björn leysti af í helgihaldi 7. október, og séra Ása Laufey Sæmundsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, leysti af 14. óktóber. Kærar þakkir til séra Magnúsar og séra Ásu Laufeyjar.

## Framtíðarsýn

ICB er að mótast og vantar ýmislegt til þess að fóta sig sem almennilegur söfnuður. Brýnt er að móta kjarnahóp í ICB eins og sóknarnefnd í venjulegum söfnuði. Slíkur kjarnahópur er nauðsynlegur á öllum sviðum eins og samskiptum, skipulagningu, menntun eða þjónustu í helgihaldi.

Síðustu mánuði mættu 5-6 lítil börn á bænasamkomur. Þau eru frá núll til fimm ára og geta ekki verið með helgihaldi fyrir fullorðna. Nú þarf ICB að finna leið til að passa börnin almennilega.

Ef það vantar pössun og börnunum liður ekki vel, þá munu foreldrar hætta að mæta í helgihald. Ef börnunum líður vel og foreldrar geta einbeitt sér að helgihaldi, þá munu fleiri foreldrar með litlum börnum mæta. Því er þetta tækifæri til að stækka söfnuðinn.

Önnur tilraun sem prest innflytjenda langar að prófa er boðun með því að nota Youtube video. Þessi tilraun mun beinast að fólki af erlendum uppruna í Breiðholtshverfi. Því verða enska, farsi og fleiri tungumál notuð í myndböndum. Nánara mun koma í ljós með tímanum.

Seekers bænasamkoma í Háteigskirkju er í fínu lagi og frumkvæði séra Evu Bjarkar og séra Ásu Laufeyjar mun sterkari á komandi starfsári. Það er jákvæð þróun.

Seekers bænasamkoma í Keflavíkurkirkju er þvert á móti í erfiðari aðstæðum. Flóttafólk sem dvelur í Ásbrú í Reykjanesbæ er allt „Dýflinnarflóttafólk“ og því er það sent út eftir ákveðið tímaskeið.

Því breytast þátttakendur í bænastund sífellt og er erfitt að ná til stöðugleika bænahópsins. En samtímis þýðir það að fólk sem mætir í bæanasamkomu í Keflavíkurkirkju er það sem þarfnast bænagjörðar mest.

Prestur innflytjenda vill því annast bænastund í Keflavíkurkirkju vel og varlega í samvinnu við kirkjufólk hennar.

## Lokaorð

Ég er mjög þakklátur öllum í starfsumhverfi mínu. Ég trúi að öll góð verkefni fyrir augum Guðs geti ræst ef við óskum og vinnum að þeim. Og gott verk í nafni Guðs er endalaust og við þekkjum ekki allt í einu tímabili.

Því skulum við ekki óttast breytingu og fagna nýju verkefni, nýrri áskorun.

*Allt hefur hann gert hagfellt á sínum tíma, jafnvel eilífðina hefur hann lagt í brjóst þeirra en maðurinn fær ekki skilið að fullu það verk sem Guð vinnur.* (Prédikarinn 3:11)

# *Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík*

**Rósa Kristjánsdóttir, djákni**

Innan sálgæslunnar starfa sjö prestar og einn djákni. Landspítali er ráðningaraðili sjö þeirra en þjóðkirkjan heldur úti einni stöðu og hefur svo verið til margra áratuga.

Á tímabilinu lét af störfum Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson sem gegnt hefur starfi sjúkarahúsprests hér til margra ára og er honum þakkað framlag hans til þjónustunnar.

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson fór í ársleyfi og var Sr. Ingólfur Hartvigsson kallaður til afleysinga fyrir hann.

Sr. Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir tók við starfi sr. Kjartans Arnar Sigurbjörnssonar í 80% starfshlutfalli og mun starfa á Landakoti og Vífilsstöðum en ganga vaktir og þá þjóna öllum deildum eins og hlutverk vakthafandi er. Sveinbjörg lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands, lagði stund á framhaldsnám í sálgæslu í Þýskalandi og síðar meistaranám í opinberri stjórnsýslu við HÍ. Hún á fjölbreyttan starfsferil að baki en starfaði undanfarin fimm ár sem skrifstofustjóri Biskupsstofu.

Á haustönn 2018 fór af stað nám í sálgæslu, diplomanám á meistarastigi. Námið er í samvinnu við Guðfræði-og trúarbragðadeild HÍ, Endurmenntun HÍ, þjóðkirkjuna og Landspítala. Nánar má sjá kynningu á vef Endurmenntunar. Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson og sr. Vigfús Bjarni Albertsson munu halda utan um þetta verkefni en reiknað er með aðkomu sem flestra af okkur í hópnum. Frábært tækifæri fyrir okkur að kynna starfið okkar og miðla reynslu og fróðleik.

Sálgæsludagurinn var haldinn 5. október 2018 og var yfirskrift dagsins í þetta sinn:

**„Í álagsmiklu umhverfi“**

Líðan starfsfólks, sjúklinga og aðstandenda í öndvegi

Starfsdagur sálgæslunnar var 25. október, fyrripart dagsins var fræðsla í safnaðarheimili Háteigskirkju en síðan haldið austur að Litla-Hrauni þar sem við fengum kynningu á starfi fangaprests.

Sr. Hreinn Hákonarson og hans samtarfsfólk tók höfðinglega á móti okkur og urðum við um margt fróðari um starf fangaprests innan þjóðkirkjunnar.

Það sem stendur upp úr í yfirliti starfsins þetta tímabil er að mínu mati vísitasía biskups Íslands, frú Agnesar M. Sigurðardóttur og hennar fylgdarliðs.

Heimsóknin hófst mánudaginn 25. febrúar 2019 og stóð yfir í heila viku eða til sunnudagsins 3. mars. Allir starfsmenn sálgæslunnar undirbjuggu heimsóknina á sínum einingum í samráði við annað starfsfólk þar. Byrjaði vikan á heimsókn á bráðamóttökun í Fossvogi, gjörgæsluna þar og áfram eftir vikunni m.a. á geðdeildir bæði á Kleppi og Hringbraut, Landakot og Vífilstaði þar sem biskup tók þátt í helgihaldi, líknardeildina, Barnaspítala Hringsins, kvenna og fæðingardeildir. Í lokin var guðsþjónusta í Fossvogi á sunnudeginum 3.mars en þar prédikaði biskup. Mikil ánægja var meðal starfsfólks spítalans með heimsókina.

Annað í starfi okkar er hefðbundið, sálgæslusamtöl,helgihald, handleiðsla og annað hópastarf, stuðningur við starfsfólk.

Yfirlit tók saman: Rósa Kristjánsdóttir djákni, deildarstjóri sálgæslu presta og djákna á LSH.

# *Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku*

**Sr. Ágúst Einarsson**

## *Íslenska kirkjan í Svíþjóð*

### Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg

Íslenskar guðsþjónustur voru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Boðið er upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fékk öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímann. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðstliðinn vetur sóttu 10 til 20 manns barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna, Júlíus og María auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins og er ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Stjórnandi kórsins er Lisa Fröberg. Einsöngvararnir Herbjörn Þórðarson og Elísabet Einarsdóttir syngja öðru hvoru með kórnum og við guðsþjónustur.

Við fögnuðum þeirri ánægjulegu viðbót við íslenska söngmennt að íslenskur barnakór starfaði annað árið í röð undir stjórn Berglindar Ragnarsdóttur. Barnakórinn söng á aðventuhátíð kirkjustarfsins á 1. í aðventu og á jólatónleikum íslenska kórsins í Gautaborg. Hlé varð á starfsemi barnakórsins á vormisseri en ráðgert er að fara í gang með starfsemina á haustmisseri 2019.

Í Gautaborg heldur kirkjustarfið utan um íslenskt félagsstarf með því að standa fyrir jólaballi á þrettándanum og hátíðarsamkomu á 17. júní. Hvoru tveggja eru afar vel sóttir viðburðir.



Íslenski kórinn í Gautaborg syngur á útihátíð undir stjórn Lisu Fröberg

## Kirkjustarf í Lundi

Í Lundi var kirkjuskóli öðru hvoru í umsjón Maríu Gunnlaugsdóttur prests sem starfar í sænsku kirkjunni en hefur jafnframt staðið fyrir samverum fyrir Íslendingana á svæðinu. Í Lundi var að venju jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu í St. Hans kirkju og var vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng og ungt tónlistarfólk kom fram.

## Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði starfsárið 2018 til 2019. Um haustið hóf nýr hópur frá Svíþjóð og Danmörku fermingarfræðslu með samveru í Åh stiftsgård fyrstu helgi í október og voru 18 unglingar í sænsk/íslenska fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lesa íslenska kennslubók og leysa verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma eftir því sem við verður komið en þeir sem ekki komast í fræðslutíma fá einstaklingskennslu gegnum tölvu með hjálp samskiptaforritsins Skype. Þá er farið í íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi fær unga fólkið Nýja testamentið að gjöf.

## Sjúkrahúsþjónusta

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Ár hvert koma nú um 30 sjúklingar til rannsókna og aðgerða. Um er að ræða líffæraskipti og aðrar flóknar aðgerðir sem ekki eru gerðar heima á Íslandi. Presturinn hittir alla sem koma frá Íslandi á Sahlgrenska sjúkrahúsið og honum er ætlað að veita stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.



Hópeflisnámskeið í Gautaborg

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð voru: Birna Ágústsdóttir formaður og ritari, Guðni Jónsson varaformaður, Rósa Jónasdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur voru Björn Sverrisson og Hildur Káradóttir, en sú síðastnefnda flutti til Íslands á vordögum 2019. Hallfríður Helgadóttir kom inn í sóknarnefndina á aðalfundi í febrúar og tók að sér að vera ritari sóknarnefndar.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkurprófstsdæmi vestra er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Helga Soffía kom heimsókn til Gautaborgar í tengslum við aðventuhátíð 1. sunnudag í aðventu 2018 þar sem hún flutti hugvekju. Einnig ávarpaði hún söfnuðinn í kirkjukaffi og átti fund með sóknarnefnd.

Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili okkar. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar mánaðarlega með presti og formanni sóknarnefndar til að ræða samstarf og íslensk menningarmál.

Leiðtoganámskeið er samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Í september 2018 var leiðtoganámskeiðið haldið Gautaborg. Það nefndist að þessu sinni „hópeflisnámskeið“ og var hugsað bæði fyrir barnastarfsleiðtoga og sóknarnefndarfólk. Sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Aðalsteinn Þorvaldsson komu á vegum Fræðsludeildar kirkjunnar og sáu um efni námskeiðsins. Þátttakendur voru um 30 talsins og komu frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það er nýjum, sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendri grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku þjóðkirkjunnar.

### Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð

Vegna þess hve þjónustusvæði íslenska prestsins er stórt um þessar mundir eru prestinum settar skorður um þjónustu í Svíþjóð. Auðveldast er að tryggja þjónustu við Íslendinga í Gautaborg og nágrenni. En velkomið er að samband og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um land. Það hefur tekist í Lundi eins og áður er nefnt. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.se en netfangið er kirkjan@telia.com og sími Ágústs er 0046702863969 (innanlands 0702863969) og íslenskur sími er 5457726.

## *Íslenska kirkjustarfið í Danmörku*

### Guðsþjónustur, sunnudagaskóli og kórastarf í Kaupmannahöfn

Íslenski presturinn í Svíþjóð sinnir nágrannaþjónustu við íslenska kirkjustarfið í Danmörku um óákveðin tíma eða þar til það tekst að fjármagna íslenskt prestsembætti að nýju í Kaupmannahöfn.

Guðsþjónustur voru haldnar einu sinni í mánuði í Skt. Pauls kirkju. Kvennakórinn í Kaupmannahöfn sem María Ösp Ómarsdóttir stýrir og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffi er í húsi Jóns Siguðssonar og er í umsjón kóranna og til styrktar starfi þeirra.

Sunnudagaskólinn var einu sinni til tvisvar í mánuði í Jónshúsi á sunnudögum kl. 13. Umsjón síðasta vetur höfðu: Katrín, Ragnheiður og Sóla. Sunnudagaskólinn er lífleg samvera með söng, frásögum og brúðuleikhúsi og hafa að jafnaði um 15-20 manns sótt þessar samverur síðastliðinn vetur, börn ásamt foreldrum.

Íslenskur barnakór er ánægjuleg viðbót við söngmennt meðal Íslendinga í Kaupamnnahöfn en Sólveig Anna Aradóttir (Sóla) stendur fyrir vikulegum æfingum í Jónshúsi og kórinn kom fram á aðventuhátíðinni og fjölskylduguðsþjónustu í mars. Nú eru sex íslenskir kórar starfræktir í Kaupmannahöfn og þar með lögð góð rækt við íslenska sönglist, þjóðerni og tungumál. Það er afar mikilvægt menningarstarf meðal Íslendinga á erlendri grund.

### Fermingarfræðsla

Síðastliðinn vetur voru sex unglingar í fermingarhópnum. Kynningarfundur um fermingarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi í september 2018. Síðan hófst fræðslan með fermingarmóti á Åh stiftgard í Svíþjóð fyrstu helgina í október. Vormótið var á sama stað fyrstu helgina í maí 2019. Fermingarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinna fræðslu, helgihald, íþróttir og útiveru. Milli fermingarmóta voru fræðslusamverur í Jónshúsi. Þau fermingarbörn sem búa í Kaupmannahöfn sækja guðsþjónusturnar í Skt. Pauls kirkju. Fermingarbörnum utan Kaupmannahafnar er boðið upp á einstaklingskennslu gegnum tölvusamskipti og þau sækja danskar guðsþjónustur nálægt heimilinu.

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Vera Guðmundsdóttir formaður, Vala Ólafsdóttir ritari Lárus Guðmundsson gjaldkeri, Katrín Ósk Einarsdóttir og Ragnheiður Bárðardóttir eru meðstjórnendur.

Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt í Jónshúsi, menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hallfríður Benediktsdóttir er forstöðumaður Jónshúss og þökkum við henni gott og elskulegt samstarf.

Skt. Pauls kirkja er mikilvægur samstarfsaðli kirkjustarfsins. Í áratugi hefur íslenska kirkjan fengið þar inni fyrir guðsþjónustur. Sólveig Anna Aradóttir er organisti við íslenskar guðsþjónustur í Kaupmannahöfn.

## Viðvera prests í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn

Samkvæmt samningi við íslenska Utanríkisráðuneytið hefur prestur viðveru í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn að jafnaði einn dag í viku. Þar tekur presturinn á móti fólki sem óskar viðtals og sinnir undirbúningi og skipulagningu í kirkjustarfinu. Viðtöl geta einnig farið fram fram í Jónshúsi. Þá tekur presturinn við verkefnum er berast sendiráði og er þannig sem einn af starfsmönnum Sendiráðsins. Það er prestinum mikils virði að hafa vinnustað í Sendiráðinu og gott samstarfsfólk á starfssvæði þar sem hann annars er gestkomandi á mörgum stöðum. Samstarfið við Benedikt Jónsson, sendiherra og Mörtu Jónsdóttur, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur á margan hátt auðveldað prestinum að vinna starf sitt í Danmörku.

## Heimsókn prófasts

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur er umsjónaraðlili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Hún kom til Kaupmannahafnar í tengslum við aðventuhátíð safnaðarins 2 sunnudag í aðventu 2018, þar sem hún flutti hugleiðingu. Í heimsókn átti hún fund með sóknarnefnd og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og kynnti sér starf og starfsaðstöðu safnaðarins.

## Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku

Leitast er við að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Einnig sinnir presturinn útkallsþjónustu um land allt, þegar á þarf að halda. Prestur og sóknarnefnd hvetja til þess að sunnudagaskólastarf verði starfrækt á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.dk og netfangið er prestur@kirkjan.dk Sími Ágústs er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.

# Starfið í prófastsdæmunum

## *Suðurprófastsdæmi*

**Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur**

Í meginefnum var kirkjustarf og kirkjulíf í Suðurprófastsdæmi í sínum hefðbundna hrynjanda á síðasta ári. Kenndi þar bæði gamalla grasa og nýrra sem uxu vel saman og báru ávöxt. Í Suðurprófastsdæmi eru 13 prestaköll með 52 sóknum, auk annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús. Vissulega er starfið misjafnlega mikið að vöxtum eftir aðstæðum, en fjölbreytni kirkjustarfsins hefur vaxið jafnt og þétt síðustu árin og þeir eru margir sem leggja hönd á plóginn með sóknarprestinum til að vinna akurinn og finna til þeirrar ábyrgðar að lyfta fram því sem styður þann málstað og það starf sem þjóðkirkjan stendur fyrir.

Ég vil nota tækifærið og þakka kirkjufólki hversu vel það mætir aðstæðum kirkna sinna og eygir möguleika fyrir fjölbreytileika í kirkjustarfinu. Við megum þakka fyrir, hversu margir eru alltaf reiðubúnir að leggja á sig óeigingjarnt starf í þágu kirkju og kristni. Ef ekki kæmi til öflug virkni safnaðarfólks myndi lítið verða úr starfinu.

Ég vil nefna kirkjukórana og tónlistina. Fólkið sem syngur í kórunum og organistarnir vinna ómetanlegt starf innan kirkjunnar og eins og ég býst við að við öll gerum okkur grein fyrir, þá eru kirkjukóranrnir að stórum hluta burðarásarnir í guðsþjónustulífi safnaðanna, og víða eru líka barna- og unglingakórar, en það er vissulega dýrmætt starf sem brýnt er að hlúa að og styðja vel við.

Barnastarfi er haldið uppi í öllum prestaköllunum. Æskulýðsstarf hefur verið að eflast og hópar víðs vegar að úr prófastsdæminu sótt mót æskulýðsfélaga. Og það er virkilega verið að hlú að æskulýðs- og unglingastarfi og byggja það upp.

Auk hefðbundinnar fermingarfræðslu hafa prestar prófastsdæmisins um langt skeið farið með fermingarbörnin á sameiginleg fermingarbarnamót nú undanfarið förum við flest í Vatnaskóg. Vestmanneyingar halda öflugt fermingarbarnamót úti í Eyjum og leggja yfir höfuð mikla rækt við allt barna- og unglingastarf. Hafnarmenn fóru með fermingarbörnin sín upp á Hérað og voru með Austfirðingum á Eiðum.

Nýja persónuverndarlöggjöfin sem kirkjan hefur sett sér var kynnt á síðasta héraðsfundi og eins hafði Brynja Dögg persónuverndarfulltrúi Biskupsstofu áður verið með kynningu þeirra á fundi presta prófastsdæmisins.

Á síðasta ári kom fram tillaga frá biskupafundi um nýskipan prestakalla á landsvísu. Það er ný og gömul saga að prestaköll breytist í tímanna rás. Þau eru ekki meitluð í stein a.m.k. ekki jafn fastmótuð og sóknirnar sjálfar eru. Helst hafa það verið bættari samgöngur og síðan tilflutningur fólks úr sveit í þéttbýli sem hafa kallað á breytingu á prestakallaskipan í landinu í gegnum tíðina.

Og við vitum það að í lifandi kirkju þarf að vera sífelld umræða um innihald, markmið og leiðir, og það ekki síst þegar stefnumótun til langs tíma er gerð.

Haldinn var aukahéraðsfundur um þessa tillögu biskupafundar í lok október sem var vel sóttur, enda mikilvægt að fá þær upplýsingar sem þar komu fram um það af hverju farið var af stað með þessa nýju prestakallaskipan og ekki síður til að heyra raddir fundargesta og skoðanir þeirra. Þær tillögur sem lágu fyrir síðasta kirkjuþingi og snéru að prestaköllum í Suðurprófastsdæmi, lögðu til sameiningu fjögurra prestakalla í Árnessýslu, Sellfoss-, Eyrarbakka-, Þorláks- og Hveragerðisprestakalla. Og í janúar var kallað til fundar við presta, sóknarnefndir, kirkjuþingsfulltrúa og vígslubiskup um þessi mál og síðan hafa verið ýmsir fundir bæði sóknarnefndar- og aðalsafnaðarfundir í þessum prestaköllum þar sem þessar sameiningarhugmyndir hafa verið ræddar.

Fyrir fulltrúa kirkjuþings sem kölluðu eftir viðbrögðum um þessar sameiningartillögur, var mikilvægt að vita um hug heimafólks, hvað þeim finnst og hvaða möguleika það sér fyrir sér varðandi vaxandi og fjölbreyttara kirkjustarf og þjónustu kirkjunnar þegar litið er til framtíðar.

Haldið var upp á 150 ára afmæli Stafafellskirkju í Lóni í lok ágústsmánaðar og 90 ára vígsluafmælis Hjallakirkju í Ölfusi í septemberbyrjun.

Á báðum stöðum var þessa minnst með veglegum hætti, hátíðarmessur sungnar og boðið til samsætis og veglegra kaffiveitingar. Kirkjurnar eru í góðu ásigkomulagi og bera hvor um sig fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd þeirra.

Sr. Jón Ragnarsson lét af störfum sem sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli síðasta haust en hann hafði þjónað þar frá 1. okt. 1995 og sr.Gunnar Jóhannesson var settur sóknarprestur þar. Sr. Jóni þökkum við samferðina til svo margra ára og óskum honum gæfu og gengis í öllu þvi sem hann tekur sér fyrir hendur um ókomna tíð.

Sr. Ingólfur Hartvigsson fékk ársleyfi til að þjóna sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum í Reykjavík og sr. Jóhanna Magnúsdóttir leysir hann af.

Sr. Kristján Björnsson sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli var kosinn og í framhaldi vígður nýr vígslubiskup í Skálholtsbiskupdæmi á Skálholtshátíð sl. sumar. Honum fylgja blessunar- og farsældaróskir í nýju starfi. Var sr. Arnaldur Bárðarson settur sen sóknarprestur í hans stað og mun hann þjóna prestakallinu þar til sameiningarmál skýrast.

Héraðssjóður prófastdæmisins studdi margvísleg kirkjuleg verkefni í prófastdæminu og má þar m.a. nefna stuðning við kirkjukóra og önnur tónlistarverkefni sem fólk hér í sýslu hefur komið að og staðið fyrir. Hann hefur einnig stutt við margvísleg líknarmál, barna- og æskulýðsstarf og ýmislegt fleira.

Megi Guðs andi leiða okkur öll og styðja til góðra verka úti á akri hans.

# *Kjalarnessprófastsdæmi*

**Sr. Þórhildur Ólafs, prófastur**

## Formáli

Innan Kjalarnessprófastsdæmis hafa margs konar viðburðir átt sér stað á liðnu starfsári sem hér verður gerð grein fyrir. Stefnumiðum prófastsdæmisins hefur ekki verið breytt og enn gilda þau stefnumið sem prófastsdæmið setti sér árið 2015; en þau eru SAMSTARF –SAMFÉLAG og UPPBYGGING.

SAMSTARF hefur aukist enn frekar og færst nær þeim markmiðum að greið leið sé á milli presta, djákna, organista og annars starfsfólks safnaðanna svo skiptast megi á hugmyndum og glæða starfsánægju og efla starfið í sóknunum.

SAMFÉLAG milli einstaklinga og sókna hefur stuðlað að því að þétta stuðningsnet manna á milli. Lögð hefur verið á það áhersla að reyna að virkja samstarfssvæðin innan prófastsdæmisins og koma á sérvöldum verkefnum á þeirra vegum. Hefur það tekist vonum framar varðandi t.d. fermingarhátíð og fjölskylduhátíð. Mikils virði hefur verið að stuðla að góðu flæði og hefur það leitt til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar og skilnings á mismunandi samfélögum prestakalla innan Kjalarnessprófastsdæmis.

UPPBYGGING hefur sem fyrr komið fram í fjölbreyttri fræðslu sem ætlað er að nýtast þjónum kirkjunnar í starfi. Fengnir hafa verið utanaðkomandi fyrirlesarar til þess að fjalla um tiltekin efni, á sviði guðfræði, sálgæslu, samskipta svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur verið horft inná við og starfsystkin verið fengin til þess að greina frá störfum sem vel hefur tekist til með í þeirra sóknum svo sem fermingarfræðslu og fl. og því einnig hvernig viðbótarmenntun nýtist í starfi. Þannig hefur áhugasvið áheyrenda iðulega víkkað og leitt til frekari öflunar fræðslu sem hefur svo stuðlað að góðri sjálfsvitund starfsmanna prófastsdæmisins.

## Könnun meðal foreldra fermingarbarna.

Á vordögum var gerð könnum á meðal foreldra fermingarbarna í söfnuðum prófastsdæmisins um fermingarfræðsluna, helgihald, þátttöku barna í æskulýðsstarfi og um trúarlegt uppeldi. Héraðsprestur sr. Stefán Már Gunnlaugsson hélt utan um könnunina. Markmiðið var að leggja mat á þessa þætti og hvað mætti gera betur. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í skýrslu og þar kemur fram að fermingarstarfið nýtur trausts á meðal foreldra. Helgihaldið fær góða einkunn og foreldrar telja að þátttaka barnanna í helgihaldinu sé mikilvægur þáttur starfsins. Niðurstöðurnar gefa til kynna að fermingarbörnin séu misjafnlega undirbúin og að meirihlutinn hafi notið trúarlegs uppeldis.

Fermingarbörnum fjölgaði lítillega milli ára (3%), en vorið 2018 fermdust 765 börn í söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis í 62 athöfnum.

## Námskeið og viðburðir

### *Prédikunarnámskeið*

Eins og undanfarin ár átti Kjalarnessprófastsdæmi í samvinnu við *Áhugafélag um guðfræðiráðstefnur* um að halda prédikunarráðstefnu sem fram fór 30. til 31. ágúst í Langholtskirkju. Fyrirlesarar voru þau dr. Anna Carter Florance og dr. Mark Allan Powell.

### *Námskeið um markþjálfun*

Um skeið hafði prófastur leitt að því hugann hvort það myndi ekki gagnast prestum að fara í nám í markþjálfun sem nýta mætti í bland við aðra menntum varðandi viðtöl og sálgæslu og þeim sjálfum til uppbyggingar.

Markþjálfun er aðferðafræði sem miðar að því að hjálpa hópum og einstaklingum á faglegan hátt við að finna sín markmið og hrinda þeim í framkvæmd, byggja upp styrk og framfarir. Henni er bæði beitt að viðfangsefni tengdum vinnu og einkalífi. Markþjálfunarnám veitir góða undirstöðu í aðferðafræðum markþjálfunar og byggir bæði á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Í náminu lærir nemandinn að beita á áhrifaríkan hátt þeim grundvallargildum sem markþjálfi þarf að kunna.

Til þess að kanna mál og undirbúa jarðveginn fóru prófastur og héraðsprestur á fund Matthildu Gregersdotter sem á og rekur fyrirtækið Evolvíu. Rakti hún garnirnar úr prófasti og spurði endalausra „af hverju" spurninga sem prófastur svaraði eftir bestu vitund. Matthilda lýsti sig tilbúna til samstarfs við prófastsdæmið og gerði því gott tilboð varðandi kostnað. Prófasti og héraðspresti leist svo á að kleyft yrði fyrir prófastsdæmið að bjóða upp á nám hjá Evolvíu með kostnaðarþátttöku prófastsdæmis og þeirra sem hyggðust þekkjast það að hefja nám hjá Evolvíu. Matthilda Gregersdotter og prófastur skrifuðu undir samning fyrir hönd Evolvíu og Kjalarnessprófastsdæmis.

Á fundi með prestum og djáknum þar sem námið hjá Evolvíu var kynnt kom fram að þeir hefðu áhuga á því að taka þátt í náminu. Reyndin varð sú að það urðu prestar, djáknar, organistar, æskulýðsleiðtogar og sóknarnefndarfólk sem skráðu sig til þátttöku. Námið hófst haustið 2018 og því lauk í janúar 2019. Alls voru 14 sem luku náminu, einhverjir sögðu sig frá því. En þeir sem stunduðu námið allt til enda létu vel af því og þótti það hvoru tveggja í senn fræðandi og liðseflandi. Bundnar eru vonir við að námið nýtist þeim sem því luku í sálgæsluviðtölum, kórastarfi, hópastarfi og fleiru. Námið fór fram í „Rými til vaxtar" húsnæði Evolvíu sem þá var í kjallara Grafarvogskirkju.

### *Sameiginleg fjölskylduhátíð*

Í október tóku söfnuðir í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi sig saman og héldu sameiginlega fjölskylduhátíð í Víðistaðakirkju. Unglingar höfðu skreytt kirkjuna fagurlega, barnakórar sungu og leikhópur sýndi leikatriði um örkina hans Nóa. Eftir stundina var haldið út í íþróttahús Víðistaðaskóla þar sem boðið var upp á pylsur, djús, blöðrur og andlitsmálun. Einnig voru í íþróttahúsinu hoppukastalar og gott samfélag. Hátíðin var afar vel sótt og heppnaðist framar vonum.

### *GLS ráðstefnan*
Kjalarnessprófastsdæmi bauð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna eins og undangengin ár á GLS ráðstefnuna sem haldin var í Háskólabíói dagana 2. og 3. nóvember. Markmið GLS ráðstefnunnar er að hvetja og byggja upp leiðtoga í kirkjum og fyrirtækjum/ stofnunum til þess að veita góða og vandaða forystu.

### *Fermingarhátíðir*
Fermingarhátíðir voru haldnar í ársbyrjun, í annað skiptið, bæði á Suðurnesjum og í Hafnarfirði með þátttöku Bessastaðasóknar. Gleði, fjör, pissur,fræðsla og fjölbreytt dagskrá setti svip sinn á hátíðina. Börnunum var skipt upp í hópa og fóru þau á milli staða, stöðva, og í lokin var sameiginleg stund. Farið var í leiki og sungið. Jói P og Króli komu og tóku nokkur lög við mikinn fögnuð barnanna.

### *Þjónandi kirkja*
Haldið var námskeið fyrir kirkjuverði, staðarhaldara, framkvæmdastjóra og annað starfsfólk kirkjunnar. Að þessu námskeiði stóðu Kjalarnessprófastsdæmi og bæði Reykjavíkurprófastsdæmin eystra og vestra. Námskeiðið samanstóð af þremur fræðslusamverum um góða þjónustu, að þjóna í helgihaldi og athöfnum og verkefnið sístæða um hvernig hægt væri að minnka umhverfisspor.

## Mánaðarlegir fundir og fundir með formönnum sóknarnefnda
Frá hausti og fram í maí eru haldnir mánaðarlegir fundir með prestum og djáknum, sem orgnistar eru jafnframt oftast boðnir á. Haldnir eru vor og haustfundir með formönnum sóknarnefnda. Í haust var þeim boðið að hlýða á erindi Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðings um samskipti á vinnustað og létu þeir vel af því sem Þórkatla hafði fram að færa.

## Styrkur til æskulýðssambands kirkjunnar
Æskulýðssamband kirkjunnar í Kjalarnessprófastsdæmi fékk styrk frá Evrópa unga fólksins fyrir ungmennaskiptaverkefni í samstarfi við lúthersku kirkjurnar í Reutlingen í Þýskalandi. Tólf íslenskir drengir tóku þátt í verkefninu og fóru út til þýskalands um páskana 2018 og voru í viku og svo tóku þeir á móti ellefu þýskum drengjum í júní. Umsjón með dagskrá var í höndum héraðsprests sr. Stefáns Más Gunnlaugssonar og sr. Arnórs Bjarka Blomsterberg prests Tjarnaprestakalls. Hér á landi fór dagskráin fram í Ástjarnarkirkju.

## Starfsmannamál
Prófastur átti starfsviðtöl við presta eins og á liðnum árum. Starfsviðtölum hefur verið fjölgað því þau hafa gefið góða raun og eru þarfleg og gagnleg.

Ýmis starfsmannamál innan safnaðanna hafa kallað eftir inngripi frá prófasti og í sumum tilvikum einnig frá biskupi. Af því tilefni kynnti Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur fyrir prestum, djáknum og héraðsnefnd, vinnustofu um sálfræðilega og félagslega áhættuþætti

á vinnustað, einkum eineltis og samskiptavanda. Hann hefur jafnframt tekið að sér að leiða mál er snerta samskipti og önnur slík starfsmannamál sem upp hafa komið innan safnaða í Kjalarnessprófastsdæmi. Starfsfólk safnaða hefur einnig fengið styrk til að sækja sér einkasamtöl við sérfræðinga á þessu sviði.

Hlutverk héraðssjóðs er að styrkja kirkjulega starfsemi, samstarf, fræðslu og þróunarverkefni. Héraðsnefnd styrkti fjölmörg verkefni m.a. örpílagrímagöngur í Bessastaðakirkju og veglega *Queen* messu í Keflavíkurkirkju. Í Vídalínskirkju var þess minnst að 300 ár voru síðan Vídalínspostilla kom út með gerð fermingarefnis, málþingi og hátíðarguðsþjónustu. „Ungir menn á uppleið" sem var sjálfstyrkingar- og félagshæfninámskeið fyrir unga drengi í Lágafellssókn, orgelgöngu frá Hafnarfjarðarkirkju í Garðakirkju o.fl.

## Hreyfingar starfsfólks

Sr. Friðrik J. Hjartar prestur í Garðaprestakalli (Garðasókn og Bessastaðasókn ) frá árinu 1999 lét af störfum haustið 2018.

Henning Emil Magnússon, mag. theol var kjörinn prestur í Garðaprestakalli í septemberlok og vígður til þjónustu í Garðaprestakalli í október á sama hausti 2018

Arnór Bjarki Blomsterberg, mag.theol, sem verið hafði æskulýðsfulltrúi í Tjarnaprestakalli var kjörinn prestur í Tjarnaprestakalli (Ástjarnarsókn og Kálfatjarnarsókn). Um er að ræða nýtt embætti innan kirkjunnar. Sr. Arnór Bjarki var vígður í ágúst 2018. Óskaði sr. Þorvaldur Karl Helgason (sem verið hafði staðgengill prófasts síðan nýja árið 2019 gekk í garð) þeim til hamingju með vígsluna og embættin og bauð þá velkomna til þjónustunnar.

Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, prestur í Njarðvíkurprestakalli, fór í veikindaleyfi eftir áramót og leysti sr. Hjámar Jónsson hana af. Sr. Brynja kom aftur til starfa í maí.

Sr. Þórhildur Ólafs prófastur fór í veikindaleyfi vegna skaða á auga í lok september. Frá þeim tíma til áramóta leysti héraðsprestur sr. Stefán Már Gunnlaugsson prófast af en frá áramótum til 1. maí var sr. Þorvaldur Karl Helgason staðgengill prófasts. Sr.Þórhildur kom aftur til starfa þann 1. maí 2019.

Sr. Sigurður Helgi Guðmundsson, fyrrverandi sóknarprestur í Víðistaðaprestakalli og forstjóri lést þann 20 febrúar 2019. Guð blessi ástvini hans og minningar sr. Sigurði tengdar.

Guðmundur Sigurðsson, organisti Hafnarfjarðarkirkju, hlaut sex mánaða listamannalaun. Hafnarfjarðarsókn hefur gefið út disk og hljómplötu með orgelleik hans á bæði orgel kirkjunnar. Hilmar Örn Agnarsson, organisti, leysti Guðmund af á meðan leyfi hans varði. Héraðsnefnd Kjalarnessprófastsdæmis ákvað að gefa fulltrúum á héraðsfundi 2019 þennan nýja orgelhljómdisk.

## Leiðarþing og héraðsfundur

Í síðustu ársskýrslu nefndi prófastur að aðsókn á leiðarþing hefði verið ótrúlega dræm og sagði frá því að gert hefði verðið að umræðuefni hvort ástæða væri til að halda þingið eða hvort skynsamlegra væri að leggja það af og nota fjármuni sem í það fara til annarra og jafnbrýnna verkefna. Eftir umræður og vangaveltur var ákveðið að halda áfram að boða fulltrúa á leiðarþing og leggja áherslu á það að skyldumæting sé á þá fundi sem prófastur boðar og því

væri von um betri mætingu. Það dugði, leiðarþing var haldið haustið 2018 og var mæting góð. Fulltrúar létu þess getið að það væri uppörvandi að hittast og geta gert málaskrá kirkjuþings og málefni heimanað að umræðuefni. Hlustað á það sem fulltrúar hefðu fram að færa og geta sameinast um ákveðin málefni öllum til framdráttar.

Héraðsfundur var fjölsóttur að vori og vísast um efni til fundargerðar sem héraðsprestur ritaði.

## Lokaorð

Markmið prófastsdæmisins hafa ekki tekið breytingum og áfram skal stefnt að því að bjóða upp á starf og starfsemi sem annars væri utan seilingar sóknanna. Upp á sitt eindæmi geta sóknir og söfnuðir ekki tryggt símenntun og þjálfun starfsfólks. Þeir geta ekki alltaf ýtt úr vör spennandi sprota- og þróunarverkefnum eða haldið myndarlega upp á stórhátíðir. Til þess er hins vegar prófastsdæmið til staðar undir forystu prófasts og héraðsnefndar með liðsinni héraðsprests. Sömuleiðis eru samskipti og samstarf nauðsynleg, bæði til tilsjónar og eftirfylgni, en einnig svo starfsmenn fái vaxið og eflst saman til góðra verka og lært hver af öðrum.

## Þakkir

Þeim sem tóku þátt í starfi prófastsdæmisins eða komu að því með einum eða öðrum hætti eru færðar þakkir. Góður Guð blessi öll áform þeirra sem í prófastsdæminu starfa og gjörðir sem þeim fylgja. Takist vel til með tilstyrk hans. Höfum í huga orð Páls postula úr Rómverjabréfinu: „Því brýni ég ykkur, systkin, að þið vegna miskunnar Guðs bjóðið fram sjálf ykkur að lifandi, heilagri, Guði þóknanlegri fórn. Það er sönn guðsdýrkun af ykkar hendi. Fylgið ekki háttsemi þessa heims. Látið heldur umbreytast með hinu nýja hugarfari og lærið svo að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna.“ Guð blessi þá kirkju sem ber honum vitni í orði og verki.

# *Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

**Sr. Gísli Jónasson, prófastur**

## Inngangsorð

Þegar við lítum um öxl yfir liðið starfsár þá blasir það við, að þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni hefur víða verið vel unnið og af miklum fúsleika og dugnaði. Vil ég því fá að nota þetta tækifæri til að þakka það dugmikla og fórnfúsa starf, sem ég hef orðið vitni að í heimsóknum mínum í söfnuði prófastsdæmisins. Og í þessu sambandi vil ég minna okkur öll á hinn stórkostlega fagnaðarboðskap sem fólginn er í eftirfarandi boðskap sálmaskáldsins forna:

*„Þeir sem treysta Drottni eru sem Síonarfjall,*
*það bifast eigi, stendur að eilífu.*
*Eins og fjöllin umlykja Jerúsalem*
*umlykur Drottinn lýð sinn*
*héðan í frá og að eilífu." (Sálm. 125:1-2)*

Það er stórkostleg mynd sem höfundur sálmsins dregur hér upp af því hvernig náð Drottins og kærleikur umlykur okkur með sama hætti og fjöllin sem við okkur blasa í náttúrunni. Fjöllin geta því m.ö.o. að vera okkur áminning um vernd Drottins og umhyggju, sem aldrei bregst. Látum þessi orð sálmaskáldsins vera okkur til uppörfunar og hvatningar þegar við höldum til móts við nýtt starfsár og göngum fram í þeirri fullvissu, að fyrirheiti hans standi að eilífu og séu vörn okkar og styrkur á hverju sem gengur. Við skulum því enn á ný ákalla nafn hans og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2018, skv. starfsskýrslum presta, eru sem hér segir, (tölur frá 2017 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 604 (590), barnaguðþjónustur 349 (363), aðrar bæna- og helgistundir 1282 (1265). Guðsþjónustur voru því samtals 2235 (2218). Viðstaddir þessar guðsþjónustur voru alls 91.899 (96.789). Fermingarbörn voru 954 (897) og altarisgestir 23.779 (21.205). Þá voru skírð 568 (607) börn, hjónavígslur voru 236 (261) og útfarir 427 (407). Ekki er að sjá að um umtalsverðar breytingar milli ára sé að ræða á þessu tölum nema þá helst á fjölda skírna sem virðist fara heldur lækkandi.

Þar sem engu hefur enn verið breytt varðandi starfs- og messugjörðarskýrslur presta í þá veru að þær gefi gleggri mynd af umfangi kirkju- og safnaðarstarfsins höfum við haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu sem við tókum upp fyrir tíu árum og verður henni haldið áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðarskýrslunum.

Samkvæmt þessari talningu tóku alls 258.332 (208.405) manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2018 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Er hér um verulega fjölgun að ræða frá síðasta ári eða u.þ.b. 24%. Munar þar mestu, að töluverð fjölgun varð á útförum. Meðalþátttakan í messum, sem fram fóru á árinu 2018 var 92,1 manns, en var 90,9 árið áður.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu hefur heldur verið að aukast eftir því sem árin líða og tel ég það varða miklu fyrir framtíð starfsins innan prófastsdæmisins, að við leggjum áherslu á starfið á samstarfssvæðunum og leitum þannig allra leiða til að efla starf kirkjunnar með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Eins og undanfarin ár er á fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til samstarfssvæðanna og verður hún að þessu sinni 1.575.000 kr.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir á síðustu árum, enda hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna því miður verið í algjöru lágmarki vegna niðurskurðar

sóknargjaldsins. Ekki hefur enn tekist að hefja framkvæmdir við stækkun safnaðarheimilis Árbæjarkirkju, en nú hefur fengist framlag úr jöfnunarsjóði til að hefja undirbúning að þessari framkvæmd og er nú verið að endurskoða teikningar. Þá er hafinn undirbúningur á viðgerðum á þaki Breiðholtskirkju sem vonandi mun ljúka á næsta ári. Einnig var sett upp hjólastólalyfta við stiga milli hæða og var hún fjármögnuð með almennri fjársöfnun. Þá hafa umfangsmiklar viðgerðir átt sér stað á Kópavogskirkju, en þar var viðhaldsþörfin orðin mjög brýn, bæði á rafkerfi, gluggum og vegna lekaskemmda. Er viðgerð á gluggum á suðurhlið kirkjunnar nú lokið og verður gluggaviðgerðunum vonandi fram haldið á næsta ári. Einnig hefur flóðlýsing kirkjunnar verið endurnýjuð og var sú framkvæmd að mestu fjármögnuð af Kópavogsbæ. Loks skal þess getið að 9. desember var tekið í notkun nýtt pípuorgel í Guðríðarkirkju og er það smíðað af Björgvini Tómassyni, orgelsmið.

## Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiskonar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta nefnt hér:

26. janúar var fræðsludagur prófastsdæmisins í Digraneskirkju þar sem starfsfólk Biskupsstofu fjallaði m.a. um líðan og starfsánægju starfsfólks kirkjunnar, fjölmiðla og samskipti kirkjunnar við þá og persónuverndarmál og meðferð persónuupplýsinga.

20. mars sl. efndi prófastsdæmið til fræðslufundar um sorg og áföll í skólastarfi. Fundurinn var haldinn í Grafarvogskirkju og var skólastjórum, deildarstjórum, námsráð-gjöfum og öðrum sem málið varðar í grunnskólum Grafarvogs og Borgarholtsskóla sérstaklega boðið að sækja fundinn. Var hann vel sóttur og vakti mikla ánægju. Fyrirhugað er að halda hliðstæða fundi í Kópavogi og Breiðholti á komandi starfsári.

Prédikunarklúbbur presta hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests og sömuleiðis var ein sólahrings-samvera í Skálholti. Þá sá dr. Sigurjón um vikulega biblíulestra í Breiðholtskirkju. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir og heimsóknir í félagsstarf aldraðra.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum allra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Þá hefur verið leitast við að miðla upplýsingum milli safnaðanna um þau margvíslegu námskeið sem þar eru haldin og einnig hafa verið námskeið í samstarfi við nágranna-prófastsdæmin. Má þar t.d. nefna námskeið fyrir kirkjuverði og aðra starfsmenn safnaðanna og námskeið fyrir sóknarnefndarfólk. Fræðslunefnd prófastsdæmisins skipa þau sr. Bryndís Malla Elídóttir, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Þá skal þess getið, að söfnuðunum standa jafnan til boða eldvarnarnámskeið, framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálp á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

## Fundir, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Árbæjarkirkju 21. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 31. október. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund í mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu einn sameiginlegan fund. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta G. Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Guðrún Hulda Birgis. Eru bæði aðal- og varamenn boðaðir á alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum og Kjalarnesprófastsdæmi reglulega með sér fundi þar sem rædd eru sameiginleg málefni prófastsdæmanna.

Samráðsfundir presta og djákna voru þrír á starfsárinu og sömuleiðs voru haldnir þrír formannafundir og var einn þeirra sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið margvíslega fundi um málefni ÆSKR, Eldriborgararáðs, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt.

Einnig átti hann allmarga fundi með biskupi Íslands, öðrum prófföstum, félagsmála-yfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa. Sömuleiðis stjórnaði prófastur kjörnefndar-störfum í Grafarholtsprestakalli.

Þá lauk prófastur á starfsárinu þeirri vísitasíu í söfnuðum prófastsdæmisins sem hófst vorið 2018 og átti í tengslum við hana starfsgæðaviðtöl með prestum og djáknum og sat samráðsfundi með sóknarnefndum og starfsfólki sóknanna. Þá kannaði prófastur einnig aðgengi hreyfihamlaðra að húsnæði safnaðanna og gerði tillögur um lagfæringar þar sem það átti við.

Nú stendur svo yfir vísitasía vígslubiskupsins í Skálholti. Hófst hún í Kópavogskirkju á uppstigningardag, 30. maí sl. og stendur yfir fram á næsta haust.

Að lokum má geta þess undir þessum lið, að prófastsdæmið hefur í mörg undanfarin ár staðið fyrir mánaðarlegum Tómasarmessum í Breiðholtskirkju í samvinnu við ýmsa kirkjulega aðila.

## Breytingar á starfsliði

Óvenju litlar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu:

Sr. Leifur Ragnar Jónsson var skipaður prestur í Grafarholtsprestakalli frá 1. júlí 2018, en hann hafði áður þjónað prestakallinu um tæplega eins árs skeið í námsleyfi sr. Karls V. Matthíassonar. Þá var starfsaðstaða sr. Toshiki Toma færð frá Hjallakirkju í Breiðholtskirkju haustið 2018, en sr. Toshiki heyrir samt sem sérþjónustuprestur formlega undir tilsjón prófastsins í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Þjónandi djáknar í prófasdæminu eru nú fjórir, auk framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs, en voru þegar best lét sjö. Þjónandi prestar eru hins vegar 23 í 22,5 stöðugildum. Flestir voru prestarnir í prófastsdæminu skömmu fyrir hrun er þeir voru að jafnaði 24. Það er því ljóst að enn höfum við varla náð sama þjónustustigi og þá var. Er það mikið áhyggjuefni hversu seint sækist að ná þeim embættum til baka sem hurfu á braut í kjölfar bankahrunsins.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma (ER) er styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Þá hefur ráðið staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn stöðugt verið að aukast og eru yfirleitt biðlistar í dvalarhópanna þótt þeim hafi á undanförnum árum verið fjölgað úr þremur í sex. Framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, og hefur hún aðsetur í Breiðholtskirkju.

Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum (ÆSKR) býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna og sömuleiðis í TTT starfinu. Þá hefur ÆSKR í gengum tíðina verið falin umsjón með ýmsum verkefnum og þjónustu í æskulýðsmálum kirkjunnar og þá oft í samvinnu við ÆSKÞ. Er sambandið þannig t.d. mikilvægur framkvæmdaaðili að starfi Farskóla leiðtogaefna, sem útskrifaði 12 ungmenni við hátíðlega athöfn í Grensáskirkju 27. mars sl. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Kristján Ágúst Kjartansson og hefur hann aðsetur í Grensáskirkju.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölþætt. Það hefur þó skapað mikinn vanda, að niðurskurður lögbundinna framlaga til kirkjugarða á undanförnum árum hefur leitt til þess að grípa hefur orðið til verulegra aðhaldsaðgerða, sem m.a. hafa leitt til fækkunar starfsfólks, frestunar á brýnum viðhaldsverkefnun og skertrar þjónustu. Prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar kirkjugarðanna sitt hvort árið og hefur prófasturinn í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra setið þessa fundi á sl. starfsári.

Prófastsdæmið hefur til fjölda ára stutt Fjölskylduþjónustu kirkjunnar með verulegum fjárframlögum. En nú hefur sú breyting orðið á að rekstur Fjölskylduþjónustunnar hefur alfarið verið færður á ábyrgð Kirkjumálasjóðs. Er því ekki lengur leitað eftir stuðningi héraðssjóðs við þetta starf.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, enda hefur lítið dregið úr umsóknum um aðstoð og er því gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi á næsta ári..

Einnig vil ég nefna, að Reykjavíkurprófastsdæmin hafa til margra ára staðið fyrir sameiginlegri messuþjónahátíð að vori og þannig viljað láta í ljós örlítinn þakklætisvott fyrir trúfasta þjónustu messuþjónanna. Var hátíðinn að þessu sinni haldin í Grafarvogskirkju 23. maí sl. Sömuleiðis má nefna sem samstarfsverkefni áðurnefnd fermingarbarnanámskeið í Vatnaskógi.

Að lokum vil ég svo undir þessum lið geta þess, að sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, hefur síðustu árin haft fasta starfsaðstöðu í prófastsdæminu. Skrifstofa hans hefur, eins og áður er getið, verið færð í Breiðholtskirkju og hefur hann haft þar viðtalstíma, helgihald og annað starf, auk þess sem hann hefur annast ákveðna starfsþætti í öðrum kirkjum eins og t.d. Háteigskirkju og Keflavíkurkirkju. Myndast hefur vísir að nýjum söfnuði, Alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju, og hafa sr. Toshiki og sóknarnefnd Breiðholts-kirkju undirritað viljayfirlýsingu um aukið samstarf sem hefur verið samþykkt af biskupi Íslands og styrkt af kirkjuráði. Er þar m.a. gert ráð fyrir að þróuð verði kirkjuleg þjónusta fyrir flóttafólk á höfuðborgarsvæðinu og einnig fyrir innflytjendur í Breiðholti og nágrenni þess. Er það von mín að með sameiginlegu

átaki okkar í prófastsdæminu megi takast að efla og styrkja þetta mikilvæga starf, sem þegar er að verða einn helsti vaxtarbroddurinn í starfi þjóð-kirkjunnar.

## Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálparinnar í Reykjavíkurprófastsdæmum kom saman til fundar 4. júní sl. og ræddi breytta stöðu sjóðsins í ljósi þess að tekjur hans hafa dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins. Aðeins var um eina úthlutun að ræða að þessu sinni til sumardvalar aldraðra á Löngumýri, en síðan er að því stefnt að reglum sjóðsins verði breytt á komandi starfsári þannig að auðveldara verði að úthluta styrkjum úr honum.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2019 koma 72,5 milljónir kr. í hlut sjö sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu fimm sóknir alls 47 milljónir kr. og Kópavogskirkja fékk síðan aukaframlag upp á 20 milljónir. Er því um nokkra aukningu að ræða miðað við fyrri ár og þá sérstaklega vegna viðgerða á Kópavogskirkju og Breiðholtskirkju. Þá fékk Árbæjarsókn í fyrsta sinn framlag úr sjóðnum til undirbúnings vegna stækkunar á safnaðarheimilinu sem lengi hefur verið í bígerð.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurprófastsdæma hefur ekki komið saman á þessu kjörtímabili, enda virðast borgaryfirvöld lítinn áhuga hafa á slíku samráði. Og ekki er lengur auglýst eftir umsóknum í Kirkjubyggingarsjóð Reykjavíkur enda hafa borgaryfirvöld í raun lagt sjóðinn niður.

## Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis

Því miður hafa ekki borist neinar fréttir af því að í vændum sé leiðrétting á þeirri gríðarlegu skerðingu sóknargjaldsins sem viðgengist hefur allt frá árinu 2009. Og það jafnt fyrir það, þótt viðurkennt hafi verið af stjórnvöldum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins. Var jafnvel bætt um betur við samþykkt síðustu fjárlaga þar sem sóknargjaldið var lækkað í 925 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda í stað 931 kr. á síðasta ári, en það ætti skv. lögunum að vera 1650 kr., eða 725 kr. hærra á mánuði. Það munar vissulega um minna. Þessi skerðing, sem nú nemur um 44%, hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar enda er nú svo komið, að ákveðnir söfnuðir virðast vera að komast í þrot fjárhagslega og enn fleiri eru að vinna í því að segja upp starfsfólki eða lækka starfshlutfall og draga á annan hátt úr starfi sínu auk þess sem bráðnauðsynlegu viðhaldi húsnæðis er oft frestað ár eftir ár.

Í yfirliti, sem ég hef tekið saman, um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði prófastsdæmisins fyrir sig kemur fram, að heildarniðurskurðurinn frá árinu 2008 til og með ársins í ár nemur nú u.þ.b. 2,76 milljarði króna eða að meðaltali u.þ.b. 230 milljónum kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða Þjóðkirkjunnar nemur nú rúmlega 10,4 milljörðum kr. Það er því ákaflega brýnt, að viðræður við ríkisvaldið, um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, verði til lykta leiddar sem allra fyrst og það á jákvæðan hátt fyrir kirkju og kristni í þessu landi.

## Sameining prestakalla

Á síðasta kirkjuþingi voru samþykktar nokkrar tillögur um sameiningu prestakalla byggðar á tillögum biskupafundar, sem kynntar voru á sl. hausti.

Í ljósi þessara tillagna fóru fram nokkrar viðræður milli safnaðanna í Breiðholti um aukið samstarf og hugsanlega sameiningu þeirra í eitt prestakall. Niðurstaðan varð sú að Seljasókn dróg sig út úr þessum viðræðum, en Breiðholtssókn og Fella- og Hólasókn hafa hins vegar farið fram á það við biskupafund að á næsta kirkjuþingi verði flutt tilllaga um að prestaköllin tvö verði sameinuð í eitt.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa öllum þeim, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það verður seint fullþakkað þeim mörgu, sem lagt hafa hönd að verki og gefið bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar í prófastsdæminu. Einnig vil ég þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir ytra mótlæti. Leggjum starfið allt í hans hendur. Hann vill styrkja okkur og leiða, því megum við treysta og það er náð hans og kærleiki sem öllu breytir og gefur okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

# *Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

**Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur**

*Víða til þess vott ég fann,*
*þó venjist oftar hinu,*
*að Guð á margan gimstein þann,*
*sem glóir í mannsorpinu.*

Mér hefur verið tamt undanfarin að hefja skýrslu mína með örlitlum hugleiðingum út frá ljóði eða vísuorði. Ég leyfi mér að halda uppteknum hætti í ár. Ég er alin upp við ljóð og kvæði og það er alveg óvart þegar vísur og erindi skjóta upp kollinum í huga mínum þegar ég er að velta fyrir mér dægurmálum, prédikunum, minningarorðum, bíómyndum, málverkum og fleiru sem ber fyrir augu og eyru. Ég tel að þetta skýrist af því að ég er alin upp af fullorðnu fólki, mjög fullorðnu fólki, foreldrum og móðursystkinum sem flest voru fædd um og eftir aldamótin 1900.

Ég fermdist í Dómkirkjunni af séra Óskari J. Þorlákssyni þann 21. apríl 1974. Um þær mundir trónaði ABBA í efsta sæti í Lögum unga fólksins, útvarpsþætti á mánudagskvöldum kl. 20:00. Lagið hét Waterloo og hafði sigrað í Eurovision það ár - og allar stelpur vildu líta út eins og Agnetha og Annifrid - og þið ættuð bara að fletta þessu upp á You-tube til að sjá alvöru tísku.

Ég fékk margar góðar gjafir í fermingargjöf, m.a. vísuna sem ég las í byrjun en hún var sem

sagt í einni ljóðabókinni af sex sem ég fékk í fermingargjöf en samtals voru 14 gestir í veislunni, sýnist mér á myndum, sem þýðir að u.þ.b. annar hver gestur hefur gefið mér ljóðabók. Þegar allir mínir góðu gestir voru farnir til sinna heima og skilið eftir ljóðabækur á borðinu mínu, kvartaði ég yfir þessu við föður minn og sagði: „Ég er 14 ára, allir vinir mínir fá utanlandsferð í fermingargjöf en ég fæ ljóðabækur." Pabbi lét sér hvergi bregða og sagði bara: „Þú átt eftir að kunna að meta þær síðar," tók bækurnar til handargagns og áritaði þær með nafni mínu og gefendanna. Og þetta var auðvitað laukrétt hjá honum.

*Víða til þess vott ég fann,*
*þó venjist oftar hinu,*
*að Guð á margan gimstein þann,*
*sem glóir í mannsorpinu.*

Þannig orti Hjálmar Jónsson, kenndur við Bólu í Blönduhlíð í Skagafirði en hann var uppi á árunum 1796-1875. Saga Bólu-Hjálmars er saga einstaklings sem mátti búa við mótlæti og erfiðleika allt sitt líf enda batt hann sína bagga ekki sömu hnútum og samferðarmennirnir, svo vitnað sé í Bjarna Thorarensen sem sagði þetta um Sæmund Hólm. Bólu-Hjálmar var sveitarómagi og umkomulaus, fæddist snauður og dó snauður. En drengurinn var gríðarlega gjörvilegur, listhneigður, handlaginn og hagmæltur. Liggja eftir þennan umkomulausa mann margar dýrmætustu perlur íslenskrar tungu og hugsunar.

En því er ég að minnast á Bólu-Hjálmar og kveðskap hans að sú hugsun sækir töluvert á mig um þessar mundir fyrir hverja kirkjan sé. Hver er markhópur kirkjunnar, til hverra sækir hún og hverjir sækja til hennar? Við hverja er kirkjan að tala og hverjir vilja tala við kirkjuna? Kirkja er fólk sem kemur saman, hún er samfélag fólks um trú og líf. Kirkja heitir á grísku "ekklesía" og þýðir söfnuður, fólk. Hún er félagsleg eining. Í trúarjátningunni er farið nokkrum orðum um kirkjuna. Þar játum við: "Ég trúi á heilagan anda, heilaga, almenna kirkju, samfélag heilagra." Kirkjan er heilög, samfélag okkar er heilagt. Heilagur þýðir þarna frátekinn, við sem kirkja erum frátekin, kölluð af Guði til að þjóna honum og gefa honum dýrðina í lífi okkar og starfi, hvar sem við erum í okkar stétt og stöðu.

Svo er sagt um kirkjuna að hún sé almenn. Það þykir svo áríðandi einkunn fyrir kirkjuna að kirkjufeðrunum á hinum fyrstu kristnu öldum hefur þótt nauðsynlegt að hafa hana með í trúarjátningunum. Kirkjan er almenn. Hún er fyrir alla, í öllum heiminum, í öllum hverfunum, óháð kynþætti, menningu efnahag, aldri, kynferði, kynhneigð eða nokkru því sem aðskilur fólk eða aðgreinir yfirleitt og skipar því í flokka. Hún er fyrir allt fólk sem þangað vill leita. Kirkjan hefur sig yfir manngreinarálit og stéttaskiptingu, það þýðir að ríkir og snauðir sitja þar hlið við hlið, dæmdir og útskúfaðir krjúpa við hlið fyrirmyndarfólks, barn fíkilsins fermist með barni lögmannsins eða prestsins, o.s.frv.

Nú langar mig að spyrja: Birtir sú mynd af kirkjunni sem hér er lýst þann veruleika sem blasir við í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra? Já og nei, stundum – stundum ekki, sums staðar – ekki annars staðar. Eftir að hafa fylgt biskupnum í vísitasíu hennar í prófastsdæmið hafa þessar vangaveltur leitað á huga minn. Að hafa kynnst störfum sérþjónustuprestanna í návígi hefur í rauninni verið opinberun fyrir prófastinn. Starfsemi þessara presta á spítalanum, í fangelsinu, á meðal innflytjenda, heyrnarlausra og þroskahamlaðra gegnir lykilatriði í aðstæðum fólks sem skorinn er þröngur stakkur með einhverju móti, fólki sem eru ekki allir vegir færir, fólki sem þráir lífið og möguleikar þess en er í þeim aðstæðum sem hefta frelsi þess. Inn í þessar aðstæður

kemur kirkjan með rödd sína og nærveru og býður fólki samfylgd og samfélag. Í þessum aðstæðum þarf fólk á Guði að halda, nánast með áþreifanlegum hætti. Og það merkilega er að enginn var svo alls vana, svo sjúkur, útlendur, mállaus, þroskaskertur eða inni lokaður að hann gæti ekki vikið brosi, hlýju, huggun, hvatningu, hrósi að einum biskupi og vinum hennar sem heilsuðu upp á. „Guð á margan gimstein þann sem glóir í mannssorpinu."

En maðurinn og konan sem koma í kirkju til mín á sunnudögum eða aðra daga? Þurfa þau á Guði að halda? Já, þau gera það. „Ekki þurfa heilbrigðir læknis við heldur þeir sem sjúkir eru", segir Jesús við faríseana þegar hann varð uppvís að því að samneyta tollheimtumönnum og bersyndugum (Mt. 9:11-12). Ég þekki manninn og konuna sem koma í kirkju e.t.v. ekki að öllu leyti, þekki ekki aðstæður allra eða það sem inni fyrir býr. Það nægir mér að vita að Guð þekkir þau, sér þau og elskar þau. Svo ganga þau út úr kirkjunni til síns heima, blessuð til líkama, sálar og anda – ekki af því að ég hef vandað mig svo í prédikuninni, tóninu, bæninni heldur af því að almáttugum Guði þóknast það og framkvæmir það. „Mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir og yðar vegir ekki mínir vegir, segir Drottinn … eins er því farið með orð mitt sem kemur af munni mínum, það hverfur ekki aftur til mín við svo búið heldur kemur því til leiðar sem mér þóknast og framkvæmir það sem ég fel því," segir í Spádómsbók Jesaja (Jes. 55:8,11).

## Þjónusta presta og djákna

Eftirfarandi breytingar urðu á starfsvettvangi presta á árinu: Séra Ása Laufey Sæmundsdóttir var ráðin í afleysingu héraðsprests til 31. maí n.k. í stað dr. Maríu Ágústsdóttur sem hefur þjónað sem settur sóknarprestur í Grensáskirkju í vetur og verður svo til 31. maí n.k. Frá 1. júní n.k. verða sóknarprestsembætti Bústaða- og Grensásprestakalla lögð niður samkvæmt samþykkt kirkjuþings 2018 og nýtt prestakall stofnað, Fossvogsprestakall þar sem séra Pálmi Matthíasson verður sóknarprestur. Í framhaldinu verða tvær prestsstöður stofnaðar og auglýstar lausar til umsóknar.

Séra Hjalti Jón Sverrisson var ráðinn prestur Laugarnessafnaðar í 60% starfshlutfalli og setti ég hann inn í embætti þann 4. nóvember.

Séra Elínborg Sturludóttir var sett inn í embætti prests við Dómkirkjuna þann 23. september og séra Sveinn Valgeirsson í embætti sóknarpests við sömu athöfn.

Séra Jóhanna Gísladóttir lét af störfum prests í Langholtsprestakalli.

Í hópi sérþjónustupresta hafa verið nokkrar breytingar. Séra Guðný Hallgrímsdóttir, prestur fatlaðra hefur verið í leyfi frá störfum og hefur séra Úrsúla Árnadóttir þjónað í hennar stað.

Séra Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítala hefur verið í leyfi frá sjúkrahúsinu til að sinna nýju starfi mannauðsstjóra á Biskupsstofu. Hann mun snúa aftur til starfa sinna á spítalanum síðsumars.

Séra Bragi Skúlason, sjúkrahúsprestur á Landspítala hefur verið í leyfi frá störfum og séra Ingólfur Hartvigsson hefur leyst hann af.

Séra Kjartan Örn Sigurbjörnsson lét af störfum sjúkrahúsprests.

Séra Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu hefur verið ráðin sjúkrahúsprestur Landspítala háskólasjúkrahúss.

Inga Harðardóttir, guðfræðingur hefur verið ráðin prestur Íslensku kirkjunnar í Noregi og hlýtur hún prestsvígslu í Dómkirkjunni þann 26. maí.

Séra Hreinn S. Hákonarson hefur látið af störfum fangaprests og gegnir nú ýmsum verkefnum á Fræðslu- og þjónustudeild Biskupsstofu í hálfri stöðu.

## Héraðsnefnd, héraðsprestar og ritari

Héraðsnefnd var skipuð eftirtöldum einstaklingum 2018-2019: Séra Pálmi Matthíasson, Bústaðasókn; Kristján Guðmundsson, Ássókn; séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímssókn og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Laugarnessókn. Aðal- og varamenn voru boðaðir á alla fundi auk Birnu Birgisdóttur sem undirbjó fundina og ritaði fundargerðir. Héraðsnefndin hittist í hádeginu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, afgreiddi umsóknir til héraðssjóðs og undirbjó viðburði á vegum prófastsdæmisins.

Á héraðsfundinum í ár verður kosið um prest í héraðsnefndina. Séra Pálmi hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs og eru honum hér með færðar hugheilar þakkir fyrir störf sín á þessum vettvangi í þágu prófastsdæmisins en hann hefur setið í héraðsnefnd um árabil.

## Fundir, mannfagnaðir og starfsmannaviðtöl

Prófastsdæmið stóð fyrir ýmiss konar fundum og samkomum fyrir presta, sóknarnefndarfólk og starfsmenn safnaðanna. Tilgangur fundanna allra er að efla starfsmenn, lærða og leika, á sínum starfsstöðvum, að skapa vettvang til samtals og samfélags. Þessara samkoma verður nú getið í tímaröð:

29. maí: Messuþjónahátíð prófastsdæmanna beggja haldin í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Séra Jón Helgi Þórarinsson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju og Guðný Einarsdóttir, þáverandi organisti Hjallakirkju – og núverandi organisti Háteigskirkju – fluttu erindi og kynningu um vinnu sálmabókarnefndar Þjóðkirkjunnar.

13. september: Móttaka í Safnaðarheimili Háteigskirkju fyrir biskup anglíkönsku kirkjunnar David Hamid, presta og leikmenn á Deanary Synod í Reykjavík sem séra Bjarni Þór Bjarnason skipulagði. Boðið var upp á söng og samfélag presta prófastsdæmisins við hina anglíkönsku gesti og grillað íslenskt lambakjöt í íslenskri haustblíðu. Þess má geta að séra Bjarni Þór var settur inn í embætti prests anglíkönsku kirkjunnar af David Hamid, biskupi við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni hinn 16. september og tók prófastur þátt í þeirri athöfn ásamt biskupi Íslands og sóknarpresti Dómkirkjunnar, séra Sveini Valgeirssyni.

21. september: Haustfundur presta í Neskirkju. Þar fluttu þrír starfsmenn Biskupsstofu kynningu á þremur málaflokkum: Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri fjallaði um sameiningu prestakalla á landinu öllu og með sérstakri áherslu á Reykjavíkurprófastsæmi vestra. Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, persónuverndarfulltrúi kynnti ný persónuverndarlög og hvernig þau lög snerta kirkjuna. Loks flutti séra Vigfús Bjarni Albertsson settur mannauðsstjóri kynningu á starfsmanna- og mannauðsstefnu þjóðkirkjunnar. Sérstakur leynigestur var fenginn á fundinn, það var Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra sem leiðbeindi fundarmönnum í Chi-Gong æfingum á milli laga.

18. október: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Dr. Jón Ólafsson, heimspekingur fjallaði um siðareglur, grundvöll þeirra, tilurð og tilgang.

24. október: Fundur með formönnum sóknarnefnda í Norræna husinu. Séra Þorvaldur

Víðisson, biskupsritari fjallaði um tillögur biskups um sameiningar prestakalla í prófastsdæminu. Góðar umræður spunnust um málið og önnur mál sem lágu formönnum sóknarnefndanna á hjarta.

30. október: Aukahéraðsfundur í Áskirkju í aðdraganda kirkjuþings vegna tillagna biskups um sameiningar prestakalla.

15. nóvember: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Bryndís Loftsdóttir, frá Félagi íslenskra bókaútgefenda fjallaði um nýútkomnar bækur.

24. nóvember: Hópferð presta, djákna og maka þeirra á Jólaóratoríu JSBach í flutningi Dómkórsins í Hallgrímskirkju. Prófastsdæmið styrkti kórinn með beinni styrkveitingu og keypti auk þess 30 miða sem voru seldir prestum og djáknum á niðursettu verði. Hallgrímskirkja felldi niður leigu á kirkjunni vegna flutnings Dómkórsins. Að tónleikunum loknum var boðið til kvöldverðar á heimili sóknarprestsins í Hallgrímskirkju, dr. Sigurðar Árna Þórðarsonar og konu hans Elínar Sigrúnar Jónsdóttur og eru þeim hér með færðar hugleilar þakkir fyrir framtakið.

1.-10. desember: Heimsókn prófasts til íslensku safnaðanna í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Ég prédikaði við guðsþjónustur á báðum þessum stöðum, átti starfsmannaviðtöl við prestinn, séra Ágúst Einarsson og formenn sóknarnefndanna í báðum borgum og sat sóknarnefndarfundi. Ég var viðstödd opnun sögusýningar á vegum Alþingis í Jónshúsi og átti fund með sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn annars vegar og sóknarpresti sænsku kirkjunnar í Kaupmannahöfn hins vegar vegna málefna íslenska safnaðarins. Það er enn sem fyrr ótrúleg gróska í lífi safnaðanna á Norðurlöndum og mikil eftirpurn eftir prestsþjónustu. Nú hillir undir það að embætti sendráðsprests í Kaupmannahöfn verði auglýst en það var lagt niður í kjölfar efnahagshrunsins.

18. janúar: Janúarfundur presta í Rúgbrauðsgerðinni. Biskup Íslands, Frú Agnes M. Sigurðardóttir ávarpaði fundinn og séra Bjarni Þór Bjarnason kynnti fyrirhugaða ferð prófastsdæmisins til Skotlands (sjá síðar í sérstökum kafla skýrslunnar).

14. febrúar: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Dr. María Ágústsdóttir, settur sóknarprestur í Grensáskirkju flutti erindi byggt á nýlegri doktorsritgerð sinni um sjálfsmynd og tengsl í samkirkjulegri iðkun.

8. mars: Árshátíð presta, djákna og maka í Golfskálanum í Grafarholti. Boðið var upp á þriggja rétta máltíð, heimatilbúin skemmtiatriði, samsöng og dans fram á nótt, öllum viðstöddum til mikillar gleði, ánægju og yndisauka. Þátttakendur greiða fyrir sig sjálfir en prófastsdæmið niðurgreiðir fyrir hvern mann kr. 2.000.- Þessi skemmtun hefur fest sig í sessi og er það mál manna að hún sé að verða einhver eftirsóttasta skemmtunin á höfuðborgarsvæðinu - en hefur þó ekki enn slegið aðsóknarmet þorrablótsins í Bolungarvík.

14. mars: Morgunsamvera presta og djákna í Grensáskirkju. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, deildarstjóri á Heilsustofnun í Hveragerði og formaður sóknarnefndar Laugarneskirkju flutti erindi um Bataskólann, stofnun sem hefur það að markmiði að hjálpa fólki til virkni í samfélaginu eftir áföll og veikindi.

24. apríl: Vorfundur presta í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Á fundinn komu tveir fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem fjölluðu um samvinnu lögreglu og presta í erfiðum aðstæðum. En meginmál fundarins var hin nýja persónuverndarlöggjöf. Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, persónuverndarfulltrúi hélt afar ítarlegt erindi um flókið og margslungið mál og miklar umræður spunnust í kjölfarið. Mál þetta þarfnast miklu meiri

kynningar í söfnuðum okkar og mun ég skoða það með Brynju hvernig við getum sem best staðið að því í prófastsdæminu.

Prédikunarklúbbur presta hittist einu sinni í viku, um er að ræða undirbúningsfund presta vegna prédikunargerðar. Séra Ása Laufey Sæmundsdóttir og séra Eva Björk Valdimarsdóttir hafa umsjón með Prédikunarklúbbnum sem ég kalla hiklaust best varðveitta leyndarmál prófastsdæmisins vegna mikilvægis starfsins sem lætur afar lítið yfir sér en þess má geta að í prófastsdæminu eru fimm doktorar í guðfræði og einn á leiðinni.

Starfsmannaviðtölin hafa verið á sínum stað og verið vel sótt.

Ennfremur hefur prófastur sótt fundi framkvæmdastjórnar kirkjugarðanna einu sinni í mánuði auk aðalfunda kirkjugarðanna og Kirkjugarðasambands Íslands.

## Vísitasía bískups

Þann 20. janúar-24. mars s.l. vísiteraði biskup Íslands, Frú Agnes M. Sigurðardóttir Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra. Með í för var biskupsritari, séra Þorvaldur Víðisson auk prófasts. Biskupinn býr og starfar í okkar prófastsdæmi, af þeim sökum dreifðist vísitasían á langan tíma, hún var skipulögð í nokkrum hollum, þess á milli sinntu biskup og biskupsritari öðrum verkefnum á sinni skrifstofu. Þegar okkar prófastsdæmi er skoðað koma í ljós tíu sóknir með tíu kirkjum en auk þess sérþjónusta presta og djákna sem er sérkapítuli fyrir þetta prófastsdæmi, samtals 37 prestar og fimm djáknar. Þegar upp var staðið í lokin höfðu allar kirkjurnar tíu verið heimsóttar, biskup hafði prédikað 10 sinnum í messu, auk ýmissa guðsþjónusta í söfnuðunum og setið 10 sóknarnefndarfundi. Þar að auki höfðum við heimsótt 11 deildir Landspítala háskólasjúkrahúss, Hómsheiðarfangelsið og söfnuði þroskahamlaðra, heyrnarlausra og innflytjenda.

Á öllum þessum stöðum sem ég taldi upp núna sér íslenska Þjóðkirkjan landsmönnum fyrir helgihaldi, sálgæslu, tónlistar- og kórastarfi, félagsstarfi fyrir ólíka aldurshópa auk ýmiss konar annarri þjónustu allan ársins hring. Þetta er mikið og vandað starf sem er borið uppi af lærðum og leikum sem finna hjá sér köllun, löngun og þörf til að láta gott af sér leiða til að efla fagurt og heilbrigt mannlíf í anda fagnaðarerindis Jesú Krists. Að fá að kynnast öllu hinu þróttmikla og trúfasta starfi safnaðanna í prófastsdæminu fyllir mann stolti, þakklæti og lotningu. Ég vil færa Frú Agnesi, biskupi og séra Þorvaldi, biskupsritara innilegar þakkir fyrir að heimsækja prófastsdæmi okkar og kynna sér allt hið þróttmikla starf og taka þátt í því. Og ykkur, kæru fulltrúar safnaðanna sem tókuð svo vel á móti okkur vil ég þakka ykkar góðu vinnu og fyrirhöfn, hlýtt viðmót og virðingu.

## Á döfinni – Skotlandsferð

Að loknum héraðsfundi taka við hefðbundin sumarleyfi presta og starfsfólks. Nú stendur yfir undirbúningur ferðar til Skotlands 8.-15. október n.k. Um er að ræða fræðslu-, pílagríma- og skemmtiferð presta, djákna og maka á slóðir hinna fyrstu kristnu manna á Bretlandseyjum og fetað í fótspor Kólumkilla. Farið verður til eyjanna Mull og Iona, auk þess sem farið verður um fagrar sveitir Skotlands og einnig til borganna Glasgow og Edinborgar. Alls hafa 26 manns skráð sig í ferðina og mun kynningar- og undirbúningsfundur verða haldinn í júníbyrjun. Vonandi getum við farið í aðra ferð síðar sem gæti höfðað til breiðari hóps kirkjunnar fólks í prófastsdæminu.

## Í lokin

Að lokum vil ég geta þess að á héraðsfundinum flutti Hulda Dóra Styrmisdóttir, stjórnendaráðgjafi MBA á mannauðssviði Landspítala erindi sem beinir sjónum okkar að mannauði þeim sem kirkjan býr yfir í starfsmönnum sínum og sjálfboðaliðum. Hvernig er það fyrir kirkjuna að reka starfsemi sína í hinni fjölmennu félagslegu einingu þegar sverfur að henni fjárhagslega og hugmyndafræðilega? Er ekki mannauðurinn mesta auðlegð kirkjunnar? Mannauður ásamt sístæðu fagnaðarerindi er það sem gerir stöðu kristinnar kirkju einstaka í samanburði við aðrar félagslegar heildir.

Ég vil þakka prestum, starfsfólki og sóknarnefndarfólki fyrir óeigingjarnt hugsjónastarf, fyrir trúmennsku, úthald og sveigjanleika í erfiðum aðstæðum þegar hefur kreppt að fjárhagslega. Ég þakka héraðsnefnd, héraðsprestum og ritara prófastsdæmisins samstarfið og ykkur öllum fyrir áheyrnina. Guð geymi ykkur öll og blessi starf safnaðanna.

# *Vesturlandsprófastsdæmi*

### Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur, í veikindaleyfi

### Settur prófastur sr. Gunnar Eiríkur Hauksson

Skýrsla barst ekki.

# *Vestfjarðaprófastsdæmi*

### Sr. Magnús Erlingsson, prófastur

## Hátíð á Ströndum

Hólmavíkurkirkja var vígð á uppstigningardag 1968. Hún var byggð eftir frumteikningu Gunnars Ólafssonar arkitekts. Þetta er steinsteipt guðshús, sem stendur uppi á hæð og sést af kirkjutröppum vel yfir bæinn og höfnina. Kirkjan er ein af fyrstu nútímakirkjunum, sem byggðar voru úti á landi. Að grunnfleti til er hún krosskirkja. Sitt hvoru megin við kór kirkjunnar eru útbrot, hægra megin er skrúðhús en vinstra megin eða sunnan megin er líkhús, sem er praktískt fyrir kirkju úti á landi.

18. ágúst 2018 var 50 ára afmæli kirkjunnar haldið hátíðlegt. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir tók þátt í hátíðarmessu ásamt sóknarprestinum sr. Sigríði Óladóttur. Að messu lokinni bauð Café Riis til glæsilegrar veislu. Var þetta hátíð hin besta.

En kirkja verður ekki að guðshúsi og tilbeiðslustað nema þar sé söfnuður og fólk, sem ann sínum helgidómi og gerir honum til góða, fólk eins og hann Jói járn, er dvalið hefur þarna á

Brennuhólnum meira og minna síðan 1962 og hefur gripið í nær öll embætti kirkjunnar. Jói sat í byggingarnefndinni, hann var söngstjóri, organisti, meðhjálpari, tónaði fyrir prestana þegar þeir voru násir eða illa fyrirkallaðir og hann var lengi kirkjuvörður. Enn er Jói járn með lykil að guðshúsinu þó sjónin leyfi það ekki lengur að hann hitti á skráargatið en hver veit nema almættið ljúki upp dyrunum ef á þarf að halda?

Jói járn eða Jóhann Guðmundsson eins og hann heitir fullu nafni var í kirkjuafmælinu heiðraður fyrir störf sín í þágu kirkjunnar. Við sama tækifæri var einnig heiðruð hún Lóa Ljósa fyrir leik sinn á orgel kirkjunnar og fyrir söngstarf sitt. Formaður sóknarnefndar á Hólmavík er Sólrún Jónsdóttir frá Einfætingsgili, skörungur sem einnig hefur umsjón með líkhúsinu, sem áður hefur verið minnst á.

Á yfirreið sinni kom prófastur við á Hólmavík og dáðist hann sérstaklega að því hversu vel kirkjugarðurinn væri hirtur. Vel hirtur kirkjugarður er andlit og sómi hvers staðar.

## Þar kraumar heitt undir

Reykhólakirkja er önnur nútímaleg kirkja. Hún var reyndar reist fimm árum á undan Hólmavíkurkirkju. Báðar eru þær steinsteyptar með tréinnréttingu og viðarpanel, sem gefur báðum kirkjum afar hlýlegt yfirbragð. Prófasturinn tengir tré ávallt við guðdóminn og nærveru andans enda hefst frásögn Biblíunnar á því að þau Adam og Eva voru í trjálundi einum, Eden, og Guð gekk þar um í kvöldsvalanum.

En líkt og forðum daga þá leynist höggormur í paradís. Á Reykhólum háttar svo til að þar er mikill jarðhiti eins og nafn staðarins gefur til kynna. Hafa Reykhólamenn nýtt jarðhitann til að hita upp hús sín, skólann og sundlaugina auk þess sem hitinn er nýttur í þörungaverksmiðjunni. En hiti í iðrum jarðar getur líka leitt hugann að óvinum mikla, þeim andskota og Satan, sem fékk þau Evu og Adam til að borða eplið af skilningstrénu. Umrætt epli er logó tæknirisans Apple, - og flest vitum við að tæknin getur verið hættuleg. Svo er einnig um hitann í iðrum jarðar. Hann á það til að koma upp úr jörðinni þar sem síst skyldi og skemma gólf og hús. Og það gerðist með kirkjuna á Reykhólum. Gólfið var orðið ónýtt, þakið lak og söfnuðurinn var farinn að velta því fyrir sér hvort hægt yrði að messa áfram í kirkjunni. Kostnaður við viðgerð hljóðaði upp á rúmar sex milljónir. En þegar neyðin er stærst þá er hjálpin næst. Jöfnunarsjóður sókna lagði til eina milljón, héraðssjóður Vestfjarðaprófasts-dæmis vildi ekki vera eftirbátur Jöfnunarsjóðsins og lagði til aðra milljón. Hitt hefur verið skrifað hjá Guði og bankanum. Og áfram er messað á Reykhólum. Í trú og von ganga söfnuðir þessa lands til móts við óvissa framtíð.

## Jazzsveifla

Yngsta og nýjasta kirkja Vestfjarða er á Tálknafirði og hún er gerð af timbri. Bygginguna teiknaði Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt á Ísafirði. Tálknafjarðarkirkja er mjög nútímaleg. Grunnflötur hennar minnir á blævæng og gengið er inn um breiðari endann. Þar eru til vinstri skrifstofa prestsins og til hægri safnaðarheimilið. Kirkjuskipið mjókkar í átt að altrinu og um leið hækkar kirkjan og yfir altarinu er svo turn kirkjunnar. Þannig má segja að hönnun kirkjunnar sé slík að hún beini sjónum kirkjugestsins upp á við, upp í himininn til Guðs. Altari kirkjunnar er hannað af Hreini Friðfinnssyni myndlistarmanni, sem einnig hefur hefur hannað altaristöfluna,

sem er stór veggur alsettur glitperlum líkt og stjörnurnar á himni Guðs. Tálknafjarðarkirkja er helgidómur Guðs, veglegt hús og gott.

Á síðastliðnum vetri var haldið kóramót í Tálknafjarðarkirkju. Kirkjukórar Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals komu þar saman til að æfa nýja sálma og eldri undir stjórn Mayu Worthmann og Marte Strandbakken. Með þeim lék jazztríó skipað Þór Breiðfjörð söngvara, Jóni Rafnssyni á bassa og Vigni Þór Stefánssyni á píanó. Einar Bragi Bragason, skólastjóri Tónlistarskólans á Patreksfirði, skreytti flutninginn með saxófón- og flautublæstri. Eftir að hafa æft heilan laugardag þá var haldin tónleikadagskrá sunnudaginn 24. febrúar. Fjöldi fólks mætti í kirkjuna og klappaði tónlistarfólkinu lof í lófa. Söngmálastjóri kirkjunnar, hún Margrét Bóasdóttir og sóknarpresturinn á Patreksfirði, sr. Kristján Arason skipulögðu þessa dagskrá. Já, kirkjan úti á landi er einnig prógressív og leggur sig eftir nýjungum. Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast í kirkjunni, enda er hún lifandi samfélag trúaðra.

## Guðfræðin í Holti

Brynjólfur Sveinsson var fæddur í Holti við Önundarfjörð árið 1605. Hann var orðlagður námsmaður og mjög vel að sér í grísku, sem Nýja testamentið var upphaflega ritað á. Hann var konrektor við Hróarskelduháskóla og ætlaði að mennta sig frekar suður í Evrópu þegar hann var kjörinn biskup í Skálholti, – þvert gegn vilja sínum. Brynjólfur reyndi líkt og spámaðurinn Jónas að koma sér undan embættinu, - enda hver vill svo sem vera biskup! Brynjólfur sagðist fyrst og fremst vera skólamaður og kennari en ekki guðfræðingur, en líkt og Jónas spámaður neyddist til að halda til Níneve þá varð blessaður Brynjólfur að að fara í Skálholt. Var það hans ógæfa.

Holt í Önundarfirði hefur lengi verið prestssetur. Á 20. öldinni var einnig reistur þar skóli fyrir sveitina. En þegar leið að lokum aldarinnar var orðið fátt eftir af börnum í sveitinni og þá stóð skólahúsið autt og ónotað. Datt þá góðu kirkjufólki það í hug að nú væri lag að setja þar á fót kirkju- og menningarmiðstöð. Fyrstu ár 21. aldarinnar voru þar haldnar sumarbúðir og sumarnámskeið fyrir börn. Vestfirskir prestar kenndu þar börnum að smíða kofa og flugdreka og sigla á bátum meðan æskulýðsfulltrúar kenndu þeim guðsorð, bænir og sálma. Prófasturinn var hafður þar í eldhúsi og þótti gera góðar kjötbollur.

En tímans tönn vinnur sitt verk og er komið var fram á miðjan annan áratug hinnar 21. aldar þá var orðið ljóst að kirkjumiðstöðin í Holti væri á fallanda fæti, húsnæðið var í slæmu ástandi og útideyfa komin í kirkjulega starfsemi. Sóknarpresturinn í Holti, sr. Fjölnir Ásbjörnsson reyndi samt að halda þar áfram lifandi starfi, svo sem kvöldvökum tileiknuðum minningu Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds á Kirkjubóli og eins voru þar haldin Þorrablót þar sem skemmtinefndin undir forustu Holtsklerks og annarra Önfirðinga þótti fara á kostum. Prófasturinn getur sjálfur vitnað um það að sr. Fjölnir er góð Elviseftirherma enda hefur prófasturinn nokkrum sinnum tekið gigg með sr. Fjölni á fermingarbarnamótum. Vestfirskir prestar eru upp til hópa hæfileikamenn.

Til að bjarga kirkjumiðstöðinni í Holti frá því að grotna niður þá ákvað stjórn Friðarsetursins í Holti að slá 36 milljón króna lán. Skrifaði prófasturinn undir alla pappíra og varð þá hugsað til Brynjólfs Sveinssonar, sem á Kópavogsfundi 1661 undirritaði afsöl, sem færðu konungi full yfirráð yfir Íslandi. Prófastur gætti þess þó að segja bankastjóranum ekki frá því að

kirkjumiðstöðin í Holti væri lóðarlaust hús, þannig að ef lánið fellur í eindaga þá verður bankinn að fjarlægja húsið af lóðinni. Vissulega eru svona viðskipti á gráu svæði en prófasturinn tók kúrsa í guðfræði Fyrstu Mósebókar og minnist þess hvernig Jakob sneri á Laban tengdaföður sinn. Og varla er hrekkur prófastsins verri en það.

Síðan var samið við einkaaðila um að reka gistihús í Holti og frá því gengið að gistihússrekandinn greiddi af láninu í bankanum auk þess að halda við húsnæðinu. Já, prófasturinn er útfarinn í hinum gyðinglega arfi Biblíunnar, hann er gyðingur þegar kemur að fjármálum.

Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir, sóknarprestur á Þingeyri, er einnig héraðsprestur Vestfjarða-prófastsdæmis. Hefur henni verið færður sá eitraði kaleikur að reyna að hjálpa prófastinum að rata eftir hinum þrönga vegi dyggðarinnar. Sr. Hildur stóð fyrir því að halda alþjóðlega guðfræðiráðstefnu í Holti. Voru fengnir fyrirlestarar frá Austurlöndum, þrír vitringar. Einn var ljóshærður Finni, kona, sem hefur doktorspróf í guðfræði, annar var Arabi frá Betlehem með dökk kristin augu, einnig doktor í guðfræði, sem skrifað hefur bækur um hernám Vesturbakkans, sá þriðji var Gyðingur, frjálslyndur rabbíi, sem talað hefur fyrir sáttum í landinu helga.

Þegar þessi orð eru skrifuð er sr. Hildur Inga stödd úti í Ísrael til að vera við prestsvígslu lútherskar konu, hinnar ljóshærðu og bjarteygðu Maríu Läppikare. Vestfirskir prestar eru í beinum tengslum við landið helga og prófasturinn leggur ávalt á herðar sér hvíta stólu, sem hann keypti af kvenfélaginu í Betlehem, þegar hann skírir börn í Ísafjarðarkirkju.

## Messa og ball

Bolvíkingar og Djúpmenn njóta þeirrar náðar að eiga góðan prest en það er hún sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir. Sr. Ásta þjónar Ögurkirkju við Ísafjarðardjúp og á Þorláksmessu að sumri messaði hún ásamt sínum gamla mentor, sr. Hjálmari Jónssyni í Ögurkirkju, sem á þeim degi, 20. júlí 2018, fagnaði sínu 160 ára vígsluafmæli. Messan var bæði upplífgandi og skemmtileg og predikun dagsins gekk út á það að við ættum að þjóna náunganum í kærleika. Um kvöldið var svo haldið hið árvissa Ögurball. Þá stígur mannfjöldi dans í gamla samkomuhúsinu svo að gólfið dúar. Og rómantískir töfrar fylgja þessu kvöldi þegar halur og sprund vanga saman og ung og ástfangin pör hverfa út í náttmyrkið. Já, guðfræði Gamla testamentisins er raunveruleiki í hinu vestfirska prófastsdæmi þar sem fuglinn úar á vorin og gæsirnar ropa á haustin, þar sem hvalir bægslast um í sjónum og selur sefur á steini.

## Jónas í hvalnum

Af öllum sögum Heilagrar ritningar þá hefur frásögnin af Jónasi spámanni, sem hvalurinn gleypti, verið prófasti hugleiknari en aðrar sögur. Bæði kemur það til af því að prófasturinn er sjómaður og af sjófarendum komin og eins hitt að hann færðist lengi undan því að þjóna Drottni og taldi sig lítt til þess búinn.

Nú í sumar lagði prófasturinn á Djúpið. Fyrst sigldi hann til Aðalvíkur og messaði þar. Svo brá hann sér yfir til Grunnavíkur, messaði þar og tók út nýtt sáluhlið, sem smiðirnir Hægur og Rólegur höfðu smíðað. Að messu lokinni var kirkjukaffi í Sútarabúðum.

Þriðja sunnudaginn sigldi prófastur í Unaðsdal með Ragúel Hagalínssyni og tók þar land á Tyrðilmýri. Með í för var sérlegur vinur prófastins, Kjartan Sigurjónsson organisti. Þegar prófasturin stóð á bryggjunni í Unaðsdal þá tók hann eitt skref aftur á bak. Og þá gerðist það líkt og með Jónas forðum að prófasturinn féll í iður hafsins. Sýnir þetta atvik gjörla að milli prófastsins og dauðans er aðeins eitt skref eins og það er orðað í helgri bók þar sem Davíð konungur ræðir við Jónatan.

Prófasturinn féll niður um op á bryggjunni og á niðurleiðinni rak hann höfuðið sitt stóra í járnbita og rotaðist. Síðan skal hann í hafið og hvarf sjónum. Ferðafélagar hans töldu að nú væri hann allur. En sem betur fór þá var þar ekkert stórhveli til að gleypa guðsmanninn góða og prófastinum skaut upp að nýju. Var hann dreginn upp á bryggjuna. Varð þá organistanum að orði: Yfir litlu varstu trúr! En prófasturinn hafði haldið á frakka organistans og ekki látið hann lausan þótt hann færi niður á hafsbotn.

Holdvotur og með gat á höfðinu þá hélt prófasturinn heim í Unaðsdal. Þar lánaði bóndinn honum brækur og bol og húsfreyjan þvoði sár prófastsins og batt um. Þegar prófastur kom til kirkju heldur seinn og undarlega klæddur þá var þar mannfjöldi er þráði að heyra guðsorð og tengjast almættinu. Prófasturinn ákvað að halda messu og fór hann í hempu og setti upp pípukraga. En þegar prófastsgarmurinn fór að tóna miskunnarbænina þá opnaðist hans höfuðund að nýju og dreyrablóð lak niður vangann líkt og heitur taumur er sleikir ljúflega eyrað. Í dýrðarsöngnum lak blóðið niður á pípukragann en slíkir kragar voru upphaflega hannaðir til að tak við hvítu púðri þegar það hryndi niður af vanga menntamanna. En það varð prófastsræflinum til happs að meðhjálparinn fékk lánaðan vasaklút hjá frauku nokkurri og tók að þerra blóðtauminn. Þrisvar varð prófasturinn að gera hlé á predikun sinni meðan meðhjálparinn þurrkaði blóðið af vanga hans. Predikunin var um dýrið í Opinberunarbókinni og má segja að predikarinn hafi sjálfur verið líkur særðu dýri. Gamall hvalfangari sagði að enginn væri sem prófastur þeirra Vestfirðinga, sem alblóðugur og nýkominn upp af hafsbotni predikaði svo hreint og ómengað dómsorð yfir synd heimsins og illsku.

## Finale

Þannig líða árin. Lífið heldur áfram með baráttu sinni og uppákomum. Og prófasturinn, sá armi og þjáði guðsþjónn heldur áfram að ferðast um heiðar og óbyggðir, sigla eftir öldum Djúpsins og ganga yfir fjöll og firnindi til að færa nokkrum sálum fagnaðarerindið um guðsríkið ef vera kynni að ein sál mætti frelsast. Og samt virðist allt hans strit unnið fyrir gíg því alltaf fækkar því fólki, sem vill búa á Vestfjörðum. En að sama skapi fjölgar þeim, sem fyrirlíta Guðs kristni hér í heimi. Nú í morgun las prófasturinn það að gamall skólabróðir hans úr Háskólanum hefði sætt aðkasti og fengið hótanir á netinu fyrir það eitt að auglýsa námskeið um Biblíuna. Prófasturinn hlýtur því að vitna í skáldið Vilhjálm frá Skáholti og spyrja: „Fyrst þeir krossfestu Krist, hvað gera þeir þá við ræfil eins og mig?“

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

**Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur**

## Vísitasía biskups íslands

Biskup Íslands vísiteraði fjögur prestaköll prófastsdæmisins á tímabilinu og gerði það í tveimur lotum.

Yfirferð biskups hófst 4. ágúst 2018, laugardaginnn í verslunarmannahelgi í kirkjunni á Efra-Núpi en þann dag er ævinlega messað í kirkjunni og á eftir er boðið til messukaffis í garðinum.

Að kvöldi sunnudags var messað í Prestsbakkakirkju og á mánudegi vísiteraðar kirkjurnar í Víðidalstungu og Prestbakka .Daginn eftir var komið að Staðarbakka, Stað og Melstað. Gott tóm gafst til þess að þiggja veitingar og setjast niður með sóknarnefndarfólkinu. Að lokum buðu prestshjónin, sr. Guðni og Guðrún Lára í kvöldverð á heimili sínu á Melstað, þar sem fulltrúar allra sókna voru saman komnir.

Næst lá leiðin í Miklabæjarprestakall þar sem sjö sóknir voru heimsóttar á þremur dögum, en hina áttundu, Ábæjarsókn í Austurdal, hafði biskup heimsótt nokkrum árum fyrr, prédikað þar á messudegi hennar í verslunarmannahelgi og drukkið kaffi ásamt öllu kirkjufólki heima á Merkigili.

Hinn 8. ágúst skoðaði biskup kirkjurnar á Flugumýri, Silfrastöðum og Miklabæ, daginn eftir Hofsstaðakirkju og að kvöldi var messa fyrir allar sóknir í Goðdalakirkju. Hinn 10. ágúst voru kirkjurnar á Mælifelli og á Reykjum vísiteraðar. Að lokum var sameiginlegur kvöldverður í Héðinsminni.

Vísitasíu biskups var fram haldið í september, en þá gat prófastur ekki verið með sökum veikinda, en settur prófastur, sr. Magnús Magnússon á Staðarbakka fylgdi henni.

Dagana 23. og 24. september var Breiðabólstaðarprestakall vísiterað og hóf biskup vísitasíuna á því að heimsækja Kirkjuhvammskirkju. Sameiginleg messa var í Hvammstanga-kirkju. Daginn eftir fundaði biskup og snæddi hádegisverð á Hótel Hvítserk með sóknarnefndum Breiðabólstaðarsóknar og Tjarnarsóknar og lauk heimsóknini með helgistund á Tjörn.

Síðan var för haldið áfram í Skagastrandarprestakall, og var byrjað frammi í Svartárdal með helgistund og fundi í Bergstaðakirkju og síðan komið í Bólstaðarkirkju en eftir þessa tvo fundi snæddu sóknarnefndir hádegisverð ásamt biskupi í Húnaveri.Eftir hádegið var kirkjan að Holtastöðum skoðuð og haldinn fundur sóknarnefnda Hofssóknar, Höskuldssstaðasóknar og Höfðasóknar í Hólaneskirkju. Þar prédikaði biskup við messu að loknum fundi og kvöldverði.

Í marsmánuði var þráðurinn tekinn upp og yfirferð hafin með guðsþjónustu í Sauðár-krókskirkju 31. mars. Þennan sunnudag bauð Kaupfélag Skagfirðinga til hátíðartónleika í Miðgarði í tilefni af 130 ára afmæli félagsins og var biskup þar sérstaklega boðin velkomin og hennar föruneyti. Að kvöldi var haldið í Glaumbæjarprestakall og sungin messa á Löngumýri og í kaffisamsæti þar á eftir gafst biskupi færi á, eins og á öðrum slíkum stundum, að heyra í fólki og ræða það sem á því brennur. Síðan var farið yfir eigur kapellunnar á Löngumýri og munir hennar skráðir. Mánudeginum 1. apríl var varið í heimsóknir í Glaumbæjarprestakalli, á Reynistað, Glaumbæ og Víðimýri og fylgdu kaffiboð á eftir og í lok dags hvíldist fólk af verkum

sínum á Glaumbæ en prestshjónin buðu til kvöldverðar. Sökum anna og fjarvista sóknarnefndarfólks var ákveðið að fresta heimsókn í Rípurkirkju.

Á þriðjudegi var fyrirhugað að heimsækja kirkjurnar á Skaga, en áður en að því kæmi var haldið í Kakalaskála, þar sem verið var að vinna að því að setja upp sýningu um Sturlungu í máli og myndum. Kakalaskáli er í landi bæjarins Kringlumýrar í Akrahreppi og í eigu hjónanna Sigurðar Hansen og Maríu Guðmundsdóttur. Þegar heimsókn biskups stóð yfir voru þar staddir listamenn frá ýmsum löndum, sem höfðu verið sérvaldir til þess að vinna listaverk fyrir sýninguna. Biskup og fylgdarlið gekk um vinnustofur og skoðaði verkin, sem komin voru mislangt á veg. Listafólkið var margt hvert upp með sér og undrandi, margt taldi þetta aðeins einkennilega tilfundið íslenskt grín og ætlaði ekki að hlaupa þennan apríl að sjálfur biskupinn væri að koma í heimsókn. Fólk úr fjölmennum löndum og langt að komið, frá Spáni, Englandi, Jórdaníu og víðar, á þessu ekki að venjast að háttsett fólk komi án nokkurs fyrirvara. En ánægjan varð þeim mun meiri og listamennirnir báðu um mynd með biskupi áður en haldið var áleiðis.



Myndin er tekin í kirkjunni á Efra- Núpi og á henni sjást þau sr. Guðni og frú Agnes biskup

Nokkuð var kalsalegt í veðri þennan dag en móttökur í Hvammskirkju á Skaga hlýlegar og var boðið upp á hið nærri íslenska Mackintosh, sem fylgt hefur kynslóðunum hérlendis á hátíðum, síðan var haldið út í Ketu þar sem bornar voru fram pönnukökur og um kaffileytið var komið til fundar við sóknarnefnd á Sauðárkróki og tók vöffluilmurinn á móti.

Margt var rætt á þessum fundum öllum í vísitasíu biskups í prófastsdæminu. Hæst bar áhyggjur sóknarnefndarfólks af fjárhag kirknanna. Eftir því sem árin líða heftir það starfið enn meir að sóknargjöldin skuli ekki skila sér til kirknanna eins og vera ber. Víða er það svo að sóknargjöldin duga fyrir hita, tryggingum og organleik, en allar lagfæringar, viðhald kirkjunnar og barna- og unglingastarf annað hvort situr á hakanum eða leita þarf eftir styrkjum til að unnt sé að sinna því. Þetta gengur auðvitað ekki til lengdar og þetta liggur þungt á fólki. Auðheyrt var á öllum þeim fundum sem biskup átti með sóknarnefndarfólki og öðrum velunnurum starfsins að fólk vill vel og er að gera sitt besta. En það er vart hægt að ætlast til þess að fólk leggi á sig margra ára og áratuga launalaust starf þegar áhyggjur af fjármálum eru viðvarandi. Við þær bætist að fólk sér ekki fram á að geta fært út kvíarnar, t.d. styrkt barnastarf eða kórstarf, þar sem fjárhagur bannar það. Það kom einnig fram á fundum að sóknarnefndarfólki finnst það fá lítinn stuðning og leiðbeiningu frá embætti biskups, þótt sótt sé eftir, langan tíma taki að fá viðbrögð þaðan og póstum sé ekki svarað.

En það er bæði merkilegt og mjög þakkarvert hve vel hefur tekist að reka starfið, þrátt fyrir þessa annmarka og er það að þakka áhuga prestanna, sóknarnefnda og sóknarbarna. Kirkjuhúsin eru vel flest í mjög góðu horfi og sama er að segja um kirkjugarðana, sem nú til dags eru slegnir oft á sumri og til sóma. Tónlistar- og kórstarfið er auðvitað máttarstólpi starfsins. Við erum svo heppin að njóta krafta vel menntaðra og áhugasamra organista, sem leggja mikla vinnu og metnað í störf sín. Það er gott að syngja í kór. Það vita allir sem reynt hafa. Og enn merkilegra, segja sum, er að syngja í kirkjukór. Það hefur önnur áhrif að syngja sálma og messusvör en veraldlega tónlist, hvort tveggja gott í bland, en mörgum eftirsóknarvert að eiga tóm með vinum í kirkjunni við sálmasöng. Kirkjukór er einnig félagskapur þeirra sem styðja kirkjuna og þau finna vonandi og vita hve mikilvæg þau eru fyrir samfélagið . Trúfesti kórfólksins og þjónusta í athöfnum, í sunnudagsmessunni og um hátíðar er dýrmæt.

## Menntun

Sunnudagaskóli, TTT og fermingarfræðsla eru tækifæri til að kenna börnunum um Guð og það sem kirkjan stendur fyrir.

Víðast er sunnudagaskólastarfið í kirkjunni, sums staðar í sveitum eru ekki tök á því að bjóða upp á það starf, þar sem svo fá börn búa í sókninni og of langt þykir að aka þeim. Starfið í sveitinni er háð því að einhver hafi tíma til að aka börnunum.

Flestir prestar telja að sunnudagaskólastarfið gangi vel, aðsókn sé viðunandi, en þó mun það svo að börnin eru mun færri eftir jólin en fyrir jól. Það hefur undanfarið færst í vöxt að pabbar komi ásamt börnum sínum og einnig sjáum við að afi eða amma fylgja barninu, ef foreldrar eru uppteknir við störfin. TTT starfið er hástökkvarinn i starfinu, þetta er álit flestra prestanna, þetta gengur vel og er vinsælt og við þökkum það jafningjaáhrifum að hluta. Starfið er fjörugt, við eigum frábæra samstarfsmenn, sem spila og leika við börnin og baka og bera girnilegar veitingar á borð.

Barna-og æskulýðsstarf er víða samvinna á milli sókna og prestakalla.

Fermingarstörfin hefjast í ágústmánuði þegar flest fermingarbörnin fara í Vatnaskóg til uppfræðslu. Uppfræðsla fer ýmist fram í kirkjunum eða í skólum. Það heyrir undantekninga til að börn fermist ekki að kristnum sið. Það hefur hins vegar færst í vöxt að hópurinn sé ekki fermdur saman heldur í minni hópum eða eitt og eitt. Á sama tíma hefur það gerst að skírnir hafa færst út úr guðsþjónustunni. Á þessu er bæði kostur og löstur, kosturinn sá að mun fleiri en áður úr fjölskyldu og vinahópi eru viðstödd athöfnina.

Prestar prófastsdæmisins fóru í kynnisferð til Skotlands í marsmánuði 2019 og fræddust um kirkjustarf þar. Enn á ný var af hálfu biskupsstofu boðið til endurmenntunar í Skálholti á vordögum og er það framtak lofsvert.

Árlega heldur, einnig á vordögum, Prestafélag hins forna Hólastiptis, guðfræðidaga á Hólum í Hjaltadal. Að þessu sinni var þar fyrirlesari dr. Gunnlaugur A. Jónsson og var góður rómur gerður að framlagi hans. Að öðrum í stjórn félagsins ólöstuðum, vil ég nefna þátt sr. Gunnlaugs Garðarssonar, sem stýrði guðfræðidögum í síðasta sinn, þar sem hann er að ganga úr stjórn. Áhugi hans og elja eru aðdáunarverð og á hann miklar þakkir skildar.

Tvö kórnámskeið voru haldin á tímabilinu, annað fyrir áramót með þátttakendum úr Húna-vatnssýslum og hitt í janúarmánuði á þessu ári í Skagafirði. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri

kom hingað norður og stýrði námkeiðunum ásamt organistum. Aðallega var heyrnum beint að Sálmum 2103 og öðru nýmeti en sígild sálmalög einnig æfð og finnum við þess stað í helgihaldinu hve mikið munar um þessar stundir.

## Héraðsfundur 2019

Héraðsfundur ársins 2019 var haldinn uppstigningardag, 30. maí, á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Aðalerindi flutti fjármálastjóri þjóðkirkjunnar, Sigurbjörg Hansen og fjallaði um fjármál kirkjunnar. Var erindi hennar afar greinargott og luku fundarmenn lofsorði á framsetningu hennar. Að lokum svaraði hún allmörgum fyrirspurnum úr sal. Fulltrúar prófastsdæmisins gáfu skýrslur um Hjálparstarf kirkjunnar og leikmannastefnu, sagt var frá störfum prestastefnu og kirkjuþingsmenn greindu frá því sem efst er á baugi á kirkjuþingi.

Kjörnir voru fulltrúar á leikmannastefnu til fjögurra ára og eru aðalmenn Kristín Bjarnadóttir á Hofsósi, Friðrik Þór Jónsson í Skriðu og Guðrún Lára Magnúsdóttir á Melstað. Til vara voru kjörin Dagný Úlfarsdóttir, Ytra- Hóli, Halldór Guðmundsson í Holti og Björg Bjarnadóttir í Ömmuhúsi.

Héraðsfundi lauk með messu í Melstaðarkirkju. Sr. Guðni Þór Ólafsson þjónaði fyrir altari og sr. Gísli Gunnarsson á Glaumbæ prédikaði. Kirkjukór Staðarbakka-og Melstaðarsókna söng og organisti var Pálína Fanney Skúladóttir. Eftir athöfnina buðu prestshjónin í kirkjukaffi á heimili sínu á Melstað.

## Sókn eða vörn

Hér í sóknum er ást og trúfesti til kirkjunnar mikil og að sögn prestanna er kirkjusókn iðulega góð, þó finnum við fyrir því að á sjálfum páskum er oft fátt í kirkju, nema fermt sé. Áður kom fram að sums staðar gengur sunnudagaskólinn erfiðlega. Við getum ekki litið framhjá því að kirkjan okkar er óðum að grennast og minnka og áhrifa kristni gætir æ minna í daglegu lífi. Líklega munu þessar öldur einnig skella á okkur hér.

Hvað er til varnar? Það er heldur þreytandi að spila stöðugt vörn, sóknin er meira gefandi.

Og hvað gengur vel? Það er TTT og ungmennastarf, styrkjum það enn. Messurnar okkar eru nokkuð vel sóttar, og áberandi er hve vel allur almenningur sækir messur sem haldnar eru undir berum himni eða í kirkjum fram til dala og út með fjörðum. Einnig má búast við góðum mannsöfnuði þegar haldnar eru hestamannamessur, þjóðbúningamessur, litamessur, kærleiksmessur og messur þar sem tilefnið kallast á við umræðu dagsins. Þetta er gott, höldum þessu áfram. Messuhópar, vinaheimsóknir, heimsóknir og helgistundir á sjúkrahúsum og dvalarheimilum eru þakklátt starf.

Hugum einnig að því að halda orkunni við, minnum okkur á af hverju við erum að störfum.

Á námskeiði um trúarlíf, sem ég sótti nýlega var það orðað skýrt og skorinort: „Munum að lesa Biblíuna, munum að biðja, munum að vera sjálf á kirkjubekknum, tökum við Orðinu" Þetta vill víst gleymast í ærustu dagsins. Góðar stundir.

# *Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi*

**Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur**

Hreyfingar og breytingar á starfsmannaliði hafa verið allnokkrar. Í lok janúar síðastliðins lét af störfum sr. Hannes Örn Blandon sóknarprestur í Laugalandsprestakalli og fyrrum prófastur, eftir ríflega þrjátíu ára þjónustu. Við þökkum honum langa og dygga þjónustu og biðjum honum blessunar Guðs. Nýlega var sr. Jóhanna Gísladóttir sett til þjónustu í Laugalandsprestakalli til eins árs. Biskupafundur lagði allviðamiklar tillögur fram fyrir síðasta Kirkjuþing varðandi breytingar á prestakallaskipun landsins. Markmiðið með þeim er meðal annars að útrýma einmenningsprestaköllum að mestu, með það fyrir augum að auka samstarf presta, jafna þjónustubyrði þeirra og gefa sóknarbörnum kost á fjölbreytilegri þjónustu. Þar meðal annars var að finna tillögu um að sameina Akureyrar- og Laugalandsprestaköll. Endanlegri afgreiðslu tillögunnar var frestað á nýliðnu vorþingi Kirkjuþings, og því var farin sú leið að setja prest til þjónustu í eitt ár þangað til endanleg niðurstaða fæst í málið. Er sr. Jóhanna boðin innilega velkomin til starfa. Hún hefur þjónað sem æskulýðsprestur í Langholtskirkju undanfarin ár og getið sér þar afar gott orð.

Í vetur hefur sr. Bolli Pétur Bollason verið í námsleyfi og sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir verið settur sóknarprestur á meðan, og gegnt því embætti af stakri prýði. Þegar þetta er ritað hefur sr. Bolli Pétur sagt embætti sínu lausu og verður mikill sjónarsviptir að missa hann suður. Þá hefur sr. Brynhildur Óladóttir verið í leyfi í vetur en sr. Hildur Sigurðardóttir þjónað fyrir hana. Sr. Brynhildur hefur sagt embætti sínu lausu og hverfur til annarra starfa nú í sumar. Er henni þökkuð samfylgdin, en hún hefur þjónað á svæðinu í alls 23 ár, fyrst Skeggjastaðaprestakalli en síðar bættust Þórshafnar- og Svalbarðssóknir við. Langanesprestakall hefur nú verið sameinað Skinnastaðarprestakalli, samkvæmt tillögu biskupafundar sem samþykkt var á Kirkjuþingi. Prestakallinu verður nú þjónað af tveimur prestum og til stendur að velja fljótlega nýjan prest á Þórshöfn, sem mun búa í nýkeyptu prestssetri þar. Þá hefur sr.Gunnlaugur Garðarsson verið í þriggja mánaða námsleyfi í vetur, sem hefur verið skipt upp í nokkur tímabil.

Sr. Magnús G. Gunnarsson mun verða í sex mánaða námsleyfi næsta vetur, en ekki er enn ljóst hver mun leysa hann af. Nýr organisti kom til starfa á Húsavík og Mývatnssveit síðastliðið haust, en það er Ilona Laido frá Eistlandi. Það háir starfinu allvíða að nánast ómögulegt er að fá tónlistarfólk til starfa. Víðast má finna vel áhugasamt söngfólk, en því miður gengur ekki alltaf sem best að manna stöður organista.

Þá er mjög ánægjulegt að greina frá því, að Akureyrarkirkja og prófastsdæmið stóðu saman að ráðningu æskulýðsfulltrúa, sem starfað hefur bæði fyrir Akureyrarsókn og prófastsdæmið. Ráðin var Sonja Kro, sem er menntaður leikskólakennari. Skemmst er frá því að segja að hún hefur staðið sig afar vel í starfi og hefur hún hleypt fjölmörgum mikilvægum verkefnum af stokkunum. Þar er skemmst að minnast þess að stórt æskulýðsmót var haldið á Akureyri um miðjan mars. Mótið sóttu um 90 ungmenni og tókst einstaklega vel. Það var einkar ánægjulegt að takast skyldi að halda mótið á okkar svæði nú eftir nokkurt hlé. Þá sóttu fjölmörg ungmenni úr prófastsdæminu Landsmót æskulýðsfélaga á Egilsstöðum í lok október síðastliðins. Þá

hefur Sonja heimsótt heilmörg prestaköll og haldið þar góð og mikilvæg námskeið með fermingarbörnum. Einnig var haldið námskeiðið „Verndum þau" í haust fyrir vígða þjóna í prófastsdæminu, þar sem komið var inn á ábyrgð okkar á vernd og umönnun þeirra barna, sem okkur er trúað fyrir í starfi kirkjunnar.

Enn hafa söfnuðir landsins mátt þola skerðingu á sóknargjöldum, nokkuð sem við máttum alls ekki við. Hér má kannski staldra örlítið við og reyna að halda til haga nokkrum staðreyndum. Sóknargjöldin, að skilningi kirkjunnar, eru lögvernduð félagsgjöld þjóðkirkjufólks en ekki sérstakt framlag frá ríkinu, sem það á að geta krukkað í, eftir eigin geðþótta. Sóknargjaldið á sér talsverða sögu. Árið 1987 urðu talsvert mikil þáttaskil í þessum málum, þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp hér á landi. Við það tilefni voru gjaldheimturnar lagðar niður, sem áður önnuðust innheimtu sóknargjalda á stærri stöðum, og því ljóst að finna þyrfti annað fyrirkomulag varðandi innheimtu sóknargjalda. Ríkisvaldið bauð þá kirkjunni að annast innheimtuna, þannig að hún yrði felld inn í innheimtu opinberra gjalda, það er tekjuskattinn. Upphæð sóknargjalda sem innheimt var á þessum tíma var sú sama og áður, en uppfrá þessu skyldi sóknargjaldið og hækkun þess taka mið af þeirri hækkun sem kynni að verða á meðaltekjustofni einstaklinga á landinu öllu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldaári. Þannig skyldi tryggt að sóknargjaldið héldi sínum eðlilega hlut, eins þótt það væri á vissan hátt „falið" í hinni sameiginlegu innheimtu. Og skyldi síðan skilað óskertu til þjóðkirkjunnar. En framhaldið þekkjum við því miður of vel. Til að gera langa sögu stutta er krónutala sóknargjaldsins lítið eitt hærri í dag en hún var fyrir áratug. Þar varðar mestu hrunið og eftirleikur þess. Í kjölfar hrunsins var gripið til harkalegra aðhalds- og niðurskurðaraðgerða víða í þjóðfélaginu. Þjóðkirkjan og söfnuðir hennar fóru ekki varhluta af þeim, öðru nær. Sóknargjaldið var skorið niður allhressilega - og því miður þess ekki gætt að uppfæra það frá ári til árs með verðbótum eins og verið hefur um fjárframlög til annarra aðila, sem byggja rekstur sinn og starf á framlagi fjárlaga. Niðurskurðurinn hverju sinni kom alltaf af krónutölu undangengins árs óverðbættri.Sóknargjaldið hafði því lækkað um ca 25% umfram fjárveitingar til reksturs sambærilegra aðila sem einnig sættu skerðingu. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um rúmlega 60% á þessum árum. Trúfélögin reka því starfsemi sína á upphæð sem er um það bil helmingur þeirra rauntekna sem þau höfðu fyrir hrun. Hér höfum við verk að vinna í að ná eyrum stjórnmálafólks t.d. og fólks í samfélaginu almennt. Þá má nefna annan vanda sem er trúfélagaskráningin.Þau eru mörg sem hafa sagt sig úr Þjóðkirkjunni og ekki komið til baka, sem er miður. Og eins er boltinn hjá þeirri kynslóð sem nú eignast og elur upp börn. Ef annað foreldri eða bæði eru utan þjóðkirkju þarf að skrá nýfætt barn sérstaklega í kirkjuna í tengslum við skírn. Mörg láta þetta undir höfuð leggjast, enda vitum við líka að skírnum fer fækkandi. Það er veruleiki dagsins í dag. Og sorglegust af öllu er sú staðreynd, að fleiri og fleiri fari á mis við að heyra lífgefandi boðskap kirkjunnar, fagnaðarerindi Jesú Krists.

En að allt öðru. Í ágúst síðastliðnum voru stofnuð Hollvinasamtök Þorgeirskirkju sem hafa að markmiði að styðja við og styrkja starfsemi þessa merka helgidóms. Formaður samtakanna var kjörin Anna Kristín Ragnarsdóttir. Þarna er um að ræða mjög gott og áhugavert framtak sem sýnir að enn er víða fjöldi fólks sem ber hag kirkjunnar sinnar fyrir brjósti.

Haldið var upp á 90 ára vígsluafmæli Hríseyjarkirkju á vígsludegi kirkjunnar, þann 26. ágúst 2018, með hátíðarguðsþjónustu og kaffisamsæti. Þá var sömuleiðis haldin hátíðarmessa vegna 140 ára afmælis Þverárkirkju sem var afar fjölsótt.

Víða er mikið líf í starfsemi kirkjukóra og ýmis ánægjuleg dæmi mætti nefna um samstarf

þeirra á milli. Þar má nefna æfing og tónleika níu kóra í prófastsdæminu , sem fram fór í Akureyrarkirkju þann 23. mars síðastliðinn, og velheppnaðan söng kirkjukóra úr Norður-Þingeyjarsýslu á hrútadeginum á Raufarhöfn síðastliðið haust. Tónlistarstarfið er sem betur fer víða öflugt, einkum á þéttbýlli svæðum.

Fræðslukvöld voru haldin eins og venja hefur verið í samstarfi prófastsdæmisins og Glerárkirkju. Á haustmisseri fræddu hjónin sr. Kristján Valur Ingólfsson og Margrét Bóasdóttir um helgihald og væntanlega sálmabók sem kemur vonandi út næsta haust. Þá hafði sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson erindi um náttúrulega safnaðaruppbyggingu. Á vormisseri má nefna erindi sr. Þorvaldar Víðissonar biskupsritara um bók sem nefnist í hans þýðingu „Sanntrúaði villutrúarmaðurinn".

8. september 2018 var haldin merk ráðstefna á Hrafnagili á vegum prófastsdæmisins þar sem minnst var Jóns lærða Jónssonar á Möðrufelli. sr. Guðmundur héraðsprestur bar hita og þunga af undirbúningi ásamt öðrum. Tókst ráðstefnan vel og var mjög fjölsótt.

Á síðastliðnu ári lést einn Leikmannastefnufulltrúi okkar, Hafliði Jósteinsson frá Húsavík, eftir erfiða baráttu við veikindi. Hafliði var mikill og góður kirkjunnar vinur og vann henni svo ótalmargt til góða, einstakur persónuleiki og ógleymanlegur sem honum kynntust. Blessuð sé minning hans og annars kirkjunnar fólks og vina sem kvöddu okkur á gengnu ári. Þá hvet ég lesendur þessara orða eindregið til þess að heimsækja heimasíðu prófastsdæmisins, eything.com.

Að lokum vil ég óska kirkjufólki öllu í prófastsdæminu blessunar Guðs og þakka samstarfið.

# *Austurlandsprófastsdæmi*

**Sr. Davíð Baldursson, prófastur**

## Kirkjan

Prófastur varð sjötugur þann 10. mars sl. Síðasti starfsdagur varð svo hinn 31. mars. Sama dag var haldið sunnudagsskólamót í Eskifjarðarkirkju. Uppskeruhátíð barnastarfsins í Fjarðabyggð í 16. sinn. Margt fólk samankomið ekki síst úr hinum smærri byggðum og mikil stemning, líf og fjör.

Það eru sannarlega forréttindi og gleði að mega stíga til hliðar á þeim nótum enda barnastarfið verið huglægt frá því að undirritaður sótti sjálfur sunnudagaskóla í Keflavík. Þá farið bæði í Þjóðkirkjuna og Hvítasunnukirkjuna fyrir og eftir hádegi. Auk þess mikil upplifun að vera part af sumri í tvígang í sumarbúðunum í Vatnaskógi og kynnast öflugu og innihaldsríku boðunarstarfi Skógarmanna.

Þegar undirritaður vígðist til embættis hér Eystra, var ásamt nokkrum kollegum tekið við kyndlinum. Á Eiðum stóðu sökklar Kirkjumiðstöðvarinnar upp úr jörðinni og framundan að ljúka byggingu hennar og sú hugsjón að skapa vettvang fyrir samstarf 30 safnaða á

Austurlandi. Það fól í sé að reka m.a. sumarbúðir og athvarf fyrir aldraða og starfsmiðstöð með námskeiðahaldi og samverum.

Nefndir eru til sögunnar sr. Einar Þór Þorsteinsson, sr. Magnús Björn Björnsson og sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson. Þeir ötulir ásamt fjölmörgum öðrum og þ.á.m. Gunnari Auðbergssyni meðhjálpara á Eskifirði, sem smíðaði einingar sem mynduðu veggi miðstöðvarinnar.

Árið 1991 rann upp vígsluhátíð að viðstöddum fjölmenni, þar á meðal prestar og þingmenn kjördæmisins.

Í eftirminnilegri ræðu sem þáverandi Dóms og kirkjumálaráðherra, Halldór Ásgrímsson, flutti, vísaði hann til nýliðins merkisviðburðar á heimsvísu, falls Sovétríkjanna og segir: „Að sýnt væri, að þegar stjórnvald ríkis hrynur þá stendur kirkjan ein uppi með skipulag sitt og þjónustu."

Kirkjan er hvað sem hver segir og á að vera hjarta samfélagsins. Hjarta trúar og vonar og að gleymist oft í sjálfumgleði líðandi stundar, hversu hárfín lína aðgreinir villidýrið frá mennskunni.

Á þessum tímamótum var sr. Gunnlaugur þingmaður kjördæmisins og þegar þingmenn spurðu hvort ekki væri nú nóg að gert að koma upp þessum byggingum og sjá fyrir endann á skuldum var minnt á að það þyrfti að reka þær og alþingi þyrfti að aðstoða það myndarlega.

Upphæðin var nefnd, sem var býsna há á þeirra tíma mælikvarða og var samþykkt við fjárlög og fylgdi sr. Gunnlaugur því eftir.

Sumarbúðastarfið sem Gamli barnaskólinn á Eiðum hýsti og síðan starfsemin í Kirkjumiðstöðinni hafa m.a. markað þá stefnu sem kirkjustarfið hér á Austurlandi hefur dregið dám af. Enginn ágreiningur verið um þá stefnu ekki kvikað frá settu marki. Ég hygg að það hafi orðið Austurlandi afar hagfellt og styrkt samstöðu og einingu sókna.

## Starfsmannahald

Breytingar, í prófastdæminu varðandi skipan presta urðu miklar á sl. starfsári:

Prófastur formlega lokið störfum sem sóknarprestur og prófastur og ákveðið á síðasta kirkjuþingi að leggja af Norðfjarðar, Eskifjarðar, Heydala og Djúpavogsprestaköll og gera að einu, Austfjarðaprestakalli.

Við tók sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir á Fáskrúðsfirði sem sóknarprestur Austfjarðaprestakalls.

Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson lætur af embætti Norðfjarðarprestakalls nú í sumar og þau hjónin Sr. Gunnlaugur Stefánsson, Heydalaprestakalli og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir, Djúpavogsprestakalli þann 1. nóvember nk.

Er ærin ástæða til þess til þess að þakka þessum kollegum fyrir öfluga og góða þjónustu í þágu kirkju og kristni og fyrir trausta samfylgd og stuðning og afar gefandi og gæfuríkt samstarf.

Framundan er síðan kjör fjögurra presta sem taka við þjónustu undir forræði sr. Jónu.

Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir er nýr prófastur Austurlandsprófastsdæmis og hefur verið sett inn í embætti.

Er þeim sr. Sigríði og sr. Jónu árnað heilla í mikilvægum embættum.

Sr. Erla Björk héraðsprestur snéri aftur til starfa sl. haust að barneignarleyfi loknu og er Ægi Erni Sveinssyni þökkuð afleysingaþjónusta og prýðilegt starf.

Biskup Íslands vísiteraði Mjóafjörð sl. haust í fylgd prófasts og sóknarprests.

Vígslubiskup hefur hafið aðra vísitasíu sína og lokið henni í Vopnafjarðar og Egilsstaða-prestakalli.

Héraðsnefnd prófastsdæmisins hélt einn fund frá síðasta héraðsfundi. Ársreikningur yfirfarinn af skoðunarmönnum og undirritaður af héraðsnefnd.

Óvenjuvel hefur gengið að innheimta skýrslur sókna prófastsdæmisins í ár og vil ég færa sóknarnefndarfólki þakkir fyrir. Hins vegar eins og undanfarin ár er það enn áhyggjuefni hversu seint margir reikningar kirkju og garða berast biskupsstofu. Á því eru eflaust ýmsar skýringar, en betur má ef duga skal.

Áhersluþungi prófastsdæmisins er enn sem áður á barna og unglingastarf og sýnt sig, skila miklum árangri enda gott og hæft fólk sem að því stendur.

Farskóli leiðtogaefna hefur eins og undanfarin ár verið starfræktur og leiðtogar, sem útskrifast hafa, sumir hverjir gengið til liðs við kirkjuna.

Unnið hefur verið að endurnýjun á heimasíðu prófastsdæmisins og Ægir Örn hefur haft þar hönd í bagga ásamt Héraðspresti. Ættu prestar að geta sett inn viðburði á heimasíðuna eftir því sem hentar.

Samstarfssamningur sá, sem gerður var við Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi eða ÆSKA hefur gagnast prófastsdæminu afar vel og haldið uppi starfi sem ekki hefur að öðrum kosti ekki verið unnt. Hefur sá samningur verið framlengdur jöfnum höndum.

## Héraðssjóður skilar halla annað árið í röð

Héraðssjóður stendur undir mikilvægu samstarfi á vegum prófastsdæmisins. Ótrúlega mikið áunnist þrátt fyrir knappan fjarhag.

Hallinn er meðvitaður vegna mikilvægra verkefna og naumra tekna og með vitund biskups og hefur biskupi tjáð, að sótt verði í sjóði kirkjunnar til að hlaupa undir bagga með héraðssjóði og væntanlega mun nýskipaður prófastur sækja um framlag úr jöfnunarsjóði á þessu ári.

Héraðssjóður styrkir af naumum fjárhag sínum m.a. einu sumarbúðirnar sem reknar eru á vegum Þjóðkirkjunnar og er að auki bakhjarl Kirkjumiðstöðvar Austurlands.

### *Helstu viðfangsefni héraðssjóðs eru eftirfarandi:*

1. Framlag til Kirkjumiðstöðvar Austurlands þ.m.t. sumarbúðir.
2. Framlag til Æska og þar innifalin æskulýðsmót, TTT mót og Farskóli leiðtogaefna
3. Fermingarbúðir og þar stærsti liðurinn ferðakostnaður. Þá hafa Hornfirðingar sent fermingarbörn til okkar í fermingarbúðir í haust og greiddi héraðssjóður Suðurlandsprófastsdæmis sína hlutdeild í kostnaði.
4. Kostnaður, af skrifstofu héraðsprests
5. Sunnudagaskólamót, bæði ferðakostnaður og næring
6. Héraðsfundur – fæðiskostnaður og leiga
7. Leikmannastefna, hjálparstarf, prófastafundur, messuferðir aldraðra á suðurfjörðum, auglýsingar og gjafir, endurskoðun og reikningsskil.

## Kirkjuþing

Úr Austurlandsprófastsdæmi var Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir var kjörin á Kirkjuþing í stað sr. Sjafnar Jóhannesdóttur og Ólafur B. Valgeirsson Vopnafirði var endurkjörinn. Nú við sviplegt fráfall Ólafs, mun varamaður Einar Már Sigurðarson taka við keflinu.

## Ástand kirkjuhúsa og garða í prófastsdæminu

Almennt má segja að ástand kirkjuhúsa og garða í prófastsdæminu sé gott. Þar hefur haldist í hendur metnaður og fórnfýsi sóknarnefndafólks. Það margt unnið frábært starf ólaunað og af kærleika til síns samfélags og arfleifðar. Haft að leiðarljósi, að ef ekki er unnið sleitulaust að viðhaldi og endurnýjun, drabbast hún og garðar fljótt niður.

Helsta verkefni varðandi kirkjuhús er Egilsstaðakirkja en þar bíða stór viðhaldsverkefni sem þegar er unnið að og verður næstu árin. Sóknarnefndin hefur tekið það verkefni traustum tökum og mun með atbeina kirkjustjórnar sigla því í farsæla höfn.

## Lokaorð prófasts

Góðir fundarmenn.

Nú skiljast leiðir á þeim vettvangi sem mér hefur þótt ósegjanlega vænt um. Í hjarta mínu býr þakklæti Guði mínum fyrir að hafa kallað mig á sínum tíma til þjónustu. Ég hef ávallt skilið mínar embættisskyldur þannig að embætti er dregið af hugtakinu ambátt. Þjónustan veitt þegar eftir er kallað. Vinnustundin ekki látin stjórna vilja og gjörðum.

Hinn mesti yðar á meðal, segir Kristur, skal vera, sem væri hann yngstur og foringinn sem þjónn. Því hvort er sá meiri sem situr til borðs eða hinn sem þjónar? Er það ekki sá sem situr til borðs? Samt er ég meðal yðar eins og þjónninn.

Ég átti mínar fyrirmyndir í því fólki sem kom mér til manns. Þar var þjónustan og þolgæðið í fyrirrúmi og aflgjafinn trúartraustið.

Þegar hafist var handa á þessum akri, fyrir meira en 40 árum síðan mælti fyrirrennari minn, sr. Sigurður Helgi Guðmundsson er lést fyrir skömmu, við mig á þá leið, að hér væri gott fólk til þjónustu reiðubúið, góð sóknarnefnd og kirkjukór og velunnarar kirkjunnar.

Að góðu að ganga, og sagði hann: Og svo er það hann Gunnar Auðbergsson meðhjálpari. Sá sem ég nefndi fyrr og smíðaði veggeiningarnar í þetta hús.

Í honum kynntist ég manni sem var vakinn og sofinn yfir sínu starfi. Meðhjálpari og kirkjuvörður. Ávallt til taks. Allt lagfært jafn óðum, vel þrifið, allt undirbúið af kostgæfni. Vaktaði sinn vettvang eins og hjartað í brjósti sér.

Þegar prestlaust var í Eskifjarðarprestakalli í heilan vetur tók hann að sér einn og sér barnastarfið bæði á Eskifirði og Reyðarfirði og var þáttakandi í því með mér í 25 ár.

Slík samfylgd, leggur til veganesti, sem seint þrýtur. Miðlað er af auði gamalla og gróinna gilda, margreyndra sanninda, ásamt lotningu, fyrir Guði og veruleika hans og umhyggju og kærleika til meðsystkina.

Samfylgdin við svo margt gott og gegnt fólk og samfélagið við Krist skilgreinir þjónustuna á þá leið: að Guð fer hann ekki í manngreinarálit. Spyr ekki: hver sé stór eða verðugur. Heldur hver vilji fylgja honum og svari af bragði já! Fús ég Jesús fylgi þér!

Já, viljinn til að þiggja boðið, um hlutverk í ríki hans, í þessum heimi. Enginn svo auðugur af mannkostum, að hann sé yfir það hafinn og enginn svo snauður af verðleikum að hann eigi sér ekki stað, í hinu risavaxna myndefni Guðs.

Þeir komust að raun um það lærisveinarnir eins og ég sjálfur og við öll, að það er langt frá því auðvelt, að vera manneskja. Enda enginn sagt að svo ætti að vera.

En enn erfiðara að berjast fyrir háleitum málstað. Vera trúr sinni köllun. Standast mótdrægnina og andbyrinn, andvara og sinnuleysið og jafnvel andúðina. Að komast nærri hinu fullkeypta og fá að reyna hversu smár maðurinn getur orðið og mannleg ráðin rýr. Hvernig lífið stillir stundum aðstæðum þannig upp, að örðugt reynist, við að bregðast og framúr að ráða. Að standa frammi fyrir erfiðum valkostum og þurfa að taka örlagaríka ákvörðun eða sætta sig við orðinn hlut og lifa við það, sem ekki verður umflúið.

En samt, í gegnum þykkt og þunnt, stendur, hin trygga máttarstoð trúarinnar, fyrirheit Krists: „Ég er með yður …!“

Og á þeim grunni hvílir köllunin, að vinna Guði heilt. Í þeirri þjónustu aldrei spurt: Hvernig á ég að starfa og hvernig á ég að bregðast við? Heldur hjálp og leiðsögn þegin í bæn og trausti þess að Guð muni vel fyrir sjá.

Einnig er mér á þessum tímapunkti hugsað til fyrirrennara míns sr. Þorleifs Kjartans Kristmundssonar sóknarprest og prófasts á Kolfreyjustað.

Já, hvernig sá stóri og stæðilegi maður, fastur fyrir eins og bjarg, óhagganlegur, ef því var að skipta, gat orðið svo ljúfur og bljúgur, þegar hann fann til smæðar sinnar.

